- Tekjuskattur og eignar, breyting á kærufrestum m. m., auglýsing, 79; 140; 211; 225.  
 Templarahöll Reykjavíkur, skipulagsskrá, 48—51.  
 Templarar, sumarheimili, skipulagsskrá, 257—259.  
 Thorlacius, Birgir, ritstjóri, 447.  
 Thorlacius, Jóhanna, stjórnarráðsritari, 446.  
 Thoroddsen, Gunnar, alþingismaður, 195; 442.  
 Thoroddsen, Katrín, vara-alþingismaður, 443.  
 Thoroddsen, Sigurður, alþingismaður, 444; varamaður, 195.  
 Thoroddsen, Þóra, sjóður, reikningur, 339—340.  
 Thors, Ólafur, alþingismaður, 194; 442; ráðherra, 446; 447.  
 Thors, Thor, heiðursmerki, 449.  
 Tímareikningur, reglugerð, 48; 263.  
 Tíu ára áætlunarsjóður, skipulagsskrá, 255—256.
- Tóbakseinkasala, reglugerð, breyting, 221; 277—278.  
 Tollalöggjöf, reglur, 259—260.  
 Tulinius, Þórarinn, styrktarsjóður, reikningur, 347.  
 Túnasléttun, styrkur, reglugerð, 272.
- U. Ú.**
- Útflutningsgjald á ísfiski, reglugerð, 212.  
 Útvarps- og loftskeytavíðtæki, viðgerðir, reglur, 210—211.  
 Útvegskbanki Íslands h.f., reikningur, 356—365.
- V. W.**
- Valdimar Björnsson, vara-ræðismaður, 448.  
 Vallholtslegat, reikningur, 43—44.  
 Warner, Carlos J., ræðismaður, sendiráðsritari, 448.  
 Vatnsveita, í Ólafsfirði, gjaldskrá, breyting, 92; í Borgarnesi, reglugerð, 134—136; í Hrisey, reglugerð, 137—139; gjaldskrá, 139; í Dalvík, gjaldskrá, breyting, 155.  
 Veðmálastarfsemi, reglugerð, 103—104.  
 Vegabréf, reglugerð, 30—31; 201—202.  
 Verðlagsákvæði, auglýsing, 63.  
 Verðlagsskrár, 156—193.  
 Verkamanna- og sjómannafélög, styrktarsjóður, reikningur, 330—331.  
 Vestmannaeyjar, hafnarreglugerð, breyting, 97—98; sölubúðalokun, samþykkt, breyting, 225; sparissjóður, samþykkt, 279—287.  
 Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, ekkna-sjóður, reikningur, 332.  
 Vigfús Einarsson, orðuritari, 445; ríkisráðsritari, 446; heiðursmerki, 449.  
 Vigfús Þórðarson, sóknarprestur, 445.  
 Vilhjálmur Hjálmarsson, vara-alþingismaður, 443.  
 Williams, aðalræðismaður, 448.  
 Visitala, framfærslukostnaður í Reykjavík, 444; húsaleigu, 444.  
 Vöruflytningabifreiðar, sala og afhending, auglýsing, 136.  
 Vörumerkja-auglýsingar, 422—440.  
 Vörureikningar, innfluttar vörur, fyrir-mæli, 260—262.

## Z.

Zoëga, Geir, heiðursmerki, 449.  
Zöllner, Louis, heiðursmerki, 449.

## Þ.

Þingstaður, í Laugarvatnshreppi, S., 82;  
í Njarðvíkurhreppi, S., 83.  
Þjóðjarðalandsetar í Suðuramti, styrktar-  
sjóður, reikningur, 350—351.  
Þór, Vilhjálmur, ráðherra, 447; heiðurs-  
merki, 449.  
Þórarinn Jónsson, skólastjóri, 445.  
Þórður Benediktsson, alþingismaður, 444.  
Þórður Bjarnason, styrkveiting, 450.  
Þórður Eyjólfsson, forseti hæstaréttar, 446.  
Þórður Oddsson, héraðslæknir, 446.  
Þórhallur Ásgeirsson, sendiráðs-aðstoðar-  
maður, 448.  
Þórhallur Sæmundsson, bæjarfógeti, 445.

Þorleifur Jónsson, vara-alþingismaður,  
195; 444.  
Þormóður Eyjólfsson, heiðursmerki, 449.  
Þóroddur Guðmundsson, vara-alþingis-  
maður, 444.  
Þorsteinn Oddsson, styrkveiting, 450.  
Þorsteinn Þorsteinsson, alþingismaður,  
194; 442.  
Þorsteinn Þorsteinsson, heiðursmerki, 449.  
Þorvaldarminning, styrktarsjóður, reikn-  
ingur, 352—353.  
Þorvaldur Friðfinnsson, heiðursmerki,  
450.  
Þrastasjóður, skipulagsskrá, 33—34.  
Þverá í Borgarfirði, veiðifélag, samþykkt,  
290—291; arðskrá, 292.

## Ö.

Ögurhreppur, hjúkrunarsjóður, skipu-  
lagsskrá, 218.





## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1942.

*Bráðabirgðalög um gerðardóm i kaupgjalds- og verðlagsmálum, undirskrifuð af ríkisstjóra 8. janúar 1942, nr. 1.*

*Reglugerð um breyting á reglugerð, útg. 2. ágúst 1941, staðfestri 12. ágúst sama árs, fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af viðskiptamálaráðherra 2. janúar 1942, nr. 2.*

*Ríkisstjóraúrskurður um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af ríkisstjóra 17. janúar 1942, nr. 3.*

*Ríkisstjórabréf um breytingu á konungsbréfi 3. júlí 1921, um stofnun hinnar íslenzku fálkaorðu, undirskrifað af ríkisstjóra sama dag, nr. 4.*

*Bráðabirgðalög um frestun bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 5.*

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942, undirskrifuð af ríkisstjóra 4. febrúar 1942, nr. 6.*

*Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 16. febrúar 1942, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 7.*

*Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 8.*

## Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 1. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, 1 um siglingareglur fyrir Reykjavíkurhöfn. 13. jan.

Eftirfarandi almennar siglingareglur fyrir Reykjavíkurhöfn hefur ríkisstjórnin sett samkvæmt ósk brezku flotayfirvaldanna, Íslandi.

### 1. gr.

Sérstök athygli er vakin á „Auglýsingu til sjófarenda“ (Notice to Mariners) nr. 1 frá árinu 1941.

### 2. gr.

**Kaupskip á leið inn.** Eftirlitsskip það, sem lítur eftir innsiglingu á hafnirnar í Reykjavík, Hvalfirði og Hafnarfirði, hefst við nálægt tveim mílum frá Gróttuvita í stefnuna 290°. Sé ekki höfnin lokuð, mega skip hafa samband við eftirlitsskipið hvenær sem er. Ef höfnin er lokuð, verða þau að leita á sjó út eða leggjast fyrir akkerum. (Ath. Um lægi þau, sem bönnuð eru, sjá 3. gr.). Lokunarmerki eru sýnd á merkjastöðinni á Seltjarnarnesi, eftirlitsskipinu og merkjastöðinni í ishúsinu.

Skip, sem eru á leið til þessara hafna, verða að hafa samband við eftirlitsskipið og fylgja vandlega þeim fyrirskipunum, sem það gefur, en þó má veita eftirgreindar tilslakanir:

- a. Vissum skipum má, þegar tilkynnt hefur verið um komu þeirra fyrirfram og hafnsögumannaskip flotans (Admiralty Pilot Vessel) hefur komið til móts við þau undan Gróttuvita, leyfa að halda áfram beina leið inn í Hvalfjörð án þess að þau hafi samband við eftirlitsskipið, enda fylgi þau fyrirmælum hafnsögumanns flotans.

13. jan. 1 b. Skipum, sem eru á leið til Hafnarfjarðar frá nálægri íslenskri höfn, má leyfa að halda beina leið til Hafnarfjarðar án þess að þau hafi samband við eftirlitsskipið, að því tilskildu, að fyrirhugað burtför þeirra úr þeirri höfn, sem þau leggja úr, sem og komutími þeirra til Hafnarfjarðar, hafi verið tilkynnt af umboðsmönnum eða eigendum til aðaleftirlitsstöðvarinnar í Reykjavík og hún viðurkennt tilkynninguna. Sé ekki burtför tilkynnt eftir því, sem að ofan er fyrir mælt, skal fylgja hinni almennu reglu.

Umboðsmönnum og eigendum ber að ætla nægan tíma til slíkra tilkynninga og viðurkenninga um ferðalög skipa, enda skulu þeir ekki leggja fyrir skipstjórnarmenn, að skip þeirra megi halda beint til Hafnarfjarðar nema komið hafi viðurkenning frá aðal-eftirlitsstöðinni áður en skipin létu úr höfn.

**Skip, sem fara frá Akranesi.** Fyrirhugaður burtfarartími allra skipa, sem leggja úr höfn á Akranesi og ætla ekki til Reykjavíkur, skal tilkynntur aðal-eftirlitsstöðinni í Reykjavík. Umboðsmaður eða eigandi ber ábyrgð á því, að slíkar tilkynningar fari fram í tæka tíð áður en skipið lætur úr höfn. Það er brýnt fyrir skipum, að fari þau frá Akranesi áður en tilkynnt hefur verið eftir því, sem nú hefur verið fyrir mælt, þá beri þau sjálf ábyrgð á afleiðingunum.

**Ferðir út í skip.** Í Reykjavík skal enginn fara út í skip nema eftirlitsmaður (Examining Officer) hafi gefið honum leyfi til þess. Eftirlitsmaður gefur skipum, sem fara má út í, fyrirmæli um að sýna C-flagg (alþjóða-merkjakerfi). Skip, sem ekki má fara út í, sýna N-flagg (alþjóða-merkjakerfi).

Lögskipaðir hafnsögumenn eru undanþegnir þessum fyrirmælum, og mega þeir, án þess að hafa áður fengið leyfi til þess, fara upp í skip, sem biðja um hafnsögumann. Þessi undanþága nær aðeins til lögskipaðra hafnsögumanna, og bera þeir ábyrgð á að það sé tryggt, að enginn sá maður, sem ekki hefur til þess leyfi, sé með þeim þegar þeir fara í skip.

**Siglingaljós.** Skip skulu láta siglingaljós loga eftir að hafa farið fram hjá eftirlitsskipinu á leið inn og allt þar til er þau hafa varpað akkerum. Skip, sem eru að leggja út, skulu láta loga siglingaljós þangað til þau eru komin fram hjá eftirlitsskipinu. Skip, sem liggja fyrir akkeri, skulu láta loga skyggð leguljós.

### 3. gr.

**Bönnuð lægi.** Lægi á neðangreindum svæðum eru bönnuð, nema eftir fyrirmælum aðal-eftirlitsstöðvarinnar eða hafnsögumanns frá flotanum:

Svæði því, er takmarkast af eftirgreindum línunum: Að vestan í norðvestlæga stefnu frá staðnum (a) í 3,5 mílna fjarlægð frá samblossavitanum á Akranesi í stefnuna 270° 0,5 mílu, þaðan 4,4 mílu í 346° stefnu og þaðan 0,90° stefnu til lands. Í suðaustlæga stefnu frá staðnum (a), sem að ofan greinir, í 165° stefnu til Kerlingarskers, þaðan í Gróttuvita. Að austan í línu frá blossavitanum austan við Krossvík á Akranesi í stefnuna 164° yfir austurjaðar Akureyrar til lands. (Sjá Notice to Mariners (tilkynning til sjófarenda) 2267 frá 1940 með þeim breytingum, sem Notice to Mariners 1310 frá 1941 gerir á henni).

Sundinu milli Akureyjar og lands er lokað. Hvert það skip, sem gerir tilraun til að koma eða fara þessa leið, gerir það á eigin áhættu.

### 4. gr.

**Hafnsaga.** Hafnsögumenn Reykjavíkur starfa í samvinnu við yfirhafnsögumann flotans (Senior Naval Pilot) og aðal-eftirlitsmanninn (Chief Examining Officer). Ekkert það skip, sem er yfir 30 brúttólestir, má fara inn á innri höfnina hafnsögumannslaust, nema þau af skipum þeim, er þar eiga heima, og kaupförum, er fara reglubundnar ferðir, sem hafnarstjórnin hefur veitt undanþágu til þess. Ef skip þarf

á hafnsögumanni að halda til þess að komast inn eða í lægi, skal beiðast hans af eftirlitsmanninum (Examining Officer). Sé tekið á móti beiðni frá skipi um hafnsögumann áður en það er komið, kemur hafnsögubáturinn til móts við það á leiðinni til hafnar, í grennd við eftirlitsskipið.

Hafnsaga til Hvalfjarðar er skyldukvöð á öllum skipum og verður innt af hendi af hafnsögumönnum flotans (Admiralty Pilots). (Ath. Tilteknar smáfleytur, sem ganga staða á milli í grenndinni og hafa leyfi til að fara inn í Hvalfjörð, hafa fengið undanþágu frá þessu ákvæði.)

Beiðnir um hafnsögumann flotans skulu sendar merkjastöðinni í íshúsinu. Skip, sem fara frá Reykjavík til Hvalfjarðar, verða að fá sérstakt merki (kennimerki staðarins, Local Recognition) áður en þau sigla úr lægi. Merki þetta lætur merkjastöðin á Seltjarnarnesi í té um hendur hafnsögumanns flotans eða aðal-eftirlitsstöðvarinnar. Tilgreina skal væntanlegan komutíma skipsins til Hvalfjarðar þegar beiðni er um merkið, og móttaka merkisins felur í sér viðurkenningu á væntanlegum komutíma sem og leyfi fyrir skipið til að fara ferða sinna.

Skip, sem fara úr Hvalfirði til Reykjavíkur, skulu afla sér sérstaks merkis (kennimerki staðarins, Local Recognition) hjá hinum kgl. brezka hafnarstjóra í Hvalfirði (K.H.M. — King's Harbour Master) og skulu ekki fara af stað án þess. Litlar fleytur, sem ekki hafa með sér merki, skulu tilkynna merkjastöðinni á Seltjarnarnesi væntanlegan burtfarartíma sinn úr Reykjavík og væntanlegan komutíma sinn til Hvalfjarðar, áður en þær fara frá Reykjavík, og skulu ekki láta úr höfn fyrir en þetta hefur verið gert. Sömuleiðis skulu litlar fleytur tilkynna hinum kgl. brezka hafnarstjóra í Hvalfirði (K.H.M.) væntanlegan komutíma sinn til Reykjavíkur, áður en þær fara úr Hvalfirði. Skip, sem ætla til Hvalfjarðar úr Reykjavík, skulu útvega sér nauðsynlegt merki áður en þau sigla úr lægi. Merki þetta má fá hjá hafnsögumanni flotans eða hjá aðal-eftirlitsstöðinni (ef það hefur ekki áður verið látið í té).

#### 5. gr.

**Reglur um loftskeyti og talstöðvar.** Athygli er vakin á reglum þeim, sem í gildi eru um notkun loftskeyta og talstöðva. Skipum, sem liggja í innri höfninni er ekki leyft að senda frá sér, nema í því skyni að reyna tækin. Ef óskað er að prófa tækin, skal beiðni um leyfi til þess send yfirmanni brezka flotans á Íslandi (Admiral Commanding Iceland). Skal ekki nota senditæki fyrir en það leyfi er fengið. Prófanir verða framkvæmdar undir eftirliti þeirra yfirvalda, sem ábyrgð bera á þeim.

Notkun loftskeyta og taltækja á skipum, sem liggja fyrir akkerum, er á sama hátt takmörkuð, nema ef svo ber undir, að á skjótri aðstoð þurfi að halda til þess að verja skipið hættu, enda sé ekki kostur á sambandi með öðru móti, og má þá senda hjálparbeiðnir. Slík skeyti skal hafa svo stutt sem unnt er.

#### 6. gr.

**Loftvarnarræglur.** Tilkynningar um loftárásir. Til þess að gera viðvart um loftárásir, skulu eftirgreind merki notuð:

**Gult merki.** Flagg flugvélaskips (1) dregið upp á merkjastöðinni á Seltjarnarnesi, eftirlitsskipinu og merkjastöðinni í íshúsinu. Um næturmerki er ekki að ræða.

**Rautt merki.** Flagg beitiskipsins (2) dregið upp eins og að ofan greinir og nokkur stutt hljóð gefin með eimpípum eftirlitsskipsins og skips þess í höfninni, sem falið hefur verið það hlutverk. Að næturlagi verður gefið hljóðmerki það, er að ofan getur.

**Hvít merki.** Hvít veifa (3) dregin upp eftir því sem að ofan segir og langt hljóð gefið með eimpípum þeim, er frá hefur verið greint. Að nóttu til er aðeins hljóðmerki

1 gefið. Athugasemd: Þegar rauðu og hvítu merkin eru gefin, er það tilkynnt á venju-  
13. jan. legan hátt þeim, sem sjá um loftvarnahljóðpípurnar í bænum.

Hvað gera skuli. Þegar gefið er rautt merki, skulu þeir, sem loftvarnabyssunum stjórnar í Reykjavík, vera viðbúnir hjá þeim. Eigi skal hafið að skjóta nema flugvél innan skotmáls geri árás á skipið eða á skip, sem er alveg hjá því. Aðeins skal skotið með loftvarnabyssum.

Ljós. Skip skulu myrkvuð.

Skip, sem leggja út, skulu hraða sér sem allra mest út úr læginu og sigla á sjó út. Skip, sem eru á leið til hafnar, skulu varpa akkerum og ekki vera á hinum innri leiðum inn í höfnina. Eftirlits-lægið liggur heppilega til þessarar notkunar.

#### 7. gr.

Burtför. Skipaefirlitið leggur engar hömlur á skip, sem eru að fara út í sjó, nema hvað öll skip, er leggja til hafs, verða að hafa samband við eftirlitsskipið og tilkynna nöfn sín, og að skip, sem fara vilja úr eftirlits-læginu, skulu útvega sér leyfi eftirlitsmanns áður en þau fara af stað.

Aðal-efirlitsstöðin sér um afgreiðslu skipsskjala til skipa þeirra, sem eru að fara úr höfn. Verður siglingaleyfi veitt í samráði við eftirlitsmann hafnarinnar (Port Control Officer) og íslensku tollgæzluna.

#### 8. gr.

Til þess að greiða fyrir ferðum skipa, ættu útgerðarmenn og afgreiðslumenn að senda, svo tímanlega sem unnt er, skýrslur um allar væntanlegar komur og burtfarir skipa. Skulu þær sendar aðal-efirlitsmanni (Chief Examining Officer), en skrifstofa hans er í Hafnarhúsinu við Geirsgötu. Sams konar skýrslur séu honum og látnar í té af öðrum aðiljum, sem ráða fyrir ferðalögum skipa.

Innri höfnin. Á innri höfninni er sextán feta munur flóðs og fjöru í stórstraum, og er það á ábyrgð skipstjóra að sjá um að á landfestum o. s. frv. sé slakað eftir því sem þörf krefur, svo að ekki hljótist skemmdir af.

Sorp. Á skipum, sem liggja í innri höfninni, er bannað að varpa fyrir borð hvers konar sorpi. Skipum, sem liggja í lægi, er bannað að varpa fyrir borð gömlum vírbútum og kaðalbútum.

(1) Hvítt flagg með bláum röndum láréttum efst og neðst og rauðri rönd láréttri í miðjunni.

(2) Gult flagg með bláum röndum lóðréttum.

(3) Hvít veifa með rauðum hnetti.

2 Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í  
22. jan. Gullbringu- og Kjósarsýslu, um skiptingu Keflavíkurhrepps í tvö hreppsfélög.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Keflavíkurhrepps og meðmælum sýslunefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu, um skiptingu Keflavíkurhrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Ytri- og Innri-Njarðvíkur skiptast frá Keflavíkurhreppi og verða sér hreppsfélag, sem heitir Njarðvíkurhreppur. Hreppamörk milli hins nýja hrepps og Keflavíkur-

hrepps verða frá sjó suðurtakmarkalína lóðarinnar, sem fiskmjölsverksmiðja Þórólfs h.f. stendur á, upp að þjóðvegi og ofan þjóðvegur í beina framlengingu af þeirri línu upp til heiðar að úttakmörkum Ytri-Njarðvíkurlands. Hin önnur úttakmörk hreppanna verða þau sömu og áður, eða Njarðvíkurhrepps gagnvart Vatnsleysustrandarhreppi: Úr Innri-Skor í Arnarklett, gagnvart Grindavíkur- og Hafnahreppi úr Arnarkletti í Þúfu í Stapafelli að Kólku í Háaleiti. Hin takmörk Keflavíkurhrepps eru eins og áður frá Kólku í Háaleiti að Keflavíkurborg, og þaðan að sjó að Hellumiði.

2. A. Skipti hreppanna miðast við 1. janúar 1942, og skiptast eignir og skuldir Keflavíkurhrepps eins og þær voru þá. Miðast skiptingin að hálfu leyti við fólksfjölda og að hálfu leyti við álögð útsvör í Keflavík annars vegar og Njarðvíkum hins vegar, síðastliðin 5 ár.
- B. Fasteignir hreppsins skulu metnar með því verði, sem á þeim var fyrir styrjöldina og á þann hátt, sem hér segir: Húseignir meta 2 menn, sinn frá hvorum aðila. Rafveita hreppsins skal metin af 2 mönnum með sérþekkingu, er aðilar koma sér saman um. Verði ágreiningur um matið, skal hlýta úrskurði tveggja dómkvaddra manna.
- C. Náist ekki samkomulag milli hreppsnefnda Njarðvíkurhrepps og Keflavíkurhrepps um skipti á útsvörum þeim, er útistandandi kunna að verða, þá er skipti fara fram eða ákveðin afföll af þeim, skal þeim útsvörum, er síðar kunna að reynast ónnheimtanleg, skipt á hreppana eftir þeim hlutföllum, sem fást samkv. 2. grein A.
3. Fátækraframfæri þeirra styrþega, er verða á Keflavíkurhreppi er skipti fara fram, skiptist framvegis milli hreppanna eftir sömu reglu og eignir og skuldir. Sama gildir og um þá, er heimilisfastir verða utan beggja þessara hreppa eftir áramót 1941—1942, en komast á framfæri í þeim vegna búsetu í Keflavíkurhreppi, — eða af öðrum ástæðum, áður en skipti fara fram.
4. Vísitala skiptingarinnar er 84% fyrir Keflavíkurhrepp og 16% fyrir Njarðvíkurhrepp. Öllum eignum, skuldum og fátækraframfæri skal því samkvæmt ofanrituðu skipt þannig, að í hluta Njarðvíkurhrepps komi 16% og í hluta Keflavíkurhrepps 84%.

Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hvor hreppur eftir sama hlutfalli og farið er eftir við skiptingu eigna og skulda. Um hver áramót skulu hreppsnefndir beggja hreppanna leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega.

5. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skulu vera eign Keflavíkurhrepps, en hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps skal eiga aðgang að þeim þegar hún þarfnast.
6. Hreppsnefndarmenn skulu vera 5 í hvorum hreppi.
7. Hreppsnefndir hinna nýju hreppa framkvæma skiptingu á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptunum, skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Keflavíkurhreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

3  
13. febr.

### **Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 7. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um breyting á siglingareglum fyrir Reykjavíkurhöfn frá 13. jan. 1942.**

Samkvæmt ósk brezku flotayfirvaldanna, Íslandi, leiðréttist niðurlag (neðanmálgrein) siglingareglna fyrir Reykjavíkurhöfn, sem birtar eru í 1. tölublaði Lögbirtingablaðsins 17. janúar 1942, sem hér segir:

Í stað:

(1) Hvítt flagg með bláum röndum láréttum efst og neðst og rauðri rönd lárétrtri í miðjunni.

(2) Gult flagg með bláum röndum lóðréttum.

(3) Hvít veifa með rauðum hnetti.

komi:

(1) Gult flagg með bláum röndum lóðréttum.

(2) Hvítt flagg með bláum röndum láréttum efst og neðst og rauðri rönd lárétrtri í miðjunni.

(3) Hvít veifa með rauðum hnetti.

4  
2. jan.

## **REGLUGERÐ**

**um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda er bíða tjón af þeim, samanber lög nr. 75 27. júní 1941.**

### **I. KAFLI**

#### **Um framkvæmdastjórn.**

##### **1. gr.**

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

##### **2. gr.**

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanninn formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, sem Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

Heimilt er að hafa framkvæmdarstjóra 2, ef nefndin telur það nauðsynlegt, og skiptir hún verkum með þeim.

##### **3. gr.**

Verkefni framkvæmdanefndar er:

1. að hafa stjórn þeirra sóttvarnarráðstafana, er um ræðir í reglugerð þessari;
2. að úthluta bótum eða styrktarfé, sem árlega er veitt í fjárlögum til þeirra bænda, er beðið hafa tjón af þeim sjúkdómum, sem reglugerð þessi fjallar um;
3. að vinna að því að bændur, sem hafa þá sauðfjársjúkdóma í fé sínu, er lög þessi ná til, komi sér upp hraustari fjárstofni með úrvali eða fjárskiptum;

4. að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt; 4
5. að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um þau mál, er sérstaklega standa í sam- 2. jan.  
bandi við þessa sauðfjársjúkdóma.

## 4. gr.

Landbúnaðarráðherra getur kvatt mann eða menn sauðfjársjúkdómanefnd til aðstoðar við framkvæmd laga nr. 75 1941 eða bætt mönnum í nefndina. Menn þessir skulu sérstaklega kunnugir staðháttum í þeim landshlutum, sem nefndarmenn eru lítt kunnugir í.

Verkefni þessara fulltrúa er:

1. að gera tillögur um sóttvarnarráðstafanir í þeim héruðum, er þeir eru fulltrúar fyrir, gegn þeim sauðfjársjúkdómum, er verjast skal;
2. að gera tillögur um tilhögun á útrýmingu sauðfjársjúkdóma, þar sem nauðsyn krefur;
3. að vera í samstarfi við nefndina um úthlutun bóta og styrktarfjár í viðkomandi héruðum;
4. að annast um að fyrirmælum sauðfjársjúkdómanefndar sé hlýtt, og hafa á hendi framkvæmdir á ákvörðunum nefndarinnar, svo sem þörf krefur á hverjum tíma.
5. Nú hefur sérstök nefnd verið skipuð fyrir hérað eða landshluta, og er þá heimilt að fela henni allar ráðstafanir, samkv. 1. lið, undir yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar.

## 5. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að kveðja menn sér til aðstoðar í þeim héruðum, þar sem meiri háttar sóttvarnir eða útrýmingar ráðstafanir fara fram, enda séu ekki stjórnskipaðir fulltrúar starfandi í þeim héruðum. Nefndin setur þeim erindisbréf og er verkefni þeirra hið sama og hinna stjórnskipuðu fulltrúa.

## II. KAFLI

Sjúkdómar, er reglugerð þessi nær til.

## 6. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Garnaveiki.
3. Þingeysskrar mæðiveiki.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar, koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði reglugerðar þessarar nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

## III. KAFLI

Um varnir.

## 7. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við framkvæmdanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er reglugerð þessi nær til.

Heimilt er skoðunarmönnum, er framkvæmdastjóri eða fulltrúar sauðfjársjúkdómanefndar hafa ráðið til þess starfa, að slátra grunsömum kindum, til þess að ganga úr skugga um útbreiðslu veikinnar, gegn þeim bótum, er nefndin ákveður.



4

2. jan.

## 8. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Hreppstjóra er skylt að hregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhvern af áður greindum sjúkdómum geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

Þyki hreppstjóra grunsamlegt, að um mæðiveiki eða þingeysku mæðiveikina geti verið að ræða, skal hann láta einangra það fé, sem hinar grunuðu kindur voru með, unz úrskurður um veikina er fenginn og framkvæmdastjóri hefur gert þær ráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar. Kostnaður við þessa einangrun greiðist úr ríkissjóði.

## 9. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, með samþykki landbúnaðarráðherra, að setja aðalvarðlinur til þess að hindra útbreiðslu framan talinna sauðfjársjúkdóma.

Þessar varðlinur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

Aðalvarðlinur eru þær linur taldar, er liggja þannig, að réttmætt sé talið að hindra fjársamgöngur yfir þær, þótt þeirra verði ekki þörf til varnar gegn sjúkdómum þeim, er hér um ræðir. Skulu þær lagðar á kostnað ríkissjóðs. Aðalvarðlinur eru þær, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 88 9. júlí 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykktu um fjárskipti. Sauðfjársjúkdómanefnd getur, með samþykki ráðherra, ákveðið fleiri aðalvarðlinur, ef hún telur þeirra þörf, til þess að hindra fjársamgöngur um sinn.

## 10. gr.

Nú vilja bændur á takmörkuðum svæðum verjast fjársamgöngum með því að setja upp varnargirðingar. Telji framkvæmdanefnd það nauðsynlegt, er henni heimilt að setja upp slíka girðingu, gegn því að hlutaðeigandi bændur leggi fram eigi minna en flutning á öllu efni frá hafnarstað og  $\frac{1}{3}$  kostnaðar við uppsetningu girðingarinnar, en ríkissjóður kosti girðinguna að öðru leyti, enda sé hún eign ríkisins. Girðingar þær, er hér um ræðir, teljast aukavarðlinur.

Nú vilja bændur setja upp varnargirðingu fyrir eitt byggðarlag eða nokkra bæi og framkvæmdanefnd telur líklegt, að hún geti orðið til þess að stöðva útbreiðslu veikinnar í þessu byggðarlagi, og getur þá nefndin veitt styrk til slíkra girðinga, þó ekki yfir  $\frac{1}{3}$  af verði gaddavirsins, enda verði girðingin eign þeirra, er kosta hana að öðru leyti.

## 11. gr.

Nauðsynleg varzla, að dómi nefndarinnar, með varðlinum þeim, er um ræðir í 9. gr. og 10. gr. 1. málsgr., greiðist úr ríkissjóði, sömuleiðis viðhald girðinga, meðan þeirra er þörf til varnar útbreiðslu sjúkdóma, er reglugerð þessi nær til, sbr. 27. gr.

Telji framkvæmdanefndin ekki þörf að viðhalda girðingu á aukavarðlinu, má hún því aðeins taka hana upp, að bændur í hlutaðeigandi byggðarlagi vilji ekki kaupa hana fyrir hæfilegt verð, að dómi nefndarinnar eða eftir mati.

## 12. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að setja upp einangrunargirðingar til þess að geyma í sjúkt og grunað fé í þeim héruðum, sem veikin er ekki mikið útbreidd, og sé það gert í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd. Sýslufélagið leggur til land undir

girðingu og kostnað við uppsetningu, en girðingarefni og flutningur á næsta hafnar- 4  
stað skal lagður fram sem annar kostnaður við varnirnar. Þessar girðingar eru eign 2. jan.  
ríkisins.

## 13. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, er um ræðir í 9. og 10. gr., um lönd einstakra manna og afrétti eftir því, sem framkvæmdastjóri telur haganlegast.

Náist ekki samkomulag við landeiganda um land undir einangrunargirðingu, samkvæmt 12. gr., er sýslunefnd heimilt, í samráði við framkvæmdastjóra, að taka land undir slíka girðingu leigunámi, og fer þá um leigunámið samkvæmt ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Bætur fyrir landspjöll, átroðning, afnotamissi lands eða önnur óþægindi vegna girðinga, sem um getur í 9. gr. og 12. gr., koma ekki til greina nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Skulu þá dómkvaddir menn meta tjónið, er greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði, enda séu varnirnar framkvæmdar að meira eða minna leyti í þágu þess sveitarfélags. Annars greiðir það hreppsfélag, er næst liggur og nýtur varnanna. Úrskurði matsmanna má áfrýja til yfirmats.

## 14. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim trygglega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

## 15. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varðlínur þær, sem um ræðir í 9. og 10. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

## 16. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

## 17. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varðlínur, er um ræðir í 9., 10. og 12. gr., er bannaður, nema samþykki framkvæmdastjóra komi til. Kindum, sem leita mjög á að komast yfir varðlínu, má varðmaður slátra, en gera skal hann það verð úr, sem unnt er, ef eigandi getur ekki hirt það sjálfur. Heimilt er framkvæmdanefnd að banna flutning á fé bæja á milli og til dvalar, þar sem hún telur þess þörf.

## 18. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við aðalvarðlínu, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því sé lógað.

## 19. gr.

Nú kemur fé fyrir á svæði, sem er sýkt eða grunað af garnaveiki, og eigendur þess eða viðkomandi upprekstrarfélag hefur ekki gert ráðstafanir til að hirða það sérstaklega, og skal þá hreppstjóri láta slátra því, verði ekki öðrum fulltryggum ráð-

4 stöfunum við komið, en gera skal hann það verð úr, að fjáreiganda verði sem minnst 2. jan. ljón af.

## 20. gr.

Heimilt er framkvæmdanefnd og sveitarstjórn eða stjórnunum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdanefndar, að fyrirskipa breytingu á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu þeirra sauðfjársjúkdóma, er hér um ræðir. Breytingar þessar skulu bornar undir hlutaðeigandi stjórnir upprekstrarfélaga, áður en þær eru fyrirskipaðar. Breyting þessi telst ekki brot á fjallskilareglugerð.

## 21. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlega kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða lógað. Sama skylda hvílir á fjáreigendum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlinur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er.

## 22. gr.

Fáist vissa fyrir, að einhver þeirra sjúkdóma, er lög þessi ná til, hafi borizt yfir varðlinu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við framkvæmdanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

## 23. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

## 24. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heima-fé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

## 25. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt, hvenær sem hún telur þess þörf, að láta fara fram rannsókn á öllu sauðfé, þar sem líkur eru til, að garnaveiki geti verið.

Við þessar rannsóknir skal ríkið leggja til lyf, tæki og einn rannsóknarmann í hverjum rannsóknarflokki. Sveitarfélagið leggur hverjum rannsóknarmanni til einn aðstoðarmann og greiðir honum kaup, og sé hann valinn í samráði við rannsóknarmanninn. Skylt er fjáreigendum að leggja til aðra aðstoð við rannsóknirnar, eftir því sem við þarf. Heimilt er framkvæmdanefnd að veita sveitarstjórn undanþágu frá því að kosta aðstoðarmann við garnaveikirannsóknir í þeim hreppum, sem mæðiveiki er einnig í fé bænda.

## 26. gr.

Nú hefur einhver þeirra búfjársjúkdóma, sem um ræðir í 6. gr., borizt yfir varðlinu, án þess fullvist sé með hverjum hætti það hefur orðið, og skal þá fram fara réttarrannsókn til þess að fá það upplýst, ef unnt er.

## 27. gr.

Allur kostnaður við girðingar og vörzlur, sem um ræðir í 9.—12. gr. og viðkomandi héruðum er ekki gert að standa straum af, greiðist úr rikissjóði. Ríkissjóður fær síðan  $\frac{2}{5}$  hluta kostnaðarins endurgreiddan, og sé því gjaldi jafnað niður á alla sauðfjáreigendur á ósýktum svæðum. Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög eða hluta úr þeim, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aur. á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

Nú lætur framkvæmdanefnd rannsaka sauðfé í öryggisskyni á svæði, er reynist ósýkt, og skulu fjáreigendur þar undanþegnir 10 aura gjaldi það ár, er rannsóknin fer fram, enda hafi sveitarstjórnin kostað mann við rannsóknirnar.

## IV. KAFLI

## Um stuðning til bænda og bætur.

## 28. gr.

Fé því, sem veitt er árlega í fjárlögum til stuðnings fjáreigendum, sem tjón hafa beðið af völdum þeirra sjúkdóma, er reglugerð þessi nær til, skal varið sem hér segir:

1. Til greiðslu upp í vexti af lánnum bænda og upp í jarðarafgjald leiguliða. Þau ein lán koma til greina, að þau séu stofnuð vegna búrekstrar viðkomandi manns. Tilgreina skal skuldareigendur og vaxtakjör. Vaxta- og jarðaaafgjaldsstyrk skal úthluta til bænda í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum sjúkdómanna, en jafnframt sé höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti.
2. Til vega í viðkomandi héruðum án framlags úr sýslu- eða sveitarsjóði.
3. Til greiðslu á styrk til framræslu vegna tún- eða engjaræktar, endurræktunar í túni, túnasléttunar og til garðræktar, er nemi þrefaldri þeirri fjárhæð, sem nú er greidd á verkeiningu samkv. jarðræktarlögunum, ef ekki er um véla-vinnu að ræða, annars tvöfaldur styrkur. Til túnauka má greiða allt að jafnháum styrk og jarðræktarstyrknum nemur. Auk þess greiðist lögmaeltur jarðræktarstyrkur.

Heimilt er að verja því styrktarfé, er fellur undir þennan lið, til vinnu við aðrar umbætur á jörðinni, að fengnu samþykki framkvæmdanefndar í hverju einstöku tilfelli.

4. Til styrktar nýjum fyrirtækjum, sem gera framleiðslu bænda verðmæta eða fjölbreytta, svo sem rjómabúum og gróðurhúsum.
5. Til þess að styrkja fjáreigendur að ala upp sauðfé í skarðið fyrir það fé, er þeir hafa misst af völdum þessara sjúkdóma, og vegna ráðstafana, er leiðir af framkvæmd laga þessara.

## 29. gr.

Framkvæmdanefnd skal láta safna skýrslum um tjón það, er hlotizt hefur, svo og um ásetning liflamba. Enn fremur skal hún fá fullkomnar upplýsingar um skuldir viðkomandi bænda, greidd jarðarafgjöld og önnur þau atriði um hag og afkomu, sem hún telur nauðsynlegar vegna úthlutunar styrktarfjárins. Skýrslur þessar skal færa á eyðublöð; er sauðfjársjúkdómanefnd útbýtir.

## 30. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann til að safna skýrslum um fjártjón bænda í hreppnum af völdum sauðfjársjúkdóma þeirra, er um ræðir í reglugerð þessari,

4 og öðrum upplýsingum, er framkvæmdanefndin telur nauðsynlegar vegna úthlutunarinnar. Hver sýslumaður tilnefnir tvo menn til þess að taka á móti skýrslum úr einstökum hreppum í þeirri sýslu og fara þær til samræmis.

Skýrslur þessar skulu komnar til framkvæmdanefndar í síðasta lagi fyrir 15. marz það ár, er úthlutunin fer fram.

### 31. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón fjáreigenda af völdum sauðfjárjúkdómanna og skal hún þá árlega skipta því fé, er fjárlög heimila til stuðnings bændum og um ræðir í 28. gr.

### 32. gr.

Við úthlutun styrks til greiðslu á vöxtum af lánnum skal þess gætt að vaxtatillagið hækki í hlutfalli við fjármissinn, þó þannig, að tekið hafi verið tillit til ómegðar, og að áður hafi verið dregið frá bústofnsauki í arðberandi búpeningi, auknar vinnutekjur utan heimilis, tekjur af hlunnindum og tekjur af eignum, s. s. vaxta-tekjur, leiga eftir fasteignir o. s. frv.

Þeir, sem misst hafa samkvæmt þessu af heildartekjum sínum:

10—15 %	.....	fá 1,5 %	vaxtatillag
15—20 %	.....	— 2 %	—
20—25 %	.....	— 2,5 %	—
25—30 %	.....	— 3 %	—
30—35 %	.....	— 3,5 %	—
35 % eða meira	.....	— 4 %	—

miðað við þá upphæð skulda, sem til greina kemur.

Á sama hátt skal reikna fjármissi leiguliða þegar úthlutað er styrk til greiðslu jarðarafgjalda.

Þeir leiguliðar, er misst hafa:

10—15 %	.....	fá 30 %	af greiddu jarðarafgjaldi.
15—20 %	.....	— 40 %	— — —
20—25 %	.....	— 50 %	— — —
25—30 %	.....	— 60 %	— — —
30—35 %	.....	— 70 %	— — —
35 % eða meira	.....	— 80 %	— — —

Heimilt er að reikna vaxtatillagið sem hundraðshluta af upphæð greiddra vaxta á ári, eftir sama hlutfalli og reiknaður er styrkur til greiðslu jarðarafgjalds.

Vaxtatillagið og greiðsla upp í eftirgjald fari þó aldrei fram úr kr. 6.00 á hverja horfna kind, að frádregnum þeim tekjuauka, er talinn er hér að framan. Þeir, sem hafa misst minna en 10% af sauðfjárstofninum, koma ekki til greina við úthlutun vaxtatillags og styrks til greiðslu á eftirgjaldi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Eftir að 3 ár eru liðin frá því að mæðiveikin kom í fé fjáreigenda, er nefndinni heimilt að draga árlega allt að 20% af styrk þeirra fyrir hvert ár, er þeir setja á færri lömb en sem svarar 20% af upphaflegum ærstofni. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að afborgun og hinn hluti vaxtanna sé jafnframt greiddur að fullu eða aðili hafi fengið að minnsta kosti árs greiðslufrest á afborgun hjá viðkomandi lánsstofnun.

### 33. gr.

Fjárhæð þeirri, sem varið er til sýslu- eða hreppavega, skal skipta milli einstakra hreppa í hlutfalli við heildarfjármissi hvers hrepps, þegar frá hefur verið dreginn bústofnsauki og aðrir tekjuaukar, og enn fremur fjármissir þeirra bænda, er njóta uppeldisstyrks. Vegaféð má ekki fara yfir kr. 3.00 á bótaskylda kind.

Heimilt er nefndinni, ef henni þykir nauðsyn til bera, að veita auka-vegastyrk, 4  
er sé varið til endurbóta eða nýbyggingar sýslu- eða hreppavega á fjárpestarsvæðun- 2. jan.  
um, þar sem bændur gætu komið mjólkurvörum sínum daglega á markað eða til  
vinnslu, ef vegleysi hamlaði ekki, enda leggi hlutaðeigandi sýslu- og hreppsfélag  
fram að minnsta kosti jafnháa upphæð. Vegamálastjóri skiptir fénu milli sýslna, en  
sýslunefnd milli einstakra vega innan sýslu, í samráði við vegamálastjóra.

Vegamálastjóri hefur yfirumsjón með vegagerð þessari og öllum greiðslum og  
reikningsskilum, er hana snerta.

#### 34. gr.

Þeir bændur, sem njóta vilja hlutdeildar í styrk til byggingar gróðurhúsa við  
jarðhita, skulu senda umsóknir um það til sauðfjársjúkdómanefndar fyrir 1. marz  
ár hvert. Skulu þeir mynda með sér félag, þar sem öllum bændum í þeim hreppi eða  
næstu hreppum er gefinn kostur á þátttöku. Félagsreglur og kostnaðaráætlun sé sam-  
þykkt af sauðfjársjúkdómanefnd.

Félag með færri en 5 félögum kemur ekki til greina.

Styrkur til gróðurhúsa getur numið allt að  $\frac{1}{4}$  stofnkostnaðar.

#### 35. gr.

Styrkur til stofnunar rjómabúa eða smjörslaga kemur aðeins til greina í þeim  
héruðum, sem hafa álitleg skilyrði til mjólkurframleiðslu að dómi nefndarinnar og  
hafa hvorki greiðan aðgang að mjólkurvinnslubúum né mjólkursölu. Hvert bú sé  
eign samvinnufélagsskapar bænda í því héraði og samþykki sauðfjársjúkdómanefnd  
starfsreglur þess.

Styrkur til rjómabúa og smjörslaga getur numið allt að  $\frac{1}{3}$  stofnkostnaðar.

Nú eru stofnuð önnur ný fyrirtæki, sem gera framleiðslu bænda verðmæta eða  
fjölbreytta, og getur nefndin þá, með samþykki ráðherra, ákveðið styrk til þeirra  
samkvæmt hliðstæðum reglum eftir því, sem við á.

#### 36. gr.

Skipta skal auka-jarðræktarstyrknum eftir fjármissi bænda, að frádregnum bú-  
stofnsauka og öðrum tekjuauka, og má hann vera allt að kr. 2.00 á hverja bóta-  
skylda kind. Þó er nefndinni heimilt að veita bónda, sem nýtur lítils eða einkis  
vaxta- eða eftirgjaldsstyrks, nokkru hærri auka-jarðræktarstyrk.

Þeir, sem misst hafa minna en 10% eða fá úthlutaðan lambauppedisstyrk,  
koma ekki til greina.

Öll framkvæmd þessara jarðabóta skal vera í samræmi við ákvæði jarðræktar-  
laganna eða samkvæmt fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands eða sauðfjársjúkdóma-  
nefndar, enda votti trúnaðarmenn félagsins að jarðabætur séu heppilega ráðnar  
og muni koma að tilætluðum notum.

Búnaðarfélag Íslands annast útborgun styrksins.

Ákvæði 11.—17. gr. jarðræktarlaganna koma ekki til greina um þann viðbótar-  
styrk, sem veittur er samkvæmt þessari grein. Viðbótarstyrkur, sem ekki er unnið  
fyrir á því ári, sem hann er veittur, fellur niður, þó getur nefndin veitt undanþágu  
frá þessu ákvæði, telji hún ástæðu til og þess er sérstaklega óskað af hlutaðeiganda.

#### 37. gr.

Við úthlutun uppeldisstyrks skal leggja til grundvallar skýrslu um búpenings-  
eign aðila um áramót. Skal sú skýrsla gerð eftir fyrirmælum sauðfjársjúkdóma-  
nefndar og sanngildi hennar staðfest af skattanefnd og viðkomandi hreppsfulltrúa.

4

2. jan.

## 38. gr.

Ef mæðiveiki hefur verið meir en 1 ár í fé aðila þegar skýrsla er gerð, má veita honum styrk á þau gimbrarlömb, sem hann á þá á fóðri, þó aldrei á fleiri en sem nemur þeirri fækkun, sem orðin er á ærstofninum.

## 39. gr.

Þegar mæðiveikin hefur verið full tvö ár í fé aðila, skal ákveða, fyrir hversu mörg lömb hann getur fengið uppeldisstyrk. Skal það gert á þennan hátt:

1. Sem stofntala skal tekin ærtala aðila um næstu áramót áður en veikin kom í féð og sé miðað við skattframtal.
2. Því næst skal taka ærtölu þá, sem eftir er, og bæta þar við bústofnsauka, sem lagður sé í ærigildi, þannig:
 

1 kýr á mjólkursölusvæði .....	= 5 ærigildi.
1 kýr utan mjólkursölusvæðis umfram þá fyrstu, sem fjölgað er um .....	= 5 —
1 hryssa .....	= 1 —

Aukning á föstum tekjum skal nefndin leggja í ærigildi eftir verðgildi áa á hverjum tíma. Sömuleiðis þann styrk, sem veittur hefur verið samkvæmt 34. og 35. gr., þar sem því verður við komið.

Mismunur ærigilda í 1. og 2. tölulið er tala þeirra lamba, sem aðili getur fengið uppeldisstyrk á vegna fjárfækkunar. Þessum styrk skal úthluta jafnóðum og sannað er af áramótaskýrslu fjáreiganda, að hann hafi sett á gimbrarlömb af eigin fjárstofni eða keypt þau til ásetnings af þeim fjárstofni, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur sterkan gegn mæðiveiki. Það er enn fremur skilyrði fyrir styrkúthlutun, að sannað sé með vottorði forðagæzlumanns, að fjáreigandi hafi nóg fóður fyrir fénað sinn.

## 40. gr.

Til viðbótar þeim uppeldisstyrk, vegna stofnfækkunar, sem um ræðir í 39. gr., er heimilt að veita fjáreigendum rétt til styrks, vegna óeðlilega mikils viðhalds á fjárstofninum af völdum mæðiveikinnar, eftir þessum reglum.

- a. Ef fjáreigandi þarf meira en 15% árlega til viðhalds fjárstofninum á þriðja til og með áttunda ári frá því að veikin kom í fé hans, fær hann rétt til uppeldisstyrks á jafnháa tölu lamba og umfram er 15%. Ef minna en 15% þarf til viðhalds einhver af þessum árum, dregst á sama hátt frá sú tala, sem á vantar 15%.
- b. Ef fjáreigandi hefur á öðru ári eftir að veikin kom í fé hans, sett á fleiri gimbrarlömb en nemur 10% af þáverandi ærstofni hans, fær hann rétt til uppeldisstyrks á þá tölu, sem umfram er, en ef ásett gimbrarlömb á því ári nema ekki 10% af ærstofninum, dregst sú tala, sem vantar á að svo sé, frá tölu styrkhæfra líflamba eftir þessari grein. Tölu styrkhæfra lamba, samkvæmt þessari grein, skal reikna út frá ári til árs og halda henni aðgreindri frá tölu styrkhæfra lamba eftir 39. gr. Ekki skal úthluta styrk samkvæmt þessari grein fyrr en lokið er að úthluta þeim styrk, sem aðila ber samkvæmt 39. gr.

## 41. gr.

Upphæð uppeldisstyrks á hvert styrkhæft líflamb, ákveður sauðfjársjúkdómanefnd árlega með hliðsjón af tölu styrkhæfra lamba á hverju ári, og því fé sem nefndin hefur til ráðstöfunar árlega í þessu skyni.

Uppeldisstyrkur fellur í þrjá flokka:

Í 1. fl. koma 20 fyrstu lömbin, sem styrks njóta hjá hverjum fjáreiganda og enn fremur til viðbótar sú tala umfram 20, sem þarf að bæta við ærtölu hans í árslok þegar veikin hefur verið full 2 ár í fé hans, samanber 39. gr., til þess að náð sé 50%

af upphaflegum ærstofni, þó skulu aldrei koma fleiri en 50 lömb í 1. flokk hjá hverjum einstökum fjáreiganda. 4

2. jan.

Í 2. fl. kemur það, sem eftir er af tölu styrkhæfra lamba vegna stofnfækkunar hjá hverjum fjáreiganda, samkv. 39. gr.

Í 3. flokk kemur tala þeirra lamba, sem heimilt er að styrkja vegna viðhalds á fjárstofni, samkv. 40. gr.

## 42. gr.

Framkvæmdanefnd tilkynnir aðilum þegar hún hefur lokið úthlutun hvert sinn, hve mikils styrks þeir megi vænta það ár.

Framkvæmdanefnd sér um greiðslu á vaxtatillagi styrks upp í jarðarafgjöld og lambauppeddisstyrk.

Ef fjárstofn viðkomandi fjáreiganda virðist mjög næmur fyrir veikinni, getur nefndin gert það að skilyrði fyrir útborgun uppeldisstyrks, að aðili kaupi líflömb af öðrum fjárstofni, með samþykki nefndarinnar eða eftir tilvisun hennar.

Nefndin ávísar vegafénu til vegamálastjóra og jarðræktarstyrknum til Búnaðarfélags Íslands, og skulu þessir aðilar hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og annast útborgun samkv. því, sem unnið hefur verið og heimild er til.

## 43. gr.

Hreppssjóður greiðir allan kostnað við söfnun skýrslna og úthlutun styrktarfjárins innan hrepps. Sýslusjóður greiðir á sama hátt kostnað við störf sýslufulltrúa og skiptinguna milli hreppa.

## 44. gr.

Bændur þeir, sem reglugerð þessi nær til, fá án þess að greiða dráttarvexti frest á greiðslu árgjalda í lánsstofnunum, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fái á því ári samkv. reglugj. þessari, og er óheimilt að segja upp lánnum vegna þess dráttar. Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

## 45. gr.

Framkvæmdanefnd ákveður bætur fyrir fé, er hún lætur slátra vegna vörzlu og enn fremur til þess að hindra sýkingu af völdum fjárflutninga, svo og fyrir það fé, sem nefndin lætur slátra vegna þess, að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bæturnar skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fóðurkostnaðar, sem fallið hefur á féð frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Bætur þessar greiðast úr rikissjóði.

## 46. gr.

Nú vill svo til, að allmörgu fé er slátrað frá sama fjáreiganda vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir, og er þá framkvæmdanefnd heimilt að veita viðkomandi fjáreiganda rétt til uppeldisstyrks til viðbótar við bætur þær, sem um ræðir í 45. gr., eftir þessum reglum:

- a. Uppeldisstyrkur er aðeins veittur á þær ær, sem slátrað er vegna rannsóknanna, samkv. vottorðum trúnaðarmanna nefndarinnar, svo og þær sem drepast, ef trúnaðarmaður hefur skoðað innnyflin og fundið einkenni sjúkdóms, er reglugerð þessi tekur til.
- b. Styrkhæf ærtala fæst með því að draga 15% frá þeirri ærtölu, sem skorin var, þó verður styrkur ekki veittur nema missir á því ári, sem miðað er við, nái 5% af upphaflegri ærtölu.
- c. Styrkinn má veita jafnóðum og sannað er af áramótaskýrslu, að gimbrarlömb séu sett á. Ef ekki er alið upp jafnmargt fé og styrkhæft er á sama ári og skorið



4  
2. jan.

er, sé styrknum úthlutað á nöfn fjáreigenda, en hann ekki greiddur fyrr en skilyrðum um uppeldi er fullnægt.

## V. KAFLI

### Almenn ákvæði.

#### 47. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum eftir því, sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

#### 48. gr.

Nú virðist reynslan benda til, að vissir fjárstofnar séu lítt næmir eða minna næmir gagnvart einhverjum framangreindra sjúkdóma, og getur þá framkvæmdanefnd ákveðið, í samráði við landbúnaðarráðherra, að lömbum af þeim fjárstofnum sé ekki slátrað. Fjáreigendum, sem hafa óhraustari fjárstofn, skal þá gefa kost á að fá þessi lömb til ásetnings.

Verðlag á þessum lömbum skal ákveðið af kjötverðlagsnefnd fyrir 1. sept. ár hvert, miðað við þunga þeirra á fæti, fyrst áætlað verð og síðar endanlegt verð, eftir að sölu sláturafurða þess árs er lokið. Skal ávallt verðleggja lömbin þannig, að seljendur fái að lokum fullt niðurlagsverð fyrir þau.

Heimilt er nefndinni, telji hún þess þörf og samkomulag næst ekki um kaup á lömbunum á framan greindum grundvelli, að taka það af þeim eignarnámi, ef með þarf, sem eigandi þeirra þarf ekki sjálfur til ásetnings.

#### 49. gr.

Nú hefur framkvæmdanefnd ákveðið að nota heimild þá, er um getur í 48. gr. Skal hún, eftir að hafa aflað sér upplýsinga um, hve mörgum lömbum fjáreigendur, sem hún óskar eftir að fá lömb frá, munni geta fargað til lífs, tilkynna þeim með hæfilegum fyrirvara fyrir hverja sláturtíð, hve mörg lömb nefndin óski eftir að fá og hvenær þau verði tekin. Á sama hátt skal nefndin tilkynna þeim fjáreigendum, sem lömb vilja fá, hversu mörg lömb þeir geti fengið og hvenær.

#### 50. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álitur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

#### 51. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmda-atriði, er kalla að í hvert sinn ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

#### 52. gr.

Allir þeir, sem starfa að söfnun tjónsskýrslna og úthlutun styrktarfjár, samkvæmt þessari reglugerð, eru bundnir þagnarskyldu um allt, sem þeir komast að vegna starfs síns og snertir efnahag einstakra manna.

#### 53. gr.

Brot gegn reglugerð þessari og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 kr. eða fangelsi og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941, til þess 4  
að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 2. jan.

*Landbúnaðarráðuneytið, 2. janúar 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

5

2. jan.

um notkun heimildar laga nr. 93 9. júlí 1941, um innheimtu á ýmsum  
gjöldum árið 1942 með viðauka.

Hér með auglýsist, að ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 93 9. júlí 1941  
og innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar  
í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75  
27. júní 1921.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 1. mgr. 2. gr. fyrrnefndra laga.

*Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

## AUGLÝSING

6

3. jan.

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við  
samþykkt nr. 92 frá 2. september 1935, um viðauka við lögreglusamþykkt  
fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lög-  
reglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

### SAMÞYKKT

um viðauka við samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt  
fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist: ...; af biósýningum greiðist 20 krónur af hverri sýningu.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

7 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir sjóð til eflingar á rannsóknnum á 9. jan. lækningakrafti íslenzkra heilsulinda, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 9. janúar 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð til eflingar á rannsóknnum á lækningakrafti íslenzkra heilsulinda.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Sesselju Guðmundsdóttur og Bjarna Jóns-  
syni frá Galtafelli, í minningu dætranna Svövu og Kristjónu Áslaugar.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur, er afhendist í veðdeildarbréf-  
um 12. flokks, 10 bréf Litra A 78, 79, 80, 81, 82, 83, 84, 85, 86 og 87, hvert að upphæð  
1000 kr. ásamt vaxtamiðum frá 1. júlí 1940. Sjóðstjórninni ber að sjá um að bréfin  
verði skrásett á nafn sjóðsins.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á lækningakrafti íslenzkra heilsulinda,  
hvers kyns sem eru, svo sem heitar og kaldar uppsprettur, jarðefni, loftslag og geisla,  
og má verja  $\frac{3}{4}$  — þrem fjórðu — hlutum vaxtanna af sjóðseigninni árlega til þess  
að styrkja íslenska vísindamenn til rannsókna á ofangreindum heilsulindum og leið-  
beininga á notkun þeirra, til alþjóðarheilla.

Rannsóknir þær, er til greina kemur að styrkja úr sjóðnum, geta verið efnafræði-  
legar, jarðfræðilegar, eðlisfræðilegar eða læknisfræðilegar, og sem annaðhvort eru  
sjálfstæðar rannsóknir einstakra vísindamanna eða framkvæmdar í samráði við  
stjórn sjóðsins, er hún semur drög að fyrirkomulagi á almennum rannsóknnum á  
lækningakrafti íslenzkra heilsulinda.

Sá, er styrks nýtur, skal láta sjóðstjórninni í té skýrslu um rannsóknir sínar,  
ekki síðar en einu ári eftir að hann hefur notið styrksins.

### 4. gr.

Styrkur úr sjóðnum úthlutast einu sinni á ári, í fyrsta skipti árið 1941. Komi  
það fyrir, að stjórn sjóðsins telji enga umsækjendur eitthvert ár verðuga til styrks,  
geymist sá styrkur til næsta árs og úthlutast þá ásamt með þess árs styrk.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður fyrirkomulag á umsóknnum og um það, hvenær á árinu  
styrknum er úthlutað. Kostnaður sá, er verða kann í sambandi við úthlutun styrks-  
ins, dregst frá þeirri upphæð, er kemur til úthlutunar árlega.

### 6. gr.

$\frac{1}{4}$  — einn fjórði — hluti vaxtanna af sjóðseigninni árlega leggst jafnan við höfuð-  
stólinn og er það von gefendanna, að sjóðurinn megi aukast með gjöfum annars  
staðar að, til frekari eflingar þarflegu málefni. Fé, sem sjóðnum þannig áskotnast,  
leggist við höfuðstólinn og sé því varið á sama hátt og honum, nema gefendur þess  
ákveði annað.

Reiðufé sjóðsins skal leggja á sparisjóð undir nafni hans og því verja til kaupa  
á veðdeildarbréfum eða ríkisskuldabréfum þegar upphæðin nær 1000 kr., og má aldrei  
ráðstafa sjóðseigninni á annan hátt.

## 7. gr.

7

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, þannig: Tveir menn, er Visindafélag Íslendinga tilnefni, og er þriðji maður í stjórninni Bjarni Jónsson frá Galtafelli meðan hann lifir, en síðan einhver afkomenda gefendanna. Fari svo, að Visindafélag Íslendinga verði lagt niður og autt verði sæti í stjórninni, er félagið hefur skipað, gengur sjóðurinn undir umsjá læknaeildar Háskóla Íslands, er þá kemur í stað visindafélagsins.

Fari svo að enginn afkomandi Bjarna Jónssonar sé lengur til, eða ekki verði til hans náð, skipar visindafélagið eða síðar læknaeildin, alla stjórnendurna.

## 8. gr.

Sjóðstjórnin skiptir sjálf með sér verkum og ber fyrstu stjórn sjóðsins að sjá um, að skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu.

## 9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna, og teljast til þeirra reikninga, er visindafélagið (eða læknaeildin, ef til kemur) semur árlega og skulu háðir sömu endurskoðun og um slíka reikninga gildir á hverjum tíma.

## AUGLÝSING

8

19. jan.

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Á tímabilinu 15. janúar til 30. apríl þ. á., að báðum dögum meðtöldum, geta fær-eysk skip, sem flytja frystan eða ísvarinn fisk til Bretlands, fengið fyrstu og síðustu afgreiðslu á Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

*Fjármálaráðuneytið, 19. janúar 1942.*

F. h. r.

Magnús Gíslason.

*Einar Bjarnason.*

## AUGLÝSING

9

20. jan.

um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlikis, nr. 41. 27. apríl 1935.

Frá 1. febrúar þ. á. skal smjörliki innihalda það fjörefnamagn, sem ákveðið var með auglýsingu nr. 14 13. janúar 1941, um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlikis frá 27. apríl 1935.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 11. október 1941, sem heimilaði að láta úti fjörefnalaust smjörliki.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1942.*

Jakob Möller.

*Páll Palmason.*

10  
22. jan.

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Keflavíkurkaupþún.

### I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

#### 1. gr.

Norður- og austurtakmörk hafnarinnar er bein lína til austurs af Hellumiði út í beina línu til norðurs frá Kópu, suður af beinni línu til austurs frá Stekkjarhamri út í línuna frá Kópu.

Tvær vörður skulu settar á hvorn þessara staða, og sýni þær takmörk hafnarinnar.

### II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála, en þrír menn, kosnir af hverri nýkjörinni hreppsnefnd á fyrsta fundi til 4 ára í senn, hafa á hendi framkvæmd þeirra. Er einn þessara manna kjörinn formaður hafnarnefndar og annar úr nefndinni hafnarstjóri.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar. Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

### III. KAFLI

Hafnarsjóður.

#### 3. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist Hafnarsjóður. Í hann renna allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð. Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hennar, til umbóta á henni, til bygginga hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, og til kaupa á landi í þarfir hafnarinnar.

Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annarra fyrirtækja hreppsins, eða binda það í lánnum til þeirra.

### IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

#### 4. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlíta boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. 10  
22. jan.

## 5. gr.

Í hverju skipi, — að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauis í lægi hafnarinnar, — skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 6. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem miðnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar í milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

## 7. gr.

Gufuskip eða önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum standi hættu af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

## 8. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar, sem það að álitu hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

## V. KAFLI

## Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

## 9. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem hefur fengið leyfi til að gera slík mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hættu stafi af því. Brot gegn því varða sektum frá 10 til 200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

## 10. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt, næst eiganda.

## 11. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd tekur gildan.

10

22. jan.

12. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrir mælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

## VI. KAFLI

## Um almenna reglu.

13. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlíða boði hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra eða sýslumanni, en skipunum hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

14. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð, og sérstaklega skal gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eða úr landi eigi sér ekki stað.

15. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljóss í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavelum skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Áliti hafnarnefnd, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar ráðstafanir til varúðar.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, blach-fernis eða annað slíkt, sem eldhætta er að, við bryggjur eða í bátahöfninni.

16. gr.

Enginn má, nema með sérstöku leyfi starfsmanna hafnarinnar, láta skip eða báta standa við bryggjur yfir fjöru, og varðar minnst 25 króna sektum, ef út af er brugðið.

Sérhver formaður er skyldur til að vikja með bát sinn frá bryggjum, eða færa sig eftir skipun starfsmanna hafnarinnar.

17. gr.

Ekki má kasta seglfestu, ösku, kolum, matarleifum, fiskúrgangi, eða neinu slíku í bátahöfnina eða við hafskipabryggjuna, heldur skal það flutt þangað, sem hafnarnefnd hefur ákveðið.

Seglfestu má ekki taka í landi hafnarinnar, nema að fengnu leyfi hafnarnefndar í hvert skipti.

## VII. KAFLI

## Hafnargjöld.

18. gr.

Öll skip, 12 smálestir eða stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma í Keflavíkurhöfn og hafa eitthvað samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skirteini sem

skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land. 10

Hafnargjöld greiðast af hreinni (netto) stærð skipa. Hálf smálest telst sem heil, en minna broti er sleppt.

22. jan.

## 19. gr.

- a. Fiskiskip, sem eru eign manna búsettra í Keflavíkurhreppi og eru skrásett þar, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, — 100 aura af smálest hverri, með gjalddaga 1. okt.
- b. Önnur íslensk fiskiskip greiða 10 aura af smálest hverri, í hvert skipti, sem þau koma til hafnar og hafa samband við land, þó ekki yfir 3 krónur af smálest samtals á ári.
- c. Innlend strandferða- og millilandaskip, sem sigla eftir föstum, auglýstum áætlunum, svo og vöruflutningaskip, greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma í Keflavíkurhöfn, 30 aura af smálest hverri í hafnargjöld, en ekkert, þótt þau komi oftár á því ári.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, og hafa samband við land, greiða  $7\frac{1}{2}$  (7,5) eyrir af smálest hverri í hvert skipti, er þau koma í Keflavíkurhöfn.

## 20. gr.

Vélbátar 5—12 smálestir, sem heima eiga í Keflavíkurhreppi eða gerðir eru þaðan út, greiða 5 kr. árlegt gjald með gjalddaga 1. október.

## 21. gr.

Skip, sem lagt er við föst legugögn á höfninni, greiði árlega fyrir það auka-gjald, sem hér segir:

- a. Ef þau eru skrásett frá Keflavíkurbænum, og eru að öllu leyti eign manna búsettra við höfnina eða hafnarsvæðið, greiði vélbátar upp að 12 smálestum 10 kr., 12—50 smálesta 30 kr., og 50 smálestir og þar yfir 50 kr. með gjalddaga 1. október ár hvert.
- b. Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

## Lestargjald.

## 22. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar, hvers kyns uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald, hvert sinn, sem þau nota hafnarmannvirki Keflavíkurhrepps, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

## Bryggjugjald.

## 23. gr.

Hvert skip, sem legst við bólverk, bryggju eða bátabryggju, skal greiða bryggjugjald af hreinu (netto) burðarmagni skipsins, talið í heilum rúmlestum. Brotum skal sleppt. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 12 aura af hverju tonni, þó aldrei minna en 12 kr. um sólarhringinn.

Ef skip liggur utan á öðru skipi, við bólverk eða bryggjur, skal það greiða 6 aura af hverri nettó rúmlest fyrir hvern sólarhring, þó aldrei minna en 6 kr. um sólarhringinn. Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

## 24. gr.

Bátar, sem stærri eru en 30 rúmlestir brúttó, skulu greiða kr. 7.50 fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þeir liggja við bátabryggju, garð eða hafskipabryggju, en minni bátar kr. 3.00 fyrir hvern sólarhring.



10

22. jan.

**Festargjald.**

25. gr.

Skip og bátar, önnur en herskip og varðskip, sem nota festar, eign hafskipabryggju Keflavíkur, skulu greiða 5 aura af hverri nettó rúmlest skipsins fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 50 aura um sólarhring.

**Fjörugjald.**

26. gr.

Fyrir að leggja skipi á fjöru, eða láta báta standa við bátabryggju til aðgerða eða hreinsunar, skal greiða 15 aura af hverri nettó rúmlest skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 3.00.

**Kjölfestugjald.**

27. gr.

Ef skip tekur kjölfestu við hafskipabryggju eða bátabryggju Keflavíkur, skal það greiða 12 aura af hverri nettó rúmlest skipsins, en 6 aura af hverri rúmlest, ef það skipar upp kjölfestu.

**Vatnsgjald.**

28. gr.

Fyrir drykkjarvatn og ketilvatn handa skipum skal greiða það gjald fyrir hverja rúmlest er hafnarnefnd ákveður.

**Hafnsögugjald.**

29. gr.

Hvert það skip, 30 rúmlestir eða þar yfir, sem hafnsögumann notar að bryggju eða frá, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skips á góðan legustað í námunda við höfnina.

30. gr.

Hafnsögugjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu að bryggju 10 aura á hverja nettó rúmlest skipsins, þó aldrei minna en kr. 15.00.
- b. Fyrir leiðsögu frá bryggjum hálf gjald, þó aldrei minna en kr. 10.00.
- c. Fyrir leiðsögu á legustað innan Keflavíkurhafnar kr. 10.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir, og 2 aura að auki fyrir hverja nettó rúmlest fram yfir 100.

Fyrir leiðsögu frá og til nærliggjandi hafna greiðist samkvæmt gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland frá 12. jan. 1934.

31. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 smálestir brúttó, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum, og leggjast að bryggjum í Keflavík.

Komi skip aftur á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann. Herskip, björgunarskip, skemmtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

**Vörugjald.**

10

22. jan.

## 32. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land, eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum, er síðar getur.

## 33. gr.

Ef vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annarra hafna en Keflavíkur, eru látnar í land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru í land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 34. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og ákveðnar eru til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

Hálf vörugjald skal og greiða fyrir þær vörur, sem fluttar eru úr skipi í strandferðaskip og ætlaðar eru til annarra hafna innanlands, og fyrir þær vörur, sem koma með strandferðaskipum frá öðrum höfnum innanlands, og eru fluttar í önnur skip.

## 35. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru.

Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, enn fremur kol, salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin notkunar. En hálf vörugjald greiðist af kolum, salti og ísi til erlendra fiski- eða vöruflutningaskipa, þótt það sé til eigin afnota.

b. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

c. Vörur og tæki til hafnarmannvirkja Keflavíkurhrepps.

## 36. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og ber skipstjóra að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báta gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, þá greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæsta gjald skal greiða af.

## 37. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiða eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 12 auru.

Ef vafi leikur á til hvers flokks skuli telja vörur, þá skal hafnarstjóri úrskurða.

**Flokkar vörugjaldskrárinnar.**

## 38. gr.

1. flokkur: Gjald 26 aurar hver 100 kg:

Blý, brýni, sement, eldfastur leir, gaddavír og stálvír, gærur saltaðar í pökkum, hverfisteinar, ís, járn, koparvír, járn og stál, járnkeðjur og járnþípur,

10  
22. jan.

- kaðlar, kitti, kol, krit, litarvörur þungar, prentsverta, salt, sild, sóði, togleður, þakjárn, þakpappi, ísvarinn fiskur, nýr fiskur, slægður og óslægður, óverk-  
aður saltfiskur. (Gjald þetta af fiski greiðist aðeins, þegar honum er skipað út.)
2. flokkur: Gjald 40 aurar hver 100 kg:  
Áburðarolía, baðlyf, benzín, feiti, fernisólía, fiskilínur, garnir, hrogn, hey, kálmeti, kartöflur, kornvörur, allsk. kjöt, leður, leirvörur, línolíum, mör, pappír og bækur, pokar, pokastrigi, rjúpur og aðrir fuglar, rúðugler, saltfiskur þurr, saumur, sápa, segldúkur, seglgarn, steinólía, tó, tjara, tvistur, vaxdúkar.
3. flokkur: Gjald 67,5 aurar hver 100 kg:  
Ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, brauðvörur, harðfiskur, kaffi, kókó, lyf og lyfjavörur, lýsi, mjólk, niðursuðuvörur allsk., jurtafeiti, smjör, smjörlíki, súkkulaði, sundmagi, sykur, te, ull.
4. flokkur: Gjald 100 aurar hver 100 kg:  
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, rjól, rulla, reyktóbak, skinnvörur, skófátnaður, vefnaðarvörur, vindlar, vindlingar.
5. flokkur: Gjald 84 aurar hver 100 kg:  
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
6. flokkur: Gjald 270 aurar hver teningsmetri:  
Timbur, tunnur og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
7. flokkur: Gjald 546 aurar hver teningsmetri:  
Bifreiðar, húsgögn, orgel, píanó, saumavélar, stundaklukkan, og þess háttar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur: Gjald 340 aurar hver gripur:  
Hross, nautgripir, svín.
9. flokkur: Gjald 42 aurar hver kind.  
Sauðfé.
10. flokkur: Gjald 25 aurar hver 600 kg:  
Allur fiskur upp úr sjó, slægður eða óslægður, sem er skipað upp við bryggju eða garð hafskipabryggju Keflavíkur, og skal vigtað upp, þegar skipað er upp úr skipum eða bátum. Enn fremur 15 aura fyrir hverja tunnu af sild, sem skipað er upp við sömu bryggjur eða garð.
11. flokkur: Gjald 7% af allri loðnu eða sild, sem veiðist við bryggjur eða fyrir landi hafskipabryggju Keflavíkur innan 60 faðma frá stórstraumsfjöru.

#### Lóðir og geymsluhús m. m.

39. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða 2 aura fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring, talið frá öðrum degi, eftir að affermingu er lokið.

Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

40. gr.

Ef affermdar vörur eru látnar í geymsluhús hafnarinnar, skal greiða 5 aura fyrir hvert stykki, fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið, enda sé varan hirt innan þriggja daga. Fyrir aðra vörugeymslu greiðist það gjald, sem um semur við hafnarstjóra.

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

10

41. gr.

22. jan.

Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

42. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

43. gr.

Vörugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkvæmt 39. og 40. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið að bryggju. Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggjunni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

44. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar greiðir samningsaðili.

45. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld, greiðir sá, sem semur við hafnarstjóra um afnotin.

46. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

47. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skaða eða skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhóllum mönnum, dómkvöddum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhóllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð.

Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

48. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

49. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Keflavíkurkaupþúns.

10

50. gr.

22. jan. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglu-  
mál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1942.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

11

26. jan. Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir sjóðinn „Stígur“, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. janúar 1942.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Stígur.

1. gr.

Sjóðurinn Stígur er stofnaður með 400 kr., sem leggjast eiga í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og ávaxtast þar.

2. gr.

Vextir af sjóðnum leggjast jafnan allir við höfuðstólinn, en fyrsta ár hverrar aldar, fyrsta sinn árið 2001, má flytja helming þess, sem höfuðstóllinn, fyrir viðlagða vexti, hefur vaxið um á hinni næstliðnu öld, með vöxtum frá nýári, til skuldlausra sveitarfélaga, hreppa eða kaupstaða, samkvæmt því er síðar segir.

3. gr.

Upphæð sú, er flytja má fyrsta ár hverrar aldar, samkvæmt 2. gr., skiptist, í fyrsta sinn sem skipt er, milli sveitarfélaganna í Austur- og Vestur-Húnavatns-sýslu, en í annað sinn sem skipt er, skiptist það, er flytja má, milli sveitarfélaganna í Húnavatns-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum ásamt Siglufirði og Akureyri. Við hver aldamót eftir það skiptist upphæð sú, er flytja má, milli allra sveitarfélaga á Íslandi. Þó skal aldrei neitt sveitarfélag, sem er í skuld, koma til greina við skiptinguna

4. gr.

Upphæð þeirri, sem eftir hver aldamót má flytja til sveitarfélaga, skiptir stjórnarráð Íslands, ef það vill taka það að sér, milli þeirra, tiltölulega eftir mannfjölda í hverju sveitarfélagi, er í það sinn kemur til greina við skiptinguna, samkvæmt 3. gr. Stjórnarráðið gefur svo, áður en ár er liðið frá aldamótum, stjórn Söfnunarsjóðsins skýrslu um, hversu mikið kemur í hlut hvers sveitarfélags.

5. gr.

Upphæð sú, er hverju sveitarfélagi hlotnast, samkvæmt 4. gr., flyzt með vöxtum frá aldamótunum yfir á nafn þess sem vaxtaeiganda í aðaldeild Söfnunarsjóðsins með þeim skilmálum, að helmingur vaxtanna af þeirri upphæð og því, er við hana bætist, leggist árlega við höfuðstólinn, en hinn helmingur vaxtanna falli árlega til útborgunar til hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

## 6. gr.

11

Nú leiðir stjórnarráð Íslands í byrjun einhverrar aldar hjá sér störf þau, sem því eru ætluð í skipulagsskrá þessari, og ávaxtast sjóðurinn Stigur þá óhreyfður áfram í Söfnunarsjóðnum til næstu aldamóta. 26. jan.

Reykjavík, 2. febrúar 1920.

Eiríkur Briem.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jakobs Ó. Lárussonar, prests að Holti undir Eyjafjöllum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. janúar 1942. 28. jan.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jakobs Ó. Lárussonar, prests að Holti undir Eyjafjöllum.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jakobs Ó. Lárussonar, prests að Holti undir Eyjafjöllum.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 100 krónum, og skulu tekjur vera:

- a. Vextir af stofnfé.
- b. Minningargjafir.
- c. Áheit.
- d. Dánargjafir.
- e. Aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að berast.

## 3. gr.

Veita má styrk úr sjóðnum þegar Ásólfsskálakirkja verður endurbyggð, og má þá aðeins veita  $\frac{1}{10}$  hluta þess fjár, sem sjóðurinn hefur öðlazi af óbeinum tekjum, þ. e. gjöfum og áheitum. Tiunda hlutann skal leggja við stofn sjóðsins, ásamt vöxtum og vaxtavöxtum af stofnfé.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bæta og prýða kirkjur í Holtsprestakalli.

## 5. gr.

Styrk úr sjóði þessum má veita kirkjum Holtsprestakalls, sem eru Ásólfsskálakirkja, Eyvindarhólakirkja og Stóradalskirkja. Skulu allar kirkjurnar eiga rétt til að njóta  $\frac{1}{10}$  hluta hinna óbundnu tekna, þegar Ásólfsskálakirkja hefur verið endurbyggð, og er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða hvernig og hvenær því fé verður skipt.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa formenn sóknarnefnda Holtsprestakalls.

## 7. gr.

Um ávöxtun sjóðsins gilda sömu reglur og um ómyndugra fé.

12

28. jan.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar sjóðsins birtir í Lög-  
birtingablaðinu.

8. gr.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigríður Anna Jónsdóttir,  
Sjafnargötu 12.

13

29. jan.

## REGLUGERÐ

### um útgáfu og notkun vegabréfa innanlands.

1. gr.

Allir menn, konur og karlar, 12 ára og eldri, sem búsettir eru í Reykjavík og Hafnarfirði, eða dvelja þar 2 vikur eða lengur, skulu ávallt bera á sér vegabréf, er lögreglustjóri gefur út.

Þeir, sem eru 60 ára eða eldri, eru þó undanþegnir ákvæðum þessarar reglu-  
gerðar þar til öðruvísi verður ákveðið með auglýsingu.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir, krafizt þess að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Í vegabréfi skulu vera þessar upplýsingar um vegabréfshafa:

1. Fullt nafn hans.
2. Staða eða atvinna.
3. Fæðingardagur og ár.
4. Fæðingarstaður.
5. Heimilisfang.
6. Mynd hans.
7. Nafn hans, ritað eigin hendi.

4. gr.

Lögreglustjóri skal halda spjaldskrá um vegabréf, sem gefin verða út. Spjald-  
skráin skal geyma allar sömu upplýsingar og vegabréfið um vegabréfshafa, þ. á m.  
mynd hans, svo og aðrar upplýsingar, er lögreglustjóri telur nauðsynlegar.

Hver, sem vegabréf skal bera, er skyldur til að gefa sig fram í skrifstofu lög-  
reglustjóra til þess að fá vegabréfið afhent. Skal hann þá afhenda 2 myndir af sér,  
er lögreglustjóri tekur gildar, til afnota á vegabréfið og spjaldskrána. Hann skal og  
gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar við útgáfu vega-  
bréfsins og samning spjaldskrárinnar.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt bráðabirgðalögum um notkun vegabréfa innanlands frá 9. desember 1941, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 29. janúar 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

13

29. jan.

## AUGLÝSING

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. október 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Auk færeyskra skipa, sem flytja frystan og ísvarinn fisk til Bretlands, og samkvæmt auglýsingu ráðuneytisins, dags. 19. janúar þ. á., hafa leyfi til að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu á Hornafirði á tímabilinu 15. janúar til 30. apríl þ. á., veitir ráðuneytið íslenskum skipum í sams konar flutningum leyfi til að fá fyrstu afgreiðslu á Hornafirði á sama tímabili.

Samkvæmt nefndri reglugerð hafa íslensku skipin leyfi til síðustu afgreiðslu á Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

*Fjármálaráðuneytið, 3. febrúar 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

14

3. febr.

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Brunabótafélag Íslands, nr. 101 15. október 1932.

## 1. gr.

Á eftir upptalningu virðingargjalda í 36. gr. reglugerðarinnar, komi ný setning, svo hljóðandi:

Á virðingargjöld þessi skal á hverjum tíma greiða uppþót eftir hinni opinberu verðlagsvisitölu.

## 2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1942.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

15

12. febr.



16  
12. febr.

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um skipun slökkviliðs og brunamála í Akureyrar-  
kaupstað, nr. 101 10. september 1934.

Í stað orðanna „fjórum sinnum á ári“, í upphafi 18. gr. reglugerðarinnar, komi:  
þrisvar sinnum á ári.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22.  
nóvember 1907, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim,  
sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1942.*

Jakob Möller.

*Páll Pálmason.*

17  
16. febr.

## GJALDSKRÁ

um greiðslu fyrir aukaverk sóknarpresta.

1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkamt hafa samkvæmt fyrirmælum  
laga og venjum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

a. Fyrir skráningu nafns barna í ministerialbók .....	kr. 10.00
b. — fermingu ásamt undirbúningi .....	— 30.00
c. — hjónavígslu .....	— 20.00
d. — greftrun (líksöngseyrir) .....	— 15.00
e. — endurskoðun kirkjureiknings .....	— 5.00
f. — vottorð, sem prestur gefur í embættisnafni .....	— 2.00

Þó skulu vottorð, er prestur gefur vegna meðlagsgreiðslu barna, fjárhagsvottorð  
fátækra manna, svo og vottorð samkvæmt beiðni sveitarstjórna, eða annarra stjórn-  
arvalda, veitt ókeypis.

3. gr.

Nú flytur prestur ræðu við jarðarför eða hjónavígslu, og ber honum þá sér-  
stök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tíðkamt hefur.

4. gr.

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

5. gr.

Skyllt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, er hans er vitjað til  
aukaverka, og greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

6. gr.

Um fararþeina handa presti, er á yfir sjó að sækja til aukaverka, svo og þegar  
hans er vitjað til sjúkra, fer eftir tilskipun frá 27. janúar 1847.

7. gr.

17

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 36 frá 1931, og gildir til 31. des. 1951, birtist til leiðbeiningar öllum, sem hlut eiga að máli. 16. febr.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. febrúar 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

18

20. febr.

um viðauka við hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarkauptún,  
nr. 77 1. ágúst 1936.

Á eftir 27. gr. hafnarreglugerðarinnar komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

**Bráðabirgðaákvæði.**

Öll gjöld samkvæmt ákvæðum 16. gr. hafnarreglugerðarinnar skulu frá og með 1. marz 1942 innheimtast með 50% hækkun.

Reglugerðarviðauki þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 21 14. júní 1929 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. febrúar 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir Þrastasjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. febrúar 1942. 19  
21. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þrastasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Þrastasjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af okkur undirrituðum hjónum, organista Friðriki Bjarnasyni og eiginkonu hans, Guðlaugu Pétursdóttur, til heimilis á Hverfisgötu nr. 52 í Hafnarfirði, með 1000 — eitt þúsund — króna gjöf okkar til handa karla- kórnum Þrestir í Hafnarfirði, samkvæmt gjafabréfi, dags. 9. þ. m., með þeim skil- yrðum, er hér á eftir greinir:

19

21. febr.

3. gr.

Fjár sjóðnum skal eingöngu varið til eflingar áður nefndum karlakór, og með það fyrir augum, að hann ávallt leggi stund á karlakórsöng og starfi jafnan í Hafnarfirði og undir nafninu „*Prestir*“.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal hann ávallt ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild nr. 634.

5. gr.

Ekki má skerða sjóðinn fyrr en hann er orðinn að minnsta kosti 3000 — þrjú þúsund — krónur með áföllnum vöxtum, en úr því sé helmingur ársvaxtanna jafnan lagður við höfuðstólinn, en hinn helmingur vaxtanna falli til útborgunar til stjórnar sjóðsins, sem skipuð sé formanni karlakórsins *Prestir* í Hafnarfirði, söngstjóra kórsins og bæjarstjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar, svo hún geti varið vaxtahluta þessum eins og hér segir:

- a. Til að styrkja efnilega menn til söngnáms, er sungið hafa minnst þrjú ár í oftgreindum karlakór, og sem líklegir eru til að starfa þar áfram að námi loknu.
- b. Til að efla nótnasafn og aðrar tón-bókmenntir karlakórsins.
- c. Til að launa söngstjóra, er hafi á hendi söngstjórn í kórnum, og svo til hvers annars, er orðið geti til góðs gengis fyrir karlakór þennan.

6. gr.

Á hverjum aðalfundi karlakórsins skal gerð grein fyrir hag sjóðsins. — Starfi karlakórinn ekki eitt eða fleiri ár í senn, skulu vextirnir, er þá til falla, allir lagðir við höfuðstól sjóðsins í Söfnunarsjóði Íslands.

7. gr.

Ekki er heimilt að leggja fé í sjóðinn, er varið sé á annan hátt, en hér að framan um getur.

8. gr.

Áður nefndar eitt þúsund krónur, er við undirrituð gefum karlakórnum *Prestir*, eru frá 1. júlí 1940 ávaxtaðar í Söfnunarsjóði Íslands, og vextir þeir, er til fallið hafa af upphæð þessari síðan, renna og í Þrastasjóðinn.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu ríkisstjórnar Íslands, og óskast þá skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna, svo og árlegur reikningur sjóðsins, sem stjórnarnefndin semur þegar sjóðurinn, samkvæmt framansögðu, hefur tekið til starfa.

Hafnarfirði, 12. febrúar 1942.

Friðrik Bjarnason.

Guðlaug Pétursdóttir.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigríðar Hálf-  
dánardóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð- 27. febr.  
herra 27. febrúar 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigríðar Hálfdánardóttur.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af dánargjöf frá Guðbjörgu Ólafsdóttur frá Söndum, til minningar um ungfreyju Sigríði, dóttur Hálfdánar vígslubiskups Guðjónssonar og Herdísar Pétursdóttur á Sauðárkróki, er fæddist að Breiðabólstað í Vesturhópi 26. júní 1902 og dó á Sauðárkróki 7. apríl 1922.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 500 — fimm hundruð — krónum, og skal hann ávaxtast í Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu á Hvammstanga, ef sparisjóðurinn vill borga ½% hærri vexti af honum en almenna innlánsvexti, annars skal hann ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands.

### 3. gr.

Þegar vextir af sjóðnum eru orðnir 100 — eitt hundrað — krónur, skal verja ½ vöxtunum til þess að styrkja fátæka stúlku úr Vestur-Húnavatnssýslu, sem er sjúklingur á sjúkrahúsinu á Hvammstanga, en ef engin er þar, sem álizt styrk-  
purfi, skal styrkja stúlku úr sýslunni, sem þarf að leita sér lækninga lengra til.

Sé eitthvert ár um enga styrkhæfa sjúklinga að ræða, leggjast allir vextir við höfuðstólinn.

Hálfir vextir skulu alltaf lagðir við höfuðstólinn.

Þegar vextir, sem koma til úthlutunar, eru orðnir yfir 100 kr., má styrkja fleiri en einn sjúkling.

### 4. gr.

Héraðslæknirinn í Vestur-Húnavatnssýslu, presturinn á Melstað og einn maður kosinn af sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu, úthluta styrknum.

## FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Akraneskaupstað.

### 1. gr.

Öll vélskip og vélbátar, sem stunda fiskveiðar með lóðir frá Akranesi, og eru að stærð 6 smál. brúttó og þar yfir, mega ekki leggja af stað í fiskiróður frá kl. 12 á hádegi til kl. 1 næsta dag mánuðina janúar, október, nóvember og desember, og ekki frá kl. 12 á hádegi til þess tíma, sem hér skal greina:

Á tímabilinu frá	1. febrúar til 14. febrúar	.....	kl. 24,
— — —	15. febrúar til 15. marz	.....	— 23,
— — —	16. marz til 31. marz	.....	— 22,
— — —	1. apríl til 15. apríl	.....	— 21,
— — —	16. apríl til 30. apríl	.....	— 20 og
— — —	1. maí til 15. maí	.....	— 19.

21

3. marz

2. gr.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr., skal róðrartími auglýstur og ljósmerki gefin í landi á þeim tíma, eða, eftir að ljósmerki sjást ekki úr landi, skal fiskibátur, sem lögreglustjóri tiltekur, gefa ljósmærkið.

Fyrr en slíkt ljósmerki hefur verið gefið, er öllum óheimilt að leggja af stað í fiskiróður. Þó skal heimilt að fara út fyrir „Sundin“, en þó ekki norðar en að Vestra-Sunds-merkin beri saman, og ekki vestar en að miðjan Berjadal beri í Flasarvitann á Akranesi.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar í byrjun hverrar vetrarvertíðar formenn á þrem fiskibátum, til þess að líta eftir því að samþykkt þessari sé fylgt, svo og, ef ágreiningur verður, til að ákveða nánar mið þau, sem ekki má fara út fyrir, fyrr en ljósmerki hefur verið gefið, samkv. 2. gr. Skulu eftirlitsbátar þessir hafa uppi ljós á stag, auk skylduljósa, og má enginn bátur fara út fyrir þá fyrr en ljósmerki hefur verið gefið, samkv. 2. gr.

4. gr.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til útilegubáta.  
Bátar, sem róa á sömu slóðir og samtímis Sandgerðingum, mega fara í fiskiróður eftir eigin vild.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 50 til 500 krónum. Sektir allar renna í hafnarsjóð Akraness.

6. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Fiskveiðasamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu, nr. 88 3. ágúst 1934, og breytingar, sem á henni hafa verið gerðar, eru úr gildi fallnar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraness-kaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum frá 28. febrúar 1942, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. marz 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

---

*Gunnl. E. Briem.*

## REIKNINGUR

22

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs árið 1941.

## Tekjur:

1. Eignir í ársbyrjun (Stj.tíð. 1941, bls. 71) .....	kr. 465791.55
2. Innlög á árinu .....	— 39105.18
3. Vextir á árinu:	
a. Af lánum .....	kr. 10872.41
b. — sparisjóði í Landsbankanum .....	— 696.11
c. — veðdeildarbréfum .....	— 2059.00
d. — rikisskuldabréfum .....	— 4950.00
e. — kreppulánasjóðsbréfum .....	— 19.35
f. — skuldabréfum Reykjavíkur .....	— 60.00
g. Endurgreiddir vextir af innlánnum .....	— 91.44
	— 18748.31
4. Endurgreitt af lánum .....	— 12694.78
5. Til jafnaðar við gjaldlið 6 .....	— 100000.00
6. Skuld við reikningshaldara .....	— 16.04
7. Til jafnaðar við gjaldlið 2 .....	— 1500.00
8. Til jafnaðar við gjaldlið 4 .....	— 23937.59
	<b>Samtals kr. 661793.45</b>

## Gjöld:

1. Útborgað af inneignum .....	kr. 3601.77
2. Lán veitt á árinu .....	— 1500.00
3. Kostnaðarreikningur .....	— 2130.00
4. Vaxtaafgangur .....	— 23937.59
5. Vextir af rikisskuldabréfum .....	— 1297.50
6. Keypt rikisskuldabréf (nafnv. 100000.00) .....	— 100000.00
7. Til jafnaðar við tekjulið 4 .....	— 12694.78
8. Eign í árslok 1941:	
a. Í lánum kirkna .....	kr. 209584.91
b. Í sparisjóði Landsbankans .....	— 48216.90
c. Rikisskuldabréf .....	— 190000.00
d. Veðdeildarbréf .....	— 37400.00
e. Kreppulánasjóðsbréf .....	— 430.00
f. Skuldabréf Reykjavíkur .....	— 31000.00
	— 516631.81
	<b>Samtals kr. 661793.45</b>

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigurgeir Sigurðsson.

## SKÝRSLA

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjusjóði árið 1941.

Kirkjur	Eign í árs- lok 1940 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árs- lok 1941 Kr. au.
<b>N.-Múlaprófastsdæmi:</b>					
1. Skeggjastaðakirkja ..	3666.75	»	»	146.67	3813.42
2. Hofteigskirkja .....	3469.32	»	250.00	138.77	3358.09
3. Kirkjubæjarkirkja ...	8953.40	»	»	358.13	9311.53
4. Hjaltastaðakirkja ....	2995.07	»	»	91.80	2386.87
5. Eiðakirkja .....	937.14	»	»	37.49	974.63
6. Ásskirkja í Fellum ..	7037.82	»	»	281.51	7319.33
7. Valbjófsstaðarkirkja .	2972.39	307.86	»	121.23	3401.48
8. Hofskirkja í V.f. ....	2350.29	»	»	94.01	2444.30
<b>S.-Múlaprófastsdæmi:</b>					
9. Vallanekirkja .....	7.22	»	»	0.29	7.51
10. Þingmúlakirkja .....	1366.36	»	»	54.55	1420.91
11. Klippstaðarkirkja ...	731.98	»	»	29.28	761.26
12. Vestdalseyrarkirkja .	31.41	»	»	1.25	32.66
13. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45	»	»	»	2.45
14. Neskirkja í Norðf. ..	17.26	»	»	0.38	17.64
15. Stöðvarkirkja .....	16.27	»	»	0.65	16.92
16. Eydalakirkja .....	10179.42	»	»	407.18	10586.60
17. Hofskirkja í Álftaf. .	536.98	»	»	21.48	558.46
<b>A.-Skaftafellsprófastsdæmi:</b>					
18. Stafafellskirkja .....	2631.84	1000.00	»	115.27	3747.11
19. Einholtskirkja .....	1.24	»	»	»	1.24
20. Kálfafellsstaðarkirkja	65.95	»	»	2.64	68.59
21. Hofskirkja í Örafum	8489.38	150.00	»	343.58	8982.96
<b>V.-Skaftafellsprófastsdæmi:</b>					
22. Prestsbakkakirkja ...	5612.01	»	»	224.48	5836.49
23. Reyniskirkja .....	580.60	»	»	23.22	603.82
24. Grafarkirkja .....	2434.79	»	»	97.39	2532.18
25. Kálfafellskirkja .....	1504.90	»	»	60.20	1565.10
26. Skeiðflatarkirkja ....	100.60	»	»	4.00	104.60
27. Langholtskirkja .....	6634.07	»	»	265.36	6899.43
Flyt .....	72626.91	1457.86	250.00	2920.81	76755.58

Kirkjur	Eign í árs- lok 1940	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1941
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Flutt ....	72626.91	1457.86	250.00	2920.81	76755.58
<b>Rangárvallaprófastsdæmi:</b>					
28. Stórolfshvolskirkja ..	35.23	»	»	1.41	36.64
29. Oddakirkja .....	64.18	»	»	2.57	66.75
30. Kálfholtskirkja .....	97.06	»	»	3.88	100.94
31. Krosskirkja .....	2214.75	250.00	»	89.43	2554.18
32. Ásólfskálakirkja ....	20.23	»	»	0.81	21.04
33. Eyvindarhólakirkja ..	5017.89	70.00	»	202.59	5290.48
34. Breiðabólstaðark. ....	27.02	»	»	1.08	28.10
35. Skarðskirkja .....	57.73	85.01	»	3.63	146.37
36. Landakirkja í Vestm.	17.98	»	»	0.72	18.70
37. Stóradalskirkja .....	»	100.00	»	0.67	100.67
<b>Árnessprófastsdæmi:</b>					
38. Mosfellskirkja í Grn. .	1497.09	»	»	59.88	1556.97
39. Þingvallakirkja .....	871.70	»	»	34.87	906.57
40. Strandarkirkja .....	186825.19	16148.10	231.63	7673.00	210414.66
41. Haukadalskirkja ....	145.95	»	»	5.83	151.78
42. Gaulverjabæjark. ....	169.95	»	»	6.80	176.75
43. Hraungerðiskirkja ...	25.26	»	»	1.01	26.27
44. Stokkseyrarkirkja ...	2893.90	»	»	115.76	3009.66
45. Ólafsvallakirkja .....	273.81	300.00	»	14.45	588.26
46. Miðdalskirkja .....	8.75	83.41	»	1.46	93.62
47. Eyrarbakkakirkja ...	129.62	800.00	»	21.18	950.80
48. Kotstrandarkirkja ...	40.14	»	»	1.61	41.75
<b>Kjalarnessprófastsdæmi:</b>					
49. Grindavíkurkirkja ...	935.70	500.00	»	39.10	1474.80
50. Brautarholtskirkja ..	225.78	»	»	9.03	234.81
51. Reynivallakirkja ....	2756.63	»	»	110.27	2866.90
52. Lágafellskirkja .....	27.19	»	»	1.08	28.27
53. Njarðvíkurkirkja ....	52.53	»	»	2.10	54.63
54. Útskálakirkja .....	7.87	»	»	0.31	8.18
<b>Reykjavíkurprófastsdæmi:</b>					
55. Hallgrímskirkja (sam- skotafé) .....	»	2230.00	»	11.43	2241.43
<b>Borgarfj. prófastsdæmi:</b>					
56. Saurbæjarkirkja .....	1640.33	»	»	65.61	1705.94
57. Hallgrímskirkja .....	30629.41	414.50	»	1234.00	32277.91
58. Reykholtskirkja .....	3847.90	»	»	153.92	4001.82
Flyt ....	313183.68	22438.88	481.63	12790.30	347931.23



Kirkjur	Eign í árs- lok 1940	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1941
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Flutt ....	313183.68	22438.88	481.63	12790.30	347931.23
59. Lundarkirkja .....	10.96	»	»	0.44	11.40
60. Bæjarkirkja .....	340.03	»	300.00	1.16	41.19
<b>Mýraprófastsdæmi:</b>					
61. Stafholtskirkja .....	11093.54	200.00	»	448.49	11742.03
62. Siðumúlakirkja .....	64.55	»	»	2.58	67.13
63. Hvammskirkja í Nd.	2208.59	»	»	88.34	2296.93
64. Borgarkirkja .....	3147.36	»	»	125.89	3273.25
65. Álftártungukirkja ...	»	300.00	»	4.00	304.00
66. Kirkjusj. Borgarness .	»	5000.00	»	200.00	5200.00
<b>Snæfellsnessprófastsdæmi:</b>					
67. Breiðabólstaðark. ...	1809.48	»	»	72.38	1881.86
68. Narfeyrarkirkja. ....	757.27	»	»	30.29	787.56
69. Ytra-Rauðamelsk. ...	860.01	»	»	34.40	894.41
70. Kolbeinsstaðakirkja.	4.84	»	»	»	4.84
71. Kirkjusj. Kviabryggju	»	6147.33	»	219.61	6366.94
<b>Dalaprófastsdæmi:</b>					
72. Stóra-Vatnshornsk. ..	21.81	»	»	0.97	22.78
73. Snóksdalskirkja .....	4202.81	»	»	168.11	4370.92
74. Hvammskirkja .....	39.15	»	»	1.57	40.72
75. Staðarhólskirkja ....	»	200.00	»	4.00	204.00
<b>Barðastrandarpróf.dæmi:</b>					
76. Selárdalskirkja .....	67.13	»	»	2.69	69.82
77. Sauðlauksdalskirkja .	4121.11	60.00	»	166.44	4347.55
78. Staðark. á R.nesi ...	1133.06	37.25	»	45.32	1215.63
79. Flateyjarkirkja .....	62.90	1246.00	»	10.75	1319.65
80. Gufudalskirkja .....	941.82	66.35	»	38.48	1046.65
81. Brjámslækjark. ....	17.36	»	»	0.69	18.05
82. Reykhólakirkja .....	1232.19	»	»	49.29	1281.48
83. Stóra-Laugardalsk. ...	»	200.00	»	4.00	204.00
<b>V.-Ísafjarðarprófastsdæmi:</b>					
84. Holtskirkja .....	696.07	»	»	27.86	723.93
85. Mýrakirkja .....	1133.32	1000.00	»	82.00	2215.32
86. Sæbólakirkja .....	2.35	»	»	»	2.35
87. Staðark. í Súg.f. ....	97.30	»	»	3.89	101.19
88. Hraunskirkja .....	2099.27	»	»	83.97	2183.24
Flyt ....	349347.96	36895.81	781.63	14707.91	400170.05

Kirkjur	Eign í árs- lok 1940 Kr. au.	Lagt inn Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu Kr. au.	Eign í árs- lok 1941 Kr. au.
Flutt ....	349347.96	36895.81	781.63	14707.91	400170.05
<b>N.-Ísafjarðarprófastsdæmi:</b>					
89. Ísafjarðarkirkja ....	8324.62	»	»	322.99	8647.61
<b>Strandaprófastsdæmi:</b>					
90. Staðark. í Stgrf. ....	5527.43	350.00	»	221.60	6099.03
91. Prestsbakkak. ....	2388.38	1000.00	»	98.87	3487.25
92. Staðark. í Hrf. ....	1621.81	»	»	64.87	1686.68
93. Árnasskirkja ....	4748.65	»	»	189.95	4938.60
94. Óspakseyrark. ....	102.58	»	91.44	2.42	13.56
<b>Húnavatnsprófastsdæmi:</b>					
95. Staðarbakkakirkja ..	65.24	»	»	2.61	67.85
96. Melstaðarkirkja ....	4929.83	100.00	»	198.86	5228.69
97. Hofskirkja á Skg. ..	1609.74	»	»	64.39	1674.13
98. Bergsstaðakirkja ....	3.50	»	»	»	3.50
99. Höskuldsstaðak. ....	2199.49	»	»	87.78	2287.27
100. Efranúpskirkja ....	26.20	»	»	1.05	27.25
101. Blönduósskirkja ....	226.31	»	»	9.05	235.36
102. Spákonufellskirkja .	311.32	»	300.00	7.45	18.77
103. Tjarnarkirkja á Vn.	3.94	»	»	»	3.94
104. Auðkúlukirkja .....	1252.77	»	»	50.11	1302.88
<b>Skagafjarðarprófastsdæmi:</b>					
105. Sauðárkróskirkja .	1691.56	»	»	67.66	1759.22
106. Rípurkirkja .....	11.18	»	»	0.45	11.63
107. Glaumbæjarkirkja ..	14.49	»	»	0.58	15.07
108. Mælifellskirkja .....	15.95	»	»	0.64	16.59
109. Barðskirkja .....	4369.17	59.37	»	176.34	4604.88
110. Hólakirkja .....	104.35	»	»	4.17	108.52
111. Goðdalakirkja .....	1400.40	»	»	56.02	1456.42
112. Miklabæjarkirkja ..	1685.22	»	»	67.41	1752.63
113. Flugumýrarkirkja ..	26.83	»	»	1.07	27.90
114. Ketukirkja .....	1026.57	»	»	41.06	1067.63
115. Viðvíkurkirkja .....	947.51	»	»	37.90	985.41
116. Hvammskirkja í L.d.	530.30	»	»	21.21	551.51
117. Knappsstaðakirkja ..	458.37	»	»	18.33	476.70
118. Fellskirkja í Sl. ....	10.40	»	»	0.42	10.82
<b>Eyjafjarðarprófastsdæmi:</b>					
119. Grímseyjarkirkja ...	30.42	»	»	1.22	31.64
120. Glæsibæjarkirkja ..	200.67	»	»	8.03	208.70
<b>Flyt ....</b>	<b>395213.16</b>	<b>38405.18</b>	<b>1173.07</b>	<b>16532.42</b>	<b>448977.69</b>

Kirkjur	Eign í árs- lok 1940	Lagt inn	Tekið út	Vextir á árinu	Eign í árs- lok 1941
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Flutt ....	395213.16	38405.18	1173.07	16532.42	448977.69
121. Kaupangskirkja ....	9.65	»	»	0.39	10.04
122. Saurbæjarkirkja ....	6998.48	»	»	279.93	7278.41
123. Munkaþveráarkirkja .	13837.13	»	»	553.49	14390.62
124. Lögmannshlíðark. .	171.58	»	»	6.86	178.44
125. Bægisárkirkja .....	169.59	»	»	6.78	176.37
126. Vallakirkja .....	44.34	»	»	1.77	46.11
127. Tjarnarkirkja .....	14.14	»	»	0.57	14.71
128. Stærri-Árskógsk. ...	0.63	»	»	»	0.63
<b>S.-Þingeyjarprófastsdæmi:</b>					
129. Laufáskirkja .....	920.64	»	»	36.83	957.47
130. Hálskirkja .....	1056.13	»	»	42.25	1098.38
131. Þóroddsstaðakirkja .	271.93	»	»	10.88	282.81
132. Skútustaðakirkja ...	70.70	»	»	2.83	73.53
133. Brettingsstaðak. ....	813.74	200.00	»	33.22	1046.96
134. Illugastaðakirkja ...	14.87	»	»	0.59	15.46
135. Grenjaðarstaðark. ..	4775.69	»	»	191.02	4966.71
136. Grenivíkurkirkja ...	1860.64	»	»	74.43	1935.07
137. Þönglabakkakirkja .	2635.32	»	»	105.41	2740.73
138. Neskirkja í Aðaldal .	212.09	»	»	8.48	220.57
<b>N.-Þingeyjarprófastsdæmi:</b>					
139. Skinnastaðakirkja ..	3461.62	»	2428.70	129.24	1162.16
140. Presthólakirkja ....	102.56	»	»	4.10	106.66
141. Ásmundarstaðak. ...	1.19	»	»	»	1.19
142. Svalbarðskirkja ....	6094.46	500.00	»	261.00	6855.46
143. Viðirhólskirkja ....	1.38	»	»	»	1.38
144. Sauðaneskirkja .....	135.21	»	»	5.41	140.62
Samtals	438886.87	39105.18	3061.77	18287.90	492678.18

**Athugasemd:**

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 23937.59, ásamt skuld við reikningshaldara, kr. 16.04, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 492678.18, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 516631.81.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigurgeir Sigurðsson.

## REIKNINGUR

24

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1941.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun .....	kr. 95579.76
2. Vextir á árinu:	
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr. 1972.00
b. — ríkisskuldabréfum .....	— 110.00
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 2071.55
d. — sparisjóði í Landsbanka Íslands .....	— 402.96
	— 4556.51
3. Gjafir frá prestum til sjóðsins .....	— 295.00
4. Gjöf frá Jóni Krabbe (danskar krónur 10000.00) .....	— 12578.00
5. Frá ríkissjóði samkv. 14. gr. fjárlaga .....	— 8000.00
6. Frá Árgjaldasjóði .....	— 90.00
7. Til jafnaðar við gjaldlið 2 .....	— 10000.00
	<hr/>
Samtals	kr. 131099.27

## Gjöld:

1. Styrkveitingar til 54 styrkþega .....	kr. 9750.00
2. Keypt ríkisskuldabréf (nafnverð kr. 10000.00) .....	— 10000.00
3. Áfallnir en ógreiddir vextir af bankavaxtabréfum .....	— 86.25
4. Andvirði tveggja sparisjóðsbóka .....	— 1.00
5. Eign í árslok:	
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 40300.00
b. Ríkisskuldabréf .....	— 12000.00
c. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	— 41409.22
d. Innstæða í sparisjóði .....	— 17552.80
	— 111262.02
	<hr/>
Samtals	kr. 131099.27

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigurgeir Sigurðsson.

## REIKNINGUR

25

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1941.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:	
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 2200.00
b. Í Söfnunarsjóði .....	— 4926.98
c. Í sparisjóði .....	— 651.57
d. Ríkisskuldabréf .....	— 1000.00
e. Eignin Ytra-Vallholt .....	— 7100.00
	<hr/>
	kr. 15878.55
	<hr/>
	Flyt kr. 15878.55

25

2. Vextir á árinu:		Fluttar	kr. 15878.55
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr. 107.00		
b. — Söfnunarsjóði .....	— 256.20		
c. — sparisjóði .....	— 22.71		
d. — ríkisskuldabréfi .....	— 55.00		
			<hr/>
3. Eftirgjald Ytra-Vallholts .....		—	440.91
		—	275.00

Samtals kr. 16594.46

**Gjöld:**

1. Úthlutað ekkjum .....	kr. 275.00		
2. Eign í árslok 1941:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 2200.00		
b. Í Söfnunarsjóði .....	— 5183.18		
c. Í sparisjóði .....	— 836.28		
d. Ríkisskuldabréf .....	— 1000.00		
e. Eignin Ytra-Vallholt .....	— 7100.00		
			<hr/>
		—	16319.46

Samtals kr. 16594.46

Í Stjórnartíðindunum 1941, bls. 81, er eign í ársbyrjun 1940 of hátt tilfærð um kr. 100.00, sbr. Stj.tíð. 1940, bls. 118 og er sú skekkja leiðrétt í framangreindum reikningi.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigurgeir Sigurðsson.

26

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1941.

**Tekjur:**

1. Eign í ársbyrjun:			
Innstæða í Söfnunarsjóði .....		kr. 36585.15	
2. Vextir á árinu .....		— 1902.42	
			<hr/>
		Samtals	kr. 38487.57

**Gjöld:**

1. Eign í árslok 1941:			
Innstæða í Söfnunarsjóði .....		kr. 38487.57	
			<hr/>
		Samtals	kr. 38487.57

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigurgeir Sigurðsson.

## REIKNINGUR

27

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1941.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	5400.00	
b. Í Söfnunarsjóði .....	—	13049.65	
c. Í sparisjóði Landsbanka Íslands .....	—	2202.51	kr. 20652.16
			<hr/>
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	258.25	
b. Í Söfnunarsjóði .....	—	678.58	
c. Í sparisjóði .....	—	730.68	— 1110.51
			<hr/>
	Samtals	kr. 21662.67	

## Gjöld:

1. Eign í árslok 1941:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	5300.00	
b. Í Söfnunarsjóði .....	—	13728.23	
c. Í sparisjóði i Landsbanka Íslands .....	—	2634.44	— 21662.67
			<hr/>
	Samtals	kr. 21662.67	

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigurgeir Sigurðsson.

## REIKNINGUR

28

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigurðar Melsteð árið 1941.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	2000.00	
b. Ríkisskuldabréf .....	—	1000.00	
c. Í sparisjóði i Landsbanka Íslands .....	—	535.09	kr. 3535.09
			<hr/>
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	100.00	
b. — ríkisskuldabréfum .....	—	55.00	
c. Í sparisjóði .....	—	19.11	— 174.11
			<hr/>
	Samtals	kr. 3709.20	

## Gjöld:

1. Eign í árslok 1941:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	2000.00	
b. Ríkisskuldabréf .....	—	1000.00	
c. Í sparisjóði i Landsbanka Íslands .....	—	709.20	kr. 3709.20
			<hr/>
	Samtals	kr. 3709.20	

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigurgeir Sigurðsson.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1941.

		T e k j u r :		
1.	Eign í ársbyrjun:			
	a. Veðdeildarbréf .....	kr.	24500.00	
	b. Ríkisskuldabréf .....	—	3000.00	
	c. Í sparisjóði í Landsbanka Íslands .....	—	4532.07	
				kr. 32032.07
2.	Vextir á árinu:			
	a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	1159.25	
	b. — ríkisskuldabréfum .....	—	165.00	
	c. — sparisjóði í Landsbanka Íslands .....	—	225.56	
				— 1549.81
		Samtals		kr. 33581.88
		G j ö l d :		
1.	Eign í árslok 1941:			
	a. Veðdeildarbréf .....	kr.	22000.00	
	b. Ríkisskuldabréf .....	—	3000.00	
	c. Í sparisjóði í Landsbanka Íslands .....	—	8581.88	
				kr. 33581.88
		Samtals		kr. 33581.88

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigurgeir Sigurðsson.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1941.

		T e k j u r :		
1.	Eign í ársbyrjun:			
	a. Veðdeildarbréf .....	kr.	1800.00	
	b. Í sparisjóði .....	—	875.25	
				kr. 2675.25
2.	Vextir á árinu:			
	a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	85.00	
	b. — sparisjóði .....	—	26.55	
				— 111.55
		Samtals		kr. 2786.80
		G j ö l d :		
1.	Úthlutað á sýnóðus .....	kr.	90.00	
2.	Eign í árslok 1941:			
	a. Veðdeildarbréf .....	kr.	1800.00	
	b. Í sparisjóði í Landsbanka Íslands .....	—	896.80	
				— 2696.80
		Samtals		kr. 2786.80

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigurgeir Sigurðsson.

**REIKNINGUR**

31

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1941.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 3900.00		
b. Ríkisskuldabréf .....	— 1000.00		
c. Í sparisjóði í Landsbanka Íslands .....	— 899.47		
			kr. 5799.47
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr. 195.00		
b. — ríkisskuldabréfum .....	— 55.00		
c. — sparisjóði .....	— 31.90		
			— 281.90
		Samtals	kr. 6081.37

## Gjöld:

1. Eign í árslok 1941:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 3900.00		
b. Ríkisskuldabréf .....	— 1000.00		
c. Í sparisjóði í Landsbanka Íslands .....	— 1181.37		
			kr. 6081.37
		Samtals	kr. 6081.37

Í Stjórnartíðindunum 1941, bls. 80, er eign í ársbyrjun of hátt tilfærð um kr. 100.00, sbr. Stj.tíð. 1940, bls. 119, og er skekkjan leiðrétt í framangreindum reikningi.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. janúar 1942.

Sigurgeir Sigurðsson.

**REIKNINGUR**

23

fyrir árið 1941 fyrir markaðs- og verðjöfnunarsjóð, stofnaður samkvæmt lögum nr. 75 29. desember 1934.

## Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi ..... kr. 4118.51

## Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum á árinu 1941 ..... — 123.71

Kr. 4242.22

Eign í árslok 1941 ..... kr. 4242.22

F. h. stjórnar markaðs- og verðjöfnunarsjóðs.

Reykjavík, 5. febrúar 1942.

Stefán Þorvarðsson.



33

4. marz

**REGLUGERÐ****um sérstakan tímareikning.**

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Frá og með 8. marz 1942, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan tímareikning á Íslandi, þannig að klukkan verði færð fram um eina klukkustund frá svo nefndum íslenskum meðaltíma.

Þetta kemur til framkvæmda þannig, að klukkan eitt eftir miðnætti eftir íslenskum meðaltíma aðfaranótt sunnudagsins 8. marz, færizt klukkan fram um eina klukkustund og verður tvö.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. marz 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

34

7. marz

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T., útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. marz 1942. Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ****fyrir Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T.**

1. gr.

Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T. er sjálfstæð stofnun, sem lýtur þeim reglum um hlutverk og skipulag, er skipulagsskrá þessi hefur að geyma.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er, og skal jafnan vera, að sjá Góðtemplarastúkunum í Reykjavík fyrir samkomustað og heimili, er jafnframt sé miðstöð Góðtemplarastarfseminnar í Reykjavík og á Íslandi, svo og miðstöð annarrar bindindisstarfsemi og baráttu gegn áfengisnautn í landinu, eftir því, sem með þarf og við verður komið á hverjum tíma.

3. gr.

Til stofnunarinnar eru í upphafi lagðar þessar eignir:

- a. Lóðin nr. 11 við Frikkirkjuveg í Reykjavík með húsum, innanstokksmunum, skrautgarði og girðingum, sem á henni eru, eins og þessi eign var afhent Góðtemplarareglunni í Reykjavík með samningi, dags. 1. nóvember 1941.
- b. Hússjóður Góðtemplara í Reykjavík.
- c. Húsbyggingarsjóður Þingstúku Reykjavíkur.
- d. Réttindi seljanda samkvæmt kaupsamningi gerðum 2.—13. júlí 1935, milli níu Góðtemplarastúkna í Reykjavík annars vegar og ríkisstjórnar Íslands hins vegar, eins og þau réttindi eru nú.
- e. Réttindi þau, sem Góðtemplarareglunni í Reykjavík eru veitt með samþykkt bæjarráðs Reykjavíkur 8. október 1937.

## 4. gr.

Tekjuafgangur, sem verður af starfsemi stofnunarinnar, rennur til hennar sjálfrar, svo og aðrar tekjur, er henni kunna síðar að áskotnast, hvort heldur er af opinberu fé eða frá einstaklingum, félögum eða stofnunum.

34  
7. marz

## 5. gr.

Stofnuninni ber að svara til:

- a. Veðskuldbindinga þeirra, sem nú hvíla á fasteigninni nr. 11 við Frikirkjuveg.
- b. Skuldbindingum seljanda samkvæmt ofanefndum kaupsamningi frá 2.—13. júlí 1935, sbr. bréf fjármálaráðuneytisins 26. sept. 1941, að því leyti, sem þeim skuldbindingum eigi þegar er lokið.

## 6. gr.

Fé stofnunarinnar má aðeins nota samkvæmt hlutverki hennar, samkv. 2. gr., og má aldrei binda eignir hennar veðböndum eða öðrum höftum, sem óviðkomandi eru tilgangi hennar. Eigi má selja fasteignir stofnunarinnar, binda þær veðböndum, né kaupa slíkar eignir, er leggjast til stofnunarinnar, nema  $\frac{2}{3}$  húsráðsmanna samþykki á tveim fundum í röð.

## 7. gr.

Stjórn stofnunarinnar hafa með höndum húsráð og hússtjórn, með þeirri verkskiptingu, sem lýst er í eftirfarandi greinum.

## 8. gr.

Hver undirstúka innan I. O. G. T., sem starfað hefur í Reykjavík í tvö ár, á rétt á að kjósa fulltrúa og varafulltrúa í húsráð. Sama rétt hefur Þingstúka Reykjavíkur.

Stúka, sem ekki starfar í húsi stofnunarinnar, enda þótt hún eigi kost á hús-næði þar, hefur eigi rétt til að eiga fulltrúa í húsráði.

## 9. gr.

Kosningar í húsráð skulu fara fram í febrúarmánuði ár hvert. Um tölu fulltrúa og varafulltrúa hvernar stúku í húsráði fer eftir þeim reglum, sem gilda á hverjum tíma um fulltrúatölu og varafulltrúatölu stúkna til stórstúkuþings.

## 10. gr.

Þegar kosningu fulltrúa stúku í húsráð er lokið, skal stúkan tafarlaust tilkynna það formanni ráfarandi húsráðs. Hann kveður hið nýkjörna húsráð til fundar.

## 11. gr.

Hið nýkjörna húsráð skal halda hinn fyrsta fund sinn eigi síðar en í lok marz-mánaðar. Er sá fundur jafnframt aðalfundur ráðsins, og skal ráðið þá kjósa sér formann og varaformann, ritara og vararitara, og gildir kosning þeirra til næsta aðalfundar.

Húsráð setur sjálft nánari reglur um starfstilhögun sína, svo og um starfstilhögun hússtjórnar. Til samþykktar á þessum reglum og til breytinga á þeim, þarf samþykki  $\frac{2}{3}$  húsráðsmanna á tveim fundum í röð, svo og staðfestingu stórtemplars.

## 12. gr.

Húsráð kys hússtjórn, sbr. 13. gr. Það skal fylgjast með gerðum hússtjórnar og gæta þess, að hún ræki skyldur sínar. Það úrskurðar reikninga stofnunarinnar

34 og annast um að þeir séu birtir stúkum þeim, er fulltrúa eiga í ráðinu, svo og fram-  
7. marz kvæmdanefnd stórstúkunnar.

## 13. gr.

Hússtjórnin skal skipuð 5 mönnum. Kýs framkvæmdanefnd stórstúkunnar einn þeirra, og er hann formaður stjórnarinnar. Húsráð kýs hina fjóra. Kjörtími formanns er milli stórstúkuþinga, en aðrir stjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Fyrsta árið ganga tveir þeirra úr stjórninni eftir hlutkesti, en síðan eftir kjöraldri.

Stjórnendur skulu allir vera góðir og gildir félagar í Góðtemplarareglunni, og hafa verið það eigi skemur en tvö ár samfleytt.

Nú verður sæti stjórnarmanns autt vegna þess, að hann segir sig úr stjórninni eða flyzt úr Reykjavík eða hann deyr eða fer úr Góðtemplarareglunni, og skal þá sá aðili, sem valdi hann til starfsins, kjósa mann í hans stað og gildir sú kosning það, sem eftir var af kjörtíma hans.

## 14. gr.

Hússtjórn kýs ritara, gjaldkera og framkvæmdastjóra stofnunarinnar og ræður annað starfsfólk, sem með þarf, að svo miklu leyti, sem hún ekki hefur falið framkvæmdastjóra ráðningu þess. Allir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera Góðtemplarar.

## 15. gr.

Hússtjórnin fer með fjármál stofnunarinnar og sér um framkvæmdir allar í málefnum hennar, að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg ákveðið í skipulagsskrá þessari. Hún skal sjá um viðhald á eignum stofnunarinnar og góða umgengni í þeim og gæta þess, að eignirnar séu hagnýttar og með þær farið í samræmi við tilgang stofnunarinnar og þannig, að Góðtemplarareglunni sé samboðið.

## 16. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Hússtjórn skal árlega gera reikninga yfir tekjur stofnunarinnar og gjöld, svo og yfir efnahag hennar í árslok. Reikningarnir skulu fullgerðir eigi síðar en 25. janúar. Þeir skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum. Tilnefdir dómsmálaráðuneytið annan þeirra, en borgarstjórinn í Reykjavík hinn.

Hússtjórnin skal senda húsráði reikningana endurskoðaða til úrskurðar eigi síðar en 10. febrúar.

## 17. gr.

Hússtjórnarmenn bera persónulega ábyrgð — einn fyrir alla og allir fyrir einn —, á allri peningaeign stofnunarinnar. Reiðufé stofnunarinnar skal ávallt ávaxtað í banka eða annarri peningastofnun með ríkisábyrgð á innstæðum.

## 18. gr.

Framkvæmdastjóri skal sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar. Hússtjórn setur honum erindisréf, þar sem nánar skal kveðið á um skyldur hans.

## 19. gr.

Hússtjórn getur sett reglur um meðferð og not tiltekinna eigna stofnunarinnar, svo sem fasteigna hennar. Í reglum þessum skal það tekið fram, að engar samkomur megi líða í húsum stofnunarinnar, þar sem áfengi er haft um hönd.

## 20. gr.

Fari svo að Góðtemplarareglan á Íslandi hætti að starfa um lengri eða skemmri tíma, skal ríkisstjórnin, í samráði við umboðsmann Hástúku I. O. G. T. á Íslandi,

hafa með höndum stjórn stofnunarinnar og annast rekstur hennar í þágu bind- 34  
indisstarfseminnar í landinu, en jafnskjótt og Góðtemplarareglan hefur aftur 7. marz  
starfsemi sína hér á landi, skal ríkisstjórnin afhenda henni stofnunina aftur, til  
umráða og meðferðar samkvæmt skipulagsskrá þessari.

## 21. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema  $\frac{2}{3}$  húsráðsmanna samþykki  
breytinguna á tveimur fundum í röð, enda samþykki og stórtemplar breytinguna  
og ríkisvaldið staðfesti hana samkvæmt þeim reglum, sem um slíka staðfestingu  
gilda á hverjum tíma.

## 22. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin skipulagsskrá fyrir húseign Góð-  
templarareglunnar í Reykjavík, staðfest af stórtemplar 8. júlí 1940 og skipulags-  
skrá fyrir Bindindishöll Reykjavíkur, dagsett 15. nóvember 1938, staðfest af kon-  
ungi 11. febrúar 1939.

## 23. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari, og hún síðan birt í  
B-deild Stjórnartíðindanna.

Samþykkt í húsráði 1. marz 1942.

Sigfús Sigurhjartarson,  
formaður húsráðs.

Kristm. Jónsson,  
p. t. ritari.

Veiti hér með samþykki mitt.

Reykjavík, 3. marz 1942.

Kristinn Stefánsson,  
stórtemplar.

## S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Glerárþorps.

35

10. marz

## 1. gr.

Nafn félagsins er Vatnsveitufélag Glerárþorps.

## 2. gr.

Heimilisfang félagsins er í Glerárþorpi í Glæsibæjarhreppi innan Eyjafjarðar-  
sýslu og varnarþing þess í sama hreppi.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að sjá félagsmönnum fyrir nægu og góðu vatni til heimilis-  
og húsbætur með því að leggja vatnsveitu úr stofnæð vatnsveitu Akureyrar ofan við  
Rangárvelli til Glerárþorps og um þorpið.

Félagið skal og halda vatnsveitunni við og annast rekstur hennar.

35

10. marz

4. gr.  
Allir eigendur fasteigna innan takmarka þorpsins skulu vera félagsmenn. Þó er félagsstjórn heimilt að undanskilja eigendur fasteigna, þar sem of kostnaðarsamt þykir að leiða vatn að eignunum.

5. gr.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum félagsmálum með þeim takmörkunum, sem í samþykkt þessari getur. Félagsfundir eru lögmætir, þegar löglega hefur verið til þeirra boðað, án tillits til þess hve margir sækja fundi, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykkt þessari.

6. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn innan félagssvæðisins í síðasta lagi fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til hans með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá skal greina í fundarboði.

7. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun, eða þegar þess er krafist af a. m. k. 7 félagsmönnum. Til aukafunda skal boða á sama hátt og til aðalfundar.

8. gr.

Hver félagsmaður hefur eitt atkvæði á fundum félagsins. Félagsmenn mega fela öðrum félagsmönnum að fara með atkvæði sín á fundinum, en stjórnendur félagsins geta eigi farið með umboð fyrir aðra.

9. gr.

Prem dögum fyrir hvern aðalfund, skal reikningur félagsins fyrir hið liðna ár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum félagsstjórnar og tillögum endurskoðenda til úrskurðar, vera til sýnis fyrir félagsmenn hjá formanni félagsins.

10. gr.

Félagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kys og kveður hann sér fundarritara. Fundarstjórinn sker úr öllu, sem snertir lögmæti fundarins, form umræðna, meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslur. Þó skulu þær fara fram skriflega, ef einhver fundarmanna krefst þess.

11. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá gerðum sínum og framkvæmdum á liðnu starfsári, leggur fram til úrskurðar endurskoðaða rekstrarreikninga fyrir hið liðna ár og efnahagsreikning með athugasemdum endurskoðenda, svörum félagsstjórnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum.
2. Kosin stjórn félagsins og endurskoðendur, samkvæmt ákvörðun samþykktar þessarar.
3. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem upp hafa verið borin löglega.

12. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á félagsfundum. Þar sem tveir eða fleiri fá jafnmörg atkvæði við kosning stjórnenda eða endurskoðenda, skal hlutkesti ráða. Samþykktum félagsins verður þó ekki breytt nema á fundi, þar sem mættir eru a. m. k.  $\frac{3}{4}$  félagsmanna og breytingar samþykktar með  $\frac{3}{4}$  greiddra atkvæða á fundinum. Ef eigi sækja nógu margir slíkan fund, skal boða til nýs fundar, innan 14 daga á

sama hátt og segir í samþykkt þessari. Ræður sá fundur málinu til lykta með  $\frac{3}{4}$  greiddra atkvæða án tillits til þess, hve margir félagsmanna sækja fundinn.

35  
10. marz

### 13. gr.

Rita skal í sérstaka gerðabók allar fundarsamþykktir og stutta skýrslu um annað, er gerist á félagsfundum. Fundargerðin skal lesin upp í fundarlok og borin undir atkvæði og undirskrifuð af fundarstjóra og fundarritara. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, er farið hefur fram á fundinum.

### 14. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þrem mönnum úr félaginu, sem aðalfundur kýs til eins árs í senn. Fyrsta stjórn félagsins sé kosin á stofnfundi. Tveir stjórnarmenn skulu kosnir til vara.

### 15. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum þannig, að einn sé formaður, annar gjaldkeri og þriðji ritari. Á fundi stjórnarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Stjórnin heldur fundi þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til funda þegar annar hvor meðstjórnenda krefst þess. Það, sem gerist á stjórnarfundum, skal bóka í gerðabók félagsins, og ritar stjórnin undir.

Ályktanir á stjórnarfundum eru því aðeins löglegar, að tveir stjórnendur að minnsta kosti séu á fundinum, enda séu þeir sammála um atriði það, sem ráða á fram úr. Stjórnin ræður öllum félagsmálum milli funda og getur skuldbundið félagið með ályktunum sínum og samningum, þar á meðal veðsett eignir þess. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til veðsetningar eigna þess. Stjórnin hefur umráð vatnsveitunnar og annast öll framkvæmdarstörf, þar á meðal að sjá um lagningu vatnsveitunnar og öllu leyti, ákveða hvar og hvenær vatnsæðar skuli lagðar, semja um kaup á öllu efni og áhöldum til vatnsveitunnar og alla vinnu við hana. Félagstjórnin hefur og vald til að taka lán fyrir vatnsveitufélagið og veðsetja eignir þess til tryggingar, svo sem fyrr segir. Gjaldkeri innheimtir vatnsskatt og allar aðrar tekjur félagsins og kvittar fyrir.

### 16. gr.

Félagstjórnin setur þær reglur, sem hún telur við þurfa, um notkun vatnsins og meðferð þess, svo og um meðferð á vatnsæðum og tilhögun húsæða, efni í þær og vídd þeirra. Til þess að vatnsæð verði lögð frá aðalvatnsveitunni í hús, þarf skriflegt samþykki félagstjórnarinnar og mega ekki framkvæma það starf né lögn húsæða, breytingar eða aðgerðir á þeim, aðrir en þeir, sem löggiltir eru vatnsvirkjar eða þeir, sem félagstjórnin löggildir vatnsvirkja fyrir vatnsveitufélagið.

### 17. gr.

Félagstjórninni eða eftirlitsmönnum, sem hún skipar, er heimilt að fara í hús félagsmanna til þess að athuga vatnsæðar og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Nú þykir félagstjórninni eða eftirlitsmanni útbúnaði ábótavant að einhverju leyti, og skal þá félagismaður tafarlaust bæta úr því á þann hátt og innan þess tíma, sem félagstjórnin eða eftirlitsmaður leggur fyrir, að öðrum kosti getur félagstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað félagsmanns.

### 18. gr.

Félagstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eigi greiða vatnsskatt á réttum gjalddaga, vanrækja aðgerðir samkv. 16. gr. eða eftir ítrekaðar áminningar eyða vatni að óþörfu eða nota það svo, að óþrifnaði valdi, hvort tveggja að dómi félagstjórnar. Sama er og ef félagismaður vanrækir að halda vatnsæðum sínum

35 vel við, að álitu félagsstjórnar, vanrækir að gera við þær ef þær bila, eða gætir þess  
10. marz ekki að forðast að frjósi í vatnsæðum.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðinni er lokað.

19. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið.

20. gr.

Til þess að standast kostnað þann, sem félagsskapurinn hefur í för með sér, skulu félagsmenn greiða vatnsskatt samkvæmt gjaldskrá, sem félagsstjórnin setur. Vatnsskattinn má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. október ár hvert.

21. gr.

Aðalfundur kýs tvo endurskoðendur og einn til vara, til eins árs í senn. Stofnfundur kýs fyrstu endurskoðendur. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal gjaldkeri hafa lokið við reikning félagsins undanfarið starfsár og afhent hann endurskoðendum, sem jafnan skulu hafa aðgang að öllum bókum, skjölum félagsins og sjóði til eftirlits.

22. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum allt að 100 kr. og renni í félagssjóð. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

23. gr.

Félagsmönnum er skylt að fara vel með vatnsæðar og önnur mannvirki félagsins og skulu skemmdir á þeim varða sektum allt að 100 kr., auk skaðabóta eftir almennum reglum.

24. gr.

Um tillögur til slíta á félaginu fer eftir sömu reglum sem um breytingar á samþykkt þessari. Félaginu skal slíta samkvæmt ákvæðum 112. gr. vatnalaganna, nr. 15 20. júní 1923. Fundur sá, sem ákveður að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins og borgun skulda. Jafnframt skal fara eftir fyrir-mælum 113. gr. téðra laga, eftir því sem við á.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. marz 1942.*

**Jakob Möller.**

*Páll Pálmason.*

# REGLUGERÐ

## um sparisjóði.

36

15. febr.

### I. KAFLI

#### Um stofnun og stjórn sparisjóða.

##### 1. gr.

Eigi má stofna sparisjóð, nema með leyfi ráðherra þess, er fer með bankamál.

Þeir sparisjóðir, sem stofnaðir hafa verið 1. jan. 1942 mega þó halda áfram störfum, enda séu sparisjóðnum settar samþykktir í samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, og þessa reglugerð innan 1. júlí 1943.

##### 2. gr.

Sparisjóður getur verið eign sýslufélags, bæjarfélags, hreppsfélags eða félags einstakra manna.

##### 3. gr.

Nú er sparisjóður eign sýslu- eða bæjarfélags og skal stjórn sjóðsins þá kosin hlutfallskosningu af sýslunefnd þeirri eða bæjarstjórn er hlut á að máli. Ef sparisjóðurinn er eign hreppsfélags fer um kosning stjórnar eins og segir í samþykktum sjóðsins.

##### 4. gr.

Nú er sparisjóður eign einstakra manna, en meðal þeirra einstaklinga, sem eiga sjóðinn geta verið félög svo og hreppsfélög og sýslu- og bæjarfélög, og er þá tvennt til:

1. Eigendur sparisjóðs hafa ábyrgzt skuldbindingar sparisjóðsins allt að ákveðinni upphæð, eða
2. Eigendur sparisjóðsins hafa lagt fram ákveðna upphæð, sem stofnfé sparisjóðsins.

Stjórn þeirra sparisjóða er hér getur skal kosin þannig, að meiri hlutinn t. d. 2 af 3 eða 3 af 5, skulu kosnir á aðalfundi sparisjóðsins, og hafa þá eigendur sjóðsins, hvort sem þeir eru ábyrgðarmenn eða stofnfjáreigendur, eitt atkvæði hver, án tillits til þess hvort þeir hafa ábyrgzt eða lagt fram jafnar upphæðir. Ef félagsskapur, hvort sem er einstaklegs eða opinberlegs eðlis, er stofnfjáreigandi eða ábyrgðarmaður, skal það félag kjósa einn mann til að fara með atkvæði félagsins á aðalfundum. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir af sýslunefnd þeirri eða bæjarstjórn, sem hlut á að máli. Hlutfallskosning skal viðhafa ef óskað er.

Þetta gildir þó því aðeins að sparisjóðurinn hafi ábyrgð minnst 20 manna í kaupstöðum eða 12 manna utan kaupstaða, enda sé lágmark ábyrgðarfjár eða stofnfjár 5000 krónur í kaupstöðum og 3000 krónur utan þeirra. Ef svo er ekki, skulu allir stjórnarmenn kosnir hlutfallskosningu af sýslunefnd þeirri eða bæjarstjórn, sem hlut á að máli.

### II. KAFLI

#### Um bókfærslu sparisjóða.

##### 5. gr.

Bókhald sparisjóða skal vera tvöfalt bókhald, og skulu við hvern sparisjóð færðar þær bækur er hér segir:

- a. Dagsjóðbók.

Í bók þessa, sem gjaldkeri færir, skulu skráðar sundurliðaðar allar þær hreyfingar á sparisjóðnum, sem koma fyrir á hverjum degi. Heimilt er að halda



36

15. febr.

sérstaka sjóðbók fyrir inn- og útborganir úr sparisjóðsreikningum og færast þá samanlagðar innborganir og útborganir inn í dagsjóðbókina í einu lagi daglega. Í dagsjóðbók skulu auk sjóðdálka vera dálkar eins og hér segir:

1. Sparisjóður.
2. Fasteignaveðlán.
3. Sjálfskuldarábyrgðarlán.
4. Önnur lán.
5. Vixlar.
6. Innheimtur.
7. Vextir.
8. Kostnaður.
9. Ýmsar greiðslur, er sundurliðist í lok hvers mánaðar.

Dagsjóðbók skal gerð upp mánaðarlega og niðurstöðurnar þá færðar inn í aðalbók.

b. Innstæðubók.

Í bók þessa skal rita nöfn allra þeirra, er leggja fé í sjóðinn til geymslu, ásamt einkennistölu, og skal hver innstæðueigandi fá sína síðu. Skulu greinilega skráðar í bókina þær upphæðir, er innstæðueigandi leggur inn eða tekur út jafnóðum og jafnframt hver innstæðan er, að færslu lokinni.

Í þessa bók skulu einnig skráðir vextir af innstæðufénu.

Hver innstæðueigandi skal fá viðskiptabók merкта sömu einkennistölu og reikningur hans í innstæðubók. Skulu allar inn- og útborganir færðar jafnóðum í viðskiptabókina, sbr. þó 7. gr., en vextir aðeins færðir í lok hvers árs.

c. Lánabók eða lánabækur.

Lánin skal flokka í þrennt:

Í bók þessa skal rita öll lán, sem tekin eru út sjóðnum.

A-lán: Fasteignaveðslán.

B-lán: Sjálfskuldarábyrgðarlán.

C-lán: Önnur lán.

Hvert lán hefur einkennistölu og síðu út af fyrir sig. Skal þar tilgreint nafn lántakanda, trygging fyrir láninu svo og lánsupphæð og gjalddagi lánsins. Enn fremur skulu þar færðar afborganir og eftirstöðvar eins og þær eru á hverjum tíma. Skal og getið til hvaða tíma vextir eru greiddir.

- d. Vixlabók, er rita skal í vixla þá, er sparisjóðurinn kann að kaupa. Skal hverjum vixli gefið áframhaldandi tölueinkenni.
- e. Skuldbindingabók. Í bók þessa skal rita alla skuldunauta sjóðsins og sjálfskuldarábyrgðarmenn, svo og nöfn þeirra, er ritað hafa á vixla þá, er sjóðurinn kann að kaupa. Skal þetta ritað þannig í skuldbindingabókina, að skuldbindingar hvers einstaklings um sig sjáist glögg og greinilega.
- f. Innheimtubók skulu þeir sparisjóðir halda, er taka að sér innheimtur fyrir banka eða aðra á vixlum, ávísunum eða öðrum kröfum.
- g. Aðalbók. Í þeirri bók skal hver viðskiptaflokkur hafa reikning út af fyrir sig og skulu niðurstöðutölur dagsjóðbókar færðar mánaðarlega inn á hlutaðeigandi reikning.

Ársreikningar sparisjóðsins skulu færðir sundurliðaðir inn í þessa bók, og þar undirritaðir af stjórn sparisjóðsins og endurskoðendum.

- h. Gerðabók, er í séu skráðar ályktanir stjórnar sjóðsins um lánveitingar, lán-synjanir, lántökur og annað slíkt.

Í bók þessa skulu einnig skráðar ályktanir þær, sem gerðar eru á fund- 36 um, er haldnar eru af stjórn sparisjóðsins og ábyrgðarmönnum eða öðrum 15. febr. þeim, sem að sjóðnum standa.

## 6. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega skráðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn efi geti á því leikið, hver upphæðin sé.

Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hafi verið.

Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

## 7. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé nema því aðeins, að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í viðskiptabókina. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé rétt gert og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem samtímis er skráð í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu, og sé því ekki veðhæf.

## 8. gr.

Vextir af sparisjóðsinnstæðufé skulu vera reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðu-eiganda þá lagðir við höfuðstól á hlutaðeigandi síðu.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir nýár, skulu vextir færðir í hana og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum, í viðskiptabókinni beri saman við það, er innstæðubókin telur.

## 9. gr.

Allar bækur sparisjóða, veðbréf og skuldabréf, svo og víxla, verðbréf og önnur slík verðmæt skjöl, sem í vörzlum sparisjóðsins eru, skal jafnan geyma í eldtryggri hirzlu eða hirzlum, og skal þess nákvæmlega gætt, að slíkri hirzlu sé jafnan lokað á hverju kvöldi þegar í hana hefur verið látið það af slíkum gögnum, er nota hefur þurft þann og þann daginn.

Sjóðforði sparisjóðs skal einnig geymdur á eldtryggum stað á sama hátt.

## 10. gr.

Nú telur sparisjóður hentugra að hafa annað fyrirkomulag á bókhaldi sínu, og skal þá ráðherra þeim, er fer með bankamál, heimilt að leyfa það, enda sé slíkt bókhald eigi ótryggara en það, sem sett er með reglugerð þessari.

## III. KAFLI

## Um reikninga sparisjóða og endurskoðun þeirra.

## 11. gr.

Reikningsár sparisjóða skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hvers sparisjóðs vera saminn fyrir marzmánaðarlok.

36

15. febr.

## 12. gr.

Ársreikningur hvers sparisjóðs skal vera þannig gerður, að af honum sjáist glöggt:

1. Hversu mikið alls hafi verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok.
2. Hverjar tekjur sjóðurinn hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið; einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins.
3. Hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar þá hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

## 13. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda, að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari.

Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll lán þau, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna. Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo glöggt sjáist hversu mikið er greitt fyrirfram af vöxtum og eins af hverjum lánum vextir eru vagnnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóður kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjaldlagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda, eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, þær er til reiknings eru færðar, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

## 14. gr.

Stjórnarráðið lætur sparisjóðum í té fyrirmyndir fyrir reikningum sparisjóða og er sparisjóðum jafnan skylt að hafa reikninga sína í því formi, sem fyrirmyndir þessar sýna.

## 15. gr.

Til að rannsaka reikninga sparisjóðs og bókfærslu alla skal velja 2 endurskoðunarmenn. Skulu þeir kosnir af bæjarstjórn eða sýslunefnd þeirri, er hlut á að máli, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurskjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal 2 menn til vara, og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

## 16. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóða.

## 17. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóða eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi.

Jafnan skulu endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig. Einnig eiga þeir rétt á að rannsaka sjóðforða sparisjóðs svo oft, er þeim þykir þörf á.

## 18. gr.

36

15. febr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðs og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir- mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt tilfærðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á ef eitthvað er athugasvert, svo að úr því verði tafarlaust bætt.

## 19. gr.

Ársreikning sparisjóðs skulu endurskoðunarmenn rannsaka þegar eftir að hann er saminn og skulu þeir hafa lokið því starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn með athugasemdum endurskoðenda skal síðan lagður fyrir aðalfund, sem úrskurðar hann endanlega. Skal reikningurinn síðan sendur ráðuneyti því, sem með bankamál fer.

## 20. gr.

Verði aðgreiningur milli endurskoðenda sparisjóðs og stjórnenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðs eða bókfærslu snerta og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sparisjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög um sparisjóði, svo og reglugerð þessa og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sparisjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

## 21. gr.

Aðalfundur skal ákveða þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

## 22. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 69 27. júní 1941.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 15. febrúar 1942.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

## 36 Dagsjóðsbók.

## Innborganir.

Dags.	Texti	Einkennistala	Sjóður		Sparisj.		Fasteigna veðslán		Sjálfsk. áb.lán		Önnur lán		Vixlar		Innheimta		Vextir		Kostn og þóknun		Ýmsar greiðslur		
			Debet		Kredit		Kredit		Kredit		Kredit		Kredit		Kredit		Kredit		Kredit		Kredit		
			Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.
1942																							
Febr. 20	Sparisjóðsb. Greitt af láni A 20.		100 00		100 00																		
	Vexti af sama . . . .		450 00			450 00																	
	Greiddur vixill 23 ..		120 00														120 00						
	Greidd innheimta 11.		650 00									650 00											
	Innheimtul. af sama ..		235 60												235 60								
	Afborgun af láni B 3 ..		3 00																	3 00			
	Afborgun af láni C 7 ..		200 00					200 00															
	Forvextir af vixli 46 ..		300 00								300 00												
			7 88														7 88						

## Innstæðubók. Viðskiptabók nr. ....

(Nafn innstæðueiganda og heimili.)

Dags.	Hvers konar greiðsla	Innlög		Útborgað innstæðufé		Innstæðufé alls		Vextir		Athugasemdir
		Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	
1942										
Febr. 3.	Innborgað .....	300	00			300	00	1	12	
Marz 18.	Útborgað .....			100	00	200	00	0	50	
April 18.	Innborgað .....	5000	00			5200	00	58	50	
Sept. 3.	Útborgað .....			1600	00	3600	00	35	10	
Des. 31.	Vextir .....	95	22			3695	00	95	22	

## Vixilbók.

Einkennist. vixilsins	Hvenær keyptur	Nafn samþykkjanda	Nafn útgefanda	Útgáfudagur vixilsins
1	1942 Jan. 12.	Sveinn Jónsson	Halldór Pálsson	1942 Jan. 10
2	Febr. 3.	Magnús Þórðarson	Arni Þorsteinsson	Febr. 3

## Útborganir.

Dags.	Texti	Ein- kenn- istala	Sjóður		Sparisj.		Fasteigna veðslán		Sjálfsk. áb.lán		Önnur lán		Vixlar		Inn- heimta		Vextir		Kostn.og þóknun		Ýmsar greiðslur			
			Kredit		Debet		Debet		Debet		Debet		Debet		Debet		Debet		Debet		Debet		Debet	
			Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.	Kr.	a.
1942 Febr. 20	Sparisjóðsb. Veitt lán B 53 Keyptur vixill 46 . . . . . Veitt lán A 24 Sent Lb. inn- heimta 10 . Laun bókara Laun féhirðis		300 00 990 00 525 00 500 00 300 00 50 00 100 00	300 00					990 00				525 00		300 00				50 00 100 00					

Lánabók nr. ....

(Nafn lántakanda og heimili.)

Lántökudagur	Trygging lánsins	Afborgun		Vextir			Eftirstöðvar af höfuðstól	
Greiðsludagur	Hvað greitt er	Kr.	a.	Tímabil	Upphæð		Kr.	a.
					Kr.	a.		
<sup>1</sup> / <sub>8</sub>	<sup>1</sup> / <sub>2</sub> 1942 Lán veitt kr. 1000 Innborgað	400	00	<sup>1</sup> / <sub>2</sub> — <sup>1</sup> / <sub>8</sub> '41	25	00	600	00

Upphæð		Gjaldtögu	Ábekingar	Hvenær innleystur
Kr.	a.			
400	00	1942 Júlí 12.	Pétur Guðmundsson og Björn Ólafsson	4. maí 1942
650	00	Maí 3.	Jón Magnússon	

## 36 Skuldbindingabók (Obligabók).

(Nafn þess sem skuldbundinn er og heimili.)

Einkennistala á láni eða víxli	Gjaldldagi	Upphæð		Nafn á veði fyrir láinu, eða mönnum sem við skuldbindinguna eru riðnir	Hvenær borgað að fullu
		Kr.	a.		
A 7	7. sept. '45	1000	00	Veð: 1sti veðréttur í Hafnarstræti 7	12. jan. 1943
Vix. 36	12. jan. '43	600	00	Útgefandi fyrir Guðmund Sveinsson	
B 12	4. júlí '44	800	00	Ábyrgðarmenn Jón Jónsson og Páll Jónsson	

## Innheimtubók.

Einkennistala innheimtu	Nafn kröfueiganda	Nafn greiðanda	Hvað innheimta á	Upphæð		Gjaldldagi	Hvenær greitt	Hvenær sjóðurinn sendir innheimtuféð	Ath.
				Kr.	a.				
23	Landsbankinn, Reykjavík	Ólafur Pétursson	Víxill	345	00	'42 <sup>4</sup> / <sub>10</sub>	'42 <sup>6</sup> / <sub>10</sub>	'42 <sup>8</sup> / <sub>10</sub>	
24	O. Johnson & Kaaber	Jón Björnsson	Farmsk.	640	00	'42 <sup>15</sup> / <sub>10</sub>	'42 <sup>15</sup> / <sub>10</sub>	'42 <sup>20</sup> / <sub>10</sub>	

37 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Sumargjafasjóð Birtingaholts“, 18. marz útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 18. marz 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Sumargjafasjóð Birtingaholts.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sumargjafasjóður Birtingaholts. Síra Magnús Helgason kennaraskólastjóri stofnaði sjóðinn og gaf til hans 20000 krónur.

## 2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal ávaxta hann í Söfnunarsjóði Íslands. Alla vöxtu af fé sjóðsins skal leggja við höfuðstólinn annað hvort ár. Hitt árið skal aðeins leggja við höfuðstól 2 kr. af vöxtunum, en afganginum skal úthlutað með þeim hætti, sem segir í 3. gr. Forseti Bókmenntafélagsins annast vörzlu sjóðsins.

## 3. gr.

Vöxtum sjóðsins, sem til úthlutunar koma, sbr. 2. gr., skal varið til að verðlauna það skáld, er hefur frumort á íslenzku fegurst ljóð á 10 árunum næstliðnum, að dómi þriggja manna: Forseta Hins íslenska bókmenntafélags, höfuðkennarans í íslenzkum bókmenntum við Háskóla Íslands og kennarans í íslenzku við kennaraskólann í Reykjavík. Þyki þeim eitthvert árið enginn maklegur verðlaunanna, falla þau niður það ár, og leggjast þá vextirnir við höfuðstólinn það ár. Engum má veita verðlaunin oftár en einu sinni á 10 árum. Jafnt má veita verðlaunin fyrir eitt kvæði eða sálm, ef svo sýnist, sem fyrir heilan ljóðabálk eða bók. Verðlaunin ná jafnt til Íslendinga austan hafs og vestan og hvar í löndum, sem þeir eru niður komnir, en eigi til annarra verka en þeirra, sem frumort eru á íslenzku.

Eigi skal þurfa að sækja um verðlaunin. Þess skal gæta, að sá, sem verðlaunin hlýtur, fái þau á sumardaginn fyrsta, og nefnast þau „Sumargjöf frá Birtingaholti“.

## 4. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

## um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefur, samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júlí 1940, ákveðið hámarksverð á fiskiönglum svo sem hér segir:

Í heildsölu .....	kr. 31.26 pr. þús.
Í smásölu .....	— 34.00 — —

Allir aðiljar, sem flytja inn ofangreinda vöru, skulu skyldir til að tilkynna verðlagsnefnd jafnótt um öll ný innkaup, og hlíta verðjöfnun ef nefndin æskir þess.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 27. febrúar 1942.*

Eysteinn Jónsson.

*Torfi Jóhannsson.*

## AUGLÝSING

## um verðlagsákvæði.

Samkvæmt heimild í 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 1 8. jan. 1942, er hér með bannað að leggja meira á eftirtaldar vörur í heildsölu og smásölu en gert var í árslok 1941:

Vefnaðarvörur og fatnaður, hvers konar sem er.

Skófatnaður, hvers konar sem er.

Samkvæmt tilvitnaðri lagagrein er gerðardómi í kaupgjalds- og verðlagsmálum þó heimilt, að fengnum tillögum verðlagsnefndar, að úrskurða um breytingar á álagningunni og ákveða hana að nýju.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 19. marz 1942.*

Eysteinn Jónsson.

*Torfi Jóhannsson.*

37

18. marz

38

27. febr.

39

19. marz



40

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frá Önnu Claessen árið 1941.

## T e k j u r :

1. Eignir frá fyrra ári:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00 .....	kr. 4500.00		
b. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks .....	— 421.93		
			kr. 4921.93
2. Keypt ríkisskuldabréf .....		—	500.00
3. a. Vextir af bankavaxtabréfum .....	kr. 215.00		
b. Vextir af innstæðu í Sparisjóði Sauðárkróks ....	— 1.49		
			— 216.49
4. Bráðabirgðalán frá gjaldkera (ógreitt 31. des.) .....		—	45.00
			<u>          </u>
			Kr. 5683.42

## G j ö l d :

1. Styrkur veittur 3 sjúklingum .....			kr. 175.00
2. Keypt ríkisskuldabréf .....	kr. 500.00		
Vextir af því .....	— 3.55		
			— 503.55
3. Eignir í árslok:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00 .....	kr. 4500.00		
b. 1 ríkisskuldabréf .....	— 500.00		
c. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks .....	— 4.87		
			— 5004.87
			<u>          </u>
			Kr. 5683.42

Sauðárkróki, 16. janúar 1942.

Helga Guðjónsdóttir.

Sigríður Sigtryggisdóttir.

Reikning þenna höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og höfum ekkert við hann að athuga.

Stefanía Arnórsdóttir.

Elinborg Jónsdóttir.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1942.

*Lög um breyting á lögum nr. 86 14. nóvember 1917, um fiskveiðasamþykktir og lendingarsjóði, undirskrifuð af ríkisstjóra 28. febrúar 1942, nr. 9.*

*Lög um gærumat, undirskrifuð af ríkisstjóra 4. maí 1942, nr. 11.*

*Lög um notkun vegabréfa innanlands, undirskrifuð af ríkisstjóra 15. maí 1942, nr. 10.*

*Lög um íþróttakennaraskóla Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 12*

*Lög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftbarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 13.*

*Lög um læknaað, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 14.*

*Lög um breyting á lögum nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 15.*

*Lög um rafveitur ríkisins, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 16.*

*Lög um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 17.*

*Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 18.*

*Ríkisstjóraúrskurður um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af ríkisstjóra 16. maí 1942, nr. 19.*

*Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af ríkisstjóra 20. maí 1942, nr. 20.*

*Lög um stríðsgróðaskatt, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 21.*

*Lög um lendingarbætur á Stokkseyri, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 22.*

*Hafnarlög fyrir Akranes, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 23.*

*Ríkisstjórabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af ríkisstjóra 23. maí 1942, nr. 24.*

*Ríkisstjórabréf um alþingiskosningar, undirskrifað af ríkisstjóra sama dag, nr. 25.*

*Ríkisstjórabréf um þingrof, undirskrifað af ríkisstjóra sama dag nr. 26.*

*Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af ríkisstjóra 27. maí 1942, nr. 27.*

*Lög um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum, undirskrifuð af ríkisstjóra 29. maí 1942, nr. 28.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt, undirskrifuð af ríkisstjóra 11. júní 1942, nr. 29.*

*Bráðabirgðalög um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 30.*

*Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 31.*

*Lög um váttryggingarfélag fyrir vélbáta, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 32.*

*Lög um breyting á lögum nr. 66 31. des. 1937, um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 33.*

*Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 34.*

*Lög um breyting á lögum nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 35.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 36.*

*Lög um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík, undirskrifuð af ríkisstjóra 30. júní 1942, nr. 37.*

*Lög um breyting á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 38.*

*Lög um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 39.*

*Lög um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 40.*

*Lög um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámsjóð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 41.*

*Lög um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 42.*

*Lög um breyting á lögum nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 43.*

*Lög um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 44.*

*Lög um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 45.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 46.*

*Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af kennslumálaráðherra sama dag, nr. 47.*

*Lög um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 48.*

*Lög um breyting á lögum nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 49.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 74 31. desember 1937, um alþýðu-tryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 50.*

*Lög um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 51.*

*Lög um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 52.*

*Lög um breyting á jarðræktarlögum nr. 101 frá 23. júní 1936, undirskrifuð af ríkisstjóra 4. júlí 1942, nr. 53.*

*Jarðræktarlög, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 54.*

*Lög um framkvæmdasjóð ríkisins, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 55.*

*Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 56.*

*Lög um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 57.*

*Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 58.*

*Lög um læknavitjanasjóði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 59.*

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 60.

Lög um málflytjendur, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 61.

Lög um eftirlit með ungmennum o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 62.

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 63.

Lög um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 64.

Lög um lendingarbætur í Skipavík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 65.

Hafnarlög fyrir Neskaupstað, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 66.

Hafnarlög fyrir Patreksfjörð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 67.

Lög um afnám laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 68.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 69.

Lög um sölu þjóðjarðarinnar Hólms, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 70.

Lög um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 71.

Lög um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 72.

Lög um Brunabótafélag Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 73.

Lög um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 74.

Lög um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 75.

Lög um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í islenzkum fræðum í Háskóla Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 76.

Auglýsing um breyting á aðflutningsgjöldum á vörum, sem eru taldar í 18. gr. laga nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af fjármálaráðherra 7. júlí 1942, nr. 77.

## Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 23. tbl. Lögbirtingablaðsins 41 1942, um takmörkuð umferðarleyfi á Reykjanesi vegna hernaðar- 18. maí aðgerða ameríska hersins.


Í því skyni að ameríska hernum megi takast að verja Ísland og draga sem mest úr áhættu landsmanna, er aðeins takmörkuð umferð leyfð um svæði það á Reykjanesi, sem sýnt er á hér birtum uppdraetti.

Á Reykjanesi norðvestanverðu allt það svæði, sem afmarkast af línu dreginni yfir nesið, og liggur hún þannig: hefst í Litlu-Sandvík og liggur þaðan austur á við h.u.b. 6.3 km til staðar, sem liggur um 1 km í suður frá Sandfellshæð, þaðan í norðaustlæga átt h. u. b. 13 km vegalengd upp á brún hæðar þeirrar, er nefnist Litla Skógfell, þaðan í norðurátt h. u. b. 6.3 km vegalengd til strandarinnar skammt innan við Grimshól á Vogastapa.

Land það, sem aðeins takmörkuð umferð er leyfð um, skal ekki taka yfir Innri Njarðvík, Ytri Njarðvík, Keflavík, Leiru, Garð, Sandgerði, Hvalsnes, Stafnes, Hafnir, né heldur tiltekin landsvæði ræktuð eða umbætt og eru þau sýnd utan merkjalínu greinds svæðis á áðurgreindum uppdraetti.

Auk þess eru neðangreindir vegir innan svæðis umferðatakmörkunarinnar undanskildir takmörkuninni, svo sem sýnt er á uppdraettinum, sem hér er prentaður með.

41  
18. mai



1. Vegurinn um Njarðvíkur, Keflavík, Leiru, Garð, Sandgerði og Stafnes.
  2. Vegurinn frá Innri-Njarðvík til Hafna.
  3. Vegurinn til Grindavíkur.
- Landamerki þessara kauptúna og svæða verða auðkennd með staurum máluðum rauðum og hvítum.

41

18. maí

#### Bannsvæði.

Allir þeir staðir, þar sem tæki eru sett upp, mannvirki reist eða hernaðarstörf framkvæmd, innan þess svæðis, sem aðeins takmörkuð umferð er leyfð um, eða eru afgirtir og merktir sem slíkir, eru bannsvæði.

Íslendingar mega ekki fara inn á áður nefnd svæði, sem hönnuð eru eða aðeins leyfð takmörkuð umferð um, nema þeir hafi í höndum tilhlýðileg vegabréf. Vegabréf samþykkt af íslensku ríkisstjórninni fást, þegar um þau er beðið hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði og lögreglustjóranum í Keflavík, og munu þeir leiðbeina umsækjanda til hlutaðeigandi ameríks starfsmanns. Umsókninni skulu fylgja tvær myndir af umsækjanda,  $5 \times 5$  cm á stærð. Umsóknin skal tilgreina þann sérstaka hluta takmarkaðs eða bannaðs svæðis, sem umsækjandinn óskar að fara um, og sömuleiðis á hvaða tíma eða tímum og í hverjum tilgangi hann hyggst að fara þar inn. Sá, sem fer um takmarkaða eða bannaða svæðið, skal ávallt bera á sér vegabréf sitt.

Engar ljósmyndavélar eða myndatökuáhöld má fara með inn á takmarkað eða bannað svæði, né geyma þar.

Vegabréf þurfa Íslendingar ekki til þess að ferðast um neðangreinda vegi:

1. Veginn um Njarðvíkur, Keflavík, Leiru, Garð, Sandgerði og Stafnes.
2. Veginn frá Innri-Njarðvík til Hafna.
3. Veginn til Grindavíkur.

Þar, sem vegir þessir liggja um þau svæði, sem umferð er takmörkuð um, er frjálst að fara um veginn, en hvorki má farartæki né maður staðnæmast þar né dvelja.

Íslenskar flugvélar mega ekki fljúga yfir áðurgreind svæði, sem umferð er takmörkuð um, og eigi nær þeim en í 24 km fjarlægð.

#### Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 27. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um endurnýjun ferðaskírteina skipa hjá brezku hernaðaryfirvöldunum.

42

27. maí

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslensku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir: Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezku hernaðaryfirvöldunum.

#### Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 38. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um ljósmyndatökubann herstjórnar Bandaríkjanna.

43

8. júlí

Herstjórn Bandaríkjanna hefur bannað ljósmyndatökur á Gróttu við Reykjavík og í Hvalfirði, einnig á öllum flugvöllum, flugvélastýlum, fallbyssustæðum, loftvarnarbyssustæðum, strandvarnarbyssustæðum, höfnum og hafnarmannvirkjum. Einnig er bannað að ljósmynda flugvélar, herstöðvar og herskip.

## AUGLÝSING

### um skógaritök.

Samkvæmt auglýsingum í 68., 69. og 70. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1940, sem birtar voru samkvæmt 5. kafla laga nr. 100 frá 14. maí 1940, um skógrækt, hafa neðanskráðir lýst skógaritökum sínum í lönd annarra jarða.

#### Barðastrandarsýsla:

1. **Staðarkirkja** á Reykjanesi: Raftviðarhögg í Teigsskógi á Hallsteinsnesi.
2. **Gufudalskirkja**: a. eldiviðarhrisrif í Álftadalsmúla, b. skógarhögg í Brekkuhjöllum í Brekkulandi, c. skógarhögg á Melanesi í Skálanesslandi (milli Eilífsselslækjar og Kiðabergs).
3. **Flateyjarkirkja**: Skógarítak í Brjánslækjarlandi.
4. **Hagakirkja**: Skógarítak í Brjánslækjarlandi og í Nordal í Trostansfjarðarlandi.
5. **Sauðlauksdalur**: Skógarítak í Vestur-Botni
6. **Selárdalur**: Skóga í Geirþjófsfirði að helmingi þá sem legið hafa til Sperðlahlíðar.

#### V.-Ísafjarðarsýsla:

1. **Rafnseyri**: a. 60 hesta skógarhögg í Kirkjubólsskógi í Mosdal, b. skógarhögg í Hvammsskógi (svo mikið sem vill), c. skógarhögg í Þverárdal.
2. **Þingeyrarprestsetur** (áður Sandar): Skógarhögg í Botnsskógi í Dýrafirði.
3. **Núpur**: Tvö skógaritök í Drangalandi, enn fremur í Kleifu vestan í Dýrafjarðarbotni.
4. **Holt** í Önundarfirði: Skógarítak í Botnsskógi í Dýrafirði.
5. **Staður** í Súgandafirði: „Skógarteig fyrir utan Geirsbrekku“ (eldra nafn á jörðinni Gilsbrekkur).

#### N.-Ísafjarðarsýsla:

1. **Vatnsfjörður**: Skógarhögg í Kirkjubrekku í Kelduskógi í Mjóafirði og annað í Kirkjutungu á Tjarnarnesi í Laugabólsskógi við Ísafjörð.

#### S.-Þingeyjarsýsla:

1. **Þóroddsstaður**: Ítak í Hólsskógi meðfram Skjálfandaflijóti („Staðar-Rófa“).
2. **Skútustaðir**: Allan skóg í Arahvammi í Grænavatnslandi og Villingafjall í Garðslandi.

#### N.-Múlasýsla:

1. **Hof** í Vopnafirði: Skógarítak í Fremri-Sniðum í Fossdal.
2. **Skeggjastaðir** í Fellum: 14 hestburði tróðviðar árlega í Hallormsstaðaskógi „klippt og borið saman í kesti, þeim (þ. e. Skeggjastaðamönnum) að kostnaðarlausu“ (samkv. samningi dags. 4. júní 1905 og 27. ágúst 1906).
3. **Arnheiðarstaðir** og **Geitagerði**: Ítak í Hallormsstaðarskógi, en Hallormsstaður á beit í Geitagerðismýrum „fyrir 100 fjár í mánuð“.
4. **Brekka** í Fljótsdalshreppi: Ítak í Hallormsstaðaskógi og skal fyrir það koma hagganga fyrir 6—8 hross frá Hallormsstað í Brekkuteig.
5. **Víðivellir** ytri í Fljótshreppi með hjáleigunni **Klúku**: Skógarítak í Hrafnkelsstaðalandi, eða svo nefndan skóg „út við Gilsá í Rana“.

#### S.-Múlasýsla:

1. **Vallaneskirkja**: Í Dalhúsalandi „helming skógar milli Valagilsár og Hrutár“.
2. **Hólmakirkja** í Reyðarfirði: a. skógarhögg í Seljateigslandi „millum Geithúsarár og Flatasteins“, b. skógarteig í Sómastaðalandi „millum Hólknalækjar og Bjarga“.

3. **Kolfreyjustaður**: Skógarhögg í Gestsstaðalandi og í Kjappeyrarlandi í Fáskrúðs-  
fjarðarhreppi. 44  
1. apríl
4. **Rannveigarstaðir** og **Hærukollsstaðir** hafa skógarafnot í Hofsdal (tilheyrandi Hofi  
í Geithellnahreppi).

#### A.-Skaftafellssýsla:

1. **Bjarnanes**: Ítak í Dalsskógum í Lóni í löndum jarðanna Þórisdals og Hvamms.
2. **Viðborð** og **Viðborðssel**: Skóg í Viðborðsdal (Viðborðsströnd, Vatnshóla og Sandmerki).
3. **Digurholt** og **Lambleiksstaðir** (eyðijörð): Skógarítak á Viðborðsdal, þ. e. Viðborðsströnd, Vatnshólum og Sandmerki.
4. **Holtajarðir** og **Holtasel**: Skógarítök á Viðborðsdal: a. Holtatorfa (sem er skógur frá Raufabergi), b. í Hálstorfu, c. skóg í Litlahólma, d. Holtahöfða, e. hálfan skóg á Dimon á móti Svínafelli.
5. **Hólmur**: Skógarítak í Jökulfelli á Viðborðsdal.
6. **Borg** með **Baldurshaga**: Skógarítak á Kolgrafardal í Haukafellslandi (Borgarskóg) og annað í framanverðu Jökulfelli.
7. **Bakki**: Skógarítak á Heinabergsdal (Bakkatindur). Enn fremur eiga jarðirnar **Hamrar**, **Árbær**, **Brunnhóll** og **Einholt** skógarhögg í öllu skóglendi Viðborðs (óskipt).
8. **Kálfafellsstaður**: Skógarítak í Staðarfelli í Breiðabólstaðarlandi.
9. **Reynivellir**: a. tvö skógarpláss, Fagradal innri og Koltungur innri í Staðarfjalli í Breiðabólstaðarlandi, b. tvö skógarpláss, Reynivallakinn og Barnaskóg í Steinadal í Sléttaleitislandi.
10. **Sandfell** í Örafum: Tvö skógarítök í Skaftafellslandi, Prestsskóg í heimabrekku og annað í Rauðhellrum.

#### V.-Skaftafellssýsla:

**Höfðabrekka**: Skógarítak í landi Hrifuness í Skaftártungu.

#### Rangárvallasýsla:

Oddviti Fljótshlíðarhrepps tilkynnir „að allar jarðar í Fljótshlíð frá Fljótsdal að Austur-Sámsstöðum, að undanskildri Butru, Kvoslæk, Austur-Torfastöðum I og II, Kotmúla og Fögruhlíð“, eigi skógarítök í Þórsmörk, „einn hest á ári fyrir hver 5 jarðarhundruð að fornu mati“.

Brúnir í V.-Eyjafjallahreppi, sem er ríkiseign, á skógarítak í Húsadal í Þórsmörk að réttu hlutfalli við aðrar jarðir innan Dalatorfunnar, þannig að „einn hestur af skógi fylgir hverjum 5 hundruðum að fornu mati“.

Eftirtaldar jarðir lýsa skógarítökum í Næfurholtslandi á Rangárvöllum:

1. **Stóra-Hof** á Rangárvöllum: Svo nefnda Stóra-Hofstorfu.
2. **Minna-Hof** á Rangárvöllum: Þrjár skógartorfur.
3. **Gunnarsholt** á Rangárvöllum: Svo nefnda Gunnarsholtstorfu.
4. **Vatnsdalur** í Fljótshlíð: Svo nefnda Vatnsdalstorfu.
5. **Eyðijörðin Árbær** í Landmannahreppi: Hálfur hestburður af skógarviði á ári í Hraunteig „hefur verið tekið sjötta hvert ár og þá þrjár hestburðir“.
6. **Vindás** í Landmannahreppi: „Sex hesta sjötta hvert ár“ í Hraunteig.
7. **Hrólfstaðahellir** í Landsveit: „Fjögurra hesta högg sjötta hvert ár“ í Hraunteig.
8. **Stóru-Vellir** í Landsveit: Skógarítak í Merkiholsskógi á Landi.
9. **Stóri-Klofi** í Landsveit á Klofaey í Þjórsá.



44

## Árnessýsla:

1. apríl 1. **Hrunakirkja:** Tvö skógaritök í Tungufellslandi (Hrunamannahr.), svo kallað Mariuhris og Luciuhöfða.  
 2. **Hlíð** í Gnúpverjahreppi: Ítak í Ásólfssstaðaskógi, er Hlíðartorfa nefnist.  
 3. **Stóra-Núpskirkja** í Gnúpverjahreppi: Skógaritök í Dimon í Þjórsárdal.  
 4. **Gaulverjabæjarstaður:** Skógaritök í Dimon í Þjórsárdal.

Hér með er skorað á alla þá, sem véfengja ofangreind itök, að senda rökstudda greinargerð þar að lútandi til skrifstofu skógræktarstjóra fyrir 31. des. 1942.

Athygli manna skal jafnframt vakin á því, að samkvæmt 25. gr. ofanefndra laga eru öll önnur itök í skóg- og kjarrlendi annarra jarða en þau, sem lýst hefur verið hér að ofan, fallin til landeigenda.

Skógræktarstjórinn, 1. apríl 1942.

Hákon Bjarnason.

45

23. apríl

## REGLUGERÐ

## um eyðingu svartbaks með eitri.

1. gr.

Umráðendur friðlýsts æðarvarps skulu árlega, frá 15. maí til 1. júlí, eitra fyrir svartbak (veiðibjöllu) í varplöndunum, og eigi sjaldnar á þessu tímabili en einu sinni í hverri viku.

2. gr.

Til eitrunarinnar skal nota strýknín (nitrás strychnicus venalis). Það eitur er hanvænt mönnum sem skepnum, og ber að gæta sérstakrar varúðar í meðferð þess.

Eitrið skal látið í æðaregg um gat á að giska 1 cm að þvermáli, er gera skal á hlið þeirra. Í hvert egg skal látið sem svarar  $\frac{1}{2}$  g af eitrinu og hræra því saman við innihald eggisins, t. d. með fjöðurstaf.

Mönnum ber að forðast að láta eitrið koma við sig, en fari svo; skulu þeir þvo sér vandlega á eftir.

Stranglega er bannað að eitra annað en æðaregg.

3. gr.

Hin eitruðu egg skulu lögð þar í varplöndin, sem svartbaks er helzt von, og snúi rofna hliðin upp. Svartbak eða aðra fugla, sem kunna að drepast af eitrinu, skal grafa tafarlaust, þar sem þeir finnast, og varast að snerta þá berum höndum.

4. gr.

Staðir þeir, sem hin eitruðu egg eru höfð á, skulu vel auðkenndir, svo að þeim, er um þá kunna að eiga leið, verði augljóst, að þar er von eitraðra eggja, og fugla, sem drepist hafa af eitri. Sérstaklega skal þess gætt, að fólki, sem hirðir æðarvörpin, sé kunnugt, hvar hin eitruðu egg eru höfð.

5. gr.

Héraðslæknum, hverjum í sínu umdæmi, ber að láta þeim, sem lögð er sú skylda á herðar að eitra fyrir svartbak, sbr. 1. gr., ókeypis í té hæfilega mikið af strýkníni í þessu skyni, gegn endurgreiðslu úr rikissjóði.

Þar, sem lyfjabúðir eru í læknishéruðum, annast lyfsalar útlát eitursins til 45  
 héraðsbúa í stað héraðslækna. Landlæknir segir fyrir um umbúðir eitursins til 23. apríl  
 þessara sérstöku nota, því til frekari tryggingar, að það valdi ekki slysum. Að  
 öðru leyti fer um afgreiðsluna samkvæmt gildandi reglum um sölu eiturefna til  
 annarra afnota en lækninga.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100—1000 kr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 89 1941. Öðlast hún  
 þegar gildi og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. apríl 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## BREYTING

46

29. apríl

á gjaldskrá og reglum um leigukjör firðtalstöðva, sem landssíminn lætur á leigu  
 í íslensk þilskip, frá 6. janúar 1934.

1. Aftan við orðin „senditæki“ í 2. gr. komi: (gerð G).
2. Á eftir 10. gr. komi ný grein, 11. grein, svo hljóðandi:

Landssíminn lætur enn fremur á leigu talstöðvargerð GV, sem er aflmeiri  
 og fullkomnari en gerð G. Ársleiga fyrir þessa talstöð er kr. 180.00, stofngjald  
 kr. 100.00 og váttryggingarupphæðin kr. 1500.00.

*Póst- og simamálaráðherra, 29. apríl 1942.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Guðmundur Hliðdal.*

## REGLUGERÐ

47

11. maí

fyrir Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 65 frá 27. júní 1941, um húsmæðraskóla í kaupstöðum, og  
 lögum nr. 60 frá 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, er hér með sett eftir-  
 farandi reglugerð fyrir skólann.

### I. KAFLI

#### Markmið og skipulag.

1. gr.

Markmið skólans er að veita stúlkum nægilega kunnáttu til að þær geti orðið  
 forstöðukonur og kennarar við húsmæðraskóla, matreiðslunámskeið, kennslukonur  
 í matreiðslu við barnaskóla, ráðskonur við sjúkrahús, heimavistaraskóla og önnur  
 slík störf.

47

11. maí

Skólinn skiptist í tvær hliðstæðar deildir: Húsmæðrakennaradeild og skólaeldhúskennaradeild.

Námstími í húsmæðrakennaradeild er 2 ár, og skiptist í 3 námstímabil. Náms-  
tími í skólaeldhúskennaradeild er 9 mánuðir og er eitt námstímabil.

## 2. gr.

## II. KAFLI

## Um inntöku nemenda.

## 3. gr.

Almenn inntökuskilyrði fyrir báðar deildir eru:

1. Að nemandi sé 21 árs.
2. Að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, er öðrum geti orðið að meini eða geri hann óhæfan til kennslustarfa.
3. Að nemandi hafi óspillt siðferði.

## 4. gr.

Til þess að geta fengið inngöngu í húsmæðrakennaradeild, verður nemandi að hafa lokið gagnfræða- eða héraðsskólaprófi eða notið annarrar hliðstæðrar menntunar. Auk þess skal nemandi hafa verið í húsmæðraskóla minnst 4 mánuði. Hver nemandi skal hafa meðmæli frá þeirri menntastofnun, sem hann hefur numið í.

Til þess að geta fengið inngöngu í skólaeldhúskennaradeild, verður nemandi að hafa lokið kennaraprófi við Kennaraskóla Íslands. Þó má forstöðukonan, undir vissum skilyrðum, veita undanþágu frá kennaraprófi, en þá er nemandinn skyldugur að læra uppeldisfræði að fullu í kennaraskólanum, svo hann öðlist full kennararéttindi.

## 5. gr.

Forstöðukona hefur úrskurðarvald um inntöku nemenda. Hún getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá aldursskilyrði 3. gr.

## III. KAFLI

## Um kennsluna.

## 6. gr.

Námstíma í húsmæðrakennaradeild skal skipt í 3 samfelld námstímabil.

1. námstímabil hefst 15. september og stendur til 14. maí. Skal það námstímabil vera í Reykjavík.
2. námstímabil stendur frá 14. maí til 1. október. Skal það vera í sveit.
3. námstímabil stendur frá 1. október til 1. júní. Skal það vera í Reykjavík.

## 7. gr.

Á 1. námstímabili skal námið vera bæði verklegt og bóklegt. Skal þá kenna þessar námsgreinar: Matreiðslu, bökun, þvotta, efnafræði, næringarefnafræði, grasafraði, reikning, heilsufraði, vöruþekkingu.

## 8. gr.

Skipta skal kennslustundum á milli námsgreina á 1. námstímabili sem hér segir:

Verklegt nám .....	26	stundir á viku.
Efnafræði .....	2	— — —
Næringarefnafræði .....	3	— — —

Grasafraði .....	3	stundir	á	vikunum
Reikningur .....	2	—	—	—
Heilsufraði .....	2	—	—	—
Vöruþekking .....	1	—	—	—
Búreikningar .....	1	—	—	—

47

11. maí

Alls 40 stundir á viku.

## 9. gr.

Á öðru námstímabili er aðeins verklegt nám. Skulu eftirfarandi námsgreinar kenndar: Garðrækt, grasafraði, hirðing alifugla og svína, mjólkurmeðferð og mjólkurfræði, matreiðsla garðávaxta og berja, meðferð sláturfjárafurða, hibýlaumgengni og þvottur.

## 10. gr.

Á þriðja námstímabili skal námið vera bæði verklegt og bóklegt. Skulu þessar námsgreinar kenndar: Sýningarkennsla, kennsluæfingar, hjálp í viðlögum, uppeldisfræði, næringarefnafræði, eðlisfræði, efnafræði, heilsufraði, búreikningar, íslenska, hibýlaumgengni og meðferð ungbarna, enn fremur saga húsmæðrafræðslu, sem þó ekki er krafizt til prófs. Á því námstímabili skulu nemendum sýndar stofnanir, er fást við framleiðslu eða rannsókn matvæla, eftir því sem tók eru á.

## 11. gr.

Skipta skal kennslustundum á 3. námstímabili á milli kennslugreina sem hér segir:

Verklegt nám og æfingakennsla .....	12	stundir	á	vikunum
Uppeldisfræði .....	5	—	—	—
Næringarefnafræði .....	2	—	—	—
Eðlisfræði .....	3	—	—	—
Efnafræði .....	4	—	—	—
Heilsufraði .....	3	—	—	—
Búreikningar .....	3	—	—	—
Íslenska .....	2	—	—	—

Alls 34 stundir á viku.

Forstöðukonan getur fjölgað stundunum þannig að þær verði allt að 42 á viku, ef hún telur það nauðsynlegt.

## 12. gr.

Í skólaeldhúskennaradeild skulu eftirfarandi námsgreinar kenndar: Matreiðsla, ræsting, þvottur, hjálp í viðlögum, næringarefnafræði, heilsufraði, eðlisfræði, efnafræði, vöruþekking, uppeldisfræði, reikningshald og kennsluæfingar.

## 13. gr.

Skipta skal kennslustundum á milli námsgreina sem hér segir:

Verklegt nám og æfingakennsla .....	26	stundir	á	vikunum
Næringarefnafræði .....	3	—	—	—
Heilsufraði .....	2	—	—	—
Efnafræði .....	4	—	—	—
Uppeldisfræði .....	1	—	—	—
Hjálp í viðlögum .....	1	—	—	—
Eðlisfræði .....	3	—	—	—
Vöruþekking .....	2	—	—	—
Búreikningar .....	2	—	—	—

Alls 44 stundir á viku.

47

11. maí

## IV. KAFLI

14. gr.

Í húsmæðrakennaradeildinni skal halda próf í lok hvers námstímabils, samkvæmt því sem segir í 15. og 16. gr. Í skólaeldhúskennaradeildinni skal tekið kennarapróf við lok námstímans.

15. gr.

Kennarapróf í húsmæðrakennaradeild fer fram í þrennu lagi:

Fyrsti hluti við lok 1. námstímabils.

Annar — — — 2. —

Þriðji — — — 3. —

16. gr.

A.

Til fyrsta hlutans teljast þessar námsgreinar:

Verklegt:

1. Matartilbúningur.

2. Bökun.

Bóklegt:

1. Vöruþekking.

2. Reikningur.

B.

Til annars hlutans teljast þessar námsgreinar:

Verklegt:

1. Garðrækt.

2. Mjaltir og meðferð mjólkur.

3. Niðursuða.

C.

Til þriðja hlutans teljast þessar námsgreinar:

Verklegt:

1. Kennsluæfingar (sýningarkennsla, verkleg kennsla).

2. Hjálp í viðlögum.

3. Meðferð ungbarna.

4. Híbýlaumgengi.

Bóklegt:

1. Uppeldisfræði.

2. Næringarefnafræði.

3. Eðlisfræði.

4. Efnafræði.

5. Heilsufræði.

6. Búreikningar.

7. Grasafræði.

8. Íslenzka.

17. gr.

Í skólaeldhúskennaradeildinni skal próf tekið í þessum námsgreinum:

Verklegt:

1. Matreiðsla.

2. Ræsting og þvottur.

3. Hjálp í viðlögum.
4. Kennsluæfingar.

47

11. maí

## Bóklegt:

1. Næringarefnafræði.
2. Heilsufræði.
3. Eðlisfræði.
4. Efnafræði.
5. Vöruþekking.
6. Uppeldisfræði.
7. Búreikningar.

Í bóklegum greinum skulu prófin vera annaðhvort munnleg eða skrifleg eða hvort tveggja, eftir ákvörðun forstöðukonu, að fengnum tillögum kennara.

## 18. gr.

Kennarar skólans prófa, en ráðuneytið skipar prófdómara, einn við próf í hverri námsgrein, er dæma með þeim um frammistöðu nemenda við kennaraprófið.

## 19. gr.

Kennarar skulu, í lok hvers námstímabils, gefa nemendum einkunn í sínum greinum. Við prófið gefa prófdómari og kennari sína einkunnina hvor. Fullnaðarprófseinkunnin verður meðaltal þessara einkunna.

## 20. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10. Aðaleinkunn skal finna með því að taka meðaltal af einkunnum allra námsgreina.

## 21. gr.

Til þess að standast kennarapróf, hvort sem er í húsmæðrakennaradeild eða skólaeldhúskennaradeild, þarf meðaleinkunnina 5. Í matartilbúningi og kennsluæfingum verða nemendur að hafa minnst 7.

## 22. gr.

Hver sá nemandi, sem staðizt hefur kennarapróf, skal fá skirteini, er sýni aðaleinkunn hans og fullnaðareinkunn í hverri grein.

## V. KAFLI

### Um kennara.

## 23. gr.

Við skólann skal, auk forstöðukonu, vera ein fóst kennslukona. Stundakennara ræður forstöðukonan eftir þörfum, og skulu þeir jafnan hafa sérþekkingu í þeim greinum, sem þeir eiga að kenna.

## 24. gr.

Forstöðukonan hefur á hendi stjórn skólans og kennir verkleg störf. Enn fremur hefur forstöðukonan eftirlit með kennslu og nemendum í skólanum, svo og munum skólans og áhöldum. Hin fasta kennslukona skal, auk venjulegra kennslustarfa, vera forstöðukonunni til aðstoðar við störf hennar, að svo miklu leyti sem forstöðukonan óskar þess.

47

11. maí

25. gr.  
Forstöðukonan skal sjá um, að í skólanum séu haldnar þessar bækur, og reglulega í þær ritað: Prófbók, bréfabók, áhaldabók, fundabók og námskeiðabók.

26. gr.

Ráðuneytið skipar forstöðukonu og hina föstu kennslukonu. Forstöðukona skal hafa kennararéttindi í húsmæðrafræðslu. Hin fasta kennslukona skal auk góðrar almennrar menntunar hafa notið sérstakrar menntunar í húsmæðrafræðslu, og skal umsagnar forstöðukonu leitað um umsækjendur áður en kennslukonan er skipuð.

Ef brýn nauðsyn ber til, getur ráðherra veitt undanþágu að því er snertir kröfur þær, sem hér eru gerðar til hinnar föstu kennslukonu.

## VI. KAFLI

### Um nemendur skólans.

27. gr.

Nemendur, sem ekki geta sótt skólann sakir sjúkleika eða annarra gildra ástæðna, eiga að senda forstöðukonu tilkynningu um það, og grennslast hún þá eftir ástæðum, ef henni þykir þess þörf, og getur forstöðukona krafizt þess, að nemandi leggi fram vottorð frá lækni, sem hún til tekur.

28. gr.

Valdi nemandi skemmdum á áhöldum eða munum skólans, skal hann bæta það fullum bótum.

29. gr.

Ef nemandi hegðar sér ósæmilega, sýnir megna vanrækslu eða vist hans í skólanum er vansæmandi fyrir skólann eða hann er svo heilsulítill að hann getur ekki stundað nám sitt, getur forstöðukonan vikið honum úr skóla. Þó getur nemandi skotið máli sínu til kennslumálaráðherra.

## VII. KAFLI

### Um skólaleyfi.

30. gr.

Þessi skulu vera leyfi:

1. Fyrsti desember.
2. Jólaleyfi, er nær frá 22. degi desember til 5. dags janúarmánaðar, að báðum dögum meðtöldum.
3. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
4. Sumardagurinn fyrsti.
5. Sumarleyfi 14 dagar, eftir ákvörðun forstöðukonu.

Forstöðukonan getur gefið frí heilan dag eða hluta úr degi, eftir ástæðum.

## VIII. KAFLI

### Um skólagjöld.

31. gr.

Nemendur greiða ákveðið námsgjald, er gengur til kaupa á matvælum og öðru efni, er nota þarf við verklegt nám og kennsluæfingar. Gjald þetta skal ákveðið

af forstöðukonu í byrjun hvers námstímabils. Við ákvörðun þess skal tillit tekið 47 til verðlags á þeim tíma. Forstöðukonan ákveður um greiðslu þessa gjalds. Annað 11. maí skólagjald greiða nemendur ekki.

IX. KAFLI  
Um húsmæðranámskeið.

32. gr.

Í sambandi við skólann er heimilt að halda húsmæðranámskeið. Forstöðukona skólans stýrir þeim og ræður tilhögun þeirra í samráði við kennara skólans.

Á þessum námskeiðum skal láta kennslukonuefnin kenna, eftir því sem tók eru á.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1942.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 11. maí 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**AUGLÝSING**

48

20. maí

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í i-lið 14. greinar laga frá 20. maí 1942 um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1942:

**Utan Reykjavíkur:**

Skattskrár skulu lagðar fram fyrir 5. júní þ. á. og skulu þær liggja til sýnis til 10. júní þ. á. á lögákveðnum stað.

Kærufrestur til undirskattanefnda skal vera til 10. júní þ. á.

Úrskurðir undirskattanefnda um kærur skulu felldar fyrir 15. júní þ. á.

Kærufrestur til yfirskattanefndar skal vera til 1. júlí þ. á.

Úrskurðir yfirskattanefndar skulu felldir fyrir 8. júlí þ. á.

Yfirskattanefndir skulu hafa lokið störfum sínum fyrir 8. júlí þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 20. maí 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*



49

26. maí

## AUGLÝSING

um alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 5. júlí n. k.,  
framlagningu kjörskráa og fresti.

Samkvæmt 2. grein laga nr. 8 22. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 18 25. janúar 1934, um kosningar til Alþingis, er hér með mælt svo fyrir, að auglýsingarfrestur sá, er getur í 2. mgr. 19. greinar nefndra laga, um kosningar til Alþingis, skuli falla niður.

Samkvæmt heimild í 23. gr. kosningalaganna, er enn fremur frestur sá, er getur í 1. mgr. 19. greinar, stytur þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 5 vikum fyrir kjördag.

Loks styttist tími sá, sem kjörskrár eiga að liggja frammi, þannig, að hann verður tvær vikur, sbr. 3. mgr. 19. greinar kosningalaganna.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*

50

8. júní

## BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðastjóra.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 20 kr. árlegt gjald til lögreglustjóra, þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár sem bifreiðaskatturinn.

Hafi bifreið eða bifhjól aðeins verið skrásett hluta úr gjaldárinu, þá skal gjaldið þeim mun lægra, að það verði kr. 5.00 fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

2. gr.

Fyrir próf bifreiðastjóra greiði umsækjandi kr. 25.00.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 8. júní 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*


**Bréf fjármálaráðuneytisins til bæjarstjórans í Hafnarfirði, um skatt af söluágóða af hlutabréfum, sem afhent hafa verið upp í arf.** 51  
20. febr.

Með bréfi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 7. þ. m., er óskað úrskurðar ráðuneytisins um skattgreiðslu af söluágóða af hlutabréfum, sem afhent höfðu verið sem fyrirframgreiðsla upp í arf.

Samkvæmt e-lið 7. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 2. gr. laga nr. 131 1935, skal greiða tekjuskatt af söluágóða af fasteign, ef hún hefur verið í eigu skattgjaldanda skemur en 5 ár, en af lausafé, ef það hefur verið í eigu hans skemur en 3 ár.

Hins vegar telst ekki til skattskyldra tekna, samkv. 9. gr. laga nr. 6 1935, eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf o. s. frv., en hér er átt við eignaraukann við arftökuna sjálfa, en ekki eignaraukann eftir að hún átti sér stað og skiptir 9. gr. því ekki máli í þessu sambandi. Mismun á þeirri fjárhæð, sem hlutabréfin voru metin til erfðafjárskatts og söluverði bréfanna, ef það er hærra, virðist eftir skýlausum ákvæðum laganna nr. 131 1935, bera að telja til skattskyldra tekna, ef arftaki hefur átt þau skemur en 3 ár.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 16. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um bannsvæði brezku herstjórnarinnar fyrir mynni Seyðisfjarðar.** 52  
8. apríl



- 52 Brezka herstjórnin hefur talið nauðsynlegt að banna allar veiðar og akkerislegur skipa fyrir mynni Seyðisfjarðar, á svæði, sem takmarkast á eftirfarandi hátt:

I. (Sjókort nr. 3330.)

(a) Austurmörk: Bein lína, 7,25 sjómíliur í 351° stefnu frá Dalatangavita, og þaðan bein lína í 270° stefnu í skerið við Álftanes.

(b) Vesturtakmörk: Tvær beinar línur, sem báðar eru dregnar í land frá stað, sem er 0,95 sjómíliur í 112° stefnu frá Brimnesvita. Önnur línan er dregin í 011½° stefnu, hin í 112° stefnu.

(Sjókort nr. 2979.) Ofangreind austurtakmörk bannsvæðisins skal draga á kortið, og orðin „Anchoring and fishing prohibited“ skal marka á svæðið vestan þessarar línu og austan Brimnesvita.

- II. Á sjókort nr. 3330 og meðfylgjandi sérkort af Seyðisfirði, skal fyrir norðan sæsímalínuna, milli ofangreinds bannsvæðis og bannsvæðisins við Vestdalseyri, marka orðin „Anchoring and fishing prohibited north of cable“.

(Sjá „Admiralty Notice to Mariners“, hinn 26. nóv. 1941.)

53  
13. apríl

### Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 16. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um að aflétt sé banni brezku herstjórnarinnar um umferð í Eiðisvík.

Tilkynning frá ríkisstjórninni, dags. 4. apríl 1941 og birt er í 19. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1941, um lokun á mestum hluta Eiðisvíkur fyrir allri umferð, afturkallast hér með.

54  
14. apríl

### Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 16. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um bannsvæði brezku herstjórnarinnar í Skerjafirði.

Brezku hernaðaryfirvöldin hafa talið nauðsynlegt að lýsa Skerjafjörð bannsvæði austan línu, sem hugsast dregin milli sjómerkisins í Suðurnesi og sjómerkisins á Eyri á Álftanesi.

Öllum fiskiskipum og öðrum bátum og skipum er því bönnuð umferð og dvöl á þessu svæði. Í dagsbirtu er fiskibátum þó heimilt að fara beina leið út á fiskimið utan bannsvæðisins frá útgerðarstað og heim aftur.

55  
8. maí

### Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnessýslu, um flutning þingstaðar í Laugarvatnshreppi.

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, og samþykkt hreppsnefndarinnar í Laugardalshreppi í Árnessýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Laugardalshólum að Laugarvatni, enda annist hreppsnefndin að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnaði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari hirtingar.

**Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og 56**  
**Kjósarsýslu, um þingstað í Njarðvíkurhreppi. 8. júní**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 29. f. m., og ósk hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að Njarðvíkurhreppur verði framvegis sérstök dómþinghá með þingstað að Bjargi í Ytri-Njarðvík, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð síra Arnórs Árna- 57  
sonar og Ragnheiðar Eggertsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- 7. apríl  
og kirkjumálaráðherra 7. apríl 1942.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð síra Arnórs Árnasonar og Ragnheiðar Eggertsdóttur.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Arnórs Árnasonar og Ragnheiðar Eggertsdóttur.

### 2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 1938 fyrir forgöngu Kvenfélags Skefilsstaðahrepps, með gjöfum frá félagskonum og söfnuðunum í Hvammsprestakalli í Skagafirði, til minningar um prestshjónin Arnór Árnason og Ragnheiði Eggertsdóttur, síðast að Hvammi í Laxárdal.

Stofnfé sjóðsins er nú, við árslok 1941, kr. 1253.49.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir lagðir við höfuðstól.
- b. Gjafir og áheit, sem honum kunna að hlotnast.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga í Skefilsstaðahreppi, sem ekki eru á sveit, einkum þá, sem þurfa að leita sér lækninga út úr héraðinu.

### 5. gr.

Ekki kemur til úthlutunar úr sjóðnum fyrr en hann er orðinn 3000 krónur, þó má úthluta allt að  $\frac{3}{4}$  hluta ársvaxtanna, en afgangurinn leggst við höfuðstól, þar til hann hefur náð 10000 krónum. Úr því má úthluta  $\frac{1}{10}$  ársvaxtanna, en  $\frac{1}{10}$  hluti þeirra leggst ávallt við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

57

7. apríl

Fé sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Sparisjóði Sauðárkróks, eða annarri jafntryggri lánsstofnun, ásamt þeim hluta árlegra vaxta, er ekki ganga til úthlutunar. Verði eitthvert ár ekki úthlutað úr sjóðnum, leggjast allir vextir hans við höfuðstól.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn.

Sjálfkjörnir í stjórnina eru: Þjónandi prestur í Hvammsprestakalli og hreppstjóri Skefilsstaðahrepps, en 1 kosinn af Kvenfélagi Skefilsstaðahrepps. Gildir kosning hans til 5 ára.

8. gr.

Stjórnarnefnd annast styrkveitingar úr sjóðnum og annað honum viðkomandi. Hún heldur gerðabók, er hún ritar í styrkveitingar og aðrar framkvæmdir sínar í þágu sjóðsins. Hún gerir jafnaðarreikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins ár hvert, og sendir sýslunefnd Skagafjarðarsýslu þá til athugunar og samþykktar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari, og má henni ekki breyta, nema öll stjórnarnefndin leggi það til og Kvenfélag Skefilsstaðahrepps ásamt almennum sveitarfundi sama hrepps, samþykki breytinguna, verður þá og að leita staðfestingar á henni. En þó má aldrei skerða höfuðstól þann, sem þá er til, og aldrei láta koma til úthlutunar meira en 10% vaxta af höfuðstólnum.

Hætti Kvenfélag Skefilsstaðahrepps að vera til, tekur hreppsnefnd sama hrepps að sér hlutverk þess gagnvart sjóðnum.

Fyrir hönd stofnenda sjóðsins.

Hrauni, 18. des. 1941.

Helgi Konráðsson,  
prestur.

Steinn L. Sveinsson,  
hreppstjóri.

58

7. apríl Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Ekknasjóð Akraness“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. apríl 1942. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ekknasjóð Akraness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Ekknasjóður Akraness, og er stofnaður af Ásbirni Ólafssyni snikkara, Þingholtsstræti 22, Reykjavík, á átræðisafmæli hans hinn 15. október 1940, til minningar um foreldra hans, hjónin Ólaf Magnússon og Málfríði Ásbjörnsdóttur, sem kennd voru við Litlu-Brekku á Akranesi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf stofnandans að upphæð 1000 — eitt þúsund — krónur á stofndegi, hinn 15. okt. 1940. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheiti, er honum kunna að áskotnast.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitlar ekkjur í Akraneskaupþúni af vöxtum sjóðsins, og skal styrkjum úthlutað á stofndegri hans, hinn 15. október ár hvert.

58

7. apríl

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn: Lögreglustjóri, sóknarprestur, barnaskólastjóri, héraðslæknir og elzta lögskipuð starfandi ljósmóðir Akraneskaupþúns. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

## 5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, með þeim skilyrðum að helmingur vaxta greiðist sjóðstjórninni árlega til úthlutunar, en hinn helmingurinn leggist við höfuðstól, auk gjafa og áheita, sem sjóðnum áskotnast.

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal árlega senda reikning hans nefnd þeirri eða stofnun, er hefur eftirlit með varðveizlu opinberra sjóða.

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps getur og kosið tvo endurskoðendur sjóðsins.

## 7. gr.

Þegar útborguð vaxtaupphæð leyfir og „Ekknasjóður drukknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu“ fær að mestu leyst af hendi það hlutverk, sem sjóðnum er ætlað, er stjórn sjóðsins heimilt, að áskildu samþykki hreppsnefndar og stjórnar fyrrnefnds sjóðs, að verja nokkru af greiddum vöxtum til þess að veita móturlausum eða fátækum börnum í kaupþúinu styrk til uppeldis eða menningar, og skulu þá börn þeirra ekkna, er áður hafa notið styrks úr sjóðnum, ganga fyrir að öðru jöfnu.

## 8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

um bráðabirgðabreyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað 1. apr. 1936.

59

10. apríl

Hafnsögugjald samkvæmt 33. gr. hafnarreglugerðarinnar innheimtist með viðbót, er nemi 60 af hundraði, meðan dýrtíðarástand það helzt, sem nú er og þangað til annað kann að verða ákveðið.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 88 3. maí 1935, um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað, sbr. lög nr. 34 19. júní 1922, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. apríl 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

*Gunnl. E. Briem.*

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar 9. marz 1940.

III. kafli rafveitugjaldskrárinnar orðist sem hér segir:

## III. Heimtaugargjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við 75% af brunabótamati á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

	75% af brunabótamati	Heimtaugargjöld	
		Jarðlína	Loftlína
1. ....	0— 5000 kr.	150 kr.	85 kr.
2. ....	5000— 10000 —	190 —	115 —
3. ....	10000— 12500 —	225 —	140 —
4. ....	12500— 15000 —	255 —	165 —
5. ....	15000— 17500 —	280 —	185 —
6. ....	17500— 20000 —	300 —	210 —
7. ....	20000— 25000 —	350 —	255 —
8. ....	25000— 30000 —	390 —	300 —
9. ....	30000— 40000 —	440 —	325 —
10. ....	40000— 50000 —	490 —	350 —
11. ....	50000— 60000 —	530 —	375 —
12. ....	60000— 70000 —	550 —	395 —
13. ....	70000— 80000 —	570 —	415 —
14. ....	80000— 90000 —	585 —	435 —
15. ....	90000— 100000 —	600 —	450 —
16. ....	100000— 125000 —	625 —	475 —
17. ....	125000— 150000 —	650 —	500 —
18. ....	150000— 200000 —	700 —	525 —
19. ....	yfir 200000 —	750 —	550 —

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m eða loftlínuheimtaugar meiri en 40 m, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugargjald er fallið í gjalddaga, þegar er lokið er lagningu heimtaugar.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## REGLUGERÐ

61

14. apríl

### um lánadeild Búnaðarbanka Íslands fyrir smábýli.

#### 1. gr.

Hlutverk smábýladeildar er að veita lán til smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún og annars staðar þar, sem lífvænleg skilyrði eru fyrir hendi til reksturs smábýlabúskapar.

#### 2. gr.

Ræktunarland það, er fylgir hverju býli, skal vera að minnsta kosti einn hektari af ræktuðu eða auðræktanlegu landi. Þó er lánveiting heimil í einstökum tilfellum, þótt land það, er býlinu tilheyrir, sé ekki stærra en hálfur hektari, enda sé þá sannað fyrir stjórn smábýladeildar, að lántakandi hafi þrátt fyrir það verulegan stuðning af landbúnaði.

#### 3. gr.

Tryggingar fyrir lánnum úr deild þessari skulu vera fasteignaveð eingöngu.

#### 4. gr.

Lán til hvers býlis má nema allt að 60% af fasteignamati lands og húsa. Þó má hámark lánsupphæðar ekki fara fram úr 6 þús. krónum til hvers býlis. Láns-tími má vera allt að 40 árum, þegar um vandað steinhús er að ræða, og allt að 25 árum, ef um vandað timburhús er að ræða. Sé um lán til annarra mannvirkja að ræða, er lánhæf teljast, ákveður stjórn deildarinnar lánstímann í hverju tilfelli.

#### 5. gr.

Að jafnaði má eigi lána nema gegn fyrsta veðrétti. Þó er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að taka síðari veðrétti, ef opinberar lánsstofnanir eða sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan 60% fasteignamatsverðs.

#### 6. gr.

Af lánnum úr smábýladeild skal greiða í vexti 4½% á ári, þar til öðruvisi kann að verða ákveðið af stjórn Búnaðarbanka Íslands.

#### 7. gr.

Starfsfé deildarinnar er framlag rikissjóðs og lánsfé það, er útvegað verður samkvæmt 41. og 42. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands, frá 7. nóvember 1941.

#### 8. gr.

Gjalddagi vaxta og afborgana af lánnum úr smábýladeild skal vera 15. nóvember ár hvert, og greiðist í einu lagi með jafnri fjárhæð (árgjaldi) á hverjum gjalddaga.

#### 9. gr.

Hver lántakandi skal greiða til varasjóðs lántökugjald, 1% af lánsupphæð sinni, um leið og lánið er tekið.

#### 10. gr.

Um greiðslu dráttarvaxta og annars kostnaðar, ef lán lendir í vanskilum, svo og um reikning vaxta, ef lán er veitt á öðrum tíma en almennum gjalddaga þeim, sem ákveðinn er í 7. gr., fer eftir sömu reglum og gilda í því efni um lán úr Ræktunarsjóði.



61

14. apríl

11. gr.  
Stjórn deildarinnar er heimilt að láta skoðun og nýja virðingu fram fara á veðsettum eignum svo oft er henni þurfa þykir, á kostnað lántakanda. Það skal vera skilyrði fyrir lánum til bygginga, að Teiknistofa landbúnaðarins geri eða samþykki uppdrætti að húsum.

12. gr.

- Pegar lán er veitt, skal lántakandi leggja fram þessi skjöl:
- Veðbókarvottorð.
  - Virðingargerð á þeim eignum, er veðsetja skal.
  - Umboð og veðleyfi, ef svo stendur á, að þess þurfi.

13. gr.

Ef eigandaskipti verða á veðsettu býli, er skylt að tilkynna það stjórn smábýladeildarinnar þegar í stað.

Við eigandaskipti er heimilt að krefjast endurgreiðslu lánsins að öllu eða nokkru leyti.

Ef einhver hefur keypt smábýli með áhvilandi láni í smábýladeild, skal hann þegar, að fengnu leyfi stjórnar deildarinnar, sanna eignarrétt sinn fyrir bankanum og taka lánið að sér.

14. gr.

Stjórn smábýladeildar leggur hverja lánbeiðni fyrir Búnaðarfélag Íslands eða trúnaðarmann þess til ýtarlegrar umsagnar og álits, áður lán er veitt.

15. gr.

Pegar lán er komið í gjalddaga, hefur deildin heimild til þess að ganga að veðinu, eftir þeim reglum, er gilda um eignir, sem veðsettar eru bankanum.

16. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, er verða kann samkvæmt árlegum reikningum deildarinnar.

17. gr.

Skyldir skulu allir embættismenn og sýslunarmenn til þess að aðstoða stjórn smábýladeildar, á sama hátt og fyrir er mælt um aðrar lánadeildir Búnaðarbanka Íslands.

18. gr.

Endurskoðunarmenn Búnaðarbankans skulu hafa á hendi endurskoðun deildarinnar.

19. gr.

Sérstakan reikning skal halda um smábýladeildina, jafnframt því, sem hún skal talin með í aðalreikningi bankans.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um Búnaðarbanka Íslands, nr. 115 7. nóv. 1941, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. apríl 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

---

*Gunnl. E. Briem.*

## REGLUGERÐ

62

15. apríl

### um skemmtanaskatt í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu.

#### 1. gr.

Samkv. lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatta af skemmtunum fyrir almenning, öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Miklaholtshreppi og aðgangur er seldur að, og ekki eru undanþegnar skatti með lögum.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

##### 1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappléikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.

##### 2. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér.

#### 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrra flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd Miklaholtshrepps hefur eftirlit með því að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann, er nefnist eftirlitsmaður skemmtana.

#### 5. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Eigi síðar en þrem dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkv. 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

#### 6. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

#### 7. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna til barnaskólasjóðs hreppsins. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

62

8. gr.

15. apríl

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum. Sé brotinu þannig háttað að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin, sem svarar að minnsta kosti tíföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 krónur. Mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1942.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

63

16. apríl

**Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Rannveigarsjóð“,** útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 16. apríl 1942.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannveigarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Rannveigarsjóður og er stofnaður til minningar um foreldra mín undirritaðs, Jóns Kristóferssonar skipstjóra í Reykjavík, þau Rannveigu Jónsdóttur og Kristófer Þorvarðarson, sem bjuggu á Breiðabólstað á Síðu allan sinn búskap.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur, sem er gjöf frá okkur undirrituðum hjónum, Þórunni Guðmundsdóttur og Jóni Kristóferssyni, Ránargötu 22 í Reykjavík. Hefur fjárhæð þessi þegar verið lögð á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands undir nafninu „Rannveigarsjóður“. Skal hún ávöxtuð þar meðan þess er kostur, en ella á þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur hagkvæmast og öruggast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja að skógrækt í Kirkjubæjar- og Hörgslandshreppum í Vestur-Skaftafellssýslu með því, að veita verðlaun til þeirra manna í hreppum þessum, sem skara fram úr í ræktun trjá- og skrudgarða.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Skal sýslumaðurinn í Skaftafellssýslum vera formaður nefndarinnar, en oddvitar Kirkjubæjar- og Hörgslandshreppa meðstjórnendur, ef þeir vilja svo vel gera. Vilji einhver þessara manna ekki taka það starf að sér, felum við sýslumanninum í Skaftafellssýslu að kveðja til þess aðra hæfa menn, sem fánlegir eru til að taka það að sér.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Árlega skal helmingur vaxta lagður við höfuðstólinn og ávaxtaður með honum. Hinum helmingnum skal varið til verðlauna samkvæmt því, sem segir í 3. gr. Verðlaun skulu fyrst veitt á árinu 1943 og síðan á ári hverju, ef nokkur þykir verðlauna hæfur á starfssvæði sjóðsins.

Að jafnaði skulu veitt ein verðlaun á ári hverju, en þó má skipta verðlaununum 63 í tvennt ef ástæða þykir til.

16. apríl

Eigi má veita sama manni verðlaun oftár en á 10 ára fresti.

Þyki sjóðstjórninni enginn í ofangreindum hreppum verðlaunahæfur, þegar útluta skal, ber að leggja alla vextina frá fyrra ári við höfuðstólinn. Sé félag fyrir hendi í hreppum þessum, sem hafi sama markmið og þessi sjóður, má sjóðstjórnin þó ákveða að sá hluti vaxtanna, sem borið hefði að nota til verðlauna, renni til þess.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir á þann hátt, sem henni þykir henta, eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum og úthlutar síðan styrknum í samræmi við það, sem að framan greinir.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal stjórnin hafa samið reikning hans fyrir liðið ár og skal hann síðan endurskoðaður af tveimur þar til hæfum mönnum, og kjósa hreppsnefndir ofangreindra hreppa sinn manninn hvor. Að lokinni endurskoðun, sér stjórnin um að hann sé birtur almenn- ingi í hlutaðeigandi hreppum.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og skal rita í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir og skrá yfir umsóknir og styrkveitingar úr sjóðnum. Svo skal og skrá þar eign- og rekstursreikning sjóðsins ár hvert.

## 9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari. Við áskiljum okkur að mega gera minni háttar breytingar á henni síðar, þó svo, að tilgangur sjóðsins hald- ist óbreyttur, enda skal einnig leita konungsstaðfestingar á slíkum breytingum.

Reykjavík, 14. apríl 1942.

Þórunn Guðmundsdóttir. Jón Kristófersson.

## AUGLÝSING

um lækkuð aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri.

64

16. apríl

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá deginum í dag að telja til ársloka 1942 verðtoll af:

Baunum, ertum, linsum, hveiti, rúg, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru, mjöli: úr hveiti, úr rúg, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming um sama tíma aðflutningsgjöld af:

Sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þessa hefur verið ákveðið, að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri um sama tíma.

Lækkanir þessar á aðflutningsgjöldunum koma fyrst til greina á vörum þeim, sem fluttar eru inn frá og með 16. apríl þ. á. að telja, en ekki þeim, sem fluttar voru inn fyrir 16. apríl, þótt ótollafgreiddar séu.

Fjármálaráðuneytið, 16. apríl 1942.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.

65

22. apríl

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkahreppi, nr. 142  
8. ágúst 1939.

1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Almenna helgidaga og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir  
vera opnar.

Sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúir lokaðar  
kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber ekki upp á helgan dag.

2. gr.

Breyting þessi öðlist gildi þegar í stað.

Samþykktarbreyting þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, sam-  
kvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öll-  
um þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

66

22. apríl

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkauptúns,  
nr. 45 10. júní 1938.

1. gr. II. flokkur, 2. málsgrein gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir vatnssalerni greiðist .....	kr. 2.00	árlega
— hvern nautgrip greiðist .....	— 5.00	—
— — hest greiðist .....	— 2.50	—
— hverja sauðkind greiðist .....	— 0.25	—

Þó skal vatnsskattur aldrei vera lægri en 10 krónur af hverju gripahúsi.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1923, til þess  
að öðlast gildi 1. maí 1942, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að  
máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1942.*

Jakob Möller.

Páll Pálmason.

## SAMÞYKKT

67

22. apríl

### um lokunartíma sölubúða í Selfosskauptúni í Árnessýslu.

#### 1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum í Selfosskauptúni skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

#### 2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað kl. 6 síðdegis, og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 7 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Á tímabilinu frá 1. júní til 1. september skal sölustöðum og sölubúðum lokað alla laugardaga kl. 5 síðdegis. Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir páska og hvítasunnu skal loka kl. 5 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 11 síðdegis.

#### 3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar og fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. Sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta desember mega sölubúðir vera opnar til kl. 12 á hádegi.

#### 4. gr.

Brauð- og mjólkursölubúðir skulu vera opnar sem hér segir:

Alla virka daga frá kl. 8 árdegis til kl. 8 síðdegis. Alla sunnudaga, annan jóladag, annan páskadag, annan í hvítasunnu, skirdag og uppstigningardag frá kl. 8 árdegis til kl. 6 síðdegis. Jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag frá kl. 9 árd. til kl. 11 árd. Sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, 1. mánudag í ágúst og 1. desember frá kl. 8 árd. til kl. 4 síðdegis.

#### 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum úti eða torgum, eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja eftir lokunartíma sölubúða og á helgidögum benzin og oliur til bifreiða.

#### 6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúðir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða, svo og vörupantanir, sem fyrir liggja og sendast eiga frá verzlunum árla næsta dags.

#### 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

#### 8. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 kr. og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

- 67  
22. apríl Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkaahrepps, samkvæmt lög-  
um nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til  
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

- 68  
30. apríl

## AUGLÝSING

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa  
og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði, til þess að fá fyrstu og  
síðustu afgreiðslu hér á landi.

Undanþága sú, sem færeyskum og íslenskum skipum var veitt með auglýsingum  
19. janúar og 3. febrúar þ. á., til þess að mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu á Horna-  
firði, hefur verið framlengd til maíloka þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

- 69  
7. maí

## SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og  
kaupþúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar gert  
eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á  
kaupstaðarlóðinni:

1. Edinborg með lóðum og mannvirkjum, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
2. Norðurtanginn, lóð og bryggja, eign Hálfðáns Hálfðánssonar.
3. Miðkaupstaðareignin, Sundamegin, eign Guðmundar Björnssonar.
4. Aðalstræti nr. 8, lóðin, eign Magnúsar Kárasonar og Stefáns Richter.
5. Aðalstræti nr. 11, lóðin, eign Jónu Hálfðánardóttur og Stigs Guðjónssonar.
6. Aðalstræti nr. 13 og 15, lóðin, eign Hallgríms Péturssonarð Valdimars Þorvarðs-  
sonar, Ólafs Magnússonar o. fl.
7. Aðalstræti nr. 20, lóðin, eign frú Ásu Grímsson.
8. Hafnarstræti nr. 11, lóðin, eign Gísla Indriðasonar og Arngríms Fr. Bjarnasonar.
9. Lóð Guðjóns L. Jónssonar við Hafnarstræti, svo nefnt Félagshús bænda.
10. Hafnarstræti nr. 1, lóðin, eign Elíasar J. Pálssonar.
11. Hafnarstræti nr. 3, lóðin, eign Finnbjarnar Finnbjörnssonar.

12. Lóðin undir búð Soffiu Jóhannsdóttur, eign Óla Ketilssonar.
13. Silfurgata nr. 2, lóðin, eign Karls Olgeirssonar.
14. Silfurgata nr. 4, lóðin, eign Jóns I. Magnússonar.
15. Silfurgata nr. 6, lóðin, eign Sigríðar Guðmundsdóttur.
16. Silfurgata nr. 8, lóðin, eign Kristjáns Jónssonar.
17. Silfurgata nr. 8 a, lóðin, eign Sigurðar Ásgeirssonar.
18. Silfurgata nr. 12, lóðin, eign Sigríðar Ísaksdóttur o. fl.
19. Silfurgata nr. 12 a, lóðin, eign Valgerðar Hafliðadóttur.
20. Silfurgata nr. 14, lóðin, eign Eyjólfssonar.
21. Lóð Jóns Þorbergssonar o. fl. við Skipagötu.
22. Lóð Ástmars Benediktssonar við Sundstræti.
23. Lóð Guðmundar Björnssonar milli Skipagötu og Sundstrætis.
24. Lóð Skúla Þóðarsonar og Júlíusar Guðmundssonar, fyrrverandi eign Andreu Filippusdóttur, við Sundstræti.
25. Lóð Ágústs Péturssonar við Sundstræti og Skipagötu.
26. Lóð Sigurgeirs Sigurðssonar við Sundstræti og Skipagötu.
27. Lóð Guðmundar Pálssonar, Skipagötu 14.
28. Lóð Benedikts Egilssonar og Jónínu Egilsdóttur, Skipagötu 12.
29. Lóð Ragnars Guðjónssonar o. fl., Aðalstræti 12.
30. Lóð Óla og Ágústs Péturssonar undir svo nefndum Ásgeirshjalli.
31. Eignarlóð h/f Fiskimjöl á Torfnesi.

69

7. maí

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. maí 1942.*

**Jakob Möller.**

Páll Pálmason.

## REGLUGERÐ

um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

70

9. maí

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

1. gr.

Ríkið hefur einkarétt á:

1. að stofna og reka hvers konar fjarskiptavirki á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi,
2. að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp fjarskiptavirki eða hluta þeirra.

2. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í 1. gr. getur, og hefur eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum, reglugerðum og fyrirmælum um fjarskiptamál sé fylgt, þar á meðal gildandi fyrirmælum til öryggis mannlífa á sjó, að því er snertir radiotæki í íslenskum skipum og rekstur þeirra. Þó er undanskilin framkvæmd þeirra mála,



70 sem ríkisútvarpinu, vitamálastjórninni og skipaskoðun ríkisins eru falin með sér-  
9. maí stökum lögum.

### 3. gr.

Ef einstakir menn, félög eða stofnanir óska leyfis til framkvæmda, sem heyra undir einkarétt ríkisins, samkv. 1. gr. þessarar reglugerðar, skal umsókn um það send póst- og símamálastjórninni. Verði leyfi veitt, gefur póst- og símamálastjórnin út leyfisbréf, og skal þar tekið fram, hvað sé leyft, hve lengi leyfið gildir, svo og skilyrði þau og kvaðir, sem settar eru fyrir leyfinu.

Ekki þarf þó að sækja um leyfi póst- og símamálastjórnarinnar, þegar um er að ræða:

- a. innflutning, sölu, viðgerðir og uppsetningu á venjulegum hringingarlögnum, einföldum merkjakerfum einstaks húss eða opinbers fyrirtækis, enda séu ekki notaðir rafstraumar með hærri tíðni en 60 rið/sek. og ekki sé um fjarflutning á orðum eða orðasamböndum að ræða, eða þessi kerfi geti valdið truflunum á rekstri annarra fjarskiptavirkja;
- b. viðgerðir fjarskiptatækja, sem eru aðeins fólgnar í að endurnýja lampa, vör eða aðra þvilíka lausa hluti í tækjunum, enda valdi það engum breytingum á starfi tækjanna, svo sem aukinni lífshættu, brunahættu eða hættu á að trufla rekstur annarra fjarskiptavirkja;
- c. uppsetning útvarpsloftnetja (og grunnsambands), þar sem engin rafmagnsveita (með yfir 24 volta spennu) er á staðnum og engin símalína nær en í 10 metra fjarlægð;
- d. rekstur útvarpsviðtækja, sem hafa verið tilkynnt ríkisútvarpi, sbr. 6. gr. laga nr. 63 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins. Ef útvarpsviðtækin ná yfir önnur öldusvið en þau, sem ætluð eru til útvarps, samkv. alþjóðafjarskiptareglugerðinni (Kairo 1938), getur póst- og símamálastjórnin þó, ef ástæða þykir til, bannað að nota tækin, þar til þeim hefur verið breytt þannig, að þau taki ekki á móti öldusviðum, sem samkvæmt alþjóðaákvæðum eru ætluð til annarra viðskipta.

Þótt ekki þurfi að sækja um leyfi í framangreindum tilfellum, ber hlutaðeigendum ávallt að fylgja settum reglum þar að lútandi.

Enn fremur kemur skírteini 1. og 2. flokks loftskeytamanna í stað leyfisbréfs, ef um er að ræða viðgerðir á radiotækjum, sem tilheyra loftskeytastöð þeirri, sem þeir eiga að gæta.

Löggiltum rafvirkjum er heimilt, án leyfisbréfs frá póst- og símamálastjórninni, að setja upp venjuleg útiloftnet (og grunnsamband) fyrir útvarpsviðtæki, svo og að leggja taugar innan húss að þessum tækjum og til gjallarhorns, enda fylgi þeir settum reglum varðandi slík loftnet og taugar.

### 4. gr.

Póst- og símamálastjórnin gefur út nánari reglur og fyrirmæli varðandi hinar ýmsu tegundir fjarskiptavirkja, rekstur þeirra, uppsetningu og viðhald, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur, og varða brot á þeim reglum viðurlögum samkvæmt framangreindum lögum um fjarskipti.

### 5. gr.

Brot gegn þessari reglugerð varða viðurlögum samkvæmt framangreindum lögum um fjarskipti.

*Póst- og símamálaráðherra, 9. maí 1942.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Guðmundur Hlíðdal.*

## AUGLÝSING

71

11. maí

um breyting á hafnarreglugerð Keflavíkurkaupþúns frá 22. janúar 1942.

24. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem bátar liggja við bátabryggju, garð eða hafskipabryggju, greiði þeir sem hér segir:

Bátar	að 30 tonn verg (brúttó)	greiði	kr.	5.35
—	30—60	—	—	13.25
—	60—100	—	—	25.00
—	100—200	—	—	35.00
—	200—450	—	—	50.00

Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. maí 1942.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

72

11. maí

um breytingu á vörugjaldi samkvæmt hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók, nr. 136 16. desember 1938.

Vörugjald samkvæmt 23. gr. hafnarreglugerðarinnar innheimtist fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, með allt að 75% viðauka.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 65 8. september 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Gengur gjaldhækkunin í gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 76 15. apríl 1940, um sama efni.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. maí 1942.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

73

13. maí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 30. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.

1. gr.

Gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu hækka svo sem hér segir:

- Vörugjald af öllum vörum hækki um 100% — hundrað prósent —. Hækkun þessi skal þó ekki ná til kornvöru, kaffi, sykurs, smjörlikis og hráolíu.
- Hafnar- og hafnsögugjöld hækki um 50% — fimmtíu prósent —.

- 73 c. Lestar- og festargjöld hækki um 100% — hundrað prósent —. Hækkun þessi  
13. maí skal þó ekki ná til strandferðaskipa.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og samkvæmt hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóvember 1913, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1942.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

74  
16. maí

## LEIÐBEININGAR

### um símskeytaviðskipti við útlönd.

Hinn 17. maí næstkomandi hefst af nýju beint símskeytasamband við Ameríku. Frá sama tíma eru öll símskeytaviðskipti við útlönd háð skeytaskoðun Bandaríkja-setuliðsins og gilda um þá skeytaskoðun og skeytaviðskiptin við útlönd yfirleitt eftirfarandi ákvæði:

1. Öll skeyti til útlanda, sem afhent eru á landssímastöðina í Reykjavík, skulu vera í 2 samhljóða eintökum.
2. Skeytin eru á ábyrgð sendanda. Þótt skeytum sé veitt móttaka á landssímastöðvunum, tryggir það ekki sendingu þeirra. Þau geta verið stöðvuð eða tafir eða sætt annarri meðferð af skeytaskoðuninni.
3. Allar fyrirspurnir um símskeyti verður sendandi eða móttakandi að stíla til póst- og símamálastjórnarinnar og senda næsta umdæmisstjóra.
4. Nafn skeytaviðtakanda, skeytasendanda og annarra manna eða firma, sem nefnd eru í skeytatextanum, svo og allur textinn að öðru leyti, verður að vera nægilega greinilega orðaður fyrir skeytaskoðunina. Að öðrum kosti verða skeytin ekki send.
5. Undirskrift skeyta skal vera greinileg og gefa skýrt til kynna, hver sendandi sé. Skeyti einstaklinga skulu undirrituð fullu nafni og firmu skulu undirrita nægilega greinilega, til þess að auðvelt sé að greina þau frá öðrum firmum með svipuðu heiti. Auk þess ber að skrifa með íslenskri stafsetningu neðst á skeytaeyðublaðið vinstra megin nafn sendanda og heimilisfang, svo og símanúmer, ef nokkurt er.
6. Skeytasendendum er ráðlegt að skrifa neðan á skeytið eða á bakhlið þess eða á sérstakt viðfest fylgiblað, greinilega skýringu á innihaldi skeytisins. Þetta á einkum við skeyti um peningagreiðslur, enda skal þá tilgreint, hver sé greiðandi og hver móttakandi greiðslunnar, svo og hvers vegna greiðslan sé nauðsynleg.

7. Bankar og verzlunarfyrirtæki, sem hafa skrásett símnafni, mega halda áfram að nota þau, en þó getur skeytaskoðunin hvenær sem er fyrirvaralaust bannað það 74 16. maí
- Þess er óskað, að viðskiptamenn símans, sem hafa skrásett símnafni, tilkynni skriflega skrifstofu skeytaskoðunarinnar í pósthúsbýggingunni í Reykjavík nöfn, heimilisfang og símnafni hinna erlendu viðskiptamanna, sem þeir eiga símaviðskipti við.
8. Skeytin skulu vera á mæltu máli: íslenzku, ensku, dönsku, norsku eða sænsku. Dulmálsskeyti eru ekki leyfð.
9. Ekki mega vera í skeytunum tölur, sem standa ekki í beinu sambandi við efni skeytisins og eru óskiljanlegar fyrir skeytaskoðunina. Tölusetning á skeytum er þó leyfð á ábyrgð sendanda, svo framarlega sem talan er fyrsta textaorðið.
10. Sé um að ræða ákveðna vöru, skal vöruheitið nefnt í skeytatextanum.
11. Bankar og verzlunarfyrirtæki, sem hafa að undanförunu notað lykilorð í upphafi símskeyta, verða að sækja um leyfi til skrifstofu skeytaskoðunarinnar til þess að fá að nota þau áfram. Skeytaskoðunin getur þó hvenær sem er fyrirvaralaust afturkallað þetta leyfi. Umsóknir um ný lykilorð ber að senda skrifstofu skeytaskoðunarinnar.
12. Enga bendingu má gefa í skeytunum um eftirfarandi:
- Hreyfingar, stöðu, tegund eða fyrirætlanir flota, land- eða lofthers.
  - Veður eða veðurskilyrði.
  - Skeyti um hleðslu vöru eða ferðir skipa verður að orða þannig, að aldrei fari saman nein tvö af þessum atriðum:
    - Nafn skips.
    - Farmur.
    - Nafn komu- og burtfararhafnar.

Óleyfilegt er að tilgreina ákveðinn dag, er skip leggur eða á að leggja af stað úr höfn, kemur eða á að koma í höfn, en hafa má ónákvæmara orðalag, svo sem „næstu viku“ eða „seint í næsta mánuði“ o. s. frv. Þó má ekki segja nánar um þetta en sem svarar vikutíma.

Póst- og símamálastjórnin, 16. maí 1941.

Guðmundur Hlíðdal.

Friðbjörn Aðalsteinsson.

## REGLUGERÐ

fyrir Sjómann- og gestaheimili Siglufjarðar.

75

19. maí

### 1. gr.

Sjómann- og gestaheimili Siglufjarðar skal starfrækt og rekið af samtökum bindindismanna á Siglufirði undir forystu st. Framsókn nr. 187, og er hús það, er notað verður til starfseminnar, eign stúkunnar.

Til stofnunarinnar renna: Framlag ríkisins 30000 — þrjátíu þúsund — krónur, ásamt því framlagi, er st. Framsókn nr. 187 sér um ( $\frac{2}{5}$  móti framlagi ríkisins), svo og styrkir, er síðar kunna að verða veittir til hennar, gjafir og annað fé, er henni kann að áskotnast til starfrækslunnar.

75

19. maí

Tilgangur stofnunarinnar er sá, að sjómenn og annað verkafólk, er á Siglufirði dvelur yfir sildveiðitímann, geti átt þar athvarf í frístundum sínum, auðgað anda sinn með því að lesa bækur, hlusta á erindi o. fl., og notið þar aðstoðar og leiðbeininga, sem aðkomufólki eru nauðsynlegar.

Heimilið skal leggja áherzlu á reglusemi, og að starfrækslan öll sé í anda Góðtemplarareglunnar.

## 3. gr.

Aðalstjórn stofnunarinnar skal skipuð þrem mönnum, er st. Framsókn nr. 187 kys á fundi í febrúar ár hvert. Skal stjórnin sjá um rekstur, viðhald og endurbætur hússins í samræmi við þarfir stofnunarinnar, hún skal enn fremur annast rekstur heimilisins yfir sildveiðitímann, ráða til þess forstöðukonu eða forstöðumann og annað starfsfólk, eins og þörf krefur.

Þó skal heimilt, ef annar aðili síðar veitir rekstrarstyrk til stofnunarinnar, er nemi minnst 1500 — fimmtán hundruð — krónum að gefa þeim aðila kost á að leggja til einn mann í stjórn heimilisins yfir sildveiðitímann, ef hann æskir þess, og skal þá einn af hinum kosnu stjórnarmönnum vikja sæti á meðan. Verði veittur styrkur frá fleirum en einum aðila með þessum skilyrðum, skal af stúkunnar hendi fjölgað um sömu tölu í stjórninni. Að loknu rekstrartímabili heimilisins ár hvert, tekur hin kjörna stjórn frá stúkunni aftur við öllum rekstri eins og áður segir.

Stjórnin skal haga öllum rekstri og starfrækslu heimilisins samkvæmt þessari reglugerð, enda leggi st. Framsókn nr. 187 henni til það rekstrarfé, sem hana kann að vanta í viðbót við það fé, er hún sjálf safnar eða sér um söfnun á.

Stjórnin heldur reikning yfir rekstur hússins og sérstakan reikning fyrir rekstur Sjómannna- og gestaheimilisins. Skulu ársreikningar lagðir fyrir stúkuna í febrúar-mánuði ár hvert. Reikningar skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, búsettum á Siglufirði, og skipar stórstúkan annan en st. Framsókn hinn.

## 4. gr.

Sjómannna- og gestaheimilið skal starfrækt 2—3 mánuði að sumrinu eða lengur, eftir því sem þörf krefur og efni og ástæður leyfa, en að öðru leyti hafa stúkur þær, sem starfandi eru í kaupstaðnum, húsið til eigin afnota og til þeirrar starfsemi, sem nauðsynleg er til fjársöfnunar fyrir Sjómannna- og gestaheimilið.

## 5. gr.

Sjómannna- og gestaheimilið skal vera opið dag hvern frá kl. 9 f. h. til kl. 11 e. h., yfir rekstrartímabilið. Þó er heimilt að lengja eða stytta þennan tíma eftir því, sem reynslan sýnir að bezt henti, enda sé húsið ekki notað til neins, sem kemur í bága við starfsemi heimilisins yfir rekstrartímabilið eða ætla má að valdi sérstökum skemmdum.

Á lesstofu heimilisins skulu liggja frammi til afnota öll þau dagblöð og önnur blöð og tímarit, innlend og útlend, sem hægt er að afla og fjárhagur stofnunarinnar leyfir, enn fremur pappír, ritföng og bækur.

Annast skal um að taka á móti bréfum og sendingum og koma þeim til skila, enn fremur peningum og öðrum verðmætum, sem geyma þarf eða senda burtu.

Útvarp skal notað, og sem oftast flutt uppbyggileg fræðslu- og skemmtierindi og til þeirra vandað svo sem kostur er á. Um efni alls þess, er þarna kann að verða flutt, sé stjórn heimilisins kunnugt, áður en það er flutt.

Umfram allt skal reynt að gera heimilið sem mest aðlaðandi fyrir gesti þess. Veitingasala skal fara fram, og sé selt smurt brauð, mjólk, kaffi, te, maltöl og gos-

drykkir. Sömuleiðis má selja skyr og einstakar máltíðir, ef skilyrði til þess eru fyrir hendi. Aðrar veitingar skulu ekki leyfðar. Allar veitingar skal selja við vægu verði. 75  
19. maí

Mönnum, sem eru undir áhrifum víns, skal alls ekki leyfð dvöl á heimilinu, en þó reynt að aðstoða þá og leiðbeina þeim eftir mætti.

## 6. gr.

Gefa skal fjármálaráðuneytinu árlega skýrslu um hag og rekstur Sjómann- og gestaheimilisins, og skulu fræðslumálastjóri og ráðunautur ríkisins í hindindismálum hafðir með í ráðum, ef einhverjar breytingar þarf að gera á tilhögun og rekstri heimilisins. Leita skal og samþykkis fjármálaráðuneytisins á öllum breytingum, er kunna að þykja nauðsynlegar á reglugerð þessari.

## 7. gr.

Nú leggst starfræksla Sjómann- og gestaheimilisins niður um lengri eða skemmri tíma, innan 10 ára frá byrjun reksturs þess, án þess að til þess liggja óviðráðanlegar orsakir, eða þá að um er að ræða endurtekna vanrækslu á rekstrinum eða brot á reglugerð þessari í verulegum atriðum, og skal þá framlag ríkisins eða sá hluti þess, sem eftir telst standa í húseign stofnunarinnar, miðaður hlutfallslega við fjárframlög stúkunnar Framsóknar nr. 187, endurkræft.

Hætti st. Framsókn nr. 187 störfum, skal framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands ráðstafa stofnuninni og rekstri Sjómann- og gestaheimilisins samkvæmt reglugerð þessari, eða eftir þeim ástæðum, er þá kunna að vera fyrir hendi.

## 8. gr.

Reglugerð þessi staðfestist af fjármálaráðherra, ráðunaut ríkisins í áfengismálum og af stórtémpar (f. h. Góðtemplarareglunnar). Reglugerðin gengur þegar í gildi.

Reglugerð þessi samþykkist hér með.

Reykjavík, 19. maí 1942.

**Jakob Möller.**

**Kristinn Stefánsson,**  
stórtémpar.

**Friðrik Ásmundsson Brekkan,**  
ráðun. ríkisins í bindindismálum.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Margrethe Schiöth“, 76  
útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 20. maí 1942. 20. maí  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Margrethe Schiöth.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Margrethe Schiöth. Er hann stofnaður til eflingar garð- og trjárækt á Akureyri.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund krónur — en við það má bæta síðar, þó með því skilyrði að innstæðan í heild sinni, á hvaða tíma sem er, sé háð ákvæðum þessarar skipulagsskrár og má aldrei skerða hana.

76

20. maí

3. gr.  
Fjórði hluti árlegra vaxta innstæðunnar skal jafnan leggjast við höfuðstólinn, en þrem fjórðu hlutum ársvaxtanna má verja til þess að fegra Lystigarð Akureyrar, eftir því, sem stjórn lystigarðsins álitur best henta.

4. gr.

Stofnféð er nú í skuldabréfi bæjarsjóðs Akureyrar frá 1938. Þegar það skulda-  
bréf verður dregið út eða útborgað, skal andvirði þess, ásamt því, sem stofnsjóðnum  
kann að hafa áskotnast, ávaxtað í þeirri lánsstofnun, er stjórn lystigarðsins telur  
best fallna til þess að geyma innstæðu sjóðsins.

5. gr.

Stjórn Lystigarðs Akureyrar hefur ávallt á hendi stjórn sjóðsins og annast um  
að honum sé varið eftir fyrirmælum þessarar skipulagsskrár og semur árlega reikn-  
ing hans, er jafnan skal leggjast fyrir aðalfund félagsins til samþykkis.

6. gr.

Nú hættir stjórn Lystigarðs Akureyrar að starfa, þannig, að Lystigarður Akur-  
eyrar gengur undir umsjá og stjórn bæjarstjórnar Akureyrar, fylgir þá sjóðurinn  
garðinum. Að öðrum kosti ráðstafar lystigarðsstjórnin sjóðseigninni, ásamt öðrum  
eignum garðsins.

7. gr.

Þegar minningarsjóður þessi er orðinn að upphæð 10000 — tíu þúsund — krónur  
má verja vöxtunum öllum í þágu garðsins.

8. gr.

Að 100 árum liðnum frá dagsetningu þessarar skipulagsskrár, er stjórninni heim-  
ilt að breyta henni, þó því aðeins, að hún sé þá úrelt, og komi ekki lengur að til-  
ætlunum notum.

Akureyri, 31. júlí 1941.

Margrethe Elisa Schiöth  
f. Friis.

77

20. maí Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Njáls Jónatanssonar  
frá Reykjum í Fnjóskadal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og  
kirkjumálaráðherra 20. maí 1942.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Njáls Jónatanssonar frá Reykjum í Fnjóskadal.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Njáli Jónatanssyni, vinnumanni á Reykjum í Fnjóska-  
dal, samkvæmt erfðaskrá, dags. 28. des. 1929.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Njáls Jónatanssonar frá Reykjum í Fnjóskadal.

## 3. gr.

77

Stofnfé sjóðsins er kr. 3675.00 — þrjú þúsund sex hundruð og sjötiu og fimm 20. maí  
krónur — í peningum í Söfnunarsjóði Íslands og skal ávaxta sjóðinn þar.

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal  $\frac{1}{10}$  hluta vaxtanna við höfuð-  
stólinn unz hann nemur 10 — tíu — þúsund krónum.  $\frac{3}{40}$  hlutum vaxtanna, og öll-  
um eftir að höfuðstóllinn hefur náð 10 þúsund krónum, skal varið til að styrkja  
bóndann eða bændurna á Reykjum í Fnjóskadal til hvers konar umbóta á nefndri  
jörð, þannig að styrkurinn má nema allt að  $\frac{2}{3}$  kostnaðarins við umbæturnar, ef  
nægilegt vaxtafé er fyrir hendi.

Þau árin, sem enginn styrkur er veittur, skal vaxtafé það, sem til útborgunar  
fellur, geymt á vöxtum, unz skilyrði eru fyrir hendi til styrkveitingar samkvæmt  
ofangreindum fyrirráðum.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn: hreppstjóri Hálshrepps, hreppsnefndarodd-  
vitinn og trúnaðarmaður Búnaðarfélagss Íslands, eigi hann heima innan Hálshrepps,  
ella skal í hans stað kosinn, til 6 ára í senn, vel metinn bóndi innan hreppsins, sem  
gott skyn ber á framkvæmdir í jarðrækt.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum, annast reikningshald hans og ákveður  
hvað til úthlutunar kemur á ári hverju, með sérstöku tilliti til framkvæmda þeirra,  
sem í hvert sinn hafa verið gerðar á jörðinni.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

## 9. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## REGLUGERÐ

78

28. maí

## um veðmálastarfsemi í sambandi við kappróður Sjómannaþingsins.

## 1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í: 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 50 kr., sem greiðast veðmála-  
stofunni gegn afhendingu veðmiða.

## 2. gr.

Veðjað er um það, hver bátur verður hlutskarpastur í hverjum róðrarflokki, svo  
og í úrslitaróðrum.

## 3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um á þann  
bát er vinnur.
- b. Að minnsta kosti 75% af hagnaðinum, sem verður af kappróðrinum, skal varið  
til eflingar sjóminjasafnsins í Reykjavík.



78

28. maí

Að hverjum róðri loknum skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar útborgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd ef róður misheppnast hjá bátshöfn, eða bátur fer ekki af stað, og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappróðrareglum Sjómannadagsins.

6. gr.

Ef róður verður ógildur, endurgreiðist veðféð aftur, að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningur útborgast aðeins í heilum krónum, brotum úr krónu er sleppt, og er ekki ábyrgt að innskot fáiast að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappróðrareglum Sjómannadagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. ef bátshöfn er dæmd úr leik, missir báturinn rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðustu róðrarumferð, og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 16 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júní 1942.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 57 27. júní 1941, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 28. maí 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*

79

26. maí

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð Siglufjarðar nr. 61 18. júlí 1928.

1. gr.

10. gr. 2. málsg. orðist svo:

Skipum og bátum má ekki leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina, og má því ekki leggja neinu skipi nær bryggjum austan á eyrinni en svo, að á daginn liggja þau austan innsiglingarmerkjanna, sem eru merkjastaur á Leirunni í Leiruvita, að nóttu til skulu þau liggja í grænu ljósi sama vita. Ekkert skip má leggjast á innri höfnina nema með sérstöku leyfi hafnarvarða og eftir þeirra tilvísun í hvert sinn og skulu þau skip greiða 10 aura aukagjald af hverri nettó smálest.

## 2. gr.

79

26. maí

Á eftir 1. mgr. 13. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Skýlt er skipum að sigla með hægri ferð innan bauju á Hvanneyrarrifi.

## 3. gr.

15. gr. orðist svo:

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggju hafnarinnar, í þeirri röð er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrir fram auglýstum ferðaáætlunum og flytja póst, leyft að leggjast að bryggju þó önnur skip liggja þar fyrir, og skulu þau þá vikja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Sé fermingu eða affermingu skipa eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarvarðar, ber því að vikja fyrir öðru skipi, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipi frá bryggju, áliti hann það nauðsynlegt veðurs vegna. Verði ágreiningur, ræður hafnarvörður hvar og í hvaða röð skip koma að bryggju.

Hafnarnefnd er heimilt að ákveða, að ekkert vöruflutningaskip, að undanskildum farþegaskipum, sem sigla eftir fyrir fram auglýstum og ákveðnum ferðaáætlunum, megi sigla að bryggjum hafnarinnar og innan hafnarbryggju nema eftir leiðsögn frá höfninni.

Leiðsögugjald slíkra skipa skal þá vera sem hér segir:

Fyrir skip allt að 1000 rúmlestir .....	kr. 25.00
— — 1000—2000 — .....	— 35.00
— — yfir 2000 — .....	— 50.00

Leiðsögugjald þetta rennur í hafnarsjóð.

## 4. gr.

24. gr. orðist svo:

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjald greiða samkvæmt hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósgjald sem hér segir:

- a. Skip, sem getið er um í 22. gr. a., greiði 10 kr. á ári.  
b. Skip, sem getið er um í 22. gr. b., skulu greiða í hvert skipti er þau koma til hafnar, gjald af nettó smálest, sem hér segir:

Skip allt að 20 smálestir .....	kr. 3.00
— 20 smálestir og þar yfir .....	— 4.00

- c. Öll önnur skip greiða sem hér segir:

Skip undir 100 smálestir .....	kr. 5.00
— frá 100—200 smálestir .....	— 10.00
— yfir 200 smálestir .....	— 30.00

Þó greiða farþegaskip yfir 200 smálestir 1 eyri af smálest í hvert skipti.

## 5. gr.

25. gr. orðist svo:

Bátar allt að 12 smálestir brúttó, greiði sem hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald kr. 2.00, en bátar frá 12—25 smálestir brúttó greiði kr. 3.00 í hvert skipti, sem þeir leita hafnar.

Vélbátar, 5 smálestir og minni, sem heima eiga á Siglufirði, greiði kr. 5.00 árlegt gjald.

## 6. gr.

30. gr., e-liður, orðist svo:

Afli innlendra fiskiskipa, sem lagður er á land til verkunar, vinnslu og geymslu.

31. gr., 1. málgr., orðist svo:

Vörugjald skal reikna eftir tölu, máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt að láta gjaldkera í té eftirrit af farmskrá. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki gjaldkera ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsóknina, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið af þeirri sendingu eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Lægsta gjald af hverri sendingu er 50 aurar.

7. gr.

32. gr. orðist svo:

8. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir.

Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar bæjarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

9. gr.

33. gr. orðist svo:

#### Vörugjaldskrá:

1. flokkur: Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg:

Kol, salt, sement, korn og mjölvara, sykur (annar en strásykur), kartöflur og annar garðávöxtur, rófur, kálmeti og þess háttar, saltfiskur, síldarmjöl, fiskimjöl, lýsi og freðsild.

2. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg:

Alls konar óunnið járn, eldfastur steinn og leir, eldavélar, þvottapottar með eldstó, miðstöðvaefni, járnpiður, bárujárn, saumur, timbur (sem reiknað er eftir þyngd), gólf- og veggflisar, blý, vír, vírnet, akkeri, kaðlar, kitti, menja, þakpappi, vélar, varahlutir til véla, heyrinnuefni, plógar, herfi, fóðurbætir, kalk, tilbúinn áburður, gærur, skinn, ull, svo og aðrar vörur, sem ekki eru á öðrum stað taldar upp í skrá þessari.

3. flokkur: Gjald 40 aurar af hverjum 100 kg:

Olía, benzin, feiti, smjörliki, bifreiðar, strigapokar, hessían, tvistur, garn, línur og önglar.

4. flokkur: Gjald 10 aurar af hverjum 10 kg:

Strásykur, málunarvörur og efni til málunar, lakk, lím, gibs, veggfóður, sýrur, essensar, kork og korkvörur, brauðvörur, kex, linoleum, gúmmi og gúmmivörur, pappír og pappirsvörur, bækur, blek, olíufatnaður, útgerðarvörur, svo sem net, nætur, bátar o. fl. þess háttar.

5. flokkur: Gjald 20 aurar af hverjum 10 kg:

Hvers konar krydd, niðursuðuvörur, blikkvörur, hjólhestar, varahlutir til þeirra, tin, zink og þess háttar, ger og efni í það, verkfæri alls konar s. s. smíðatól, skóflur, hakar o. þ. h., þrjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur s. s. þvottaefni, sóði, sápur, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, glervörur, ölgerðarvörur og hráefni til ölgerðar, burstavörur, smá járnvörur svo sem skrár, lamir, lyklar o. þ. h., eldhús-áhöld, barnavagnar, leður, leðurvörur, ávextir, bökunarvörur, lyfjavörur, kaffi, kaffibætir.

6. flokkur: Gjald 50 aurar af hverjum 10 kg:  
Rafmagnsvörur og áhöld, ljósmyndavörur, viðtæki, eldspýtur, smá hljóðfæri, hljómvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, skófatnaður úr öðru en gúmmi, almennur hvers konar fatnaður, klukkur, mælar, símar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, kakoduft, te, húsgögn, dívanar og efni til bólstrunar, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn o. þ. h.
7. flokkur: Gjald 100 aurar fyrir hver 10 kg:  
Tóbaksvörur, tóbak, vín og spiritus, ilmvoðn og aðrar snyrtivörur.
8. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir stykki:  
Tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
9. flokkur: Gjald 5 aurar af hverju teningsfeti:  
Trjáviður og allar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
10. flokkur: Gjald 15 aurar fyrir hverja tunnu:  
Kverkuð og hausskorin saltsild og matjessild.
11. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hverja tunnu:  
Öll önnur sild.
12. flokkur: Gjald 50 aurar af stykki:  
Nautgripir, sauðkindur, hestar, geitur, loðdýr.  
Seglfestu má hvergi taka við höfnina nema leyfi landeiganda og hafnarvarðar komi til.

10. gr.

43. gr. orðist svo:

Beitutaka er bönnuð innan takmarka hafnarinnar, sbr. 1. gr., enn fremur að leggja lóðir eða veiða með dragnót, nema með leyfi hafnarvarðar.

11. gr.

Gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni innheimtist með 50% viðauka.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 64 3. nóvember 1915 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. maí 1942.*

**Magnús Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Í Borgarfjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður, samkv. lögum nr. 102 19. júní 1933. Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, greiðist úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. Stóra-Ássvegur, frá Þjóðveginum hjá Úlfstöðum um Signýjarstaði að Stóra-Ási.
2. Barnafossbrúarvegur, frá Þjóðveginum að Barnafossi.
3. Reykjadalársvegur, frá Þjóðveginum hjá Rjúpnalág á Þjóðveginum á Brekkukotsmelum.

- 80 4. Syðri-Reykjadalvegur, frá Þjóðveginum í Snældubeinsstaðanesi að ungmenna-  
1. júní félagshúsi.
5. Nesvegur, frá Þjóðveginum hjá Skáney að Reykjadalssá móti Kjalvararstöðum.
  6. Flókdalvegur, frá Þjóðveginum hjá Flókubru að Hæli.
  7. Klettsvegur, frá Reykjadalssárvegi niður fyrir tún við Deildartunguhús.
  8. Þingnesvegur, frá Þjóðveginum við Þórðisarlholt að Árbakka.
  9. Bæjarvegur, frá Þingnesvegi um Bæ norður fyrir Laugarholt.
  10. Heggstaðvegur, frá Þjóðveginum við Skjólhól suður fyrir Heggstaði.
  11. Skálpastaðvegur, frá Þjóðveginum hjá Fossatúni inn fyrir Skálpastaðatún.
  12. Oddsstaðvegur, frá Þjóðveginum gegnt væntanlegri brú á Grímsá að Oddsstöðum
  13. Skorrdalvegur, frá Þjóðveginum hjá Ausu norðan Skorradalsvatns inn fyrir Sarp
  14. Mófellsstaðvegur, frá Þjóðveginum við Andakílsárbrú neðri sunnan Andakílsár á Þjóðveginn við Skorradalsvatn.
  15. Svínadalvegur, frá Þjóðveginum á Gallarholtsmel yfir Laxá á Þjóðveginn hjá Geitabergi.
  16. Leirárvegur, frá Þjóðveginum hjá Beitistöðum um Leirá að Neðra-Skarði.
  17. Melasveitarvegur, frá Þjóðveginum hjá Skorholti um Melasveit á Þjóðveginn milli Hafnar og Narfastaða.
  18. Akrafjallsvegur, frá Þjóðveginum fyrir innan Litlu-Fellsöxl, um Kúludalsá á Þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.

### 3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni. Greiðist hann af ábúendum jarða og eigendum húseigna og lóða. Gjaldlagi á vegaskatti skal vera á manntalsþingi. Hreppsfélagi er þó heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði að nokkru og eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmatum sveitarfundu, og oddvita sýslunefndar tilkynnt um það fyrir 1. apríl. Gildir sú samþykkt þar til henni er breytt á sama hátt, og oddvita sýslunefndar tilkynnt.

Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera. Má hann ekki vera lægri en 2% og ekki hærri en 6% af land- og lóðaverði samkv. fasteignamati og hálfu lægri af húseignum, nema samþykkt atvinnuáráðherra komi til í hvert sinn.

### 4. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki samkv. lögum nr. 29 frá 1885.

### 5. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. júní 1942.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

81

3. júní

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkarkauptún, nr. 121

7. desember 1935.

Í 37. gr. 1. mgr. falli niður orðin: „eða 15 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári“.

2. mgr. 37. gr. orðist svo:

Vélbátar með þilfari, sem eiga heima á staðnum, greiði 100 krónur árlegt gjald. Opnir vélbátar 50 krónur. Róðrabátar 5 krónur. Undanþegnir þessu eru þeir bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilisþarfa.

Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 19. júní 1933, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1942.*

**Magnús Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

**Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Heiðursverðlaunasjóð Búnaðar- 82**  
félags Íslands“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð- 8. júní  
herra 8. júní 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heiðursverðlaunasjóð Búnaðarfélags Íslands.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt ákvörðun búnaðarþings árið 1941.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru sjóðsleifar Búnaðarfélags Suðuramtsins, eins og þær voru í ársbyrjun 1942, eða kr. 22705.56 — tuttugu og tvö þúsund sjö hundruð og fimm krónur og 56/100.

Búnaðarfélag Íslands leggur sjóðnum árlega næstu 20 ár, minnst kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —, sem varið sé til verðlaunaveitinga. Ágóði af útdregnum vaxtabréfum og 1/3 hluti vaxtatekna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn. Þann höfuðstól má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands varðveitir eignir sjóðsins. Skal ávaxta eignir hans á þann hátt, að láta þær á vöxtu í ríkistryggðum bankavaxtabréfum, svo sem jarðræktarbréfum, nýbýlabréfum eða öðrum slíkum, að svo miklu leyti sem stofnfé sjóðsins er ekki nú í öðrum eignum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna frábær afrek í þágu landbúnaðarins, hvort heldur sem er á sviði jarðræktar, búfjárræktar eða nýjar uppgötvanir á vélum, verk-

82 færum eða vinnuaðferðum, sem léttu vinnu við landbúnaðarframleiðsluna. Í fyrir-  
8. júní rúmi skal sitja að verðlauna bændur, sem með löngu ævistarfi hafa verið frábærir  
brautryðjendur, varðandi einhverja þætti íslensks landbúnaðar.

## 5. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur ein tillögurétt um verðlaunaveitingar úr sjóðnum. Skulu tillögurnar lagðar fyrir búnaðarþing, sem samþykkir þær eða hafnar þeim. Stjórn búnaðarfélagsins er skylt að afla sér sem beztra upplýsinga um hæfni þeirra manna, sem hún gerir tillögur um að verðlaun fái. Skulu allar athuganir og skýrslur þar um leggjast fyrir búnaðarþing, ásamt tillögum stjórnarinnar. Skylt er að fá umsögn þess búnaðarsambands, þar sem viðkomandi er búsettur.

Verðlaunaveitingar úr sjóðnum skulu ekki auglýstar til umsóknar, og eru þeir, sem sjálfir sækja, á engan hátt réttþærri, til þess að hljóta verðlaun, en aðrir.

## 6. gr.

Aldrei skulu veitt lægri verðlaun en 1500 krónur. Hverri verðlaunaupphæð skal fylgja skrautritað ávarp. — Nú eru verðlaun ekki veitt eitt ár eða fleiri og skal þá geyma það fé, sem heimilt er að verja til verðlauna, þar til næst að verðlaunaúthlutun fer fram.

## 7. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands annast stjórn sjóðsins. Skal hún láta færa bók yfir eignir sjóðsins svo og ársreikning hans, er endurskoðist með reikningum Búnaðarfélags Íslands. Þar skal og færa skýrslur um allar verðlaunaveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar starfrækslu hans.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt á búnaðarþingi, enda samþykki þeir fjórðu allra búnaðarþingsmanna breytingarnar.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

83  
11. júní

## BYGGINGASAMÞYKKT

fyrir Selfoskaupþún.

## I. KAFLI

### Verksvið samþykktar og stjórn byggingarmála.

## 1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Selfoskaupþún innan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því.

## 2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar hefur verið gert. Enn fremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuð- 83  
breytingar.

11. júní

## 3. gr.

Stjórn byggingarmála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingarleyfi, sem byggingarnefnd hefur samþykkt, enda sé það gert áður en mánuður er liðinn frá því að byggingarnefnd gerði tillögu sína (sbr. 48. gr. 5.). Hreppsnefnd getur ekki veitt byggingarleyfi án samþykkis byggingarnefndar.

Hreppsnefnd getur gefið byggingarnefnd umboð til þess að veita byggingarleyfi án þess að borið sé undir hreppsnefnd.

Byggingarnefnd gerir tillögu um öll byggingarleyfi og hefur umsjón þess, að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareigjanda eða húseigjanda þykir rétti sínum hallað með úrskurði hreppsnefndar, eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

## 4. gr.

1. Í byggingarnefnd eiga sæti: Hreppsnefndaroddviti, er sé formaður, og fjórir atkvæðisbærir hreppsúar, er hreppsnefnd kys. Kjörtími byggingarnefndar sé hinn sami og hreppsnefndar.
2. Nefndin velur sér ritara og heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir. Undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok.
3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykktur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.
4. Gerðabók skal fylgja glögg skrá eða registur svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.
5. Enn fremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll bréf og bréfabók.
6. Byggingarnefndarfundur er lögmætur, ef minnst þrjú nefndarmenn sitja hann.
7. Hreppsnefnd skal skipa byggingarfulltrúa og setja honum erindisbréf með ráði byggingarnefndar. Hann skal vera vanur húsasmiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sé starfinu vaxinn. Í erindisbréfinu má ákveða hæfilega þóknun fyrir þau störf, sem hann leysir af hendi, sem eftirlitsmaður með byggingamálum í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingarleyfi, skulu hafa lögtaksrétt og renna í sveitarsjóð, en byggingarfulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr sveitarsjóði. Byggingarfulltrúi skal hafa á hendi framkvæmd byggingarmála og eftirlit samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar.
8. Nefndin getur gefið byggingarfulltrúa umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýms smávægileg byggingarleyfi, eftir því, sem nefndin kveður nánar á um. Skal byggingarfulltrúi rita úrskurð sinn á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir byggingarnefnd á næsta fundi hennar.
9. Skytt er byggingarfulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sé hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrétt á fundum hennar, en hins vegar á hann þar tillögurétt.
10. Byggingarnefnd getur heimilað þeim, sem hefur hagsmuna að gæta, að koma á fund nefndarinnar og skýra ástæður sínar.
11. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sérfræðinga í þeim málum, er hana varðar, en brestur sérþekkingu á.
12. Fundir byggingarnefndar séu haldnir þegar ástæða þykir til, samkv. boði oddvita.
13. Byggingarnefnd skal sjá um, að farið sé eftir samþykktum byggingar- og hrepps-



- 83 nefndar um allt er snertir skipulag staðarins, en sé breytinga óskað á skipulag-  
11. júní inu, skal farið eftir ákvæðum í gildandi skipulagslögum.

## 5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55 27. júní 1921, ásamt viðaukalögum nr. 27 15. júní 1926, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, verður gerður skipulagsuppráttur af kaup-  
túninu, og fer um skipulag þess samkvæmt ákvæðum þeirra laga og uppráttum, sem  
gerðir hafa verið samkvæmt þeim.

Á svæði því, sem skipulagsuppráttur nær yfir, skal öllum byggingum hagað í  
samræmi við hann.

## II. KAFLI

## Ákvæði um húsagerð.

## Húsalínur.

## 6. gr.

Þar sem húsalína er ákveðin, skal að minnsta kosti ein hæð af framhlið hússins  
fylgja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsa-  
sniðsins.

## Lóðagirðingar.

## 7. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að komið sé upp og haldið við sæmilegri girð-  
ingu um lóðir og óbyggð lönd þeim megin, er að götu veit, eða vegi innan þess svæðis,  
sem samþykkt þessi nær til.

Nefndin ákveður hvar og hvernig girðingar skulu vera.

Gaddavírsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að nema í  
burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er byggingarnefnd  
samþykkir, innan eins árs frá þeim degi, er samþykkt þessi gengur í gildi.

## Hornsneiðingar.

## 8. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar,  
að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en  $135^\circ$  við götu, veg  
eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sé eigi minna en 2.00 metrar, og myndi jafn-  
stórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan  
á miðju nær ekki lengra fram úr fyrrgreindum sniðfleti en 0.50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sé með öðru sniði  
en fyrr er greint, ef það er álitnið æskilegt vegna húsasniðsins.

## Framskot.

## 9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband“) má ekki ná lengra en 0.15 metra út í götu.

Framskot bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið  
vegna sniðsins.

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem byggð  
eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis byggingar-  
nefndar ná lengra en 0.50 metra út frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má fram-

skotið vera stærra, en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helmingi 83 hilsins milli húshliðar og götulinu. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði 11. júní þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

Veggvalir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0,80 metra, og eigi má skemmra vera frá stétt eða stíg upp undir slík framskot en 3.00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á, og ekki nær nágranna en  $1\frac{1}{2}$  sinnum dýpt þeirra.

Framskot mega ekki vera úr eldfimara efni en húsið, sem þau eru á. Þó getur byggingarnefnd leyft, með sérstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna hússniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þétt og vatni veitt frá þeim í rennu, sem frá þökum.

Án leyfis byggingarnefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0.80 metra út frá ytri brún veggjar.

### Inngöngurið og birtugrófir.

#### 10. gr.

Inngöngurið mega ná allt að 0.50 metra út í götu. Ef gangstétt er mjó, getur byggingarnefnd leyft eitt þrep, allt að 0.30 metra breitt. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu. Hurð eða hlið á girðingu, má aldrei opnast út á götu eða gangstétt.

Byggingarnefnd getur heimilað fleiri þrep, ef sérstakar ástæður mæla með því, t. d. ef ný inngöngurið eru sett við gömul hús.

Inngöngurið í kjallara má ekki setja nema með leyfi byggingarnefndar, og mega þau ekki ná lengra út í götu en fyrr er sagt um inngöngurið. Um þau skal svo búið, að umferð stafi ekki hættu af.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstétt en 0.60 metra. Yfir þær skal setja stéttargler eða málmgrind jafnháa gangstéttinni og nægilega sterka, og skal op milli teina eigi stærra en 0.03 metra. Að öðrum kosti skal setja málmhandrið kringum birtugrófina ekki lægra en 0.75 metra, og svo gert, að börn geti ekki dottið í hana.

### Handrið, stólpar o. fl.

#### 11. gr.

Handrið, stólpa o. þ. h. má ekki setja í götur eða gangstétt, nema með leyfi byggingarnefndar.

### Um hæð húsa.

#### 12. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin á skipulagsupprætti, skal vegg hæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei fara fram úr 10.00 metrum á steinhúsum, en 8.00 metrum á timburhúsum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.

2. Vegg hæð húsa mælist frá gangstétt eða götu upp í skurðlinu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli

83  
11. júní

jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Séu mishæðir miklar, skal vegg hæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

Standi hús við opið svæði, ákveður byggingarnefnd, við hvaða stað vegg-hæðin skuli miðuð.

Ef byggingarnefnd álitur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um vegg-hæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.

3. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að byggja turna, kvisti, gafla og þess konar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en  $\frac{2}{5}$  hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1.50 metra. Að öðrum kosti sé eldvarnarveggur á kvistinum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóð-armörkum en 3.15 metra, nema eldvarnarveggur sé á þeirri hlið kvistsins, er veit að nágrannahúsi.

### Þakhalli.

13. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru með þeirri vegg-hæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki vera meiri en nemi  $45^\circ$  horni við láréttan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegg-lægri en fyrr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern þann hátt sem er, ef útlit að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0.80 metra.

Byggingarnefnd getur þó ákveðið þakhalla eftir því, sem bezt þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

### Íbúðarhæðir.

14. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meira en 1.25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) eða þakhæð. Sömu ákvæði gilda um gólf í þakhæð og í steinhúsum.

### Óbyggð lóð og aðgangur að bakhúsum.

15. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsupphætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbyggð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að ákvæði 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða sé fullnægt.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

- a. Þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun.
- b. Ef um lóð er að ræða, sem áður er byggt á og liggur að tveimur götum eða nær ekki lengra inn frá húslínu en 15.00 metra.
- c. Í bæjarhverfum, sem byggð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.

2. Bakhliðar húsa mega ekki hærri vera en tekið er fram í 12. gr. um götuhliðar, þó getur byggingarnefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi láréttri stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2.50 metrum.
3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stiga yfir lóðir getur byggingarnefnd bannað.
4. Hreppsnefnd getur ákveðið, að óbyggða lóðin skuli vera minni en fyrr er sagt, í þeim kaптúnshlutum, þar sem eingöngu eru reist verzlunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
5. Ekki má gera þak yfir óbyggða lóð nema með leyfi byggingarnefndar.
6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 2.00 metrar. Séu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur sem fyrr segir, nema þeir að öðru leyti séu í jafngreiðu sambandi hver við annan.
7. Á óbyggða lóð, sem fylgja á húsi, má byggingarnefnd leyfa að byggja garðhús, gróðurhús, skýli fyrir bifreiðar, reiðhjól, barnakerrur o. fl. Byggingarnefnd ákveður stærð þessara bygginga í hverju einstöku tilfelli, þannig, að tilskilin óbyggð lóð verði eftir til afnota íbúðunum.

#### Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

##### 16. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi að næsta húsi andspænis nema að jafnaði að minnsta kosti tvöfaldri vegghæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gafla að, skal vegghæð þess talin upp í mitt ris.

Ekki má setja glugga nær lóðarmörkum nágretta en 4.00 metra.

2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið.

Ekki má skipta lóð eða húseign, nema hver hluti fullnægi ákvæðum byggingarsamþykktarinnar, enda komi til samþykki byggingarnefndar. Samþykki nefndarinnar þarf einnig til að breyta lóðarmörkum vegna skipulags eða hentugra fyrirkomulags húsa á lóðum, sem liggja saman.

#### Sameiginleg óbyggð lóð.

##### 17. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágretta húsa séu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi samilega heilleg lóð.

Lóðareigendum ber að jafna á milli sin verðbreytingu þeirri, er þessi nýja lóðarskipting kann að hafa í för með sér. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

#### Skólpveita.

##### 18. gr.

Ef skólpveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15 20. júní 1923), er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólpveitu, frá húsi sínu í götuveituna, á sinn kostnað.

Undanþágu frá ákvæði þessu getur hreppsnefnd veitt, ef byggingarnefnd álitur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan, eða skólpinu er veitt í lagarhelda safnþró á lóðinni.

Ekki má veita skólpi inn á annars manns lóð án hans samþykkis. Þó má leggja skólpveitu í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef byggingarnefnd telur það nauð-

83 synlegt. Allan skaða, sem stafa kann af lagningu veitunnar, er húseigandi skyldur að 11. júní bæta.

Skólpveita skal vera algerlega þétt og þannig gerð, að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar og annað, sem með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu.

### Sambygging.

#### 19. gr.

Í sambyggðum húsaröðum skulu öll hús byggð að lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað.

Byggingarnefnd getur hannað, að hús séu sambyggð með lágum millibyggingum.

### Undirstöður.

#### 20. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innan húss niður á fastan jarðveg og ekki grynri en 1.00—1.50 metra í jörð niður, eftir ákvörðun byggingarnefndar, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnarveggis og 1 metra af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þar úr steinsteypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sé grynna á lausagrjótið en 0.70 metra.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir að óhult sé.

### Varnarlög.

#### 21. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema lítilla geymsluhúsa. Þar, sem kjallari er gerður, skulu lögín vera tvö. Skal hið neðra lagt í alla kjallara-veggi 5 sentimetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentimetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar, sem íbúð er í kjallara með steypugólfi eða steypugólf í kjallaralausum íbúðarhúsum, skulu vera örugg rakavarnarlög í gólfinu.

Þar, sem ekki er kjallari, nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávallt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega varið jarðraka, skal vera minnst 0.40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrunum vera loftop, minnst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sé að þykkt 1—2 sentimetrar eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan, þegar steypa er orðin þurr. Í stað jarðbika má nota þakhellur lagðar í sement eða annað vatnshelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um „skúta“ eða lítil útihús er að ræða.

## Eldvarnarveggir.

83

11. júní

## 22. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar, sem ákveðið er að reisa sambyggð hús, þannig að byggt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3.15 metra, skal gera sem eldvarnarveggi.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3.15 metra, skal gera eldvarnarvegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0.16 metra upp fyrir þak, eða fast upp að yzta lagi á þaki (bárujárn, hellum o. þ. h., sjá 11. lið þessarar gr.), og mega hvergi þynnri vera en 0.20 metra, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykkt þeirra í hvert skipti. Á þeim mega hvorki vera gluggar né önnur op.
5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0.16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur eða innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en að 0.23 metrar séu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið með má þó steypa í vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður byggt upp að um langan tíma, að dómi byggingarnefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlega langan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja úr steini.
9. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eigandi geti rifið vegginn meðan annað hvort húsið stendur.
10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt, er byggingarnefnd tekur gilt.
11. Í sambyggðum húsaröðum, skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir alls staðar ná fast upp að yzlu húð þaksins (bárujárn, hellum o. þ. h.), en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þéttara en á 20.00 metra millibili.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og má samanlögð þykkt steypunnar aldrei minni vera en 0.18 metra.

## Þök.

## 23. gr.

1. Sperrur og skambitar mega ekki grennri vera en  $10 \times 10$  sentimetrar ( $4'' \times 4''$ ), þegar hafið er allt að 3.15 metrum. Hafið skal mælt á loftbita beint niður undan sperrum og skambitum. Við hverja 0.32 metra, sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1.3 sentimetrum gildari á hvern veg. Nota má viði af öðrum gildleik en hér er tiltekið, ef samur er styrkleikinn.

Bilið á milli sperra, talið af miðju og á miðju, má vera allt að 1.25 metra, undir málm- og pappaþök á timbursúð, en allt að 0.95 metra undir torf, hellu og steinþök.

2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki séu þynnri en  $2\frac{1}{2}$  sentimetrar ( $1''$ ), og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað óeldfimt efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. Sé súðin óplægð eða íbúð á þakhæð, skal setja þakpappa utan á hana undir járníð.

- 83  
11. júní
3. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
  4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

### Trébitar, trégólf og milligólf.

#### 24. gr.

1. Trébitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjálli en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sé að meðaltali ekki yfir 0.95 metra og hvergi meira en 1.05 metri.

Þar, sem milligólf er, skulu trébitar ekki grennri vera en 0.16 metrar (6") á hæð og 0.13 metra (5") á breidd, þegar bitahafið er allt að 3.15 metrar, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en 2.5 sentimetra, og breidd um 1.3 sentimetra, fyrir hverja 0.63 metra, sem hafið er fram úr 3.15 metrum.

Þar, sem ekki er milligólf, mega bitar vera 1.3 sentimetrum grennri en hér er ákveðið.

- Nota má bita með öðrum gildleik en hér er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir séu skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skorðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.
2. Séu húsveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minnsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á 3 metra bili inn í bitalög.
  3. Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 3.2 sentimetra (1¼").

Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

- Í gólf og lofti íbúðarherbergja skal vera milligólf úr borðum, ekki þynnri en 2 sentimetra (¾"), er fest sé annað hvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í mót í hlið þeirra, enda séu þeir þá að dómi byggingarnefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin komi 5 sentimetra þykkt lag af deigulmó, móhellu, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara né veldur óheilnæmi eða fúa, og sé það þurrt áður en gólfborð eru lögð yfir. Sé gólftróðið úr efni, sem hæft er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki byggingarnefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur byggingarnefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar, sem milligólf er undanfellt, skal gólfíð vera tvöfalt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem byggingarnefnd tekur gilt.
4. Þar, sem bitar ganga úr í steypu- eða steinveggi, skal hera á þá rakaverjandi efni.

### Stigar.

#### 25. gr.

Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5.00 metra.

Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir í þakhæð.

Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi byggingarnefndar eru aðallega notuð til verzlunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri sé en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum, nema milliveggir og þak sé gert eldtraust.

Frá herbergjum, sem notuð eru til íbúðar og hafa aðgang að einum stiga, má fjarlægð frá stiga að herbergi ekki vera yfir 25 metrar.

Greiður gangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga, eða báðum, ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarrar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sé greiður útgangur, ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 34. gr., ef byggingarnefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

1. Stigar skulu vera í sérstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða í hurðinni. Byggingarnefnd getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri.

Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í múrgreypta járn-umgerð.

Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sérstöku stigahúsi.

Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr tré eða þiljur á veggjum, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar.

2. Allir tréstigir skulu hafa steinlimshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.

3. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0.32 metrar, og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steypdir í, þannig að veggurinn ber stigann, skulu svo þykkir sem sagt er í 35. gr., 3. c.

4. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 0.80 metra og bakstigi ekki mjórri en 0.66 metra. Þó getur byggingarnefnd leyft, að í minni húsum sé aðalstigi 0.75 metra á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveimur hæðum (ekki þakhæð).

5. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0.70—0.80 metra há, með svo þéttum spölum, að ekki sé hætt á að barn falli niður milli þeirra.
6. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykkt þessari, er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða milli handriða, ef tvö eru.

Ef veggir eru beggja megin að stiga má ekki mjórri vera á milli þeirra en 0.80 metrar í smáum húsum og 1.00 metri í stærri húsum.

Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2.00 metrar, og skal hafa vidd stigagata eftir því. Þó getur byggingarnefnd leyft minni ganghæð í litlum húsum, ef nauðsyn þykir.

7. Stigar skulu vera svo gerðir, að hvert skref í þeim sé 0.60—0.65 metrar. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárétt milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum siga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0.50 metra, þótt stiginn sé breiðari en 1.00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig í aðalstiga má ekki mjórri vera en 0.21 metra, nema með sérstöku leyfi byggingarnefndar, og bakstigum ekki mjórri en 0.17 metra.
8. Ef sérstakir örðugleikar eru á því að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúunum stafar engin hætt af.
9. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugymsluhús og skemmur, og ákveður þá byggingarnefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað.



**Eldtraustur umbúnaður.**

26. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

- a. að allir veggir, loft og gólf séu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, er ráðuneytið telur eldtraust.
- Hurðir, veggbiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr tré;
- b. að allir stigar og stigagöng, og göng sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða akdyr, séu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni. Handrið og fóður á framstiga má vera úr tré;
- c. að stigagöng og göng að þeim séu ekki í beinu sambandi við búð, vörugeymslu eða verkstæði.

**Gluggaop, hurðaop og önnur op í útveggjum.**

27. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema byggingarnefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega eigi ná lengra fram en 0.30 metra út fyrir götulínu þegar opnað er. Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru hærra frá götu en 2.10 metrar.

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðaryrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

**Þakgluggar.**

28. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sé að minnsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en  $0.50 \times 0.50$  metrar. Bæði glugginn og karmurinn sé úr jární eða klætt eldtraustu efni.

**Þakrennur.**

29. gr.

Á öllum þeim húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sé í mesta lagi 0.16 metra fyrir ofan gangstétt eða götu, þar sem gangstétt er fast að húsi. Sé holræsi frá húsinu, skal þakvatni götumegin veitt í það neðanjarðar, nema byggingarnefnd geri aðra skipun.

Ef nauðsynlegt er, vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur byggingarnefnd krafizt þess, að settar séu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður en samþykkt þessi gengur í gildi.

**Reykháfar og sóphurðir.**

30. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eldtraustri múrhvelfingu eða palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trébitum.

2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sérstakar ástæður komi til greina og leyfi byggingarnefndar sé fengið í hvert sinn. 83
3. Hliðar reykháfsins skulu að minnsta kosti vera 0.12 metrar á þykkt, og vidd hans að innanmáli eigi minni en 0.23 metrar á hvern veg eða að þvermáli. Þó má leyfa 0.18 metra vidd, ef eldstæði eru ekki fleiri en 3. 11. júní
4. Þar, sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegnum þak, og skal vera að minnsta kosti 0.17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna.
- Þó má sleppa járnklæðning, ef bil er gert milli reykháfs og víða, ekki minna en 0.23 metrar og skal þá múrað eða steypt milli reykháfs og víða. Ekki má þilja reykháf utan né klæða hann borðum eða láta um hann veggfóður, sem límt er á lista. Byggingarnefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fótlista og loftlista liggja utan um reykháfinn.
5. Reykháfur má hvergi hallast meira en 45° frá lóðréttri línu. Skal hann þá hvíla á múr eða tréskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo innanmál hans sé ekki nær skorðunni en 0.23 metra. Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hornin, sem myndast við beygjuna, skulu kringd.
6. Reykháfur skal ná að minnsta kosti 0.65 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður byggingarnefnd í hvert sinn hæðina, en sé þó ekki minni en 1.00 metri upp frá þaki.
7. Inn í 0.23 metra víðan reykháf má ekki setja reykþípur frá fleiri eldfærum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfum utan um hverja þípu, þannig gerðan, að þípan geti ekki ýtt inn í reykháfinn. Reykháfur sé þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hér er talið.
8. Innan húss má sérstæður reykháfur standa óstuddur á allt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur minnst að utanmáli.
9. Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að byggingarnefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan, sem byggingarnefnd ákveður. Ef byggingarnefnd álitur að hæð sú, er ákveðin hefur verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafist þess, að reykháfurinn sé svo gerður, að unnt sé að hækka hann síðar.
- Ef reykháfur veldur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandinn skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun byggingarnefndar, án tillits til þess, hvenær reykháfurinn var gerður.
10. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvið reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnnumgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur byggingarnefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina og engin eldhætta stafar af.

#### Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykþípur.

31. gr.

1. Eldstæði má því aðeins setja í herbergi, að veggir séu þéttir (t. d. ekki rimla-veggir). Ef herbergið er lægra en 2.00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.
2. Ofna og eldavélar má ekki setja nær timburvegg en svo, að 0.21 metrar sé á milli.
3. Þípur frá ofnum og eldavélum mega ekki koma nær tré en svo, að 0.21 metrar sé á milli. Þær skulu liggja í reykháf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.
4. Ef eldstæði eru nær trévegg en 0.21 metra, skal setja minnst 0.12 metra þykkun

83

11. júní

- vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir trévegginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sé skemmra en 0.21 metrar frá eldstæði að timbri.
5. Eldavélar má setja á trégólf, ef að minnsta kosti 0.11 metrar eru frá gólfi upp að botni á eldavél og á milli séu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf, jafnþykkt, eða að gólfið sé þakið járnþynnum eða öðru eldtraustu efni.
  6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steiptum fæti, eða á járnfæti, sem annaðhvort er opinn eða fylltur múr eða steypu. Sé rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minnst 5 millimetra frá gólfi.
  7. Þar, sem ofnar eða eldavélar standa á trégólfi, skal gólfið fram undan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnann eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minnsta kosti 0.32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavélina, til hliðar og aftur fyrir, nema veggir séu nær.
  8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarhitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa tréloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnbentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarkatla er að ræða, getur byggingarnefnd leyft, að þeir séu í herbergi með gólfi, veggjum og lofti úr tré, en ætíð skal svo um húið að byggingarnefnd telji öruggt fyrir eldshættu frá miðstöðvarkatlinum.
  9. Reykpiður mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reykháfinn. Eigi má reykpiðan, á leið út í reykháf, liggja gegnum annað herbergi á lengra svæði en 4.00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykháfi. Skal piðan þá ætíð vera úr steypujárni. Reykpiða má eigi vera nær tré en 0.21 metra. Ef hún liggur gegnum tré vegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar verði eigi nær tré en 0.21 metra.

Ef hné er á reykpiðu, skal það vera með spjaldi, sem hægt er að taka af til að hreinsa piðuna.

### Íbúðarherbergi.

32. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dags, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir á herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda og raka.
2. Lofthæð skal vera minnst 2.50 metrar. Þó getur byggingarnefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina, alt að 0.20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir, skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.  
Í gömlum húsum má leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum. Þó má hæðin aldrei minni vera en 2.15 metrar.
3. Ef herbergi er undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólfleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2.50 metra. Byggingarnefnd getur þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórri vera en 1.70 metrar, og gólfplöturinn minnst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnum garði. Ljós-mál glugga má minnst vera  $\frac{1}{2}$  af gólfletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Byggingarnefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma

glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að 83  
hæglega megi opna hann. 11. júní

### Kjallaraíbúð.

33. gr.

1. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema byggingarnefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem aðeins hefur glugga móti norðri, nema það sé hluti af íbúð, sem hefur glugga móti öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
2. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2.30 metrar, og í minnsta lagi helm-ingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má byggingarnefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi aðeins 2.20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1.00 metra niður í jörðu og eru ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.
3. Glerflötur glugga ofanjarðar sé eigi minni en nemi  $\frac{1}{12}$  af gólfleti herbergis.
4. Gólfíð skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sé trégólf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.
5. Gólfíð sé það hátt, að auðvelt sé að þurrka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrirmælum byggingarnefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.
6. Veggir skal verja raka á þann hátt, er byggingarnefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

### Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

34. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema byggingarnefnd telji, að ekki stafi mikið óþægindi af vatnsgufu frá því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þétt steypugólf. Þó getur byggingar-nefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólfhlötur þeirra eigi minni en  $0.80 \times 0.70$  metrar.

### Veggir steinhúsa.

35. gr.

1. Veggir steinhúsa séu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en  $1:3\frac{1}{2}:6$  (þ. e. 1 hluti sements móti  $3\frac{1}{2}$  hlutum sands og 6 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvors tveggja). Undirstöður má gera úr steypu  $1:4:8$ . Járnbent steypa sé  $1:2:3$ .

Ef notuð er önnur gerð steypu en fyrr er sagt, t. d. holsteinar, skal bygg-ingarnefnd leita sér upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús séu byggð úr þeim.

Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sé sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi allt að helmingi veggþykktar. Ekki skulu steinar þéttari en svo, að auðvelt sé að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Alls staðar

83  
11. júní

skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyrr segir.

Grafa skal fyrir undirstöðum allra burðarveggja niður á nægilega fastan botn, og aldrei minna en 1.25 m niður fyrir lægsta jarðveg við húsið fullgert. nema föst klöpp sé ofar.

Öll steypuefni séu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemmd, laus við mold og lifræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sé ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentimetra víðan hring.

2. Þykkt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1:3½:6, skal vera sem hér segir:

a. Þykkt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0.22 metrar á þykkt, á næstu hæð fyrir neðan 0.25 metrar og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0.32 metrar á þykkt. Ef gólf eru úr timbri, skulu veggþykktir vera 0.24, 0.30 og 0.34 metrar.

Ef húsið er porthyggt, skal portið hafa sömu þykkt og veggurinn á næstu hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0.70 metrum. Sé portið hærra, skal það gert með veggþykkt sem full hæð væri.

Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sé milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægur bindingur í húsið, getur hún krafizt þess, að burðarveggir séu gerðir svo traustir, sem hún álitur með þurfa.

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verzlunarhús o. þ. h., eða ef vegg hæð fer fram úr 3.00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafizt, að styrkleiki allra burðarveggja sé ákveðinn af sérfróðum manni.

b. Gafflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á, og á eru glugga- eða dyraop, skulu hafa sömu þykkt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hér með talið risið) með sömu þykkt og efsta hæð. Gafflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr tré), mega vera 0.21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0.32 metrar.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykkt útveggja en hér segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé önnur en fyrr er sagt, ef um holstein er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyrr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri vegg en fyrr er sagt. Þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0.19 metra þykkir, þó þeir séu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0.26 metrar.

3. a. Burðarveggir innanhúss séu á þykkt í efstu hæð 0.16 metrar og þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0.14 metrar.

Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur bygg-

- ingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé aukin eða styrkleiki veggjarins auk- 83  
inn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til. 11. júní
- b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir né stigar hvíla á, skulu ekki vera minni en 0.12 metra þykkir. Sé hafið stutt, má þykktin þó vera allt að 0.08 metrar.
  - c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0.18 metrar, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að tréstiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.
  - d. Ekki má skerða þykkt veggjar, sem um getur í a-, b- og c-lið á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur. Þó er leyfilegt að setja þaklægjur („múrlektur“) undir þverbita í þaki.
  - e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnþentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en  $\frac{1}{3}$  af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðum megin við hann, né á neinn veg þynnri en samsvari  $\frac{1}{3}$  af hæð hans, nema í honum sé járnþendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um að sé nauðsynlegur.
4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykkt en fyrr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykkt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því sem byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnþentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þéttari en hér hefur verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir útreikningum og uppdráttum sérfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fulltraustan.
  5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hér er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sé fullnægt.
  6. Útveggi úr steini eða steypu skal slétta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggj utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir.
  7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steiptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steiptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.
  8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.
  9. Alla múraða og steipta veggj skal verja gegn jarðraka með því að leggja í þá vatnsheld rakavarnarlög úr efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. Í kjallaragólf eða neðsta gólf á húsi, sem er kjallaralaust, skal og leggja slíkt rakavarnarlag.
    - Rakavarnarlög í veggj skal leggja þannig:
      - a. Í alla veggj, sem ekki liggja að kjallara, 8—12 cm fyrir ofan jarðvegshæð, en þó neðan neðsta gólfs í húsi.
      - b. Í alla kjallaraveggi í hæð við rakavarnarlagið í kjallaragólfi.
      - c. Í alla kjallaraveggi, sem liggja að jörð, tvö lög, eins og tilgreint er í a- og b-lið.
  10. Alla kjallaraveggi, sem liggja að jörð, skal verja gegn jarðraka á milli rakavarnalaga (sbr. 9. lið c.) á þann hátt, sem byggingarfulltrúi samþykkir.
  11. Í stað þeirra rakavarna, sem nefndar eru í 9. lið þessarar greinar, má steypa veggj og gólf að öllu leyti úr vatnsheldri steinsteypu.

- 83 12. Þar, sem ekki er kjallari undir húsi, skal taka lifræn efni úr grunnstæðinu og þekja síðan með 8 cm þykku lagi úr steinsteypu, ekki lakari en 1:4:8, og sé milli-bilið milli þess og neðsta gólfs loftræst.  
11. júní
- Sé gólf steypt á uppfylltan jarðveg, má sleppa nefndu lagi.

### Steypuloft og steypustigar.

#### 36. gr.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sérfróð-ur maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra. Þó getur byggingarnefnd veitt undan-þágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingarnefndar vera hæfur til þess.

### Veggir timburhúsa.

#### 37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timurhúsa skulu að þykkt vera ekki undir 0.24 metrum, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0.20 metrum. Ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykkt veggjanna frá því, sem fyrr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemmt.
  - a. Í timurhúsum, þar sem lofthæð er allt að 3.00 metrum og herbergisdýpt allt að 4.50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en  $10 \times 10$  sentimetrar ( $4 \times 4''$ ), á neðri hæð  $10 \times 13$  sentimetrar ( $4 \times 5''$ ) og hornstafir  $13 \times 13$  sentimetrar ( $5 \times 5''$ ). Sé hæðin meiri, eða allt að 4.00 metr-um, og herbergja dýpt allt að 5.50 metrum, skal þykkt stafanna út og inn aukin að minnsta kosti um  $2\frac{1}{2}$  sentimetra ( $1''$ ). Í stærri húsum ákveður byggingar-nefnd gildleika stafanna.

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleika á stöfum en fyrr er sagt, ef hún álitur, að styrkleikinn verði nægur.

Stafir skulu ekki vera strjálí en svo, að í minnsta lagi komi einn stafur á hverja 1.25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1.60 metrar, nema byggingarnefnd leyfi sérstaklega.

Milli allra stafa skulu vera skorður („lausholt“) og í hverjum vegg eigi minni en tvær spyrnur („skáskífur“). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en  $30^\circ$  við lóðréttu línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Byggingarnefnd getur þó leyft, að aurstokkur sé ekki gildari en  $13 \times 13$  sentimetrar ( $5 \times 5''$ ), þó að stafir í veggjum séu gildari.

Ofan á bitaendana komi staflægjur („undirstokkar“), jafnbreiðar stöf-um og eigi þynnri en  $6\frac{1}{2}$  sentimetri ( $2\frac{1}{2}''$ ). Niður undan stöfum skal fella tré á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

- b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum  $2\frac{1}{2}$  sentimetra ( $1''$ ) þykk-um, og skal negla þau vandlega á alla viði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir. Milli járns og pappa komi  $1\frac{1}{2}$  sentimetra ( $\frac{1}{2}$ " ) þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sérstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af þeim. Þar, sem þappi er settur utan á grind undir þiljur, þarf eigi lista.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 sentimetrar ( $\frac{3}{4}$ " ), eða annað lag ekki lakara.

- c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en  $10 \times 10$  sentimetra ( $4 \times 4$ " ) á neðri hæð, og  $8 \times 10$  sentimetra ( $3 \times 4$ " ) þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álitur, að styrkleikinn sé nógur. Byggingarnefnd getur krafizt gildari við, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staf-lægjur, stafi, skorður og spyrnur.

- d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 sentimetra ( $\frac{3}{4}$ " ) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sé hvoru megin, og 3.2 sentimetra ( $1\frac{1}{4}$ " ) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).
- e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum“).
- f. Í timburveggjum sé samanlögð breidd glugga og dyraopa, mæld á milli stafa, ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sérstakt leyfi til.
- g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

### Fjarlægð húsa frá nágrennalóð.

#### 38. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrennalóð en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 22. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrennalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágrenna veit, þó eigi nær en 5.00 metra. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4.00 metra, ef sérstakar ástæður mæla með því.

### Stærð timburhúsa.

#### 39. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambyggð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur hreppsnefnd fært bæði þessi hámark niður.

### Skemmur og vörugeymsluhús.

#### 40. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa þær ekki hærri að vera en 2.00 metrar. Þó má vegg-hæð, mæld upp að skurðar-



83 línu þaks og veggjar, ekki vera yfir 8.00 metra. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu 11. júní eða vörugeymsluhúsi úr tré, skulu þau vera í sérstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

#### Glugga- og dyraumgerð.

41. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2"). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbólni, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, í útveggjum, sérstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði að utan og innan.

#### Viðhald húsa.

42. gr.

Byggingarnefnd getur krafizt þess, að húsum sé haldið sæmilega við, svo cigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

#### Um byggingaraðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari.

43. gr.

Ef nota skal byggingaraðferð eða byggingarefni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingarleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvirkjandi, sem byggingarnefnd álitur nauðsynlegar.

Byggingarnefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingarefni, sem hún álitur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykkt þessari.

#### Hús þar sem farið er með eldfim efni.

44. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sérstök eldhætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau séu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldhætta stafi frá þeim fyrir nágranna. Þá getur byggingarnefnd leyft, að þau séu úr timbri.

Allir yeggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minnsta kosti 1.00 metra frá gólfi; enn fremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smiðahúsum trésmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minnst 0.20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0.30 metra frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum eða öðru efni jafn eldtraustu.

#### Flatarmál byggðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

45. gr.

Þegar mældur er flötur byggðrar lóðar, skulu veggsvallir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

## Verkpallar o. fl.

83

11. júní

## 46. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki, skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingarfulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

## III. KAFLI

## Byggingarleyfi. Framkvæmd verksins. Eftirlit.

## 47. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykkt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar til að framkvæma verkið.

Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sé send til byggingarnefndar.

Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyrr en hann hefur fengið tilkynningu frá byggingarnefnd að leyfið sé veitt.

2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sé samkvæmt byggingarsamþykkt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum:

- a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:500, með árituðum stærðarhlutföllum. Skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, enn fremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn.

- b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða. Þó má gera uppdrætti í mælikvarða 1:200 sé um stórar en einfaldar byggingar að ræða. Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan pappír. Skal stærð þeirra vera 40×60 cm eða 60×80 cm, og sé á hverjum uppdrætti afmarkaður 7×10 cm reitur til áritunar fyrir byggingarnefnd, og dreginn mælikvarði.

Við breytingu á eldra húsi skulu uppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

Sýna skal á húsuppdráttum þykkt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.

- c. Áður en leyft er að byggja hús í sambyggðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafizt, að gerður sé lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambyggðu húsa, á kostnað lóðaeigenda.
- d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynslu eða annarra orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í té, ef þess er krafizt.
- e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulagi grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna, hvernig ætlast er til, að

83  
11. júní

séð verði fyrir afrennsli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.

3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágranna-eign sé átt við.
4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli svo og sýna hæð á neðsta gólfi, miðað við götuhæð, og jarðhæð ef húsið stendur ekki í götulinu. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingarsamþykkt og eins og uppdrættir sýna.
5. Eftir að byggingarfulltrúinn hefur kynnt sér umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingarfulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar byggingarnefnd hefur gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir hreppsnefnd, sem veitir byggingarleyfið, sbr. þó 3. gr.

Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingarnefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sé synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþykktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingarleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sé í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu vikja frá samþykktum uppdráttum nema fengið sé leyfi byggingarnefndar til þess.
7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingarfulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sé jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.
8. Húseigandi skal tilkynna byggingarfulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
  - a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
  - b. hvenær rakavarnalög verða lögð í vegg,
  - c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
  - d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
9. Hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingarleyfi. Gjaldið rennur í sveitarsjóð.
10. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

#### Um byggingarleyfi, sem fer í bág við samþykkt þessa.

48. gr.

Nú veitir hreppsnefnd byggingarleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþykktina, þá getur byggjandi krafizt sanngjarnra skaðabóta úr sveitarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþykktina, hafi sést ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sé, að hann hafi farið eftir beztu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykkt og reglum samkvæmt.

#### Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

49. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa að húsið fullnægi byggingarsamþykktinni.

## Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

83

11. júní

## 50. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingaspjöld („skilti“) og annað það, er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sé ekki til óþrýði. Byggingarfulltrúi hefur eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingarnefndar, séu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar héraðslæknis. Sé hann á sama máli og nefndin, getur hún krafizt þess, að eigandi lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur hreppsnefnd eftir tillögum byggingarnefndar úrskurðað, að ekki megi húa í íbúðinni.

Ef ekki er unnt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir samilegt verð, ber hreppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er

## Hús til annarra afnota en íbúðar.

## 51. gr.

1. Hús, sem ætluð eru til annarra afnota en íbúðar, svo sem t. d. verksmiðjur, vinnustofur, skólahús, íþróttahús, verzlunarhús og geymsluhús, eru háð þeim kröfum um styrkleika, gerð og afstöðu, sem byggingarnefndin gerir í hvert skipti, að svo miklu leyti, sem ákvæði þessarar samþykktar ná ekki til þeirra.
2. Sé hús ætlað til iðnaðar, eða einhvers verknaðar, sem hefur í för með sér óþrif eða óþef, skal hlýta ákvæðum heilbrigðissamþykktar og heilbrigðisnefndar um byggingu þess og frágang inni og úti.
3. Ef á einhvern hátt stafar eldhætta af verknaði, sem ætlast er til að hafa um hönd í húsi, skal fara eftir ákvæðum brunamálasamþykktar og brunamálanefndar. Á þetta einnig við skólahús og samkomuhús og í slíkum húsum skulu allar hurðir opnast út.
4. Vinnuskúra, sem aðeins eru notaðir meðan á byggingu húss stendur, má byggingarfulltrúi leyfa með þeirri gerð, sem honum finnst hæfa í hvert sinn.
5. Gripahús, fjárhús og fuglahús má hvergi gera í íbúðarhúsahverfum og ekki fyrir né haugstæði, en þar sem slík mannvirki eru leyfð, skulu þau fullnægja ákvæðum heilbrigðissamþykktar og kröfum heilbrigðisnefndar.
6. Ef slík mannvirki, sem nú voru nefnd, eru fyrir og til óþæginda fyrir vegfar- endur, eða íbúa í grennd við þau, getur hreppsnefnd, eftir tillögu byggingar- nefndar, krafizt endurbóta á þeim, eða niðurrifs, en þá gegn endurgjaldi eftir mati, ef ekki næst samkomulag.

## Óþrif.

## 52. gr.

1. Sé ætlast til að framkvæma gagngerða breytingu á húsi, eða endurbæta það að verulegu leyti, og séu í því rottur eða mýs, eða önnur óþrifakvikindi (veggjalýs, kakkalakkar), skal húseigandi láta eyða þeim áður en byrjað er á verkinu.
2. Eigi að rífa gamalt hús, skal gæta sömu varúðarreglna áður en niðurrifsverkið er hafið, enda má ekkert hús rífa, nema áður sé tilkynnt byggingarfulltrúa á sérstök eyðublöð, sem hann lætur í té.

## IV. KAFLI

## Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

53. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 50—500 krónur, og skal sekta bæði smíð og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt samþykktinni. Ella sé það rífið á hans kostnað. Sé um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri, undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

54. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlast gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Sandvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 55 27. júní 1921, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júní 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson

*Gunnl. E. Briem.*

## A R Ð S K R Á

fyrir fiskræktarfélagið Hvítá.

Einarsnes .....	36	hlutir
Bóndhóll .....	21	—
Lækjarkot .....	14	—
Ölvaldsstaðir .....	21	—
Ferjubakki .....	21	—
Ferjukot .....	46	—
Sólheimatunga .....	3	—
Svignaskarð .....	9	—
Fróðhús .....	3	—
Gljúfurá .....	2.8	—
Litlu-Skógar .....	1.5	—
Stóru-Skógar .....	1.5	—
Tandrasel .....	1.5	—
Svarfhóll .....	3	—
Staffholt .....	11	—
Arnarholt .....	0.4	—
Haugar .....	0.6	—
Hlöðutún .....	0.6	—

Munaðarnes	2.5	hlutir
Stóra-Gröf	4.6	—
Grafarkot	4.8	—
Litla-Skarð	6.2	—
Einifell, Laxfoss	60	—
Veiðilækur	24	—
Hreðavatn	8	—
Veiðifélag Norðurár	10	—
Hofsstaðir	3.2	—
Hamraendar	22	—
Neðra-Nes	1.8	—
Stafholtsveggir	0.4	—
Efra-Nes	1	—
Bakkakot	1	—
Kaðalstaðir	1.6	—
Lundar	1.5	—
Hjarðarholt	2.3	—
Steinar	2.5	—
Arnbjargarlækur	6	—
Gunnlaugsstaðir	1	—
Guðnabakki	1.2	—
Norðtunga	5.8	—
Hamar	1.3	—
Höfði	0.5	—
Grjót	0.5	—
Sigmundarstaðir	0.5	—
Lundur	0.2	—
Hermundarstaðir	1.5	—
Helgavatn	1	—
Kvíar	2	—
Högnastaðir	0.4	—
Sleggjulækur	0.8	—
Ásbjarnarstaðir	0.9	—
Selhagi	0.4	—
Síðumúli	1.5	—
Sámsstaðir	4	—
Gilsbakki	7	—
Veiðifélag Reykdæla	15	—
Steðji	0.2	—
Varmilækur	0.2	—
Bær	0.2	—
Langholt	21	—
Stafholtsey	0.3	—
Hvítárbakki	3	—
Þingnes	22	—
Fossatún	4	—
Hestur	20	—
Múlaþot	3.5	—
Skálpastaðir	4	—
Máfahlið	2	—
Gröf	3	—

84  
13. júní

Kistufell .....	0.7	hlutir
Arnbórsholt .....	0.7	—
Kross .....	0.4	—
Skarð .....	5	—
Lundur .....	6	—
Snartastaðir .....	1	—
Gullberastaðir .....	5.4	—
Oddsstaðir .....	0.4	—
Hóll .....	0.8	—
Brautartunga .....	0.8	—
Tungufell .....	0.2	—
Brenna .....	0.7	—
Iðunnarstaðir .....	0.7	—
England .....	1	—
Reykir .....	1	—
Hvítárvellir .....	46	—
Hvanneyri .....	30	—

Samtals 590 hlutir

Arðskrá þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

*Páll Pálmason.*

85  
14. júní

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Borgarneshrepps, Mýrasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt skal henni að ráða sérstakan umsjónarmann, vatnsveitustjóra, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefnd setur honum.

2. gr.

Af öllum húsum í hreppnum, sem vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir hinu lögskipaða fasteignamati húsanna, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru váttryggðar ásamt því.

3. gr.

Vatnsskatturinn skal vera sem hér segir:

1. Af öllum húsum, sem svo er ástatt um, sem um getur í 2. grein, allt að 10 af þúsundi.
2. Fyrir vatn til skipa allt að kr. 5.00 fyrir smálest.
3. Fyrir vatn til saltfisksþvotta 15 aura á hver 160 kg.

4. Fyrir verksmiðjur, frystihús, sláturhús, baðhús, þvottastöðvar, hreyfivélar, iðnaðarfyrtæki og til annarrar slíkrar notkunar, er hreppsnefnd heimilt að ákveða vatnsskatt með samningi við hlutaðeigendur. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársnotkun kr. 4.00 fyrir hverja 100 hl upp að 10 þúsund hl, en minna fyrir það sem umfram er, og eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar og eftir því hve mikið er notað. Vatnsveitan leggur til mæla, en notendur greiða hæfilega leigu fyrir þá.

## 4. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist eftir á, í fyrsta sinn árið 1942. Vatn til skipa skal greiða við afhendingu og eins vatn til atvinnureksturs, er starfar um stundarsakir. Vatnsskatt má taka lögtaki. Gera má lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgönguveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 5. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum að húsvegg. Hreppsnefnd löggildir menn, er hún telur hæfa og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta. Engir aðrir en þeir, er þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja æðar frá vatnsveitunni í hús eða um þau, annast viðgerðir eða gera breytingar á vatnsæðum.

## 6. gr.

Skyllt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim, eða þær bila. Sérstaklega skal hann gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

## 7. gr.

Hreppsnefnd, vatnsveitustjóra og löggiltum pípulagningamönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau og mæla, er sett eru í samband við þær. Þyki þeim útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

## 8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að láta gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, svo og fyrir þeim er ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan kann að leggja til, á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra ástæðna.

## 9. gr.

Bannað er að taka úr brunakrönum vatnsveitunnar, eða setja hreyfivélar í sambandi við hana, án leyfis hreppsnefndar.

## 10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónur, nema þyngri refsing liggji við að lögum.



- 85  
14. júní Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Borgarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast þegar gildi og birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1942.*

F. h. r.

**Vígús Einarsson.**

*Páll Palmason.*

- 86  
15. júní

## AUGLÝSING

### um sölu og afhending vöruflutningabifreiða.

Vegna fyrirsjáanlegra örðugleika á innflutningi vöruflutningabifreiða til landsins og til tryggingar því að verklegar framkvæmdir ríkisins þurfi ekki að tefjast vegna bifreiðaskorts, verða fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, engar vöruflutningabifreiðar afhentar af Bifreiðaeinkasölu ríkisins, nema með eftirgreindum skilyrðum:

1. Kaupandi vöruflutningabifreiðar skuldbindi sig til, til ársloka 1943, að selja ekki bifreiðina nema með skriflegu samþykki Bifreiðaeinkasölu ríkisins. Til sama tíma hefur Bifreiðaeinkasalan forkaupsrétt á bifreiðinni fyrir verð, sem 2 óvilhallir, dómkvaddir menn meta. Endurkaupsverð skal þó aldrei vera hærra en kaupverð bifreiðarinnar, að frá dreginni fyrningu og að við bættu hæfilegu endurgjaldi fyrir umbætur, er kaupandi kann að hafa gert á henni.
2. Til ársloka 1943 skuldbindur kaupandi sig til að afhenda ríkisstjórninni eða umboðsmönnum hennar, hvenær sem krafizt verður, með eins mánaðar fyrirvara, hina keyptu bifreið, til hvers konar starfa í þjónustu ríkisins.  
Skuldbindur kaupandi sig til að láta fylgja bifreiðinni æfðan bifreiðastjóra, er hafi með höndum stjórn bifreiðarinnar. Fyrir þessi störf skal kaupanda greitt umsamið kaup, sem þó ekki má vera hærra en ákveðið er í gjaldskrá vörubílstjóradeildar verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.
3. Brjótí kaupandi gegn framangreindum skilyrðum, hefur seljandi rétt til að taka bifreiðina í sína vörzlu, með aðstoð fógeta, ef þarf. Verður bifreiðin þá eign seljanda, en greiða skal kaupanda andvirði bifreiðarinnar, sem ákveðið skal á sama hátt og um getur hér að framan.
4. Afhenda skal skráningarstjóra bifreiða, um leið og skrásetning fer fram, samrit af kaupsamningi bifreiðar og skal skrá á bifreiðaskrána athugasemd um þær kvaðir, sem á henni hvíla.

*Fjármálaráðuneytið, 15. júní 1942.*

**Jakob Möller.**

*Magnús Gíslason.*

## AUGLÝSING

87

16. júní

um viðauka við reglugerð nr. 140 5. ágúst 1941, um breyting á reglugerð um notkun bátabryggjunnar í Ólafsfirði, nr. 138 25. júlí 1939.

Við reglugerðina bætist: Hreppsnefnd er heimilt að hækka öll bryggjugjöld og gjöld til hafnarsjóðs samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, án þess að samþykki sýslunefndar eða ráðuneytis komi til.

Reglugerðarviðauki þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. júní 1942.*

F. h. r.

Vígfús Einarsson.

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

88

18. júní

fyrir vatnsveitu Hríseyjarkauptúns.

### 1. gr.

Öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna snerta, annast vatnsveitunefnd. Skal hún skipuð þrem mönnum, heimilisföstum í Hrísey, og tilnefnir hreppsnefnd einn þeirra, en hinir tveir skulu kosnir á miðsvetrarfundi hreppsins ár hvert.

Vatnsveitunefndin annast bókhald vatnsveitunnar og innheimtu vatnsskatts og fær fyrir það þóknun, er ákveðin skal á miðsvetrarfundi ár hvert. Nefndin getur falið einum manni úr sínum flokki störf þessi, en bera skal hún ábyrgð á störfum þess manns í þágu vatnsveitunnar.

### 2. gr.

Af öllum húsum í kaupúninu, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í og standa á svæðinu frá Stekkjarnesi að Saltnesi og lægra en vatnspróin, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rétt á að fá vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu eða ef fiskverkun eða sildarverkun fer þar fram. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna, að undanskildu virðingarverði lóðanna.

### 3. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, þeim er vatn nota, og 2. gr. heimilar, og má eigi fara fram úr 6‰ af fasteignamatsverði hverrar húseignar. Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa og gjaldskrá nær eigi til.

### 4. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að setja vatnsmæla við sildar- eða fiskverkunarstöðvar, ef henni þykir ástæða til, enda greiði stöðvareigandi 12 kr. á ári í mælisgjald og greiðist sérstakt gjald fyrir hverja smalest vatns, sem er fram yfir venjulega notkun á tunnu sildar, kjöts eða á skippund, samkvæmt gjaldskránni.

88

18. júní

Fyrir vatn til skipa skal greiða samkvæmt gjaldskránni, enda hafi enginn leyfi til þess að selja vatn eða gefa. Afhendingarmanni vatns í skip skal greiða þóknun eftir ákvörðun vatnsveitunefndar og hreppsnefndar. Enginn má setja hreyfivélar í samband við vatnsæðarnar. Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema að gjaldfrestur hafi verið veittur.

## 6. gr.

Allir, sem eiga hús eða verkunarstöðvar, þar sem verkaður er fiskur eða síld á svæðinu, sem um getur í 2. gr. reglugerðarinnar, skulu skyldir að greiða vatnsskatt án tillits til þess, hvort þeir nota vatn eða ekki, þó ekki fyrr en vatnsæð er lögð að húsum þeirra eða verkunarstöðvum.

## 7. gr.

Ef tekjur vatnsveitunnar hrökkva ekki fyrir gjöldum, getur vatnsveitunefnd, í samráði við hreppsnefnd, hækkað vatnsskattinn um allt að 50%.

## 8. gr.

Gjalddagi skal ákveðinn í gjaldskrá.

Vatnsskatt má taka lögtaki. Skatturinn nýtur lögveðsréttar í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 9. gr.

Hreppsnefnd og vatnsveitunefnd löggilda vatnsvirkja, er þær telja hæfa, svo marga, er þeim þurfa þykir, til þess að leggja aukavatnsæðar, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta og selja þær í samband við vatnsæðar þorpsins og skulu þeir skyldir að fara eftir reglum þeim, er vatnsveitunefnd setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildinguna, mega leggja æðar frá vatnsveitunni í hús eða um þau eða gera breytingar á vatnsæðunum.

## 10. gr.

Skylt skal hverjum húsráðanda og hverjum þeim, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

## 11. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum, er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

## 12. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pipum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og enn fremur fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt, efni, vinnu eða annað, sem vatnsveitan leggur til, á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað sökum bilana eða annarra ófyrirsjáanlegra forfalla.

## 13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, samkvæmt ákvæðum vatnalaga nr. 15 1923.

14. gr.

88

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögglumál. 18. júní

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 34 11. júní 1936, um sama efni.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. júní 1942.*

**Jakob Möller.**

*Páll Pálmason.*

## G J A L D S K R Á

89

18. júní

fyrir vatnsveitu Hríseyjarkauptúns.

1. liður.	Frosin sild .....	kr. 0.20	fyrir 100 kg
2. —	Saltsild .....	— 0.15	— tunnu
3. —	Grálúða .....	— 0.30	—
4. —	Fiskur saltaður og hertur .....	— 0.35	— skippund
5. —	Fiskur innlagður í skip .....	— 0.04	— 100 kg
6. —	Vatnssalerni .....	— 5.00	— hvert
7. —	Baðker .....	— 5.00	—
8. —	Kýr .....	— 6.00	— hverja
9. —	Hestar .....	— 6.00	— hvern
10. —	Kindur .....	— 0.15	— hverja
11. —	Kindur þar sem vatn er í húsi .....	— 0.25	—
12. —	Svín .....	— 6.00	— hvert
13. —	Minkar .....	— 0.20	— hvern
14. —	Vatn til skipa .....	— 3.00	— smálest
15. —	Vatn til skipa minnsta gjald .....	— 7.20	
16. —	Vatnsskattur á sjóhúsibúð .....	— 5.00	á mánuði
17. —	Vatnssala samkv. 4. gr. ....	— 0.30	- smálest
18. —	Vökvun í garða er óheimil, nema með sérstöku leyfi og gjaldi.		
19. —	Lágmarksskattur á hús sé kr. 15.00, þar sem ein fjölskylda er í húsi, annars kr. 10.00 á fjölskyldu, þar sem fleiri búa.		
20. —	Gjalddagar skulu vera tveir á ári. 1. júní skal greiða helming af föstum vatnsskatti og helming af áætluðum skatti af þegar veiddum aflu. 1. október greiðist það, sem þá stendur eftir af skattinum.		

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. júní 1942.*

**Jakob Möller.**

*Páll Pálmason.*

90

18. júní

## AUGLÝSING

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í i-lið 14. gr. laga frá 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1942:

**Í Reykjavík:**

Skattskrá skal leggja fram fyrir 23. þ. m. og skal hún vera til sýnis til 7. júlí þ. á. á lögboðnum stað.

Kærufrestur til skattstjóra skal vera til 7. júlí þ. á.

Úrskurðir skattstjóra skulu felldir fyrir 20. júlí þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 18. júní 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

91

25. júní

## SAMÞYKKT

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Norðfjarðarhrepps.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Norðfjarðarhrepps. Heimili þess og varnarþing er á Skorrastað í Norðfjarðarhreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka lax- og silungsveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að alfriða Norðfjarðará og ár, sem í hana falla, í næstu 6 ár. Þó má leyfa stangarveiði frá 13. júlí til 7. sept.;
2. að flytja í hana lax- og silungsveiði eftir þörfum, eða reisa við hana klakstöð, ef hentara þykir;
3. að friðuninni lokinni, að reka lax- og silungsveiði fyrir alla félagsmenn á einum eða fleiri stöðum, eða leigja ána til stangarveiði, ef arðsamara þykir.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í þessum vötnum: Norðfjarðará og ám, sem í hana falla.

Félagsmenn eru allir eigendur og ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum: Ormsstaðahjáleiga, Ormsstaðir, Hof, Skorrastaður, Kirkjuból, Hólar, Tandрастаðir, Fannardalur, Seldalur, Skuggahlíð, Grænanes, Búlandsborg.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax eða silung í vötnum þessum, nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 5. gr.

91

25. júní

Heimilt er félagsstjórninni að leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim einstöðum mönnum eða félögum, til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki, og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

## 6. gr.

Félagið starfrækir lax- og silungsklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur, í samráði við fiskiræktarráðunaut.

Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur.

Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

## 7. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: Formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi, til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti, eftir 2 ár. Síðan helzt sama röðin.

Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í stjórn.

## 8. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfundar. Hún hefur eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt og má ráða mann sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum.

## 9. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúarmánuði ár hvert. Skal hann boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og geta fundarefnis í fundarboðinu.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagslit.

## 10. gr.

Aukafund heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til eða ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

## 11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar

## 12. gr.

Arð af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiðir, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af  $\frac{2}{3}$  félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram. Þó getur sá, sem telur sig vanhaldinn í skiptum, krafizt mats á arðskrá.

91

25. júní

Eigi má úthluta arði samkvæmt 12. gr., fyrr en eftir aðalfund, enda tekjuafgangur á ársreikningi félagsins.

Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá ákveður.

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 krónum og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í félagssjóð.

15. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema  $\frac{2}{3}$  mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

16. gr.

Félaginu má slíta, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

*Páll Pálmason.*

92

25. júní

## ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

fyrir fiskrættar- og veiðifélag Norðfjarðarhrepps.

Arður og gjöld skiptast milli allra þeirra jarða, er hér eru taldar, og eftir þeim hundraðshlutföllum, er hér greinir:

	Hundraðshluti af arði eða gjöldum
Ormsstaðahjáleiga .....	3.90
Ormsstaðir .....	7.66
Hof .....	7.21
Skorrastaður .....	18.63
Kirkjuból .....	12.15
Hólar .....	13.47
Tandrastaðir .....	4.20
Fossárdalur .....	8.10
Seldalur .....	10.31
Skuggahlíð .....	6.63
Grænanes .....	6.63
Búlandsborg .....	1.11

Samtals 100.00

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

*Páll Pálmason.*

## S A M Þ Y K K T

93

25. júní

### fyrir fiskræktar- og veiðifélag Laugdælinga.

#### 1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Laugdælinga. Heimili þess og varnarþing er að Hrafnabjörgum.

#### 2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu, og arð af henni, með því:

1. að stunda laxaklak;
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum eða fleiri stöðum, ef henta þykir.

#### 3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til laxveiða í þessum vötnum:

1. Allri ánni (Laugardalsá).
2. Þeim tveim vötnum, er áin rennur í gegnum (Efstadalsvatn og Laugarbólsvatn).

Félagsmenn eru allir eigendur og ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum, en þær eru þessar: Strandsel, Blámýri, Laugarból (hefur 2 hluti), Efstidalur (hefur 2 hluti), Eiriksstaðir, Birnustaðir, Hrafnabjörg (hefur einnig 2 hluti) og Hagkot (með einn), eða alls 11 hlutir.

#### 4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax í vötnum þessum, nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

#### 5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ána, eða hluta af henni, einstökum mönnum eða félögum til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

#### 6. gr.

Nú tekur félagið upp sameiginlega veiði, og getur það þá ráðið mann til þess að standa fyrir veiðinni. Hann nefnist veiðistjóri. Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðarinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni, og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

#### 7. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við veiðimálastjórnina. Kostnaði öllum skal jafna niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins til tekur. Klekja skal minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

#### 8. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár, síðan helzt



93 sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema 25. júní lögmet forföll hamli, eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

## 9. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli funda. Hún ræður fasta starfsmenn fyrir félagið og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmetur fundur þá samninga. Hún hefur eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum.

## 10. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmetur ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarefni getið í fundarboði.

Nú er aðalfundur ekki lögmetur og skal þá boða til hans á ný með minnst þriggja daga fyrirvara, og er þá fundurinn ávallt lögmetur. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingu á lögum eða félagslit sé að ræða.

## 11. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

## 12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

## 13. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmetur fundur samþykkir og undirrituð er af  $\frac{2}{3}$  hluta félagsmanna og ráðherra staðfestir.

Arðskráin gildir til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá, að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram. Þó geta þeir, sem vanhaldnir teljast um skiptingu arðs, krafizt þess, að arðskrá sé ákveðin með matsgerð.

## 14. gr.

Eigi má úthluta arði samkvæmt 13. gr. fyrr en eftir aðalfund. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá ákveður.

## 15. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 kr. og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í félagssjóð.

## 16. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt, nema  $\frac{2}{3}$  mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

## 17. gr.

93

Félaginu má slita, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það, og skal þá jafna skuldum eða eignum félagsins niður á félagsmenn, ef einhverjar eru. 25. júní

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

## ARÐSKRÁ

94

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Laugdælinga. 25. júní

Arður og gjöld skiptast milli eftirtaldra jarða sem hér segir:

Hagkot .....	6 $\frac{1}{4}$	einingar
Strandsel .....	10	—
Blámýri .....	9 $\frac{1}{4}$	—
Hrafnabjörg .....	13	—
Birnustaðir .....	16 $\frac{3}{4}$	—
Laugarból .....	16 $\frac{3}{4}$	—
Eiriksstaðir .....	14	—
Efstidalur .....	14	—

—————  
Alls 100 einingar

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

## SAMÞYKKT

95

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Rangár. 25. júní

## 1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Rangár. Heimili þess og varnarþing er að þingstað Ljósavatnshrepps í S.-Þingeyjarsýslu.

## 2. gr.

Markmið félagsins er að koma á laxveiði í Rangá og gera hana arðsama með því:

1. að stunda laxaklak eða kaupa laxaseiði;
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum eða fleiri stöðum ef henta þykir.

95

25. júní

## 3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til laxveiði í þessum vötnum: Rangá í Ljósa- vatnshreppi og öllum þverám og lækjum, sem í hana falla. Félagsmenn eru allir eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem land eiga að nefndum vötnum, en þær eru: Finnsstaðir, Fellssel, Hlið, Yztafell, Gvendarstaðir, Hrappsstaðir, Hóll, Hnjúkur, Garðshorn, Háls, Torfunes, Ófeigsstaðir, Þóroddsstaður og Staðarholt.

## 4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax í þessum vötnum, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi ekki vera nema til eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og að tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi væri til umræðu.

## 6. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskræktarráðunaut, eða kaupir laxaseiði. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn, eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins til tekur. Sleppa skal í Rangá minnst hundrað seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist í henni.

## 7. gr.

Stjórnina skipa þrjú menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig: formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, eftir hlutkesti. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

## 8. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum á milli aðalfunda. Hún hefur eftirlit með því að lögum félagsins sé hlýtt, og má hún ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með störfum þess og fjárreiðum þess öllum.

## 9. gr.

Aðalfundur heldur félagið fyrir lok marz mánaðar ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er boðaður hverjum félagsmanni með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kys stjórn og endurskoðunarmenn félagsreikninganna. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagfundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

## 10. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef að einn fjórði félagsmanna óska þess og tilgreina fundarefni.

## 11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar þess fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

95

25. júní

## 12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði og svo öllum gjöldum, er af starfsemi félagsins leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af tveim þriðju félagsmanna. Gildir hún til fimm ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram. Þó geta þeir, sem telja sig vanhaldna um skiptingu arðs, krafizt þess, að skorið sé úr ágreiningi með mati.

## 13. gr.

Félagsmenn skulu greiða kostnað af starfsemi félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Eigi má úthluta öllum arði samkvæmt 12. gr. fyrr en eftir aðalfund, enda sé tekjuafgangur á ársreikningi félagsins.

## 14. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að fimm hundruð krónum, og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í félagssjóð.

## 15. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt nema tveir þriðju mætttra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna og hafi þess verið getið í fundarboði.

## 16. gr.

Félaginu má slita ef tveir þriðju félagsmanna óska þess.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

## ARÐSKRÁ

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Rangár.

96

25. júní

Hrappsstaðir .....	11	hundraðshluti
Hóll .....	8	—
Garðshorn .....	3	—
Háls .....	6	—
Torfunes .....	9	—
Ófeigsstaðir .....	8	—
Þóroddsstaður og Staðarholt .....	9	—
Finnsstaðir .....	1	—
Fellssel .....	10	—
Yztafell .....	15	—

96  
25. júní

Hlið .....	2 hundraðshlutir
Gvendarstaðir .....	18 —

Alls 100 hundraðshlutir

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1942.*

F. h. r.

**Vígfús Einarsson.***Páll Pálmason.*97  
26. júní**S A M Þ Y K K T**

**um forkaupsrétt Seyðisfjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt.

Seyðisfjarðarkaupstaður áskilur sér forkaupsrétt á svo nefndri Wathneseign á Seyðisfirði

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1942 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. júní 1942.*

F. h. r.

**Vígfús Einarsson.***Páll Pálmason.*98  
29. júní**A U G L Ý S I N G**

**um breyting á samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík, nr. 58  
5. júní 1937.**

Í 1. mgr. 2. gr. í stað orðanna „kl. 7 síðdegis“ komi: kl. 6½ síðdegis, og í stað orðanna „kl. 8½ árdegis“ í sömu mgr. komi: kl. 9 árdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1942.*

F. h. r.

**Vígfús Einarsson.***Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

99

30. júní

### um breyting á gjaldskrá rafveitu Hafnarfjarðar.

Heimilt skal rafveitunni að hækka gjöld samkvæmt gjaldskrá rafveitunnar um 1% — einn af hundraði — fyrir hver 4 stig, er verðlagsvisitala er umfram 100.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

100

3. júlí

### um breyting á reglugerð um iðnaðarnám, nr. 38 29. marz 1941.

1. gr.

Í 1. gr. A., á eftir „beykisiðn“ komi: bifreiðasmíði. Á eftir „prentiðn“ komi: prentmyndaljósmýndun, prentmyndasmíði. Á eftir „úrsmíði“ komi: útvarpsvirkjun. Í B-lið sömu greinar falli burt: prentmyndamótarar, prentmyndatökumenn.

2. gr.

Í 12. gr., á eftir „beykisiðn“ komi: bifreiðasmíði. Á eftir „úrsmíði“ komi: útvarpsvirkjun.

3. gr.

Í 13. gr., á undan tölulið 2. „Bifvélavirkjun“ komi nýr töluliður:

#### 3. Bifreiðasmíði.

Nemandi skal velja með drætti eitt atriði úr hverjum neðanskráðra flokka og framkvæma þau atriði, sem hann dregur. Auk þess skal hann sýna kunnáttu sína í rafsúðu og logsjóða saman tvær 1 m/m þykkar járnplötur, er séu að minnsta kosti 50 cm á hvern veg.

##### 1. flokkur:

- a. Smíða staf í bogna hurð.
- b. Smíða bita í þak.
- c. Setja saman eitt hurðarhorn.

##### 2. flokkur:

- a. Smíða járnklofa, er tengi framstykki við undirvagn.
- b. Smíða járnbergju, er tengi framstykki við hlið.
- c. Smíða stykki í völtuás.
- d. Leggja járn á gluggahorn.
- e. Kúpa 1 m/m járnplötu.
- f. Smíða upp og breyta aurhlífum.

100

3. júlí

**3. flokkur:**

- a. Líma gúmmí á sætisramma og klæða sætið með dúk.
- b. Leggja raflögn í þak með tilheyrandi rofa.
- c. Skera og slípa hreyfanlega rúðu.

Tölusetning iðngreina í 13. gr. breytist vegna þessarar viðbótar og verður síðasta talan 30. Veggfóðrun.

13. iðngrein: **Málun**, sem verður 14. iðngrein, breytist þannig:

- a. Síðasta setning orðist svo: Prófflötinn skal gljálakka eða lakka hann með móðublæ.
- b. Upphafið orðist svo:

Nemandinn skal mála flöt (pappír strengdan á ramma)  $1 \times 1,5$  m að stærð, með ógljáðum olíulit eða olíumáli, lökkuðu með móðublæ, o. s. frv.

16. iðngrein: **Myndagerð**, verður 17. iðngrein, b- og c-liðir orðist þannig:b. **Prentmyndasmíði:**

Nemandi skal grafa myndir í zink eða eir, punktamyndir fyrir mynda-pappír og grófari pappír, og punktalaus mynd (strikmynd), bæði með einum lit og allt að fjórum litum. Skal hann skila sýnishornum af myndunum og plötunum tilbúnum til prentunar.

c. **Prentmyndaljósmýndun:**

Nemandi skal ljósmynda punktamynd og strikmynd (teikningu), bæði með einum lit og allt að fjórum litum. Einnig skal hann framleiða (framkalla) myndirnar og færa (kopiera) þær á zink eða eir.

Nemandi skal vera fær um að undirbúa ljósmyndaplötur og geta gert munnlega grein fyrir meðferð þeirra efna, er starfinu tilheyra.

17. iðngrein: **Netagerð**, sem verður 18. iðngrein, orðist svo:

Nemandi skal gera eftirlíkingu (model) af botnvörpu og teikna og gera eftirlíkingu af sildarnót. Stærð eftirlíkinganna ákveða prófdómendur.

20. iðngrein: **Rafmagnsiðn**, verður 21. iðngrein. Aftan við b-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

- c. Útvarpsvirkjar skulu setja upp útvarpsviðtæki með loftneti og grunntengingu, gera við 3 viðtæki (eitt fyrir rafhlöður, eitt fyrir rakstraum og eitt fyrir riðstraum) og teikna í aðaldráttum straumrásarmynd í tækin og gera grein fyrir byggingu þeirra og orsökum bilana, framkvæma deyfingu útvarpstruflana frá ákveðnum raforkuvirkjum, sýna að þeir hafi nægilega þekkingu í rafmagnsfræði, útvarpsfræði og hljóðfræði, til þess að geta framkvæmt hvers konar mælingar og viðgerðir á flóknum útvarpsviðtækjum, sem nauðsynlegar eru til þess að koma þeim í fullkomið lag, enn fremur að þeir þekki gildandi lög og reglugerðir, er varða útvarps- og loftskæmtatæki.

4. gr.

Í 25. gr. 4. „Iðnteikning“ komi í upphafi f-liðs, á undan „bifvélavirkjar“: Bifreiðasmiðir. Á eftir s-lið komi nýr liður: t. Útvarpsvirkjar teikni mismunandi viðtækjahluti ásamt tengingum þeirra.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1942.*

**Magnús Jónsson.**

*Vigfús Einarsson.*

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigurjónu Jóakims- 101  
dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8 júlí.  
8. júlí 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurjónu Jóakimsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurjónu Jóakimsdóttur.

2. gr.

  - b. Ekkert skip, og eigi heldur litlir mótör-fiskibátar, skulu fara suður fyrir línu, sem dregin er beint til austurs frá Brimnesi. Skip, sem komin eru suður fyrir þessa línu, skulu halda beint til Akureyrar eða Hjalteyrar. Um síldveiðitím-ann hefur aðmirállinn á Íslandi vald til að slaka á þessum fyrirmælum að því er tekur til fiskiskipa, að því tilskildu, að fyrirætlun skipsins að fara suður fyrir Brimnes, sé tilkynnt siglingaeftirlitsmanninum (Sea Transport Officer) á Akureyri, og að fylgt sé þeim fyrirmælum, sem fá verður hjá honum. Skip mega hvenær sem er fara út úr Eyjafirði, enda haldi þau sig þá meira en 200 metra frá landi.

3. Milli Seyðisfjarðar og Reyðarfjarðar, að báðum meðtöldum. 134
- a. Ekkert skip má koma nær ströndinni en 200 metra, nema hvað bátar mega fara til hafnar eða láta úr höfn á Norðfirði og Eskifirði. Litlir mótör-fiskibátar eru undanþegnir þessum fyrirmælum.
  - b. Engin skip, og eigi heldur litlir mótör-fiskibátar, skulu fara vestur fyrir línu, sem dregin er beint til norðurs frá Gullsteinseyri.
  - c. Ekkert skip, og eigi heldur litlir mótör-fiskibátar, skal fara vestur fyrir línu, sem dregin er beint til suðurs frá eyjaklasa þeim, er liggur eina mílu vestur af Hólmanesi.
4. Hrútafjörður.
- Ekkert skip, og eigi heldur litlir fiskibátar, skulu fara suður fyrir Hrótey. Skip, sem þegar eru komin suður fyrir þá línu, skulu halda rakleitt til Borðeyrar. Skip mega á hvaða tíma sem er fara út af Hrútafirði, enda haldi þau sig þá meira en 200 metra frá ströndinni.
5. Allir þeir bátar, sem eru á ferð að næturlagi, skulu til frekara öryggis hafa siglingaljós. Smábátar skulu að staðaldri sýna hvítt ljós.
6. Varðskip.
- Skoðunarskip liggur úti fyrir Reykjavík (sjá almennar siglingareglur fyrir Reykjavík). Varðskip, sem framkvæma skoðun, liggja á eftirgreindum stöðum, og öll þau skip, sem ætla sér inn, skulu hafa samband við varðskipið og vandlega fylgja þeim fyrirskipunum, sem þeim kunna að verða gefnar. Skip skulu ekki halda áfram inn, fyrr en þau hafa fengið leyfi til þess.
- a. Eyjafjörður. Suðaustur af suðurenda Hriseyjar.
  - b. Seyðisfjörður. Norðvestur af Gullsteinseyri.
  - c. Reyðarfjörður. Suður af eyjaklasa þeim, er liggur hér um bil eina mílu vestur af Hólmanesi.
7. Bannað er að fara inn á eftirgreinda firði eftir að skyggja tekur:  
Eyjafjörður. Seyðisfjörður. Reyðarfjörður. Hrútafjörður.
8. Talið er að skuggsýnt sé frá því einni stund eftir sólsetur þangað til einni stund fyrir sólarupprás.

### III. Bannaðar eru allar veiðar og akkerislegur skipa á eftirgreindum svæðum:

1. a. Í Seyðisfirði á beltí, sem takmarkast af línu, sem hugsast dregin þvert yfir fjörðinn í 144° stefnu frá stað, sem liggur 0,2 sjómílu í 258° stefnu frá flaggstönginni á verzlunarhúsunum á Vestdalseyri, og annarri línu, sem hugsast dregin þvert yfir fjörðinn í 134° stefnu frá stað, sem liggur 0,2 sjómílu í 043° stefnu frá áðurnefndri flaggstöng.
- Á svæði sem takmarkast er hér segir:
- b. Austurmörk: Bein lína, 7,25 sjómílu í 351° stefnu frá Dalatangavita, og þaðan bein lína í 270° stefnu í skerið við Álftanes.
  - b. Vesturtakmörk: Tvær beinar línur, sem báðar eru dregnar í land frá stað, sem er 0,95 sjómílu í 112° stefnu frá Brimnesvita. Önnur línan er dregin í 011½° stefnu, hin í 112° stefnu.
- (Sjókort nr. 2979.) Ofangreind austurtakmörk bannsvæðisins skal draga á kortið, og orðin „Anchoring and fishing prohibited“ skal marka á svæðið vestan þessarar línu og austan Brimnesvita
- c. Á sjókort nr. 3330 og meðfylgjandi sérkort af Seyðisfirði, skal fyrir norðan sæsimalínuna, milli ofangreinds bannsvæðis og bannsvæðisins við Vestdalseyri, marka orðin „Anchoring and fishing prohibited north of cable“.
- (Sjá „Admiralty Notice to Mariners“, h. 26. nóv. 1941).

10. ágúst **134** 2. Í Eyjafirði á beltí þvert yfir fjörðinn, sem að norðan takmarkast af línu, sem hugsast dregin milli Arnarnesnafa og Laufáskirkju, og að sunnan af línu, sem hugsast dregin milli Hjalteyrarvita og bryggju framundan bakkum Nollu.
3. Í Hrutafirði á beltí þvert yfir fjörðinn, sem takmarkast að norðan af línu, sem hugsast dregin í rétt austur og vestur frá norðurenda Hruteyjar, og að sunnan af línu, sem hugsast dregin í rétt austur frá Kjörseyrartanga.

Uppdrættir af framangreindum svæðum eru birtir í 71. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1940 og 16. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1941.

#### IV. Umferðatálmanir og bannsvæði í Hvalfirði:

1. Bannað er að hafa meðferðis ljósmyndavélar og taka ljósmyndir á svæðinu innan hugsaðrar línu frá Saurbæ á Kjalarnesi að 574 m hæðamerki á Akrafjalli, þaðan að vegamótum vestan Lambhaga og þaðan meðfram Laxá sunnanverðri að Þórisstöðum til 585 m hæðamerkis á Veggjum og þaðan að 848 m hæðamerki á Hvalfelli að 787 m hæðamerki á Kili, en frá Kili að 771 m hæðamerki á Skálafelli og þaðan að 909 m hæðamerki á Esju og þaðan til Saurbæjar á Kjalarnesi.

Á svæði þessu mega menn búast við að þurfa að gera grein fyrir sér og erindi sínu.

2. Bannað er að koma inn á svæði þau, sem herinn hefur bækistöðvar á að Saurbæ, Hálsnesi, Hvammsvík, Hvítanesi, Þyrilsnesi og Hrafneyri. Þar, sem svæði þessi skera þjóðveginn, verða reistir staurar málaðir með breiðum, rauðum og hvítum röndum.

Á þjóðveginum innan þessara svæða mega engin farartæki nema staðar, en umferð um veginn er heimil.

3. Íslenzkar flugvélar mega ekki fljúga nær Hvalfirði en annars vegar frá Reykjavík lágt yfir Akranes, lágt norður eftir Borgarfirði norðan Hvítárvala unz komið er austur fyrir 21. gr. 7 m. v. l. og hins vegar frá Reykjavík sunnan Þingvallavegar að Þingvöllum og svo austan Þingvallu unz komið er norður fyrir 64. gr. 36 m. n. br.

4. Brezka herstjórnin hefur tilkynnt, að allar siglingar um Hvalfjörð skuli bannaðar fyrir innan línu, sem hugsast dregin milli Innri-Hólms (64° 18' 16" N, 21° 55' 52" V) og Kjalarness (64° 13' 52" N, 21° 54' 47" V).

Ef óskað er eftir að sigla skipum inn fyrir ofangreinda línu, verður að leita aðstoðar brezku flotayfirvaldanna í Reykjavík um leiðsögu.

#### V. Bönnuð lægi í Faxaflóa.

Lægi á neðangreindum svæðum eru bönnuð, nema eftir fyrir mælum aðal-eftrittsstöðvarinnar eða hafnsögumans frá flotanum:

Svæði því, er takmarkast af eftirgreindum línunum: Að vestan í norðvestlæga stefnu frá staðnum (a), sem liggur 3,5 sjómíliur í 188° stefnu frá samblossavitanum á Akranesi, í stefnuna 270° 0,5 mílu, þaðan 4,4 mílu í 346° stefnu og þaðan 090° stefnu til lands. Í suðaustlæga stefnu frá staðnum (a), sem að ofan greinir, í 165° stefnu til Kerlingaskers, þaðan í Gróttúvita. Að austan í línu frá blossvitanum austan við Krossvík á Akranesi í stefnuna 164° yfir austurjaðar Akureyjar til lands. (Sjá Notice to Mariners.) (Tilkynning til sjófarenda 2267 frá 1940 með þeim breytingum, sem Notice to Mariners 1310 frá 1941 gerir á henni.)

Sundinu milli Akureyjar og lands er lokað. Hvert það skip, sem gerir tilraun til að koma eða fara þessa leið, gerir það á eigin áhættu.

## VI. Bannsvæðið við Gróttutanga (Seltjarnarnes og Hvaleyri, vestur af Hafnarfirði). 134

10. ágúst

Hernaðarsvæði á Gróttutanga (Seltjarnarnesi) og Hvaleyri (Hvaleyrarhöfða vestur af Hafnarfirði) hafa verið gerð að bannsvæðum, og má ekki fara um þessi svæði nema undir eftirliti hernaðaryfirvaldanna. Umrædd svæði eru afgirt með gaddavír. Að jafnaði verður leyft að fara um þau eftir aðalveginum, en engum verður leyft að fara út af aðalveginum nema hann geti sannað fyrir hernaðaryfirvöldunum að hann eigi nauðsynjaerindi inn á hið bannaða svæði. Þeir, sem heima eiga á svæðum þessum, komi sér saman við hernaðaryfirvöld staðarins um frjálsan aðgang að húsum sínum og eignum, svo að sem minnst sé raskað venjum daglegs lífs. Hver sá maður, er leyfislaust fer inn á svæði þessi, ber sjálfur ábyrgð á afleiðingunum.

## VII. Umferðabann í Skerjafirði.

Brezku hernaðaryfirvöldin hafa talið nauðsynlegt að lýsa Skerjafjörð bannsvæði austan línu, sem hugsast dregin milli sjómerkisins í Suðurnesi og sjómerkisins á Eyri á Álftanesi.

Öllum fiskiskipum og öðrum bátum og skipum er því bönnuð umferð og dvöl á þessu svæði. Í dagsbirtu er fiskibátum þó heimilt að fara heina leið út á fiskimið utan bannsvæðisins frá útgerðarstað og heim aftur.

## VIII. Bannsvæði við flugvöllinn í Reykjavík.

Svæðið á Seltjarnarnesi og í Skerjafirði sunnan Reykjavíkur, þar sem flugvöllurinn er og herbúðir setuliðanna, er bannsvæði. Að norðan er svæðið girt með þrefaldri gaddavírsgirðingu en að sunnan takmarkað af Skerjafirði og Fossvogi. Bannað er að baða sig eða fara í sólbað við strönd þessa, og einnig er stranglega bannað að hafa hesta, gripri eða fé á beit á þessu svæði. Aðgangur að svæði þessu er bannaður, nema með leyfi forráðamanna flugvallarins. Aðeins verkamenn setuliðsins og aðrir, sem eru í nauðsynlegum erindagerðum og sem hafa fengið til þess sérstök vegabréf, fá aðgang inn fyrir girðinguna.

Reglur varðandi íslenzkar flugvélar og farþega með þeim, hafa þegar verið gerðar kunnar af flugvallayfirvöldunum og fást upplýsingar um þær hjá Flugfélagi Íslands.

## IX. Bannsvæði við flugvöllinn á Kaldaðarnesi.

Svæðið á Kaldaðarnesi, þar sem flugvöllurinn og herbúðir eru, hefur verið lýst sem bannsvæði af hernaðaryfirvöldunum. Þeir, sem húa á svæði þessu og verkamenn, sem vinna þar, munu fá sérstök vegabréf hjá yfirmanninum á staðnum. Enginn fær aðgang inn á bannsvæðið án sérstaks leyfis. Sá, sem fer inn á bannsvæði þetta án leyfis hernaðaryfirvaldanna, gerir það á eigin ábyrgð.

## X. Bannsvæði við herbúðir.

1. Almennings er bannaður aðgangur inn í herbúðir nema með sérstöku vegabréfi eða sérstöku leyfi yfirmannsins. Til að koma í veg fyrir að menn óafvitandi fari inn á svæði þessi eru þau afgirt og eru merkt með spjöldum með eftirfarandi áletrun á ensku og íslenzku:

Keep out ..... Aðgangur bannaður.  
 Military property .... Hernaðar útbúnaður.  
 Armed guards ..... Varðmenn með byssur.

134  
10. ágúst

2. Inngangar inn í herbúðir eru lokaðir á meðan dimmt er, og eru varðmenn með byssur á verði við innganginn. Þeir, sem fara inn á bannsvæði þessi, án sérstaks leyfis, gera það á eigin ábyrgð.

Sérstök vegabréf til umferðar um herbúðir og bannsvæði í nágrenni Reykjavíkur geta menn, sem á því þurfa að halda, fengið hjá hernaðaryfirvöldunum, með milli-göngu hlutaðeigandi íslenzks yfirvalds.

### XI. Umferðatakmörkanir á Reykjanesi.

Í því skyni að ameríska hernum megi takast að verja Ísland og draga sem mest úr áhættu landsmanna, er aðeins takmörkuð umferð leyfð um svæði það á Reykjanesi, sem sýnt er á hér birtum uppdraetti.

Á Reykjanesi norðvestanverðu allt það svæði, sem afmarkast af línu dreginni yfir nesið, og liggur hún þannig: Hefst í Litlu-Sandvík og liggur þaðan austur á við h. u. b. 6,3 km til staðar, sem liggur um 1 km í suður frá Sandfellshæð, þaðan í norð-austlæga átt h. u. b. 13 km vegalengd upp á brún hæðar þeirrar, er nefnist Litla-Skógfell, þaðan í norðurátt h. u. b. 6,3 km vegalengd til strandarinnar skammt inn-  
an við Grímshól á Vogastapa.

Land það, sem aðeins takmörkuð umferð er leyfð um, skal ekki taka yfir Innri Njarðvík, Ytri Njarðvík, Keflavík, Leiru, Garð, Sandgerði, Hvalsnes, Stafnes, Hafnir, né heldur tiltekin landsvæði ræktuð eða umbætt og eru þau sýnd utanmerkjalínu greinds svæðis á áðurgreindum uppdraetti.

Auk þess eru neðangreindir vegir innan svæðis umferðatakmörkunarinnar undanskildir takmörkuninni, svo sem sýnt er á uppdraettinum, sem hér er prentaður með.

1. Vegurinn um Njarðvíkur, Keflavík, Leiru, Garð, Sandgerði og Stafnes.
2. Vegurinn frá Innri-Njarðvík til Hafna.
3. Vegurinn til Grindavíkur.

Landamerki þessara kaupþúna og svæða verða auðkennd með staurum, máluðum rauðum og hvítum.

### Bannsvæði.

Allir þeir staðir, þar sem tæki eru sett upp, mannvirki reist eða hernaðarstörf framkvæmd, innan þess svæðis, sem aðeins takmörkuð umferð er leyfð um, eða eru afgirtir og merktir sem slíkir, eru bannsvæði.

Íslendingar mega ekki fara inn á áðurnefnd svæði, sem bönnuð eru eða aðeins leyfð takmörkuð umferð um, nema þeir hafi í höndum tilhlýðileg vegabréf. Vegabréf samþykkt af íslenzku ríkisstjórninni fást, þegar um þau er beðið, hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði og lögreglustjóranum í Keflavík, og munu þeir leiðbeina umsækjanda til hlutaðeigandi amerískis starfsmanns. Umsókninni skulu fylgja tvær myndir af umsækjanda, 5 × 5 cm á stærð. Umsóknin skal tilgreina þann sérstaka hluta takmarkaðs eða bannaðs svæðis, sem umsækjandinn óskar að fara um, og sömuleiðis á hvaða tíma eða tímum og í hverjum tilgangi hann hyggst að fara þar inn. Sá, sem fer um takmarkaða eða bannaða svæðið, skal ávallt bera á sér vegabréf sitt.

Engar ljósmyndavélar eða myndatökuáhöld má fara með inn á takmarkað eða bannað svæði, né geyma þar.

Vegabréf þurfa Íslendingar ekki til þess að ferðast um neðangreinda vegi:

1. Veginn um Njarðvíkur, Keflavík, Leiru, Garð, Sandgerði og Stafnes.
2. Veginn frá Innri-Njarðvík til Hafna.
3. Veginn til Grindavíkur.

Þar, sem vegir þessir liggja um þau svæði, sem umferð er takmörkuð um, er **134** frjálst að fara um veginn, en hvorki má farartæki né maður staðnæmast þar né 10. ágúst dvelja.

Íslenzkar flugvélar mega ekki fljúga yfir áður greind svæði, sem umferð er takmörkuð um, og eigi nær þeim en í 24 km fjarlægð.

Uppdráttur af bannsvæðinu er birtur í 23. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 45. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, sbr. tilk. í 42. tbl., um skemmdir á skipum af völdum brezkra herskipa og tilkynningu um þær.** **135** 18. ágúst

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt ríkisstjórninni, að þegar íslenzkt skip eða hafnarmannvirki verða fyrir skemmdum af völdum brezkra herskipa, þá sé nauðsynlegt, vegna væntanlegra skaðabóta, að tilkynning um tjónið sé tafarlaust send

1. til næsta brezks sjóhernaðaryfirvalds, þegar íslenzkt skip hefur orðið fyrir skemmdum;
2. til næsta brezks hernaðaryfirvalds (naval or military) þegar hafnarmannvirki hafa orðið fyrir skemmdum;
3. og að fulltrúa hlutaðeigandi hernaðaryfirvalds verði veitt tækifæri til að athuga tjónið.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 45. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um bann hernaðaryfirvaldanna gegn ljósmyndatöku.** **136** 18. ágúst

Herstjórn Bandaríkjanna hefur bannað ljósmyndatökur á Gróttu við Reykjavík og í Hvalfirði, einnig á öllum flugvöllum, flugvélastýlum, fallbyssustæðum, loftvarnarbyssustæðum, strandvarnarbyssustæðum, höfnum og hafnarmannvirkjum. Einnig er bannað að ljósmynda flugvélar, herstöðvar og herskip.

**Auglýsing frá dómsmálaráðuneytinu, birt í 49. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um bann við því að eiga kaup eða skipti á vörum við hermenn.** **137** 11. sept.

Athygli almennings er hér með vakin á eftirfarandi:

1) Það varðar sektum eða varðhaldi eða hvoru tveggja, að eiga kaup eða skipti um vörur, sem hermenn, sem tilheyra herflokkum eða herskipum, sem hér eru, bjóða fram eða þeir hafa undir höndum, og að taka við slíkum vörum að gjöf frá þeim, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur fyrir þá, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram eða gjöfin þegin, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og fullnægt hafi verið öðrum almennum innflutningsskilyrðum, sbr. 1. gr. laga nr. 13 5. maí 1941. Auk þess mega þeir, er taka við slíkum vörum, búast við að þurfa að afhenda þær aftur endurgjaldslaust.




11. sept. **137** 2) Samkvæmt yfirlýsingu herstjórnarinnar er setuliðsmönnum ófrjálst að láta af hendi eða selja varning tilheyrandi birgðum eða búnaði hersins, og getur það því, auk þess, sem að framan greinir, varðað við hin almennu hegningarlög að kaupa eða taka við slíkum varningi.

Nokkrir refsidómar hafa þegar verið felldir í slíkum málum.

19. sept. **138** **Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 52. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um fyrirmæli brezka sjóliðsins um bannsvæði á Seyðisfirði.**


Brezka sjóliðið hefur ákveðið að banna akkerislegur skipa og fiskveiðar á svæði því á Seyðisfirði, sem sýnt er á eftirfarandi uppdrætti.



Bannsvæðið takmarkast af línu, sem hugsast dregin yfir fjörðinn í 327° stefnu frá Hánefsstaðaeypri, og af annarri línu samhliða hinni fyrri, einni sjómílu utar.

**Auglýsing frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, birt í 55. 139**  
tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um merking á útflutningsvörum. 5. okt.

Allar umbúðir um fiskafurðir og hvers konar matvæli, sem The Agricultural Marketing Administration í Bandaríkjunum hefur keypt vegna brezka matvælaráðuneytisins, skulu merktar með neðangreindu merki:



Stærð og lögun merkisins skal vera eins og myndin sýnir.

140  
15. júlí

## REGLUR

### um viðgerðir útvarps- og loftskeytaviðtækja.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar dags. 7. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjar-skiptamála, eru hér með settar eftirfarandi reglur um viðgerðir útvarps- og loftskeyta-viðtækja:

#### 1. gr.

Enginn má taka að sér að gera við viðtæki útvarps, loftskeyta, firðtals o. þvl., eða setja upp útiloftnet fyrir þau nema sá, er hefur fengið leyfisbréf til þess, útgefið af póst- og símamálastjórninni. Þetta ákvæði nær þó ekki til starfa, sem eru framkvæmd í umboði Landssímans eða Ríkisútvarpsins. Leyfisbréf frá póst- og símamálastjórninni þarf heldur ekki, þegar um er að ræða:

- a. Viðgerðir, sem eru einungis fólgnar í endurnýjun lampa, öryggis eða annarra því-likra lausra hluta í viðtækjunum, enda valdi það engum skaðlegum breytingum á eiginleikum tækjanna svo sem aukinni lífshættu, brunahættu eða hættu á að trufla rekstur annarra tækja.
- b. Uppsetning útiloftneta, þar sem rafmagnsveita með yfir 24 volta spennu er ekki á staðnum og engin símalína nær en í 10 metra fjarlægð, enda sé að öllu leyti farið eftir gildandi reglum þar um.

Enn fremur kemur skirteini 1. og 2. flokks loftskeytamanna í stað leyfisbréfs, þegar um er að ræða viðgerðir viðtækja, sem tilheyra loftskeytastöðinni, sem þeir eiga að gæta

Löggiltum rafvirkjum er og heimilt, án leyfisbréfs frá póst- og símamálastjórninni, að setja upp venjuleg loftnet fyrir útvarpstæki, svo og að leggja taugar innan-húss að tækjunum, enda fylgi þeir settum reglum þar að lútandi.

#### 2. gr.

Umsóknir um leyfisbréf, er um getur í 1. gr., skal senda póst- og símamálastjórninni, og skal taka fram fullt nafn, fæðingardag, heimilisfang, upplýsingar um menntun og atvinnu síðustu ár, svo og vottorð sérfróðra manna um kunnáttu í útvarps- eða loftskeytataekni, enn fremur hvers konar leyfis sé óskað.

Póst- og símamálastjórnin felur 3 manna nefnd, sem í eru einn tilnefndur af Landssímanum, einn af Ríkisútvarpinu og einn af Rafmagnseftirliti ríkisins, til að dæma um hæfni umsækjanda áður en leyfisbréf er gefið út. Ef umsækjandi hefur ekki áður lokið prófi, er nefndin tekur gilt, og hún telur nauðsynlegt að halda próf, ber umsækjandi allan kostnað af prófinu.

Þeir, sem hafa verið löggiltir sem útvarpsvirkjar áður en áðurnefnd reglugerð frá 7. maí 1942 var gefin út, fá án prófs afhent leyfisbréf 1. flokks sbr. 3. gr. þessara reglna.

#### 3. gr.

Leyfisbréf til viðgerða á viðtækjum almennings greinast í þessa höfuðflokkka:

##### 1. flokkur (Almennt leyfisbréf):

Leyfi til þess að gera við öll venjuleg útvarpsviðtæki hvar sem er á landinu og til að setja upp útiloftnet fyrir þau.

Ef leyfishafi hefur opna viðgerðarstofu og fær viðurkenningu póst- og síma-málastjórnarinnar fyrir að hafa fullnægjandi áhöld og mælitæki, má hann taka nem-endur sér til aðstoðar við viðgerðirnar, en hann ber fulla ábyrgð á verkum þeirra, og skal ávallt athuga verk þeirra áður en þeim er skilað.

**2. flokkur (Staðbundið leyfisbréf):**

Leyfi til þess að gera við tilteknar tegundir viðtækja í ákveðnum kaupstað eða héraði, og setja þar upp útiloftnet fyrir viðtækin. Þetta leyfi er að jafnaði aðeins veitt, ef viðgerðarmaður (útvarpsvirki) með 1. flokks leyfisbréfi er ekki starfandi á staðnum.

140

15. júlí

**3. flokkur (Takmarkað leyfisbréf):**

Leyfi til þess að gera við einfaldar bilanir í rafhlöðuviðtækjum eða viðtækjum, sem eru tengd við rafveitur með hæst 24 volta spennu. Þetta leyfi er að jafnaði aðeins veitt fyrir ákvæðið hérað.

4. gr.

Í leyfisbréfi skal tilgreina, hve viðtækt leyfið sé, til hvaða tíma það gildi, og önnur ákvæði og skilyrði fyrir leyfinu.

5. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 7. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

*Póst- og símamálastjórnin, 15. júlí 1942.*

**Guðmundur Hlíðdal.**

*G. Briem.*

**AUGLÝSING**

141

28. júlí

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í i-lið 14. gr. laga frá 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðunir og frestir samkv. 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1942:

**Í Reykjavík.**

Kærufrestur til yfirskattanefndar skal vera til 11. ágúst þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 28. júlí 1942.*

F. h. r.

E. u.

**Einar Bjarnason.**

142  
31. júlí

## REGLUGERÐ

um sérstakt útflutningsgjald af ísfiski.

1. gr.

Auk útflutningsgjalds þess, sem ákveðið er í lögum nr. 63 28. jan. 1935, skal greiða í ríkissjóð 10% — tíu af hundraði — af verði ísfiskjar þess, sem fluttur er til útlanda eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

Undanþegin gjaldi þessu er þó ísfiskur sá, sem fluttur er til útlanda á vegum brezka matvælaráðuneytisins (Ministry of Food).

Til fiskjar þess, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, telst ísfisksafli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Ákvæði laga nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald, skulu gilda eftir því, sem við getur átt, um gjald það, sem um ræðir í 1. gr. þessarar reglugerðar, og getur tollyfirvald neitað skipi um tollvegabréf fyrr en útflutningsgjaldið er greitt eða nægileg trygging er sett fyrir greiðslu þess síðar.

3. gr.

Útflutningsgjald það, sem hér um ræðir, skal færa í útflutningsgjaldabók og skal gera sérstök skil fyrir því í ríkissjóð með öðrum útflutningsgjöldum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 5. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 31. júlí 1942.*

**Jakob Möller.**

*Einar Bjarnason.*

143  
5. ágúst

## REGLUGERÐ

um stjórn og starfsemi sjúkrasamlaga.

1. gr.

Sjúkrasamlög þau, er stofnuð eru samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, sbr. lög nr. 92 14. maí 1940, eru sameiginlega sjálfstæð deild í Tryggingarstofnun ríkisins, með sérstökum fjárhag, og nefnist hún Sjúkratryggingardeild.

2. gr.

Sameiginleg stjórn allra sjúkrasamlaganna er hjá Tryggingarstofnun ríkisins og tryggingarráði undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

Í kaupstöðum skulu stjórnir sjúkrasamlaga skipaðar 3 eða 5 mönnum og jafnmörgum varamönnum. Ráðherra skipar formenn samlaganna og varaformenn, eftir tillögum tryggingarráðs, en bæjarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn og jafnmarga til vara. Skal kosning þeirra jafnan fara fram eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar.

## 4. gr.

Í hreppum utan kaupstaðanna skulu stjórnir sjúkrasamlaga skipaðar 3 eða 5 mönnum og jafnmörgum varamönnum. Ráðherra skipar formenn samlaganna og varaformenn, eftir tillögum tryggingarráðs, en hreppsnefndin kys til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn og jafnmarga til vara. Skal kosning jafnan fara fram eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar.

Standi fleiri hreppar en einn að sjúkrasamlagi, skulu þeir leggja til einn mann hver í stjórn samlagsins, en standi tala stjórnarmanna þá á stöku, skal hreppsnefnd þess hrepps, sem fleiri eða flesta hefur tryggingarskylda samlagsmenn, kjósa 2 menn.

## 5. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins kveður á um launagreiðslur stjórnenda sjúkrasamlaga, að fengnum tillögum samlagsstjórnanna.

## 6. gr.

Halda skal stjórnarfund, þegar formaður eða meiri hluti samlagsstjórnar telur þess þörf. Í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 500 íbúa skal þó halda fund eigi sjaldnar en einu sinni á mánuði.

Samlagsstjórn kys sér fundarritara og skal hann halda gerðabók samlagsins, sem lesin skal upp í fundarlok og undirrituð af öllum viðstöddum stjórnarmönnum.

Við atkvæðagreiðslur ræður atkvæðamagn. Nú eru atkvæði jöfn og fellur þá atkvæðisefnið, nema einhver stjórnarmanna leggi málið undir úrskurð Tryggingarstofnunar ríkisins.

## 7. gr.

Nú forfallast aðalmaður í stjórn sjúkrasamlags og getur ekki mætt á fundi og skal þá kalla varamenn til að sitja stjórnarfund í hans stað. Samlagsstjórn setur reglur um það, hvaða tilhögun skuli hafa um kvaðningu varamanna til funda. Skulu þessar reglur sendar Tryggingarstofnun ríkisins.

## 8. gr.

Samlagsstjórn ræður starfsmenn samlagsins, eftir því sem þörf krefur, eða skiptir störfum á milli stjórnarmeðlimanna, ef fært þykir, að þeir annist hinn daglega rekstur samlaganna. Leita skal samþykkis Tryggingarstofnunar ríkisins um starfsmannafjölda og launakjör þeirra. Getur tryggingarstofnunin sett hverju samlagi sérstakar reglur um fjölda starfsmanna, laun og starfskjör þeirra, sem starfa á skrifstofu samlagsins, að fengnum tillögum stjórnar þess.

Samlagsstjórn skal setja starfsmönnum ákveðnar reglur að fara eftir í daglegum rekstri samlagsins og gæta þess, að fylgt sé samþykkt samlagsins í hvívetna. Skal hún vera á verði um, að gætt sé hins ítrasta sparnaðar, sem samrýmanlegur er því markmiði samlaganna, að veita samlagsmönnum sem bezta og fullkomnasta sjúkrahjálp.

## 9. gr.

Samlagsstjórn, og þá fyrst og fremst formanni samlagsins, ber að sjá um, að Tryggingarstofnun ríkisins geti fylgt sem bezt með öllum rekstri og hag samlagsins, að henni séu sendar á réttum tíma þær skýrslur um reksturinn, sem fyrirskipaðar eru, og að henni sé tilkynnt nægilega fljótt, ef óvænlega horfir um fjárhag þess.

143

5. ágúst

10. gr. Sjúkrasamlögin skulu starfa í samræmi við samþykktir, sem staðfestar eru af félagsmálaráðuneytinu. Allar breytingar, sem samlagsstjórn gerir á samþykktinni, t. d. um breytingu á iðgjöldum eða hlunnindum þeim, sem samlagið veitir á hverjum tíma, skulu sendar Tryggingarstofnun ríkisins til umsagnar, en hún sendir þær síðan ráðuneytinu ásamt umsögn sinni.

11. gr.

Allir samningar, sem samlagsstjórn gerir við lækna, lyfjabúðir, sjúkrahús og aðra aðila, sem láta í té sjúkrahjálp þá, sem samlagið tekur að sér að veita, skulu sendir Tryggingarstofnun ríkisins til staðfestingar, og öðlast þeir eigi gildi, fyrr en þeir hafa hlotið staðfestingu hennar.

Ef hlutaðeigandi samlag óskar þess, er Tryggingarstofnun ríkisins heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög við fyrrgreinda aðila. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti, sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða samlagsmönnum læknishjálp, lyf og annan sjúkrakostnað eftir reglum, sem Tryggingarstofnun ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til þess að standa straum af öllum kostnaði, er annars leiðir af ákvæðum 30. gr. laga um alþýðutryggingar.

12. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefur sérstakt eftirlit með greiðslum samlaganna fyrir lyf. Er samlagsstjórnnum skylt að sjá um, að farið sé eftir þeim reglum um greiðslur fyrir lyf, sem tryggingarstofnunin setur og senda henni nauðsynleg gögn, svo sem lyfseðla, til þess að hún geti gengið úr skugga um, að reglurnar séu haldnar.

Tilsvarendi reglur getur tryggingarstofnunin sett um aðrar tegundir sjúkrahjálpar, ef þurfa þykir.

13. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins skal einnig að öðru leyti fylgjast sem bezt með rekstri samlaganna. Er samlögunum skylt að senda henni skýrslu um rekstur samlaganna svo oft, sem hún óskar eftir, þó eigi oftari en mánaðarlega, sundurliðaða á þann hátt, sem tryggingarstofnunin ákveður. Lætur hún samlögunum í té eyðublöð fyrir slíkar skýrslur.

14. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins getur sett reglur um reikningshald samlaganna og fyrirskipað þeim hvers konar bækur þau skuli nota við bókhaldið, enda sjái tryggingarstofnunin um að útvega þær bækur, er hún fyrirskipar, ef samlögin óska þess.

Reikningsár samlaganna er almanaksárið. Þó er skólasamlögum heimilt, með samþykki tryggingarstofnunarinnar, að hafa annað reikningsár.

Ársreikningar samlaganna skulu sendir tryggingarstofnuninni eigi síðar en í marzlok ár hvert. Skólasamlög skulu þó senda ársreikninga eigi síðar en 2 mánuðum eftir lok kennslutímans.

15. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins sér um greiðslu á framlagi rikissjóðs samkvæmt 44. gr. laga nr. 74 1937, um alþýðutryggingar. Skulu samlögin senda kröfu um framlagið eigi síðar en mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs. Ef iðgjöld eru krafín misserislega eða í einu lagi fyrir allt árið, skal senda kröfuna eigi síðar en mánuði eftir lok hvers iðgjaldatímabils.

## 16. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins setur reglur um flutninga samlagsmanna milli sjúkrasamlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 92 14. maí 1940 og er samlagsstjórnnum skylt að fylgja þeim reglum og sjá um, að þeim sé fylgt eftir því, sem í þeirra valdi stendur

Sama máli gegnir um reglur þær, um bráðabirgðasamlagsmenn, sem Tryggingarstofnun ríkisins setur samkvæmt 11. gr. sömu laga.

Allir reikningar viðvikjandi endurkröfum vegna bráðabirgðasamlagsmanna, samkv. fyrrnefndri grein, skulu sendir Tryggingarstofnun ríkisins, sem gerir upp þessi viðskipti milli samlaganna. Skulu samlögin gera reikninga þessa á þann hátt, sem tryggingarstofnunin ákveður. Skulu þessi innbyrðis viðskipti samlaganna gerð upp ársfjórðungslega.

## 17. gr.

Nú þykir sýnt, að sjóður sjúkrasamlags nægi ekki til þess að standa straum af skuldbindingum samlagsins og skal þá stjórn þess snúa sér til Tryggingarstofnunar ríkisins og leita aðstoðar hennar til þess að rétta við hag samlagsins. Jafnframt skal stjórnin gera hlutaðeigandi sveitarstjórn aðvart.

## 18. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum 50—1000 kr. og renna þær til sjúkratryggingardeildar.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 74 31. desember 1937, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbeytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. ágúst 1942.*

**Jakob Möller.**

*Vígfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

### um stærð, þunga og málmblöndu innlendarar skiptimyntar.

Peningar innlendarar skiptimyntar skulu að stærð, þunga og málmblöndu vera sem hér segir:

	Pvermál	Þyngd	Málmblanda
	mm	alls g	
a. Peningar, sem gildi 2 krónur	28	9,5	92 þyngdarhlutar af eyri, 6 þyngdarhlutar af alúmíni og 2 þyngdarhlutar af nikkeli.
b. Peningar, sem gildi 1 krónu	22,5	4,75	
c. Peningar, sem gildi 25 aura	17	2,4	75 þyngdarhlutar af eiri og 25 þyngdarhlutar af nikkeli
		eða	
		2	zink
d. Peningar, sem gildi 10 aura	15	1,5	75 þyngdarhlutar af eiri og 25 þyngdarhlutar af nikkeli
		eða	
		1,25	zink



144  
12. ágúst

	Pvermál mm	Þyngd alls g	Málmblanda
e. Peningar, sem gildi 5 aura ..	24	6	95 þyngdarhlutar af eiri, 4 þyngdarhlutar af tini og 1 þyngdarhluti af zinki eða 97 þyngdarhlutar af eyri, 2½ þyngdarhluti af zinki og ½ þyngdarhluti af tini.
f. Peningar, sem gildi 2 aura ..	19	3	
g. Peningar, sem gildi 1 eyri ..	15	1,6	

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt bráðabirgðalögum frá 11. júní 1942 um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 12. ágúst 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

145  
25. ágúst

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Námssjóð fátækra barna í Breiðdalsskólahverfi í Suður-Múlasýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. ágúst 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir námssjóð fátækra barna í Breiðdalsskólahverfi í Suður-Múlasýslu.

### 1. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00. Af fé þessu eru kr. 271.30 framlag úr sveitar-sjóði Breiðdalshrepps árið 1941, en hitt, kr. 728.70, var gamall sjóður í eign sama hrepps og nefndist vaxtasjóður, en hreppsnefnd fékk samþykki sýslunefndar til þess að verja honum á þenna hátt.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að greiða námskostnað barna við væntanlegan heimavistarskóla í Breiðdal, þegar sjóðstjórnin telur að foreldrar barnanna eða þeir, sem ganga þeim í foreldrastað, hafi ekki efni á að greiða þann kostnað.

Meðan sjóðurinn er ekki nógu öflugur til að greiða skólakostnað allra barna, sem teldust hafa þess þörf, ganga fyrir öðrum þau sem fátækust eru, að dómi sjóðstjórnarinnar.

Munaðarlaus börn gangi fyrir, að öllu jöfnu.

### 3. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með frjálsum framlögum félagsheildar eða einstaklinga, áheitum og yfirleitt á allan þann hátt, sem sjóðstjórnin telur æskilegt og samboðið tilgangi sjóðsins.

### 4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, sem arðvænlegast þykir.

Allir vextir leggist við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00. Þá skal

úthluta helmingi vaxta en hinn helmingurinn leggst við höfuðstól, þar til hann er orðinn 20 þús. kr. Eftir að sjóðurinn hefur náð því marki, er ráðstöfun vaxtanna algerlega á valdi sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin tilkynnir úthlutun á sumardag fyrsta ár hvert, eftir að úthlutun hefst úr sjóðnum. 145  
25. ágúst

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipar 5 manna nefnd:

Skólastjóri barnaskólans og sé hann jafnan formaður nefndarinnar; 2 menn, kosnir af hreppsnefnd Breiðdalshrepps á fyrsta fundi, sem hver nýkjörin hreppsnefnd heldur, og til jafnlangs tíma og hreppsnefnd er kosin, og 2 konur, kjörnar af húsfreyjum í sveitinni, til jafnlangs tíma í senn og hinir hreppsnefndar kjörnu nefndarmenn. Sjóðstjórnin vinnur kauplaust.

## 6. gr.

Sjóðstjórnin heldur gerðabók fyrir sjóðinn, og færir í hana fundargerðir, reikninga og yfirlitt allt, sem varðar hag og rekstur sjóðsins, og ber hún ábyrgð á öllum fjárreiðum sjóðsins. Endurskoðandi hreppsreiknings skal árlega endurskoða reikninga sjóðsins endurgjaldslaust.

Reikningsár er almanaksárið.

## 7. gr.

Heimilt skal sjóðstjórn, ef hún telur ekki nauðsyn að verja vöxtum samkvæmt 2. gr., að verja þeim til bóka eða áhaldakaupa fyrir skólann eða á hvern þann hátt, sem hún telur að börnunum verði til varanlegs gagns, til eflingar líkamlegum eða andlegum hæfileikum þeirra.

## 8. gr.

Ef óþarft telst að halda áfram starfsemi sjóðsins, vegna breyttrar löggjafar, eða af öðrum ástæðum, fellur hann að öllu leyti til Breiðdalshrepps í Suður-Múlasýslu.

## 9. gr.

Bráðabirgðar ákvæði: Meðan heimavistarskólinn (sbr. 2. gr.) er ekki stofnaður, skal sjóðurinn vera í umsjá hreppsnefndar Breiðdalshrepps.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Framanrituð skipulagsskrá samþykkt óbreytt.

Hreppsnefndin í Breiðdalshreppi, 14. maí 1942.

Páll Guðmundsson.

Jón Björgólfsson.

Hósiás Björnsson.

Stefán Stefánsson.

Einar Vigfússon.

146 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Hjúkrunarsjóð Ögurhrepps“, út-  
25. ágúst gefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. ágúst 1942.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjúkrunarsjóð Ögurhrepps.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 2000 króna gjöf Ragnildar Jakobsdóttur frá Ögri, til minningar um systkini hennar, Árna Jakobsson og Halldóru Jakobsdóttur, og telst stofndagur hans 14. september 1942, sem er 60 ára afmælisdagur Árna Jakobssonar.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla hjúkrunarstarfsemi í Ögurhreppi og helzt á þann hátt, að á vegum hans starfi sérstök hjúkrunarkona í hreppnum. Ef kostur er á hjúkrunarkonu, sem upprunnin er úr Ögurhreppi, skal hún sitja fyrir að öðru jöfnu, og er enda heimilt að styrkja stúlku úr sveitinni til hjúkrunarnáms af tekjum sjóðsins.

### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinn með gjöfum, sem honum kunna að áskotnast, og ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, í tryggum verðbréfum eða á annan hátt, er fullnægir fyrirmælum laga um örugga varðveislu og ávöxtun opinberra sjóða.

### 4. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa, þegar hann er orðinn fullar 10000 krónur. Eftir það má verja úr honum á hverju ári í samræmi við tilgang hans, samkv. 2. gr., upphæð, er nemi allt að  $\frac{3}{4}$  vaxtanna, en afgangur vaxtanna leggst árlega við höfuðstólinn.

### 5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera héraðslæknirinn í Ögurhéraði, sóknarpresturinn í Ögurþingum og 1 kona valin af hjúkrunarfélagi, ef slíkt félag er starfandi í hreppnum, en ella af almennu kvenfélagi, er sinnir hjúkrunarmálum. Nú er ekki slíkum félögum til að dreifa, og velur þá hreppsnefndin í Ögurhreppi konu í sjóðstjórnina. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu ásamt hreppsreikningum Ögurhrepps.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 20. júní 1942.

Ragnildur Jakobsdóttir.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Gunnars Leví Árnasonar frá Lambastöðum“, útgefin á venjulegan hátt af mandatum af dóms- og kirkju-  
málaráðherra 25. ágúst 1942. 147 25. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Gunnars Leví Árnasonar frá Lambastöðum.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Gunnars minning.

### 2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af þeim hjónum Þóreyju Kristínu Þorleifsdóttur og Árna Leví Tómassyni, til minningar um son þeirra, Gunnar Leví, fæddur 9. okt. 1937, dáinn 7. nóv. 1941.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 300 — þrjú hundruð — krónur, sem ávaxta skal á tryggan hátt, þar sem stjórn sjóðsins telur hagkvæmast á hverjum tíma.

### 4. gr.

Markmið sjóðsins er, að stuðla að því að ungmenni, heimilisföst í Laxárdalshreppi, Dalasýslu, 15 til 20 ára að aldri, eigi kost á, einu sinni, að fara kynningarferð í önnur héruð landsins, sér til gagns og ánægju. Skal allri tilhögun slíkra ferða hagað eftir fyrirmælum sjóðstjórnarinnar. Sérstaklega skal lögð áherzla á, að ferðir þessar megi verða til þess að glæða skilning ungmenna þeirra, er slíkar ferðir fara, á náttúru landsins og ást þeirra á fegurð þess og sveitalífinu yfirleitt. Til fararinnar skal, ef unnt er, ráða sem fararstjóra mann með sérstaka þekkingu á sögu landsins og þá einkum því umhverfi, sem ferðast er um í hvert skipti. Ferðirnar skulu farnar þriðja til fimmta hvert ár, eftir því sem henta þykir. Æskilegt væri að sjóðstjórnin sæi sér fært að gera foreldrum eða fósturforeldrum hlutaðeigenda mögulegt að taka þátt í þessum kynningarferðum með börnum sínum án kostnaðar fyrir minningarsjóðinn.

### 5. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins hafa náð því að verða 300 — þrjú hundruð — krónur, má að þremur árum liðnum, frá þeim tíma, verja allt að helming þriggja ára vaxtanna í því augnamiði, sem fjórða grein tiltekur. Helming vaxtanna skal leggja við höfuðstólinn þar til hann er orðinn kr. 100000.00 — eitt hundruð þúsund — krónur, en eftir það skal leggja  $\frac{1}{10}$  hluta vaxtanna við höfuðstólinn. Þegar ársvextir þeir, er til úthlutunar koma, nema hærri upphæð en þörf er á til nefndra kynningarferða, sbr. 4. gr., skal í fyrsta lagi verja afganginum til að styrkja til náms fátæk en efnileg ungmenni í sveitinni, en séu þær ástæður ekki fyrir hendi, skal stjórn sjóðsins taka til athugunar og ákvörðunar hvernig verja skuli þeim hluta vaxtanna, sem afgangur verða og miða ákvarðanir sínar við að efla andlegan og menningarlegan þroska íbúa sveitarinnar.

### 6. gr.

Áskotnist sjóðnum einhverjar eignir, svo sem gjafir, áheit eða á einhvern annan hátt, skulu þær eignir lagðar við höfuðstólinn og lúta sömu lögum og reglum, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

147

25. ágúst

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn: Hreppstjóri Laxárdalshrepps, sem er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar, oddviti hreppsnefndar og einn maður kosinn af hreppsnefnd til fjöggra ára í senn. Sé hreppstjóri jafnframt oddviti, tekur varaoddviti sæti í stjórninni meðan sú skipan helzt.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa skipulagsskrá þessa, allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, framlög og styrk úr sjóðnum og yfirleitt allt, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur allar eignir og ársreikninga yfir tekjur og útgjöld sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Hreppsnefnd Laxárdalshrepps skal árlega endurskoða reikninga sjóðsins, en stjórn hans síðan sjá um að þeir séu birtir í Lögbirtingablaðinu eða því blaði, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Lambastöðum, 7. apríl 1942.

Þórey K. Þorleifsdóttir.      Árni L. Tómasson.

148

4. sept.

## AUGLÝSING

um viðauka við hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 65 29. apríl 1941.

Á eftir 24. gr. hafnarreglugerðarinnar komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

### Bráðabirgðaákvæði.

Öll gjöld samkvæmt ákvæðum hafnarreglugerðarinnar skulu frá og með 1. október 1942 innheimtast með 50% hækkun.

Reglugerðarviðauki þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 68 11. júní 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. september 1942.*

Magnús Jónsson.

---

*Páll Pálmason.*

149

9. sept.

## AUGLÝSING

um alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 18. og 19. okt. n. k.,  
framlagning kjörskrár og fresti.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 80 1. september 1942, um kosningar til Alþingis, er hér með mælt svo fyrir, að auglýsingafrestur sá, er getur í málsgreininni, skuli falla niður.

Samkvæmt heimild í 23. gr. kosningalaganna er enn fremur frestur sá, er getur í 1. mgr. 19. gr., stytur þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 5 vikum fyrir kjördag.

Loks styttist tími sá, sem kjörskrár eiga að liggja frammi, þannig, að hann verður tvær vikur, sbr. 3. mgr. 19. gr. kosningalaganna. 149  
9. sept.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 9. september 1942.

Jakob Möller.

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

150

10. sept.

um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

### 1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, orðist svo:  
Hámarksálagning á tóbaki í smásölu, miðuð við verð einkasölnunnar að viðbætt-  
um flutningskostnaði til útsölastaðarins, skal vera:

20% á skornu og óskornu neftóbaki.

25% á öðrum tóbaksvörum.

Fyrir flutningskostnaði til útsölastaðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 3%.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Reglugerð nr. 123 6. ágúst 1940, um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, er úr gildi numin.

Fjármálaráðuneytið, 10. september 1942.

Jakob Möller.

*Magnús Gíslason.*

## AUGLÝSING

151

10. sept.

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum, fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1942 til 31. júlí 1943, samkvæmt lögum nr. 61 27. júní 1941.

### 1. Reykjavík:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 1008.00
— — 7 — — —	852.00
— — 15 — — —	1008.00
— — 16 — — —	504.00

### 2. Hafnarfjörður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 848.00
— — 7 — — —	687.00
— — 15 — — —	848.00
— — 16 — — —	424.00

### 3. Gullbringusýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 808.00
— — 7 — — —	646.00
— — 15 — — —	808.00
— — 16 — — —	404.00

### 4. Kjósarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 606.00
— — 7 — — —	495.00
— — 15 — — —	606.00
— — 16 — — —	303.00

151

10. sept.

## 5. Borgarfjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 6. Akranes:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	848.00
— — 7 — — —	687.00	
— — 15 — — —	848.00	
— — 16 — — —	424.00	

## 7. Mýrasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 8. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 9. Dalasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 10. Austur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 11. Vestur-Barðastrandarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 12. Norður-Ísafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 13. Vestur-Ísafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 14. Ísafjarðarkaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	848.00
— — 7 — — —	687.00	
— — 15 — — —	848.00	
— — 16 — — —	424.00	

## 15. Strandasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 16. Vestur-Húnavatnssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 17. Austur-Húnavatnssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 18. Skagafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 19. Eyjafjarðarsýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00	
— — 15 — — —	545.00	
— — 16 — — —	273.00	

## 20. Akureyrarkaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr.	707.00
— — 7 — — —	606.00	
— — 15 — — —	707.00	
— — 16 — — —	354.00	

**21. Siglufjarðarkaupstaður:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	848.00
— — 7 — — —	687.00
— — 15 — — —	848.00
— — 16 — — —	424.00

**22. Norður-Þingeyjarsýsla:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00
— — 15 — — —	545.00
— — 16 — — —	273.00

**23. Suður-Þingeyjarsýsla:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00
— — 15 — — —	545.00
— — 16 — — —	273.00

**24. Norður-Múlasýsla:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00
— — 15 — — —	545.00
— — 16 — — —	273.00

**25. Seyðisfjarðarkaupstaður:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	646.00
— — 7 — — —	545.00
— — 15 — — —	646.00
— — 16 — — —	323.00

**26. Suður-Múlasýsla:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00
— — 15 — — —	545.00
— — 16 — — —	273.00

**27. Neskaupstaður:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	646.00
— — 7 — — —	545.00
— — 15 — — —	646.00
— — 16 — — —	323.00

**28. Austur-Skaftafellssýsla:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00
— — 15 — — —	545.00
— — 16 — — —	273.00

**29. Vestur-Skaftafellssýsla:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00
— — 15 — — —	545.00
— — 16 — — —	273.00

**30. Rangárvallasýsla:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	545.00
— — 7 — — —	444.00
— — 15 — — —	545.00
— — 16 — — —	273.00

**31. Vestmannaeyjakaupstaður:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	848.00
— — 7 — — —	687.00
— — 15 — — —	848.00
— — 16 — — —	424.00

**32. Árnessýsla:**

Til fullra 4 ára aldurs kr.	606.00
— — 7 — — —	495.00
— — 15 — — —	606.00
— — 16 — — —	303.00

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1942.*

**Jakob Möller.**

*Vigfús Einarsson.*



- 152 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Skólasjóð Menntaskólans í Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 10. september 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Menntaskólans í Reykjavík.

Í reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík frá 8. febrúar 1937, 46. gr., er svo fyrir mælt, að stofna skuli sjóð, er nefnist Skólasjóður. Hér fer á eftir skipulagsskrá hans:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Menntaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Nemendur þeir, sem ganga undir inntökupróf eða burtfararpróf við skólann, greiða 15. kr. gjald til Skólasjóðs. Enn fremur skal ágóði af samkomum skólans, skólablaði og leiksýningum, renna í sjóðinn, nema annað sé ákveðið. Að öðru leyti skal skólastjórn afla sjóðnum tekna. Í því skyni er henni heimilt að leggja fast árgjald á nemendur og kennara skólans. Þó mega slík iðgjöld eigi vera hærri en 10 kr. á hvern mann, nema yfirstjórn skólans samþykki.

3. gr.

Hlutverk Skólasjóðs er að efla hvers konar viðleitni, sem horfir til hagsbóta fyrir skólann, nemendur og kennara og ekki er haldið uppi af almannafé. Þannig má veita fé úr sjóðnum til skólaselsins í Reykjakoti, íþróttastarfsemi, ferðalaga, hollra skemmtana og kaupa á handbókum handa skólanum. Veita má styrki til utanfara kennara og nemenda, allt að 1500 kr. í hvert sinn. Aldrei má veita úr sjóðnum meira en  $\frac{1}{3}$  af árstekjum hans. Afganginn skal leggja við höfuðstól, sem ávaxta skal í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri stofnun jafntryggr.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa rektor, einn kennari, kosinn af kennarafundi, og umsjónarmaður skólans. Stjórnin hefur með höndum úthlutun úr sjóðnum. Rektor er formaður stjórnarinnar og heldur reikninga sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga skal birta í skólaskýrslu.

5. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast þegar gildi, og verður henni eigi breytt nema stjórn skólans og yfirstjórn hans samþykki.

**AUGLÝSING**

153

15. sept.

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild i i-lið 14. gr. laga frá 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkv. 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1942:

Kærufrestur til rikisskattanefndar skal vera til 1. október þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 15. september 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

**AUGLÝSING**

154

17. sept.

um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921, um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.

1. mgr. 2. gr. samþykktar um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum frá 12. apríl 1921 orðist svo:

Alla virka daga skulu sölubúðir ekki opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis og lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, þó með þeirri undantekningu, að á tímabilinu frá 15. maí til 15. september skal þeim lokað eigi síðan en kl. 1 síðdegis á laugardögum.

Brauðsölubúðir skulu opnar alla virka daga frá kl. 9 árdegis til kl. 6 síðdegis, nema á tímabilinu 15. maí til 15. september skal þeim lokað á laugardögum kl. 4 síðdegis og á sunnudögum skulu þær opnar frá kl. 9 árdegis til kl. 4 síðdegis.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 81 17. maí 1941, um breyting á samþykkt nr. 18 12. apríl 1921.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1942.*

F. h. r.

**Vígfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

155  
22. sept.

## AUGLÝSING

um skilyrði fyrir ótadmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 51 30. maí 1942, verður það fyrst um sinn og þangað til öðru vísi verður ákveðið gert að skilyrði fyrir ótadmörkulu lækningaleyfi, auk þeirra skilyrða, er greinir í 2. gr. laga nr. 47 23. júní 1932, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni fulla 6 mánuði að loknu háskólanámi, og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 22. september 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*

156  
22. sept.

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Skálaveiðistöð, nr. 17 31. marz 1930.

B. Bátagjöld.

3. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir notkun hafnarinnar og uppsátursgjöld eru þessi: 1% af andvirði heildarafla báta, sem gerðir eru út frá Skálum eða leggja afla sinn á land eða í skip þar á höfninni og kr. 10.00 fyrir hvern uppskipunarbát um árið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi 1. október 1942 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

157  
22. sept.

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskaupún, nr. 23 1. apríl 1936.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu frá 1. október 1942 innheimtast með 100% viðauka.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 24 12. febrúar 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

158

23. sept.

um breyting á ljósmæðrareglugerð nr. 103 23. okt. 1933.

11. grein reglugerðarinnar skal orða svo:

### Skyldur ljósmæðra að tilkynna barnsburði.

Þá er ljósmóðir tekur á móti barni, skal hún jafnan tilkynna barnsburðinn á þann hátt, sem hér segir:

Ljósmóðir skal semja tilkynninguna þegar í stað, ef barnið fæðist andvana, og ef það deyr nýfætt, þá strax eftir andlátíð, en lífi barnið, þá eigi síðar en 7 nóttum eftir fæðinguna.

Þessar tilkynningar skal jafnan skrá á eyðublöð, sem þar til eru gerð og héraðs-læknir lætur í té.

### Hverjum tilkynna skal.

Ef móðirin er í þjóðkirkjusöfnuði, skal senda tilkynninguna þeim þjóðkirkju-presti, sem fæðingarsókn barnsins heyrir undir, og allt að einu ef hún er ekki í neinum löggildum söfnuði. Nú er móðirin í utanþjóðkirkjusöfnuði, sem hefur löggildan prest eða forstöðumann, og skal þá senda honum tilkynninguna, ef barnið fæðist heima í safnaðarhverfi hans. Má alls ekki bregða út af þessum fyrirmælum, þó að ráði sé að fara með barnið til skirnar í aðra sókn, eða sleppa skirn, því að hvern barnsburð ber að skrá og setja í fæðingarskýrslu þeirrar sóknar, þar sem barnið fæðist, án tillits til þess, hvar móðirin á lögheimili, og eins þó að hún sé gestkomandi eða ali barnið á fæðingarstofnun utan sóknar sinnar.

Þar, sem eru heilsuverndarstöðvar viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, er hafa með höndum almenna ungbarnavernd, skal ljósmóðir tilkynna barnsburðinn þangað, en stöðin sendir jafnóðum allar tilkynningar, er henni berast, til hlutaðeigandi sóknarprests eða safnaðarstjóra.

### Ef tilkynning er vanrækt.

Ef ljósmóðir, sem stundar ljósmóðurstörf, fær vitneskju um, að barn hafi fæðzt í umdæmi hennar og verið vanrækt að tilkynna barnsburðinn, þá skal hún tafarlaust gera þeim prest eða safnaðarstjóra eða heilsuverndarstöð, sem tilkynna ber, aðvart um það, eða, ef hún kys heldur, hinni skipuðu ljósmóður umdæmisins, sem síðan annast tilkynninguna.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 23. september 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*

159

25. sept.

## AUGLÝSING

### um aukaverðlagsuppbót á laun embættismanna og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana.

Samkvæmt ályktun Alþingis 28. ágúst s.l. ber að greiða embættis- og starfsmönnum ríkis og ríkisstofnana aukaverðlagsuppbót á laun þeirra frá 1. júlí s.l. að telja. Nemur uppbót þessi 30% af fyrstu 2400 krónum grunnlauna, ásamt verðlagsuppbót af þeirri fjárhæð, eins og hún verður á hverjum tíma, en 25% af grunnlaunum frá 2400 krónum og allt að 10000 krónum, ásamt verðlagsuppbót, samkv. lögum nr. 48 1942. Uppbót þessi er nú fallin í gjalddaga fyrir mánuðina júlí—september incl.

Purfi skýringa eða fyrirmæla um útreikning eða greiðslu uppbótarinnar ber að snúa sér til fjármálaráðuneytisins.

*Fjármálaráðuneytið, 25. september 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Sigurður Ólason.*

160

25. sept.

## REGLUGERÐ

### um afnám reglugerðar nr. 40 26. apríl 1935, um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum og bifreiðahjólbörðum.

1. gr.

Reglugerð nr. 40 26. apríl 1935, um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum og bifreiðahjólbörðum, er úr gildi numin frá og með 26. þ. m. að telja og er því frá þeim tíma lögð niður Bifreiðaeinkasala ríkisins, sem fyrir ríkisstjórnarinnar hönd hefur haft einkasölu á vörum þeim, sem greindar eru í 1. gr. nefndrar reglugerðar.

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar tveggja manna skilanevnd til þess að hafa á hendi fyrir ríkisstjórnarinnar hönd sölu á eignum bús bifreiðaeinkasölnnar, innheimtu útistandandi skulda, greiðslu skulda einkasölnnar og að lokum skil í rikissjóð.

*Fjármálaráðuneytið, 25. september 1942.*

**Jakob Möller.**

*Einar Bjarnason.*

## HAFNARREGLUGERÐ

161

25. sept.

fyrir Krossavíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis.

### I. KAFLI

Um takmörk hafnarinnar.

#### 1. gr.

Hafnarsvæði Krossavíkur takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Balatá í Brimnestá ásamt erfðafestulandi því, sem Neshreppur utan Ennis hefur tekið á leigu af ríkissjóði.

### II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis kýs þrjá menn í hafnarnefnd til fjöggra ára í senn, og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefnd skal ætíð kjósa, er hreppsnefndarkosningar hafa fram farið.

Hafnarnefnd sér um að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt og sér um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs, bæði bátagjöldum og vörugjaldi, og getur hafnarnefnd ráðið mann til að hafa innheimtu og bókhald hafnarsjóðs á hendi, gegn innheimtulaunum þeim eða kaupi, er um semur.

Hafnarnefnd ber að sjá um reikningsskil fyrir hafnarsjóð og stjórnar sjóðnum undir yfirumsjón hreppsnefndar.

Hafnarsjóðnum skal eingöngu varið til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfnina eru eða verða gerð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum.

Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til verklegra framkvæmda eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður hvernig hafnarsjóðinn skuli ávaxta.

Hreppsnefndin ber ábyrgð á innstæðum hafnarsjóðs og reikningsskilum sjóðsins eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hafnarnefnd eða maður sá, er hún ræður til þess, senda reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs fyrir liðið almanaksár og yfir eignir og skuldir sjóðsins í árslok, svo sem fyrirskipað er um sveitarsjóðsreikninga. Skulu reikningar hafnarsjóðs fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni, og stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta.

Hafnarnefnd skal kosin af hreppsnefndinni.

### III. KAFLI

Almennar reglur.

#### 3. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á hafnarsvæði Krossavíkur, á bryggjum hafnarinnar og landi hennar. Er öllum skylt að hlýðnast boði og banni hafnarnefndar eða þess manns, er hún setur til að gæta reglu á hafnarsvæðinu.

Þyki einhverjum sér óréttur gerður, getur hann kært fyrir lögreglustjóra, en skipun hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar ber að hlýða tafarlaust, og varðar sektum ef út af er brugðið.

161

25. sept.

4. gr.  
 Skytt er að gæta varúðar um allt það, er valdið getur bruna.  
 Ekki má skjóta innan hafnargarðavíkurinnar eða á erfðafestulandi hennar, nema með leyfi hafnarnefndar og á hinu öðru hafnarsvæðinu ber þeim, er með skotvopn fara, að gæta hinnar ítrustu varúðar.

5. gr.  
 Hafnarnefnd, eða umboðsmenn hennar, gæti allrar kurteisi í starfi sínu.

## IV. KAFLI

## Um notkun hafnarinnar.

6. gr.  
 Vélbáta, sem hafa aðsetur í vikinni, skal þegar inn er komið binda í báða stafna með járnkeðjum í festarhöld þau, sem í vikinni eru. Hver bátur skal skyldur að leggja þessar keðjur til sjálfur, og skulu þær teknar gildar af hafnarnefnd.

7. gr.  
 Nú dæmir skoðunarmaður festarhöld einhvers báts ekki nógu örugg, en eigandi eða útgerðarmaður bætir ekki úr ágalla þessum innan tíma, sem hafnarnefnd ákveður, hefur þá nefndin fullt vald til að taka bátinn úr festum og láta setja hann upp á kostnað eiganda, svo öðrum bátum stafi ekki hættu af honum í vikinni.

8. gr.  
 Hver bátur skal hafa legupláss þar sem hafnarnefnd ákveður.  
 Hafnarnefnd hefur fullt vald til að færa til festarhöld báta eftir því, sem henni þykir best henta. Ætlast er til að bátum sé raðað eftir stærð. Þeir stærstu fremst, minni innst og efst, þó skal taka tillit til þess hversu djúpt þeir rista.

9. gr.  
 Heimilt er bátum að leggjast við bryggjur vikurinnar í þeirri röð sem þeir koma að, en skytt er þeim að fara frá strax og þeir eru búnir að taka um borð lóðir og láta í land fisk, ef aðrir þurfa að komast að, og sama gildir um uppskipun á vörum. Skytt er þeim bátum, sem fljóta betur, að færa sig ofar með bryggjunum fyrir þeim, sem ver fljóta og koma seinna, þó þeir séu ekki búnir að landa eða taka um borð línu.

10. gr.  
 Bannað er að kasta fiskúrgangi innan skjólgarðanna í Krossavík.  
 Í hvert sinn, er aðgerð fisks hefur farið fram, skal flytja allan úrgang út fyrir skjólgarðana, eða á land upp í gryfjur, sem grafnar skulu þar sem hafnarnefnd segir til eða umboðsmenn hennar, séu þær grafnar á erfðafestulandi vikurinnar.

Bannað er sömuleiðis að kasta út seglfestu eða bera steina ofan fyrir sjávarmál vikurinnar.

Akkeri eða aðra festarhluti úr málmi, steini eða tré má ekki láta liggja fyrir neðan stórstraumsflæðarmál.

Enginn má grafa maðk til beitu eða gera nokkurs konar gryfjur innan sömu takmarka.

11. gr.  
 Bannað er að gera að fiski á bryggjum á hafnarsvæðinu nema með leyfi hafnarnefndar.

Hafi einhver fengið leyfi til að gera að fiski á bryggjunum, en vanræki hins vegar að flytja úrganginn burtu, getur hafnarnefnd látið flytja hann burtu á kostnað eiganda. 25. sept. 161

## 12. gr.

Ef nauðsyn ber til þess að bátum, sem losa fisk eða taka línu, sé lagt hverjum utan á annan, er heimilt að flytja farminn yfir þá báta, sem nær liggja.

## 13. gr.

Aldrei má festa svo mörgum bátum hverjum utan á annan við framanverða suðurbyggju í Krossavík, að ekki sé greið leið fyrir aðra báta að sigla út og inn um víkurmynnið. Sömuleiðis er stranglega bannað að strengja kaðla eða nokkurs konar festar fremst fyrir hafnarmynnið, og varðar slíkt þyngstu refsingu, sem leyfð er í reglugerð þessari.

## 14. gr.

Óheimilt er að leggja bátum á pollinum fyrir framan Krossavík, nema eftir fyrir-mælum hafnarnefndar.

## V. KAFLI

## Um hafnargjöld.

## 15. gr.

Gjöld fyrir notkun hafnarinnar eru þessi:

## A. Bátagjöld.

Vélbátar um vetrarvertíð frá 1. jan. til 14. maí .....	15 kr. fyrir hverja smál.
Vélbátar um sumarvertíð frá 14. maí til 24. sept. ....	10 — — — —
Vélbátar um haustvertíð frá 24. sept. til 31. des. ....	10 — — — —
Bátur, sem gengur allt árið, greiði .....	30 — — — —
Bátur frá 6—10 smál. greiði .....	25 — — — —
Bátur frá 10—20 smál. greiði .....	20 — — — —

Fyrir aðkomubáta allt að 8 smál. að stærð, sem ekki hafa fast aðsetur, greiðist 4 kr. í hvert sinn, er þeir leggjast að bryggju, en fyrir stærri báta 6 kr.

Fyrir róðrabát, sem róið er af hafnarsvæðinu, 15 kr.

Fyrir uppskipunarbáta 30 kr.

Fyrir vélbát, sem ekki er í notkun og ekki greiðir gjöld samkv. fyrrtöldu, 20 kr.

Fyrir að leggja upp aðkomubát til aðgerðar 20 kr.

Vélbátur, sem ekki er í notkun og sýnilega verður ekki í notkun heila vertíð, er skyldugur að rýma festarhöld, ef hafnarnefnd leggur svo fyrir, en heimting á hann á rúmi í höfninni er hann byrjar veiðar aftur, og að öðru jöfnu því rúmi, sem hann hafði áður haft.

Bátagjöld þessi greiðast, hvort sem bátarnir nota vikina sjálfa eða hið annað hafnarsvæði, sem greinir í fyrstu grein reglugerðar þessarar.

## 16. gr.

## Vörugjöld.

Af vörum, sem fluttar eru í land eða skipað út í vikinni eða því hafnarsvæði, sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða gjöld þau, sem hér segir:

1. Af salti, kolum, sementi .....	3.50 kr. fyrir hverja smál.
2. Af útlendum áburði .....	3.50 — — — —



161	3. Af óverkuðum saltfiski .....	3.50 kr. fyrir hverja smál.
25. sept.	4. Af verkuðum saltfiski .....	4.00 — — — —
	5. Af nýjum fiski .....	1.75 — — — —
	6. Af slægðum flatfiski .....	6.00 — — — —
	7. Af frystum fiski .....	4.00 — — — —
	8. Af þurrum fiskbeinum .....	3.50 — — — —
	9. Af blautum fiskbeinum .....	1.75 — — — —
	10. Af heilfötum (olíufötum) .....	1.00 — — stykkið.
	11. Af hálfötum og tónum tunnum .....	0.50 — — — —
	12. Af kindarskrökkum .....	0.50 — — — —
	13. Af trjávið og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, 0.12 kr. af hverju ten.feti.	
	14. Af öllum öðrum vörum 0.50 kr. fyrir hver 100 kg. Póst- og farþegaflutningur er undanþeginn gjaldi þessu.	

Vörugjald skal reiknast eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeining telst sem heil gjaldeining.

Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrám skipa, þegar um slík skjöl er að ræða, og er öllum skipaafgreiðslum skylt að láta hafnarnefnd í té afrit af öllum farmskrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út á hafnarsvæðinu innan tveggja sólarhringa eftir komu eða burtför skipanna.

Afgreiðslumaður skips skal standa hafnarnefnd skil á hafnargjaldi af þeim vörum, sem hann afgreiðir eða tekur á móti.

## VI. KAFLI

### Ýms ákvæði.

#### 17. gr.

Hafnarnefnd hefur heimild til að fela einum manni að líta eftir, að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt og líta eftir, að bátar bagi sem minnst hver annan.

#### 18. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

#### 19. gr.

Um skaðabótaskyldu út af skemmdum á höfninni eða mannvirkjum hennar fer eftir almennum lagareglum.

#### 20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í hafnarsjóð.

#### 21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. október 1942 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 44 27. apríl 1923, nr. 16 13. marz 1930 og nr. 86 25. júlí 1935, um sama efni.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. september 1942.*

**Magnús Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## SAMÞYKKTIR

### Sparisjóðs Akraness.

162

28. sept.

#### I. Stofnun, nafn. Ábyrgð og stjórn sjóðsins.

##### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Akraness, og skal heimili hans og varnarþing vera á Akranesi. Sjóðurinn hefur tekið við eignum og skuldum Sparisjóðs Borgarfjarðarsýslu, með samkomulagi milli sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu og bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar.

##### 2. gr.

Bæjarsjóður Akraneskaupstaðar ábyrgist tjon það, er sparisjóðurinn kann að bíða og getur ekki sjálfur staðizt, allt að kr. 100 000.00.

##### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, kosnir af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, og gildir kosning þeirra til fjöggra ára í senn. Deyi stjórnarnefndarmaður, eða verði óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust kjósa annan í hans stað.

##### 4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra né reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutádeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

##### 5. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust hverjir séu kosnir í stjórn sjóðsins og ráðnir starfsmenn hans.

##### 6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og hókari.

Það skal vera aðalregla, að eigi má greiða neina fjárhæð úr sparisjóðnum, né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendur séu viðstaddir, og rita þeir fjárhæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávisun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

162 Bæjarstjórnin ákveður þóknun starfsmanna, að fengnum tillögum stjórnar-  
28. sept. innar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvara-  
laust, ef henni virðast nægar sakir til. Úrskurður stjórnarinnar viðvíkjandi þessu  
skal þegar í stað lagður fyrir bæjarstjórn, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Spari-  
sjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í sjóðbók sjóðs-  
ins og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af  
lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborganir af víxli skal  
einnig tafarlaust skrá á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig  
ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver fjárhæðin er. Sé einhverri tölu breytt,  
sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi, hverju breytt  
hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti tvisvar í mánuði, og ákveður  
stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

11. gr.

Í aprilmánuði ár hvert skulu reikningar sjóðsins lagðir fyrir bæjarstjórn,  
fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar  
og féhirðis, og úrskurðar bæjarstjórn þá.

## II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur, meðferð varasjóðs o. fl.

12. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 1 kr. í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók og fær hver innlags-  
maður reikning.
- c. Sem skírteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu  
yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Í viðskiptabókinni séu  
samþykktir sparisjóðsins og gildir hún í öllu sem samningur við sjóðinn.  
Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn  
í hana í fyrsta skipti.
- d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða  
gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, enda sé  
meiri hluti stjórnarinnar því samþykkur.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi  
við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við

lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, þó svo, að frá teljist móttökudagar og úttökudagar. Af minni upphæðum en einni krónu er engum vöxtum svarað.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna á þann hátt, að skrá mismuninn, er jafnframt færast sparissjóðnum til reiknings, í innstæðubókina og viðskiptabókina, næst þegar hún verður sýnd.

#### 14. gr.

Af fé, sem sparissjóðurinn ávaxtar með sparissjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má, að fjárhæðum sem nema allt að kr. 500.00, sé sagt upp með viku fyrirvara, fjárhæðum frá kr. 500.00 til kr. 2000.00 með þriggja mánaða fyrirvara, en fjárhæðum, sem nema meiru en kr. 2000.00, með 6 mánaða fyrirvara.

#### 15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparissjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnan skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé rétt gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Það er eigi á ábyrgð sparissjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparissjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikning í innstæðubók, um leið og greiðslan er þar skráð, að viðskiptabókin hafi ekki verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

Að því leyti, sem sparissjóðurinn tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að taka út hluta innstæðunnar gegn ávísun og án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki vedhæf.

#### 16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum, og tilfærast útborgun í reikningi eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds, og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

#### 17. gr.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni framar. Ber þá að skora á eiganda að segja til

**162** 28. sept. sín og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, og féð, ásamt vöxtum, eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða það, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára.

## 18. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því, sem stjórnarvalda auglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

## 19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi brekkur til, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsþarfir í bænum.

## 20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá banka, sem ríkið ábyrgist. Þó er eigi skylt, að koma meiru af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

## III. Um útlán.

## 21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna gegn tryggu fasteignaveði, í hæsta lagi 60% af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálf-skuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingu.
- c. Að öðru jöfnu skulu íbúar Akranesskaupstaðar ganga fyrir öðrum um lánveitingar úr sjóðnum.
- d. á hvern þann hátt, er stjórn sjóðsins álitur heppilegan.
- e. Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 2% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregist hefur að borga fram yfir gjalddaga.

## 22. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðstjórnar sé því samþykktur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

## 23. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðstjórnar, má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan sé í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd, og hvar þau séu.

Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðstjórnarinnar samþykki.

## 24. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

## IV. Um reikninga sparisjóðsins.

## 25. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir 1. apríl ár hvert.

## 26. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum, og sé þar í greint, hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið. Eins skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslok og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efna-hagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

## 27. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást á skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjaldalagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvornig víxlréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skrár skal gefa einkennistölu innstæðueiganda eða lántakanda. Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

## 28. gr.

Skyllt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

## V. Um endurskoðun.

29. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, kýs bæjarstjórn Akranesskaupstaðar, með hlutfallskosningu, tvo endurskoðendur til eins árs í senn.

30. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

31. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi.

Jafnan skulu endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bóköm, verðbréfum og öðrum skjólum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig. Einnig eiga þeir rétt á að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins, svo oft sem þeim þykir þörf á.

32. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir- mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaungafilega að rannsaka að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt til færðar í bóköm sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

33. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið því starfi sínu fyrir 1. apríl árlega. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið.

34. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrlausnar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941 svo og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

35. gr.

Ákveða skal þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra, um leið og þeir eru kosnir.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 28. september 1942.*

**Magnús Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Búðakauptúns, Fáskrúðsfirði,  
nr. 86 16. október 1929.

163

30. sept.

Heimilt skal rafveitunni að hækka verð á rafmagni til ljósa, sem er 75 aur. fyrir kílóvattstund, um 50%, þar til annað verður ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. október 1942, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. september 1942.*

F. h. r.

E. u.

Páll Pálmason.

## REGLUGERÐ

um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

164

13. ágúst

Samkvæmt lögum nr. 100 23. júní 1936, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, svo og lögum nr. 37 30. júní 1942, um breyting á þeim lögum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

### I. KAFLI

#### Um markmið skólans og skipulag.

##### 1. gr.

Markmið Stýrimannaskólans er að veita þá kunnáttu, er þarf til þess að standast hið minna og meira fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórpróf á varðskipum ríkisins.

##### 2. gr.

Skólinn starfar í þessum deildum:

1. Fjögurra mánaða deild í minnsta lagi undir hið minna fiskimannapróf.
2. Tveggja ára deild undir hið meira fiskimannapróf.
3. Þriggja ára deild undir farmannapróf.
4. Sérstök deild undir skipstjórpróf á varðskipum ríkisins, og gangi nemendur í hana a. m. k. fjóra mánuði, eftir að þeir hafa lokið farmannaprófi.

##### 3. gr.

Hverri kennsludeild skal skipta, ef þörf krefur, í kennslubekki. Í hverjum kennslubekk megi að jafnaði ekki vera fleiri en 20 nemendur.

Þetta ákvæði gildir þó eigi, þegar fyrirlestrar eru fluttir.

Engin kennsludeild starfar með færri en 3 nemendum, nema leyfi atvinnu- málaráðuneytisins komi til.



## II. KAFLI

## Um kennsluna.

## 4. gr.

Í skólanum skal kenna: Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, eðlisfræði, vélfræði, sjórétt, veðurfræði, hjúkrunarfræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og líkamsæfingar, auk þeirra fræðigreina, sem krafizt er sérstaklega fyrir skipstjóra á varðskipum ríkisins.

## 5. gr.

Reglur um það, hverju takmarki kennslunni er ætlað að ná í hverri grein, setur atvinnumálaráðuneytið með prófreglugerð.

## III. KAFLI

## Um inntöku nemenda og burtför úr skóla.

## 6. gr.

Inntökubeiðni nýsveina í skólann skal vera skrifleg og komin til skólastjórans eigi síðar en 1. september. Beiðninni skulu fylgja vottorð um þau atriði, er um getur í 7. gr., og vottorð um siglingatíma samkv. 8. gr.

## 7. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
2. Að kunna sund.
3. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemöndum skaðvænn.
4. Að hafa óflekkað mannorð.

## 8. gr.

Til þess að verða tekinn í skólann, ber umsækjanda að leggja fram vottorð um  $\frac{3}{4}$  hluta þess siglingatíma, sem krafizt er í lögum um atvinnu við siglingar, til þess að geta fengið það stýrimannsskirteini, sem prófið veitir. Þetta ákvæði nær þó eigi til þeirra, sem lesa vilja undir hið minna fiskimannapróf. Við inntöku nemenda í undirbúningsdeild hins meira fiskimannaprófs, skal miðað við þann siglingatíma, sem krafizt er til þess að fá hið meira stýrimannsskirteini á fiskiskipi.

Allan siglingatíma skal sanna með sjóferðabók eða vottorði skráningarstjóra.

Til þess að verða tekinn í deild þá, er býr menn undir skipstjóraþróf á varðskipum ríkisins skal umsækjandi hafa lokið farmannaprófi með ekki lægra en meðaleinkunninni 6.

## 9. gr.

Aðgang að skólanum geta nýir nemendur ekki fengið, eftir að kennsla er byrjuð. Þó má skólastjóri, þegar sérstaklega stendur á, veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Nú sannar umsækjandi með prófi, að hann hafi þá kunnáttu, sem fyrsti bekkur farmannadeildar veitir, og má þá setja hann í annan bekk hins meira fiskimannaprófs, eða í annan bekk farmannadeildar, eftir því sem við á.

Í janúarlök ár hvert, skulu nemendur í fyrstu bekkjum farmanna- og fiskimannadeilda ganga undir próf í íslenzku og stærðfræði. Próf þetta skal haldið af kennurum skólans, og þeir einir, sem það standast, verða fluttir í eldri deild að

hausti. Þegar sérstaklega stendur á, og kennurum ber saman um að nemandi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólastjóri þó veitt honum undanbágu frá þessu prófi. 164 13. ágúst

Til að standast prófið, þarf einkunnina 4 í skriflegri stærðfræði og í íslenskri ritæfingu, enda sé miðað við sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Próf þetta má einnig halda áður en skólinn tekur til starfa að haustinu.

#### IV. KAFLI

##### Um kennara skólans.

###### 10. gr.

Kennarar skólans eru:

1. Fastir kennarar: skólastjóri, tveir aðstoðarkennarar í siglingafræði og tungumálakennari.
2. Stundakennarar, eftir þörfum, er atvinnumálaráðuneytið setur samkvæmt tilögum skólastjóra.

###### 11. gr.

Ráðuneytið ákveður kennslustundafjölda skólastjóra og kennaranna.

###### 12. gr.

Eftir atvikum má í samráði við Vélaskólann skipta tungumálakennslu þess skóla og Stýrimannaskólans milli tungumálakennara skólanna þannig, að hvor tungumálakennarinn kenni það eða þau tungumál í báðum skólunum, sem hann er færari í.

###### 13. gr.

Allir kennarar skólans eiga af fremsta megni að styðja að góðri reglu við skólann og láta sér annt um, að kennslan nái tilgangi sínum. Kennurum ber jafnan að vera komnir í skólann, áður en kennslustund þeirra byrjar, og fara tafarlaust inn í sína kennslustofu, þegar inn er hringt.

#### V. KAFLI

##### Um stjórn skólans.

###### 14. gr.

Skólastjórinn hefur á hendi stjórn skólans undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins. Hann skal sjá um, að góðri reglu sé haldið í skólanum, og hafa á hendi reikningshald skólans og eftirlit með viðhaldi hans, ræstingu o. s. frv.

Við hver áramót skal skólastjóri senda ráðuneytinu aðalreikning með fylgiskjölum yfir það, sem skólinn hefur notað umliðið ár.

Að afloknum burtfararpröfunum skal skólastjóri senda ráðuneytinu greinilega skýrslu um ásigkomulag skólans, kennsluna og prófin.

###### 15. gr.

Skólastjórinn skal sjá um, að í skólanum séu eftirtaldar bækur: Prófbók, bréfabók, áhaldabók, athuganabók og dagbók, og að reglulega sé í þær ritað, eftir því sem við á.

## VI. KAFLI

## Um nemendur skólans.

## 16. gr.

Nemendur eiga í kennslustundum, sem utan þeirra, að sýna kennurum sínum virðingu og hlýðni.

## 17. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kennsludegi, áður en kennsla byrjar, og geti nemandi eigi sótt skólann sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda skólastjóra tilkynningu um það, en skólastjóra ber að grennslast eftir, á hvaða rökum afsakanirnar eru byggðar, sé eigi sent læknisvottorð.

## 18. gr.

Nemendur skulu ávallt vera siðprúðir og ástundunarsamir, ekki viðhafa áflog eða ryskingar í skólahúsinu eða neyta þar matar. Reykingar eru stranglega bannaðar.

## 19. gr.

Valdi nemandi skemmdum á kennsluáhöldum eða öðrum munum skólans, skal hann bæta þær að fullu.

## 20. gr.

Skyldir eru nemendur að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar, til að styðja að reglu og aga í skólanum.

## 21. gr.

Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur og skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir.

Telji kennarar skólans nauðsynlegt að vísa honum burt fyrir fullt og allt, skal til þess fengið leyfi ráðuneytisins.

## VII. KAFLI

## Um kennslutíma og leyfi.

## 22. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

## 23. gr.

Á viku hverri skulu í hverjum bekk vera allt að 36 klukkustundir. Hver kennslustund sé 50 mínútur, en hlé milli kennslustunda 10 mín. Skólastjóri semur stunda-  
töflu fyrir hvert skólaár og leggur hana undir úrskurð atvinnumálaráðuneytisins.

## 24. gr.

164

13. ágúst

Skipting tímans á viku milli námsgreina:

Námshgreinir	Nemanda- deild undir hö minna fiski- manna- próf	Nemendur til hins meira		Síðari bekkur nemanda hins meira fiskimanna- prófs	Farmannaprófs- nemendur		Nemanda- deild skip- stjóraefna á varð- skipum
		fiskimanna- prófs og farmanna- prófs.	Fyrsti bekkur		Annar bekkur	Þriðji bekkur	
Stærðfræði .....	5	13	2	3	3	3	”
Siglingafræði .....	16	2	10	9	11	11	”
Íslenska .....	4	6	4	4	3	3	”
Danska .....	”	4	3	2	2	2	”
Enska .....	”	3	3	3	2	2	3
Þýzka .....	”	”	”	”	”	”	3
Sjóréttur .....	2	”	2	2	1	1	”
Heilsufræði .....	2	1	1	1	1	1	”
Bókhald .....	”	”	1	1	1	1	”
Viðskiptafræði .....	”	”	1	1	1	1	”
Eðlisfræði .....	”	1	1	1	1	1	”
Vélfræði .....	”	”	2	2	2	2	”
Landufr. og veðurfr. ....	”	”	1	1	1	1	”
Sjómennska .....	7	7	7	8	9	9	”
Stórskotafræði .....	”	”	”	”	”	”	5
Ljósfræði .....	”	”	”	”	”	”	1
Mælingafræði .....	”	”	”	”	”	”	2
Alþjóðaréttur .....	”	”	”	”	”	”	2
Alþjóðamerki .....	”	”	”	”	”	”	4
Líkamsæfingar .....	”	1	1	1	1	1	3
Samtals á viku	36	38	39	39	39	39	23

Enn fremur er öllum fiskimannaprófsnemöndum og farmannaprófsnemöndum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjóvinnufræði tvisvar á mánuði. Þessir nemendur skulu og njóta tilsagnar í björgun úr sjávarháská, eigi sjaldnar en einu sinni á mánuði.

Heimilt er skólustjóra að fella niður kennslu í sjóvinnu síðari hluta vetrar, en þó eigi fyrir en í lok janúarmánaðar.

Færa má til stundafjöldi í námshgreinum hveurrar deildar, ef þess er þörf.

## 25. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. 1. desember.
2. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum.
3. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
4. Sumardagurinn fyrsti.
5. Mánaðarfrí, einn dag í október, nóvember, febrúar og marz, og skal sá dagur valinn í samráði við skólustjóra annarra opinberra skóla í Reykjavík.

## VIII. KAFLI

## Um skólalækni o. fl.

## 26. gr.

Heilsufræðikennari Stýrimannaskólans er læknir skólans og hefur hann eftirlit með, að fullnægt sé fyrir mælum um hreinlæti og allt, sem lýtur að almennum heilbrigðismálum við skólann.

Læknir þessi skal og skoða nemendur skólans samkv. 27. gr.

## 27. gr.

Heilsufræðikennarinn skal athuga alla nýsveina skólans, hvort þeir séu haldnir af nokkrum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemöndum skaðvænn, svo og, hvort heyrn og málfæri sé eins fullkomið og nauðsynlegt er fyrir skipstjóra og stýrimenn.

## 28. gr.

Atvinnuáráðuneytið setur reglur um það, hvernig burtfararprófunum skuli hagað, og hvað útheimtis til að standast þau. Það gefur og út fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð um sama efni 23. september 1936 ásamt breytingum frá 27. apríl 1938 og 13. ágúst 1940 er úr gildi fallin.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## ERINDISBRÉF

## fyrir gærumatsmenn.

## 1. gr.

Gærumatsmenn skulu kynna sér sem bezt, hvernig á að verka gærun og geyma þær, svo að þær haldist óskemmdar, og séu góð og gild verzlunarvara.

## 2. gr.

Gærumatsmenn skulu hafa eftirlit með gærumedferð í sláturhúsum og annars staðar, eftir því sem nauðsynlegt er, og skoða vandlega aðfluttar gærun, sem verzlunar kaupa. Aðalreglur um meðferð gærunna skulu vera sem hér segir:

- a. Þegar sauðkind hefur verið aflifuð og skrokkurinn er færður til, skal forðast að taka hann upp á ullinni. Fláningsarmaður verður einnig að gæta þess við flánunguna að toga ekki í ullina, þannig að gæran skemmist.
- b. Að lokinni fláningu skal taka gærunar og breiða úr þeim, svo þær nái að kólna. Ber að forðast að þær blotni eða óhreinkist.
- c. Þegar gærunar hafa verið nægilega kældar, skal vega þær. Ef votviðri er og ekki er hægt að þurrka gærunar, skal draga hæfilega frá fyrir vatni og óhreindum. Má þær hafa til hliðsjónar kjötpunga kindarinnar, sérstaklega þegar um dilka er að ræða.

## 3. gr.

Þegar gærurnar hafa verið kældar, skulu þær þegar saltaðar með nýju, hreinu salti. Gærurnar skulu annaðhvort saltaðar í stæður eða vöndla. Þegar þær eru saltaðar í stæður, skal holdrosinn snúa upp og skal strá nægilega miklu salti yfir hvert lag, til að hylja gærurnar. Þess skal gætt, að leggja grindur á gólfið undir gærustæðurnar. Ekki mega stæðurnar vera mjög háar. Ef mikið gærumagn er saltað í sama húsi, verða að vera geilar í stæðurnar með nægilegu millibili. Áður en gærurnar eru fluttar út, verður að binda þær í vöndla, tvær í hvern, eða í bagga og séu þá venjulega 20 gærur í hverjum bagga. Þegar gærur eru bundnar til útflutnings, skal hrista úr þeim saltið og vega þær. Að því loknu er stráð í þær nýju salti, það miklu, að holdrosinn á neðri gærinni sé jafnhulinn í salti, síðan skal önnur gæra lögð ofan á og þeim svo vafið vandlega saman, svo að saltið nái ekki að hrynja úr þeim. Að því loknu skal gæruvöndullinn krossbundinn með sterku snæri og hver vöndull merktur með tréspjaldi, eða öðru merkispjaldi úr sterku efni. Spjöld þessi skulu bera merki útflytjandans. Ef gærur eru bundnar í bagga, skal neðst lögð ein gæra með holdrosann upp. Á hana skal stráð salti eins og áður greinir. Ofan á hana er svo næsta gæra lögð, með holdrosann niður. Næsta gæra skal snúa ullinni niður og svo haldið áfram, þangað til búíð er að leggja saman 20 gærur. Síðan skulu þær bundnar í sterk hönd og leitast við að ganga svo frá, að saltið hrynji ekki úr gær-unum. Að því loknu skal saumaður strigi utan um gærubaggann. Ekki skal ganga frá gærum á þennan hátt, nema útflytjendur óski þess sérstaklega, þar sem talið er að gærum sé hættara við að skemmast, ef þær eru þannig með farnar, heldur en ef þær eru bundnar í vöndla.

Ef gærurnar eru saltaðar í vöndla má strax binda þær í vöndla tvær og tvær saman. Skal gæta þess að salta þær nægilega mikið, svo skinnið, holdrosinn, geti hvergi náð að liggja saman.

## 4. gr.

Gærumatsmenn skulu hafa eftirlit með því, að húsnæði, sem gærur eru geymdar í, sé svo gott, að gærunum sé ekki hættu búin af raka. Ef saggi er á gólfi, verður að leggja trégrindur undir gærurnar. Ef gærur þurfa að geymast lengi, verður að umstafla þeim, eftir því sem matsmaður telur nauðsynlegt.

## 5. gr.

Ef gærur eru fluttar frá framleiðslustað til geymslu annars staðar, skal hlutað-eigandi matsmaður láta fylgja þeim matsvottorð, en matsmaður á útflutningsstað fullvissar sig um það með prófkönnun, eða á annan hátt, að gærurnar hafi ekki skemmt við geymslu á útflutningsstað og áritar á upprunavottorð að svo sé.

## 6. gr.

Allar gærur, sem fluttar eru héðan af landi, skulu metnar og vegnar af lögskipuðum gærumatsmönnum.

Ekki skulu aðrar gærur teljast hæfar til útflutnings en þær, sem eru sæmilega hreinar og þurrar, þegar þær eru vegnar, og vel með farnar og óskemmdar, þegar þær eru fluttar út.

## 7. gr.

Þær gærur eru yfirleitt útflutningshæfar, sem eru af fé slátruðu að sumri og hausti, eða snemma vetrar, enda séu þær óskemmdar. Um gærur af sjálfdaudu fé eða fé, sem slátrað er síðari hluta vetrar og að vori til, skal, ef þær teljast útflutningshæfar, gæta þess í matsvottorði, að þær séu af sjálfdaudu eða vetrarslátruðu fé.

165

5. okt.

8. gr.

Hverri gærusendingu skal fylgja vottorð gærumatsmanns um, að gæurnar séu metnar og vegnar. Í vottorðinu skal tilgreina þyngd gæranna saltlausra. Skal sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að lögskipaður gærumatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans.

Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi gæranna eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

9. gr.

Allar gærunar skal merkja greinilega með merki kaupfélags þess eða verzlunar, er gæurnar flytur út eða selur til útflutnings. Í merkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir.

10. gr.

Gærumatsmenn skulu hafa eftirlit með útskipun gæra og fullvissa sig um, að þær séu vel með farnar og óskemmdar. Útflytjendum er skylt að hlýða fyrirmælum þeirra þar að lútandi.

11. gr.

Kaup gærumatsmanna greiða kaupfélög þau, verzlanir og aðrir, sem gærunar flytja út. Kaupið skal vera almennt verkamannakaup greitt á staðnum að viðbættum 10% um hverja klukkustund, sem þeir eru við vinnu, hvort sem það er við mat gæranna, vigtun eða útskipun. Á þeim stöðum, þar sem eigi er fastákveðið eða almennt gildandi kaupgjald, skal kaup gærumatsmanna fara eftir samkomulagi milli matsmanna og gæruútflytjenda.

Þurfi gærumatsmaður að ferðast út fyrir hina löggiltu verzlunarlóð, þar sem aðalstarf hans er, en ekki út fyrir umdæmi sitt, telst borgunin einnig fyrir þann tíma, sem hann verður að vera á ferðinni fram og aftur.

Ekki mega gærumatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem við útflutning gæranna eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi þessu. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem flytja út gærunar.

12. gr.

Gærumatsmenn rita undir drengskaparheit um það, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvirkusémi og fara eftir þeim reglum, sem settar eru um það eða síðar kunna að verða settar.

Þeir eru skyldir að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

Erindisbréf þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 11 4. maí 1942, um gærumat, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. október 1942.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

166

12. okt.

### um sérstaka friðun rjúpna.

Með því að rjúpum hefur fækkað í landinu að undanfögnu, verður ekki hjá því komizt að friða rjúpur alveg þetta ár.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 1924, skipar ráðuneytið svo fyrir, að rjúpur, sem annars eru að lögum friðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október, skuli á þessu ári einnig vera friðaðar frá 15. október til ársloka 1942.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 1942.*

Jakob Möller.

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUR

167

21. okt.

### um flutning á benzíni og öðrum eldfimur efnum með íslenskum skipum.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 38 1942, um breytingu á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með settar reglur um benzínflutning.

#### 1. gr.

Farþegaskipum í utan- og innanlandssiglingum skal óheimilt að flytja benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.

#### 2. gr.

Öðrum skipum skal leyft að flytja benzín eða önnur eldfim efni á þilfari, enda sé svo um farminn búíð, að sem minnst hætta stafi af.

Undir þilfari má ekki flytja benzín eða efni, sem eldfimar lofttegundir geta myndast af, sem geta valdið sprengingu, nema í sérstökum þar til gerðum rúmum eða geymum.

Skipaskoðunarstjóri setur ákvæði um það, hvornig þessi sérstöku rúm skuli gerð og loftræst.

#### 3. gr.

Reykingar og umferð með óeinangrað ljós um þilfar eða staði, sem benzín eða eldfim efni eru á, er algerlega bannað.

#### 4. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. október 1942.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

*Páll Pálmason.*



168

**REIKNINGUR**

sjóðsins Aldarminning Jóns forseta 1940.

## Tekjur:

1. Eignir í ársbyrjun .....		kr. 7642.01
2. Tekjur sjóðsins á árinu (vextir):		
a. Af bankavaxtabréfum .....	kr. 316.50	
b. Af sparifé .....	— 50.37	
		<u>— 366.87</u>
		Kr. 8008.88

## Gjöld:

1. Styrkir á árinu .....		kr. 250.00
2. Eignir í árslok:		
a. Bankavaxtabréf .....	kr. 6400.00	
b. Innstæða í sparisjóði .....	— 1358.88	
		<u>— 7758.88</u>
		Kr. 8008.88

Ísafirði, 31. desember 1940.

Þorsteinn Sveinsson.

Reikningurinn réttur.

14. janúar 1941.

*Hannes Halldórsson. Ragnar G. Guðjónsson.*

169

**REIKNINGUR**

sjóðsins Aldarminning Jóns forseta 1941.

## Tekjur:

1. Eignir í ársbyrjun .....		kr. 7758.88
2. Tekjur sjóðsins á árinu:		
a. Vextir af bankavaxtabréfum .....	kr. 291.50	
b. Vextir af sparisjóðsfé .....	— 46.38	
		<u>— 337.88</u>
		Kr. 8096.76

## Gjöld:

1. Styrkir á árinu .....		kr. 270.00
2. Eignir í árslok:		
a. Bankavaxtabréf .....	kr. 5400.00	
b. Í sparisjóði .....	— 2426.76	
		<u>— 7826.76</u>
		Kr. 8096.76

Ísafirði, 31. desember 1941.

Þorsteinn Sveinsson.

Reikningurinn réttur.

3. maí 1942.

*Hannes Halldórsson. Ragnar G. Guðjónsson.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1942.

*Ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til fundar laugardaginn 14. nóvember 1942, undirskrifað af ríkisstjóra 5. nóvember 1942, nr. 96.*

*Stjórnarskipunarlög um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, sbr. stjórnarskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942, undirskrifuð af ríkisstjóra 15. desember 1942, nr. 97.*

*Ríkisstjóraúrskurður um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af ríkisstjóra 16. desember 1942, nr. 98.*

*Lög um breytingu á lögum nr. 79 frá 1. sept. 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum, undirskrifuð af ríkisstjóra 19. desember 1942, nr. 99.*

*Auglýsing ríkisstjóra Íslands um bann gegn verðhækkun, undirskrifuð af ríkisstjóra 19. desember 1942, nr. 100.*

*Ríkisstjóraúrskurður um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af ríkisstjóra 22. desember 1942, nr. 101.*

*Lög um bráðabirgðaffjargreiðslur í janúar 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra 28. desember 1942, nr. 102.*

*Lög um breytingu á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 103.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1943 með viðauka, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 104.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 105.*

## Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 58. tbl. Lögbirtingablaðsins 170 1942, um myrkvun íslenzkra skipa í Reykjavíkurhöfn. 20. okt.

Brezka sjóliðið hefur ákveðið, að íslenzk skip í Reykjavíkurhöfn eða í nágrenni Reykjavíkur, skuli myrkvuð samkvæmt neðangreindum reglum:

1. Íslenzk skip, stödd á ytri höfninni eða á akkerislegum í nágrenni Reykjavíkur, skulu framvegis vera myrkvuð frá sólarlagi til sólaruppkomu, svo sem hér segir:
2. Skip, sem liggja við akkeri, mega aðeins hafa uppi dauf akkerisljós, byrgð að ofan, og skulu þau slökkt, ef gefið er hættumerki með rauðu ljósi.
3. Skip, sem eru laus, eiga að hafa uppi siglingaljósin, en þau skulu slökkt ef til loftárásar kemur.
4. Engar hömlur eru lagðar á notkun ljósa á skipum í innri höfninni, en skip þessi skal almyrkva jafnskjótt og gefin eru hættumerki fyrir almenning í Reykjavík.

## Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 59. tbl. Lögbirtingablaðsins 171 1942, um fyrirmæli hernaðaryfirvaldanna til íslenzkra skipa á hafi 28. okt. úti, sem verða hernaðaraðgerða vör.

Hernaðaryfirvöldin hafa talið nauðsynlegt til varúðar að setja reglur því til varnar, að íslenzk skip, sem stödd eru úti fyrir ströndum Íslands eða í íslenzkum

**171** höfnum, yrðu fyrir árásum, ef til hernaðaraðgerða kæmi milli ófriðaraðilja á sjó í 28. okt. námunda við strendur landsins.

Öll skip, þar á meðal litlir mótorbátar, sem ganga til fiskveiða, eru aðvöruð um, ef þau verða vör við hernaðaraðgerðir í nálægð sinni, hvort heldur skipsmenn sjá þessar aðgerðir eða verða þeirra áskynja með loftskeytatækjum sínum eða á annan hátt, þá verða þau að hegða sér eins og hér segir:

Skip í höfnum skulu halda kyrru fyrir og biða fyrirskipana frá brezkum eða amerískum flotayfirvöldum á staðnum eða amerískum heryfirvöldum.

Skip, sem eru á sjó, verða að gera eitt af þrennu:

- a. sigla út á haf, svo að þau séu úr auglýsingu frá landi;
- b. kasta akkerum;
- c. nema staðar og stefna skipinu frá landi.

Aðvörun mun verða tilkynnt, ef hægt er, með fyrirskipuninni „Stand still“ (verið kyrrir).

Sérhvert skip, sem nálgast land eftir slíka aðvörun, mun verða skoðað sem óvina-skip og verður ráðist á það.

**172** Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 60. tbl. Lögbirtingablaðsins, 31. okt. **um að brezka sjóliðið banni skipum að leggjast fyrir akkerum á takmörkuðu svæði á ytri höfninni í Reykjavík.**

Brezka sjóliðið telur nauðsynlegt að banna skipum að leggjast fyrir akkerum á neðangreindu svæði á ytri höfninni í Reykjavík (sbr. 3. gr. siglingareglna fyrir Reykjavíkurhöfn, sem birtar eru í 1. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1942):

Svæði þetta takmarkast að norðan og sunnan af tveim línunum, sem hugsast dregnar frá vitanum á Faxagarði í 053° og 080° stefnur gegnum grænu og rauðu innsiglingavitana á hafnargörðunum, en að austan af eystri takmörkum hvíta ljóssins í Vatnsgeymisvitanum.

**173** Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 64. tbl. Lögbirtingablaðsins, 19. nóv. **um fyrirmæli brezku flotastjórnarinnar varðandi endurnýjun ferðaskírteina skipa.**

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslensku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. desember 1942, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir: Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

## REGLUR

 174  
 2/8 '41

um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett sérstök ákvæði um útbúnað skipa, sem eru í siglingum milli landa um yfirlýst ófriðar- eða hættusvæði.

### I. KAFLI.

#### Farþega- og vöruflutningaskip og togarar.

##### 1. gr.

Öll íslensk skip, sem eru í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, og enn fremur farþegaskip, alþjóðasamþykktinni frá 29. maí 1929.

Enn fremur skal skipið fullnægja eftirgreindum fyrirmælum, vegna ófriðarhættunnar:

1. Loftskeytastöðvar eða talstöðvar skulu hafðar á tveim stöðum í skipinu. Loftskeytasöðinni skulu fylgja að minnsta kosti tveir góðir móttakarar, svo að samtímis sé hægt að hlusta á 600 og 182 metrum.
2. Varðtunnu skal komið fyrir á framsigli, eða varðskýli á stýrishúspaki.
3. Skip, sem sigla til Bretlands, skulu hafa flugdreka með löngum vírstreng, og útbúnaði öllum þar að lútandi, enn fremur skulu þau hafa að minnsta kosti 4 reyksprengrur.
4. Skipið skal hafa morse-ljóstæki með speglum.
5. Flóka-björgunarvesti skulu vera handa allri skipshöfninni.
6. Engu má koma fyrir á bátapillfari, er hindrað geti greiðan aðgang að bjargbátunum.
7. Stýrishús og loftskeytaklefi skulu varin gegn skotum eins og bezt verður, með tilliti til stærðar skipsins, tölu varðmanna, stöðugleika (stabilitet) skipsins, og annarra atriða, er máli skipta.
8. Koma skal fyrir neyðarlýsingu hjá bjargbátunum og ef unnt er hjá bjargflekunum líka. Aflgjafa neyðarljósanna skal komið fyrir eins ofarlega og verða má í skipinu.

##### 2. gr.

Sérhver bjargbátur skal auk hins fyrirskipaða útbúnaðar hafa:

1. Kork- eða kapokpúða, úr lituðum segldúk meðfram báðum hliðum bátsins og skulu þeir ná stafna á milli. Þeir skulu vera 15—20 cm í þvermál um miðjuna og mjókka til endanna, og skulu þeir vel festir við bátinn.
2. Skjólsegl úr léttum og lituðum segldúk. Það skal falla vel við stefni og borðstokk bátsins og ná yfir  $\frac{1}{2}$  til  $\frac{2}{3}$  hluta af lengd hans. Enn fremur skal fyrir aftan skjólseglið með borðstokk bátsins, vera strengdur segldúkur 30—40 cm á hæð og falla vel að borðstokknum.
3. 6 eldflaugar og 6 stokka af stormeldspýtum, hvort tveggja geymt í vatnsheldum kassa, eða skammbyssu með 6 merkjaskotum. Enn fremur 6 oliufatnaði, 6 peysur, sáraumbúðir og tvö vasaljós, allt í vatnsheldum kassa. Enn fremur málmáru-fleyg með þorskalýsi.
4. Farþega- og vöruflutningaskip skulu hafa suðuáhold af viðurkenndri gerð.

- 174 5. Einn af bjargbátum skipsins skal vera vélbátur, búinn öllum fleytigögnum og  
 2/9 '41 búnaði, sem aðrir bjargbátar skipsins, og auk þess fleytigögnum, sem svara til þunga vélarinnar og annarra áhaldra, sem vélbátur þarf að hafa. Enginn vélbátur má vera minni en 3,5 m<sup>3</sup>.  
 Í vélbátum skal vera hæfilega langur og gildur dráttarkaðall, og festartæki á bátnum til að festa hann við.  
 Í hverjum vélbát skal vera eldsneytisforði í 48 klst., með fullhraða. Sé í vélbátnum benzínvél, skal henni fylgja varakveikja, geymd í vatnsheldu iláti, eða að svo sé um vélina búíð, að sjór geti alls ekki að henni komizt, enda þótt báturinn fyllist af sjó.
6. Einn af bjargbátum skipsins skal vera með loftskýtatækjum, er dragi að minnsta kosti 100 sjómílur.
7. Á botni bjargbátanna að utanverðu skal vera handlisti til beggja hliða.
8. Í hverjum bjargbát skal vera útbúnaður til að þetta bátinn eftir kúlnagöt og þess háttar.
9. Ef þess er kostur, skulu bátarnir búnir fallkrókum (Sliphager).

## 3. gr.

**Bjargflekar eða bjargbátar með hleypisúð.**

Auk bjargbáta þeirra, sem skipið á að hafa, skal það einnig hafa bjargfleka eða bjargbáta með hleypisúð, nægilega stóra til að geta tekið alla á skipinu.

Bátar þessir eða bjargflekar skulu um gerð, útbúnað og fólkstölu, fullnægja alþjóðaákvæðum, en þurfa þó ekki að hafa varaárar eða varahluta.

Tala þeirra, sem flekinn tekur, skal ákveðin samkvæmt alþjóðareglum, og mörkuð á hann ásamt nafni skipsins, en útbúnaður flekans skal vera þessi:

1. Sem fleytigagn skal ekki eingöngu nota loftkassa eða tunnu, heldur sé einnig haft hæfilega mikið af korki, vel fyrir komið.
2. Á sérhverjum fleka skal vera vatnsheldur fullt af góðu drykkjarvatni, 1 lítri á mann, og brauðkassi með hörðu brauði, 1 kg á mann, 3 dósir mjólk á mann og 1 kg haframjöl á mann. Enn fremur vatnsheldur dúnkur með sárabindum, 2 góðir vasalampar, merkjaskammbyss (Signalpistol) með 6 skotum, eða 6 flugeldar, stormeldspýtur, flugeldastengur, 6 olíufatnaðir og 6 peysur eða heitar flíkur í olíupoka, og fáni.
3. Á flekanum skal vera skjólsegl, vel fest við hann, er sé 40 cm á hæð, 2 árar, krókstjaki og öxi.
4. Kassarnir á flekanum skulu þannig gerðir, að þeir komi að fullum notum, hvor hlið flekans sem upp snýr. Skipstjóri ákveður flekanum stað á skipinu og hvernig honum skuli komið fyrir á því.
5. Við bjargflekann skal festa sjálfkveikjandi blys, er kvikni á um leið og bjargflekinn kemur í sjó.

## 4. gr.

Til viðbótar við þann forða, sem á að vera í bátunum, skal enn fremur vera í bátunum og á flekanum forði af niðursoðnu kjöti í ½ eða 1 kg dósnum, er nemi 1 kg á mann.

Bjargtækjum þeim, sem nefnd eru í 3. gr., þarf ekki að vera komið fyrir undir bátsuglum, en þau skulu höfð á þeim stað á skipi og þannig komið fyrir, að þau fljóti upp ef skipið sekkur.

## II. KAFLI.

174

2/9 '41

## Fiskiskip, önnur en togarar.

Útbúnaður fiskiskipa, annarra en togara, sem eru í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skal vera sá, er greinir í þessum kafla.

## 5. gr.

Sérhvert fiskiskip, sem er í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skal fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, en auk þess skal skipið fullnægja fyrirmælum þeim, sem hér greinir:

1. Stýrishúsið skal vera varið gegn skotum, eins og bezt má verða, þegar tillit er tekið til stærðar skipsins, fyrirkomulags á því, haffærni o. fl.
2. Varðskýli skal vera á stýrishúspaki.
3. Í skipinu skal vera góð talstöð, og skal hún reynd í hvert sinn áður en skipið fer í utanlandsferð af umboðsmanni landssímans.
4. Á skipinu skal vera morse-ljóstæki með speglum.
5. Skipið skal hafa bjargbát eða bjargbáta samkvæmt áður nefndri tilskipun og reglugerðum, og auk þess fullnægja ákvæðum 1., 2., 3., 6., 7. og 8. lið 2. gr. hér að framan.

## III. KAFLI.

## Strandferðaskip og varðskip.

## 6. gr.

Farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingum og varðskip ríkisins, skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og auk þess fullnægja eftirgreindum fyrirmælum:

1. Skipið skal hafa varðtunnu á framsigli eða varðskýli ofan á stýrishúsi.
2. Skipið skal hafa morse-ljóstæki með speglum.
3. Utan á bátunum skulu vera korkpúðar, eins og segir í 1. lið 2. gr.
4. Á botni bátanna skulu vera handlistar.
5. Í bjargbátum skal vera útbúnaður til að þétta leka.
6. Skipið skal hafa bjargfleka, með öllum útbúnaði, eins og tekið er fram í 3. gr., svo að þeir, ásamt bjargbátum skipsins, geti rúmað alla á skipinu, miðað við hina mestu farþegatölu, sem skipið má flytja. Skip, sem ekki eru farþegaskip, skulu hafa bjargfleka, sem rúmað geti alla skipverja.

## IV. KAFLI.

## Almenn ákvæði.

## 7. gr.

Hægt skal vera að stöðva aðalvélina, bæði frá vélarrúmi og efsta þilfari með því að loka fyrir gufuna eða eldsneytið til mótorsins.

## 8. gr.

Auk hins venjulega eftirlits, sem skipstjóra er skylt að hafa með bjargtækjum skipsins, skal hann, áður en hann fer inn á svæði, þar sem ófriðarhætta er, láta eftirlíta öll bjargtæki skipsins, vatnsheldar hurðir og hlera, spjaldloka o fl., og sjá um að allt sé í lagi.

174 Skipstjóra ber, eftir því, sem frekast verður við komið, að æfa skipshöfnina í að nota bátana og bjargtækin. Allir gallar, sem koma í ljós við æfingarnar, skulu lagfærðir og árangurinn skráður í eftirlitsbókina.

## 9. gr.

Þegar venjuleg skoðun á skipi fer fram, hvort heldur er aðal- eða aukaskoðun, skulu skoðunarmenn gæta þess, að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

## 10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur veitt tilslakanir frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæða þykir til, og það vegna framkominna upplýsinga, virðist rétt og sanngjarnt. Skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita frest til fullnægingar á ákvæðum þessara reglna, þegar hann telur gildar ástæður fyrir hendi.

## 11. gr.

Þegar skip fer um ófriðarsvæði, eða þar sem tundurduflahætta er, skulu sérstakar ráðstafanir gerðar til öryggis skipshöfn og farþegum.

Af slíkum öryggisráðstöfunum má nefna:

1. Lokað sé öllum vatnsheldum hurðum og ljórum.
2. Bátahlífarnar skulu teknar af og bátarnir skulu, hvenær sem er, hafðir tilbúnir til að síga á sjó.
3. Allir bátar og flekar, sem eru undir bátsuglum, skulu hafðir eins tiltækir og frekast er unnt.
4. Bjargbelti fyrir alla á skipinu skulu, hvenær sem er, vera tiltæk.

Með reglum þessum eru felldar úr gildi „Reglur um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum“ frá 12. október 1939.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. september 1941.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

175 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Ólafs Steingrímssonar og Ingibjargar Runólfsdóttur, Hliði á Álftanesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. apríl 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafs Steingrímssonar og Ingibjargar Runólfsdóttur, Hliði á Álftanesi.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Ólafs Steingrímssonar og Ingibjargar Runólfsdóttur.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1941 með 1000 króna dánargjöf dóttur þeirra, Guðbjargar Ólafsdóttur frá Söndum í Miðfirði.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

## 3. gr.

Af vöxtunum skal árlega leggja að minnsta kosti  $\frac{1}{3}$  — einn þriðja hluta — við höfuðstólinn, þangað til hann er orðinn 5000 krónur, því næst  $\frac{1}{4}$  — einn fjórða hluta — vaxtanna þangað til sjóðurinn er 10000 krónur. Frá þeim tíma skal árlega leggja við höfuðstólinn  $\frac{1}{5}$  — einn fimmta hluta — vaxtanna.

Sé ekki þörf á styrkveitingu úr sjóðnum samkvæmt 4. gr., eitthvert ár, þá leggjast ársvextir óskertir við höfuðstól. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

## 4. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem ekki er lagður við höfuðstól, samkvæmt 3. gr., skal árlega verja til styrks einhverjum fátækum sjúklingum í Bessastaðahreppi. Skulu þeir sitja fyrir, er njóta eigi sveitarstyrks.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: sóknarpresti í hinni núverandi Bessastaðasókn, og tveimur konum, sem kosnar séu af atkvæðisbærum konum í Bessastaðahreppi, um leið og kosið er í hreppsnefnd, og eftir sömu reglum.

Stjórnin annast styrkveitingar, semur ársreikning sjóðsins og leggur hann, ásamt fylgiskjölum, fyrir aðalfund sýslunefndar ár hvert.

**Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Tíu ára áætlunarsjóð“, útgefin á 176**  
venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. apríl 1942. 8. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tíu ára áætlunarsjóð.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Tíu ára áætlunarsjóður og er stofnaður af Hannesi Davíðs-syni, Hofi.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 350.00 — þrjú hundruð og fimmtíu —. Heimilt er að auka sjóðinn með gjöfum, er þá leggist við upphaflegt stofnfé sjóðsins, enda sé vöxtum af gjafafénu varið samkvæmt tilgangi sjóðsins.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja börn, eða aðstandendur þeirra, til að leggja fé það, sem börnunum kann að áskotnast, í Sparisjóð Arnarneshrepps, í Tíu ára áætlunarbækur, samkvæmt tillögu síra Halldórs Jónssonar á Reynivöllum. Tilgangi sínum hyggst sjóðurinn að ná með því að gefa börnum árlega kost á að verða þátttakendur í verðlaunaveitingu fyrir samheldni, en verðlaunaféð eru vextir af sjóði þessum. Skulu verðlaunin ætíð standa á tug króna, vextir, sem eru fram yfir tug eða tugi króna, leggjast jafnan við höfuðstólinn.

## 4. gr.

Á aðalfundi Sparisjóðs Arnarneshrepps skal árlega draga úr öllum númerum Tíu ára áætlunarinnstæðueigenda, innan 14 ára aldurs, þegar verðlaunafé er fyrir hendi, og hlýtur eigandi hvers númers, sem út er dregið, tug eða tugi króna, eftir



176 nánari ákvæðum aðalfundar sparisjóðsins. Verður upphæðin jafnskjótt færð inn 8. apríl í viðskiptareikning hlutaðeiganda.

5. gr.

Aðalfundur Sparisjóðs Arnarnesshrepps getur breytt skipulagsskrá þessari, ef brún þörf virðist til, enda skal breytingin samþykkt af stjórnarvöldum þeim, sem bær eru um að samþykkja skipulagsskrár.

Leggist sparisjóðurinn niður ákveður síðasti aðalfundur hans hvernig verja skuli Tíu ára áætlunarsjóðnum.

6. gr.

Reikning Tíu ára áætlunarsjóðsins ber að endurskoða ásamt sparisjóðsreikningunum ár hvert og leggja hann fyrir aðalfund sparisjóðsins til úrskurðar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

Hofi í Hörgárdal, 24. marz 1942.

Hannes Davíðsson.

177 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Framfarasjóð stúdenta“, útgefin 8. apríl á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. apríl 1942. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfarasjóð stúdenta.

1. gr.

Sjóður þessi, sem er að upphæð kr. 5168.62, er stofnaður af nokkrum stúdentum, sem tóku stúdentspróf á árunum 1887 og 1888.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja íslenska menningar- og framfaraviðleitni, sérstaklega allt það, sem vænlegast þætti til þess að efla atvinnuvegi vora og bæta efnalega afkomu almennings.

3. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi rektor háskólans, forstöðumaður atvinnudeildar og formaður stúdentaráðs.

4. gr.

Sjóðurinn varðveitist í Söfnunarsjóði Íslands, og skulu allir vextir lagðir við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn að upphæð tíu þúsund krónur. Úr því má verja allt að helmingi vaxta samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og einnig loforðum stúdenta um að greiða ákveðna upphæð til hans innan 5 ára frá því þeir hafa komizt í fasta stöðu, enda vekir stjórnin árlega athygli stúdenta á sjóðnum og sjái um innheimtu lofaðra upphæða.

## 6. gr.

Meðan útborgaðir vextir ná ekki 500 kr. upphæð, skal þeim öllum varið til þess að styrkja álitlegustu rannsóknir eða tilraunir, sem atvinnudeildin hefur með höndum. Úr því má verja nokkrum hluta til þess að styrkja eða verðlauna álitlegar tilraunir eða rannsóknir eða ágætari ritgerðir, sem gerðar eru af mönnum utan deildarinnar.

177

8. apríl

**Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Sumarheimili Templara“, útgefin á** 178  
venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 9. júlí 1942. 9. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Sumarheimili Templara.

## 1. gr.

Sumarheimili Templara er stofnað af Umdæmisstúkunni nr. 1 í I. O. G. T., samkvæmt fundarsamþykkt á haustþingi hennar 16. nóvember 1941 og afsalsbréfi, dags. 24. marz 1942.

## 2. gr.

Sumarheimilið er sjálfseignarstofnun.

## 3. gr.

Stofnuninni er í upphafi lagðar þessar eignir:

- a. Jörðin Kumbaravogur í Stokkseyrarhreppi með húsum öllum og öðrum mannvirkjum á jörðinni, svo og rekahlunnindum og öðru því, sem henni fylgir og fylgja þer, eins og umdæmisstúkan hefur eignast hana samkvæmt afsali, með áhvilandi lánnum.
  - b. 1200 króna gjöf Húsfélags bindindismanna.
  - c. 2850 króna gjöf frá góðtemplarastúkum í Reykjavík.
  - d. Framlag styrktarféлага og aðrar gjafir frá góðtemplurum 2880 kr.
- Þá er og gert ráð fyrir að stofnuninni muni áskotnast árlega fé frá styrktarfélagum og eftir sérstaklega ákveðnum fjáröflunarleiðum, sem stjórn stofnunarinnar eða umdæmisstúkan annast.

## 4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að reka sumarheimili fyrir börn fyrst og fremst, svo og fyrir fullorðna eftir því sem þörf krefur og við verður komið á hverjum tíma.

Stjórn stofnunarinnar ákveður í samráði við lækni, sem til er kvaddur, hverjir skulu teknir á sumarheimilið.

## 5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn, sem framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 kýs til 5 ára í senn í marz mánuði ár hvert, í fyrsta sinn í marz mánuði 1942. Fyrstu 4 árin gengur einn maður úr stjórninni eftir hlutkesti, en síðan eftir starfsaldri.

Nú verður sæti stjórnarnefndarmanns laust áður en starfstími hans er útrunninn og kýs þá framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar annan í staðinn. Starfstími hans er aðeins fyrir þann tíma, sem fyrirrennari hans átti eftir að vera í stjórninni.

Stjórnarnefndarmenn skulu vera góðtemplarar.

178

9. júlí

6. gr.

Stjórnin annast allan rekstur stofnunarinnar með þeirri verkaskiptingu, sem í 7. gr. segir. Hún heldur aðalfund sinn í febrúarmánuði ár hvert. Strax eftir aðalfund sendir stjórnin framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 starfsskýrslu ásamt reikningum stofnunarinnar fyrir næstliðið starfsár, en framkvæmdanefndin kys þá mann í stjórnina samkvæmt 5. gr. Þegar stjórnarformanni hefur borizt tilkynning um kosninguna boðar hann hina nýju stjórn á fund til þess að kjósa formann, ritara og gjaldkera.

7. gr.

Formaður er framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Hann boðar til funda, í samráði við ritara, stjórnar þeim og sér um að ályktanir stjórnarfunda séu framkvæmdar. Hann getur, þegar þörf krefur kvatt aðra stjórnarnefndarmenn sér til aðstoðar, eða ráðið sérstaka menn til þess að annast ákveðin verk. Formaður leggur fram á aðalfundi ritaða skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári.

Ritari heldur nákvæma bók yfir allt það, sem gerist á stjórnarfundum, svo og um annað það utan funda, sem máli getur skipt, svo sem um fundarboðun. Hann annast allar bréfaskriftir og heldur öllum bréfum, skjölum og skilríkjum saman og varðveitir, og skilar því síðan að starfstíma loknum í hendur eftirmanni sínum.

Í forföllum formanns gegnir ritari störfum hans.

Gjaldkeri hefur með höndum fjárreiður stofnunarinnar. Hann má ekki greiða fé úr sjóði hennar, nema því aðeins að formaður hafi samþykkt greiðsluna. Hann skal jafnan geyma sjóðinn í banka með ríkisábyrgð.

Gjaldkeri heldur nákvæma bók yfir tekjur og gjöld stofnunarinnar og fyrir janúarmánaðarlök skilar hann endurskoðendum í hendur reikningum fyrir liðið starfsár ásamt efnahagsreikningi. Á aðalfundi leggur gjaldkeri reikninginn fyrir stjórnina til úrskurðar, ásamt athugasemdum endurskoðenda.

Gjaldkeri fær sér tvo ábyrgðarmenn, sem framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar samþykkir.

8. gr.

Endurskoðun reikninga stofnunarinnar fer fram í febrúarmánuði ár hvert. Endurskoðendur séu tveir og skulu þeir kosnir á haustþingi umdæmisstúkunnar. Þó getur haustþingið ákveðið, að endurskoðunin skuli falin löggiltum endurskoðanda. Slík fundarsamþykkt gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

9. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Reikninga stofnunarinnar skal senda skrifstofu stórstúkunnar. Skulu þeir birtir á stórstúkuþingi.

11. gr.

Stjórnin setur reglur um starfstilhögun stofnunarinnar, svo og um nytjun jarðar og afnot húsa þann tíma, sem þau eru ekki notuð til sumarvaxar samkvæmt skipulagsskránni.

12. gr.

Nú verður ekki lengur þörf á að reka sumarheimilið, sbr. 4. gr., eða rekstur stofnunarinnar leggst niður af einhverjum ástæðum öðrum, svo sem ef Umdæmisstúkan nr. 1 eða önnur deild góðtemplarareglunnar getur ekki eða vill ekki reka stofnunina áfram, eða ef góðtemplarareglan á Íslandi hættir að starfa, og skal þá ríkisstjórnin ráðstafa eigninni og sjá um að hún, eða andvirði hennar umfram skuldir, verði not-

að til mannúðarstarfsemi eða í þágu uppeldismála í núverandi umdæmi Umdæmisstúkunnar nr. 1, eftir því sem bezt hentar á hverjum tíma. 178  
9. júlí

## 13. gr.

Skipulagsskrá þessari getur framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar breytt, enda séu  $\frac{2}{3}$  hennar með breytingunni og stórtemplar samþykki. Þá þarf og staðfestingu ríkisvaldsins til þess að breyting öðlist gildi.

## 14. gr.

Að fengnu samþykki stórtemplars skal leita staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

*Samþykkt á fundi framkvæmdarnefndar Umdæmisstúkunnar nr. 1  
21. og 24. marz 1942.*

**Guðgeir Jónsson**  
umdæmistemplar.

\_\_\_\_\_  
Pétur G. Guðmundsson  
umdæmisritari.

*Veiti hér með samþykki mitt.*

*Reykjavík, 24. marz 1942.*

**Kristinn Stefánsson**  
stórtemplar.

## VIÐBÓT

179  
15. júlí

**við reglur íslenzku tollalöggjafarinnar um skrár í skipum,  
sem flytja vörur til Íslands.**

Í yfirlýsingu þeirri, sem skipstjóri, eða afgreiðslumaður skips fyrir hans hönd, skal gefa og festa við farmskrána frá hverri einstakri fermingarhöfn, skulu vera tilgreindar þær hafnir, sem vörurnar á skránni skulu affermast, blaðsíðatal farmskrárinnar til hvernar affermingarhafnar og samanlögð þyngd varanna til hvernar þeirra. Hafi númer á skránum verið strikuð út eða leiðrétt á annan hátt, skulu þessi númer talin upp í yfirlýsingunni og ef um aðra leiðrétting en útstrikun er að ræða, skal einnig tilgreint í yfirlýsingunni hvað hafi verið leiðrétt í hverju númeri. Yfirlýsingin skal vera á þessa leið:

## YFIRLÝSING

fyrir skipið .....

sem er að fara frá ..... þann .....

með farmskránni yfir allar þær vörur, sem fermdar hafa  
verið í skipið á nefndri höfn og fara eiga til Íslands.

Ég lýsi því hér með yfir, að að því er ég bezt veit og held, hafa af vörum, sem eiga að vera á farmskrám skipa, sem flytja vörur til Íslands, ekki verið fermdar eða settar í ofangreint skip á fyrrgreindri höfn aðrar eða meiri vörur en þær, sem tilgreindar eru á viðfestum farmskrárblöðum, sem eru ... að tölu, en affermingar-

179 hafnirnar, sem vörur þessar hafa verið skráðar til, blaðsíðutal skráanna til hverrar  
15. júlí einstakrar affermingarhafnar og þyngd varanna til hverrar þeirra, er sem hér segir:

Nr.	Affermingarhafnirnar	Blaðsíðutal farm- skráanna til hverrar affermingarhafnar	Samanlögð þyngd varanna til hverrar affermingarhafnar

Þá vil ég lýsa því yfir, að að því er ég bezt veit og held, eru allar þær upplýsingar, sem á skránni eru, í alla staði réttar.

Eftirgreind númer á ofangreindri farmskrá hafa verið strikuð út:

Þá hafa eftirgreindar leiðréttingar verið gerðar í þessum númerum:

..... 194.....

(Undirskrift skipstjóra eða afgreiðslumanns skips.)

#### VOTTORÐ

sendiherra, sendifulltrúa eða ræðismanns fyrir Ísland.

Undirritað af ..... í viðurvist minni. Þá hefi ég ekki fundið neina formgalla á ofangreindri farmskrá.

..... 194.....

(Undirskrift.)

*Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

180

15. júlí

## F Y R I R M Æ L I

um vörureikninga og önnur skjöl um vörur innfluttar til Íslands.

### I. Vörureikningurinn.

Samkvæmt tollskrárlögunum íslenzku ber viðtakanda að afhenda hlutaðeigandi tollstofnun samrit af vörureikningum yfir þær vörur, sem eiga að koma til tollmeðferðar. Reikningseintak þetta skal vera undirritað af seljanda, ef um sölu er að ræða, en ella af sendanda.

Vörureikningurinn skal tilgreina þessi atriði:

1. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út.
2. Nafn og heimilisfang seljanda eða sendanda.
3. Nafn og heimilisfang kaupanda eða viðtakanda.
4. Hvaðan, hvenær og hvernig vörurnar eru sendar.
5. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum. Kúbikmál fyrir óunnið timbur.
6. Tegund, merki og númer bæði ytri og innri umbúða eða merki og númer á vör-  
unum, ef þær eru umbúðalausar. Ef í sendingu, sem samanstendur af tveimur

eða fleiri stykkjum, eru tvær eða fleiri tegundir af vörum, skal vörureikningur- 180  
inn bera það með sér, hvaða vörur eru í hverju stykki og brúttóþyngd hvers 15. júlí  
stykkis fyrir sig.

7. Tegund vöru með því verzlunarheiti, sem almennt er notað um þá vöru í kaup-  
um og sölum, ef heiti þetta felur í sér upplýsingar um eðli vörunnar eða úr  
hverju hún er. Ef verzlunarheitið felur hinsvegar ekki í sér upplýsingar um  
annaðhvort þessara atriða, skal annaðhvort þeirra tilgreint til viðbótar verzl-  
unarheitinu, og sé um spunaefni, garn, spunavöru, fatnað eða fatnaðarvöru að  
ræða, skulu jafnan vera á vörureikningunum upplýsingar um tegund þeirra efna,  
sem eru í vörum þessum og þyngd efnanna innbyrðis, ef þær eru úr fleiri en  
einu efni.
8. Nettóþunga hvernar vörutegundar.
9. Söluverð hvernar einstakrar vörutegundar, bæði einingarverð og heildarverð, ef  
um sölu er að ræða. Sé vara hins vegar ekki send samkvæmt sölu, skal tilgreina  
verðmæti hvernar einstakrar vörutegundar, bæði einingarverðmæti og heildar-  
verðmæti, eða verði slíkt verðmæti ekki ákveðið, það verð, bæði einingarverð og  
heildarverð, sem hlutaðeigandi sendandi myndi hafa fengið eða væri reiðubúinn  
að fallast á að fá, ef varan væri seld á venjulegan hátt. Verðmæti það eða verð,  
sem hér um ræðir, má þó ekki vera undir almennt gildandi markaðsverði í heild-  
sölu á tilsvarendi magni af samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi til út-  
flutnings á þeim stað og tíma, sem vara er send, eða sé vara ekki send samkvæmt  
sölu, þar sendanda að skrá á vörureikninginn sérstaka yfirlýsingu um það, að  
verð varanna sé ekki undir fyrrnefndu almennu útflutningsverði.
10. Afslátt allan og annan frádrátt, sem er veittur. Skal tilgreina upphæð frádráttar-  
ins og ástæðuna til þess að hann er gerður nákvæmlega og greinilega, t. d. vegna  
staðgreiðslu eða vegna greiðslu innan nákvæmlega tiltekins tíma. Almenn orða-  
tiltæki, eins og t. d. verzlunarafsláttur, er algerlega ófullnægjandi.
11. Allan kostnað, sem fellur á vöru, og nafn og upphæð hvers kostnaðarliðs fyrir  
sig, ef seljanda eða sendanda er kunnugt um þetta. Ella nöfn þeirra kostnaðar-  
liða (þar með talin umboðslaun eða þóknun fyrir innkaup vöru, kostnað af um-  
búðum flutningsgjald, váttrygging o. s. frv.), sem eru innifaldir í vörureiknings-  
verðinu.  
Þá skal auk þessa með almennum táknum tilgreina hvernig vara er seld,  
t. d. eif Reykjavík.  
Allir tölulíðir reikningsins skulu lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt  
tilgreind.
12. Í hvaða mynt er reiknað á vörureikningnum.
13. Hvenær sala fór fram, þegar um sölu er að ræða.
14. Greiðsluskilmála og önnur söluskilyrði.

## II. Önnur skjöl.

Auk vörureiknings skulu viðtakendur afhenda til tollstofnana farmskirteini,  
fylgibréf og önnur flutningsskirteini. Þá skulu þeir afhenda til tollmeðferðar skjöl  
um allan þann kostnað við útflutning og sending hinna aðfluttu vara, er ekki stendur  
á vörureikningnum, svo sem kostnað af umbúðum og útgjöld vegna flutningsgjalds,  
váttryggingar, vörumiðlunar og önnur útgjöld við sending hlutaðeigandi vara bæði  
innanlands í innkaupslandinu sjálfu erlendis, og eins við sending þeirra þaðan og  
hingað.

**180 III. Viðurlög.**

15. júlí Samkvæmt tollögum getur það varðað viðtakanda þungum viðurlögum, ef framlagður vörureikningur eða framangreind staðfestingargögn eru ekki rétt, vanrækt er að leggja þau fram eða þau tilgreina ekki þau atriði, sem fyrirskipuð eru.

*Fjármálaráðuneytið, 15. júlí 1942.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

**181**

23. sept.

**AUGLÝSING**

**um breytingu á ljósmæðrareglugerð nr. 103 23. okt. 1933.**

11. gr. reglugerðarinnar skal orða svo:

**Skyldur ljósmæðra að tilkynna barnsburði.**

Þá er ljósmóðir tekur á móti barni, skal hún jafnan tilkynna barnsburðinn á þann hátt, sem hér segir:

Ljósmóðir skal semja tilkynninguna þegar í stað, ef barnið fæðist andvana, og ef það deyr nýfætt, þá strax eftir andlátið, en lífi barnið, þá eigi síðar en 7 nóttum eftir fæðinguna.

Þessar tilkynningar skal jafnan skrá á eyðublöð, sem þar til eru gerð og hér aðslæknir lætur í té.

**Hverjum tilkynna skal.**

Ef móðirin er í þjóðkirkjusöfnuði, skal senda tilkynninguna þeim þjóðkirkju-presti, sem fæðingarsókn barnsins heyrir undir, og allt að einu ef hún er ekki í neinum löggildum söfnuði. Nú er móðirin í utanþjóðkirkjusöfnuði, sem hefur löggildan prest eða forstöðumann, og skal þá senda honum tilkynninguna, ef barnið fæðist heima í safnaðarhverfi hans. Má alls ekki bregða út af þessum fyrirmælum, þó að í ráði sé að fara með barnið til skírnar í aðra sókn, eða sleppa skírn, því að hvern barnsburð ber að skrá og setja í fæðingarskýrslu þeirrar sóknar, þar sem barnið fæðist, án tillits til þess, hvar móðirin á lögheimili og eins þó að hún sé gestkomandi eða ali barnið á fæðingarstofnun utan sóknar sinnar.

Þar sem eru heilsuverndarstöðvar viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, er hafa með höndum almenna ungbarnavernd, skal ljósmóðir tilkynna barnsburðinn þangað, en stöðin sendir jafnóðum allar tilkynningar, er henni berast, til hlutað-eigandi sóknarprests eða safnaðarstjóra.

**Ef tilkynning er vanrækt.**

Ef ljósmóðir, sem stundar ljósmóðurstörf, fær vitneskju um, að barn hafi fæðzt í umdæmi hennar og verið vanrækt að tilkynna barnsburðinn, þá skal hún tafarlaust gera þeim prest eða safnaðarstjóra eða heilsuverndarstöð, sem tilkynna ber, aðvart um það, eða, ef hún kys heldur, hinni skipuðu ljósmóður umdæmisins, sem síðan annast tilkynninguna.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 23. september 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*

**REGLUGERÐ**

182

um sérstakan tímareikning.

14. okt.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Tímareikningur sá, sem gilt hefur á Íslandi frá 8. marz s. l. samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 4. marz 1942, breytist aftur í íslenskan meðaltíma kl. 2 eftir miðnætti 25. október næstkomandi þannig, að kl. 2 eftir núgildandi tímareikningi færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður 1.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. október 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*

**AUGLÝSING**

183

15. okt.

um breyting á reglugerð um notkun pósta frá 25. marz 1925.

Samkvæmt 1. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð frá 25. marz 1925, um notkun pósta.

1. gr.

Önnur málsgr. 8. gr. breytist þannig:

Hámark póstávisana til kaupstaða (Akraness, Akureyrar, Hafnarfjarðar, Ísa-fjarðar, Reykjavíkur, Neskaupstaðar, Seyðisfjarðar, Siglufjarðar og Vestmannaeyja) er kr. 10000, en til annarra póstafréttastöðva kr. 2000.

2. gr.

Fyrsta málsgr. 9. gr. breytist þannig:

Póstkröfur eru kröfur um greiðslu á peningaupphæðum, sem póststjórnin annast innheimtu á. Innheimtu á póstkröfum annast póststofur, póstafréttastöðvar og bréfhirðingar. Hámark póstkröfuupphæðar má vera kr. 10000, ef póstkröfuávisunin á að útborgast í kaupstað (Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði, Ísafirði, Reykjavík, Neskaupstað, Seyðisfirði, Siglufirði og Vestmannaeyjum), annars kr. 2000.

3. gr.

Fimmta málsgr. 10. gr. breytist þannig:

Póststofur og póstafréttastöðvar annast póstinnheimtur, allt að kr. 10000 fyrir menn búsetta í kaupstöðum (Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði, Ísafirði, Reykjavík, Neskaupstað, Seyðisfirði, Siglufirði og Vestmannaeyjum), en allt að kr. 2000 fyrir menn búsetta annars staðar. Sá, sem vill fá kröfur innheimtar af póststjórninni, verður sjálfur að senda þær í ábyrgðarbréfi til pósthúss þess, sem á að innheimta þær.

4. gr.

Reglugerð þessi gengur þegar í gildi.

*Póst- og símamálastjórnin, 15. október 1942.*

**Guðmundur Hlíðdal.**

*E. Sandholt.*



# GJALDSKRÁ

## um póstburðargjöld.

Samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá um póstburðargjöld og önnur póstgjöld.

### I. Burðargjald.

Fyrir	Innanlands				Til Danmerkur (Færeyja, Grænlands), Finnlands, Noregs (Svalbarða) og Svíþjóðar			Til annarra landa		
	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Burðargj. a. ur. staðar	Burðargj. a. ur. ríkis	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Burðargj. a. ur.	Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Burðargj. a. ur.
Bréf	Lengd + breidd + þykkt 90 cm. Mesta lengd 60 cm. Í ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 1 m. Mesta lengd 80 cm 2000 g. Fyrir bréf yfir 500 g er ríkistaxti sami og til annarra landa	20 125 250 500	25 50 75 100	50 100 150 200	Sama og innanlands Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og til annarra landa	20 125 250 500	50 100 150 200	Sama og innanlands	20 40 60 80	60 95 130 165
Bréf-spjöld einf. tvöf.	Mest 15 × 10,5 cm Minnst 10 × 7 cm		20 40	25 50	Sama og innanlands			Sama og innanlands	hver 20 þar yfir	35
Verzl-unar-skjöl	Sama og bréf Minnsta gjald	50	10 25	12 50	Sama og innanlands Minnsta gjald	50	12 50	Sama og innanlands Minnsta gjald	50	12 60

Prent	Stærð söm og bréfa Þyngd 2000 g	50	10	12	Stærð og þyngd sama og til annarra landa	50	12	Stærð og þyngd sama og bréfa. Ein- stök bindi þó 3 kg. Fyrir prent, sem er opið, eða saman brotið spjald gildir sama stærð og fyrir bréfsþjöld	50	12
Blindra- prent	Stærð söm og bréfa 7000 g	1000	6	6	Stærð söm og bréfa 7000 g	1000	6	Stærð söm og bréfa 7000 g	1000	6
Sýnis- horn	Stærð söm og bréfa 500 g Minnsta gjald	50	10	12	Stærð og þyngd sama og til annarra landa Minnsta gjald	50	12	Stærð söm og bréfa 500 g Minnsta gjald	50	12
Blöð og tímarit	50×24×24 cm 5000 g. Þó aðeins 2500 g með landpóstum. Það skal vegið allt í einu, sem látið er í póst í einu. Innritun- argjald er 10 kr., er greiðist í fyrsta sinn og blað er innritað, síðan í byrjun hvers árs	500	50	50	<p>Böggjar:</p> <p>a. Með skipum á hafnarstaðina. b. Með bifreiðum. c. Með landpóstum. Hámark þyngdar og stærðar: a. og b. Þyngd 20 kg mest. Stærð 1,25 m mest á einhvern veg, eða að rúmmáli 60 dm<sup>3</sup> 5 kg eða minna, 80 dm<sup>3</sup> yfir 5 kg, en ekki yfir 10 kg. 100 dm<sup>3</sup> yfir 10 kg en ekki yfir 15 kg, og 120 dm<sup>3</sup> yfir 15 kg. c. 46×24×24 cm. Burðargjöld: a. Sjóveg að 1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg aurar 250 325 500 800 1200 1600 b. Með bifreiðum — 375 475 750 1200 1800 2400 c. Með landpóstum Sumar <math>1\frac{5}{4}</math> — <math>1\frac{1}{10}</math> — 500 650 1000 Vetur <math>1\frac{5}{10}</math> — <math>1\frac{1}{4}</math> — 1000 1300 2000</p> <p>Staðartaxti er hálfur burðargjald eins og undir a. Séu böggjar rúmfrekir, eða verði sérstaklega varlega með þá að fara, er ofangreint burðargjald hækkað um 50 0/0.</p>					
Póst- ávisanir	Allt að 50 kr. — — 100 — Fyrir hverjar viðbótar 100 kr. 30	50 aurar 100 —	50	30						
Póst- kröfur	Allt að 50 kr. — — 100 — Fyrir hverjar viðbótar 100 kr. 30	100 aurar 150 —	30	—						

## II. Ýmis önnur gjöld.

	Innanlands	Til Danmerkur (Færeyja, GrænL.), Finlands, Noregs (Svalbarða) og Sviþjóðar	Til annarra landa
Skrásetningargjald	60 aurar	60 aurar	60 aurar
Ábyrgðargjald. (Fyrir verðbréf til útlanda skal bæði greiða skrásetningargjald og ábyrgðargjald)	Fyrir 300 kr. eða minna 150 aurar og 50 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minna fram yfir	Fyrir hverjar 300 kr. eða minna 60 aurar	Fyrir hverja 300 gullfr. eða minna 100 aurar
Fyrir afturköllun, utanáskriftar-breytingu, afnám eða lækun póstkrofuupphæðar	100 aurar	100 aurar	120 aurar
Fyrir fyrirsögn um sendingu	75 aurar	75 aurar	85 aurar
Hraðboðagjald	100 aurar, þar sem er daglegur bréfaútburður 1 km frá pósthúsinu, annars 125 aurar fyrir hvern km	100 aurar	125 aurar
Móttökukvittun a. umbeðin við viðtöku b. umbeðin efir viðtöku	50 aurar 75 aurar	50 aurar 75 aurar	60 aurar 85 aurar
Kvittun fyrir tolli, borgaðri póstkrofu, frimerkja- eða eyðublaða-kaupum	10 aurar		

Tahning í verðbréfi	Fyrir 500 kr. 25 aurar, fyrir 1000 kr. 40 aurar og fyrir hverjar viðbótar 1000 kr. eða minna 20 aurar	Póstmenn mega ekki telja í verðbréfum til útlanda
Svarmerki	á 28 sentíma, söluverð 60 aurar, skiptiverð 60 aurar í frimerkjum	
Skilríkisspjöld	140 aurar	
Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli	85 aurar	
Fyrir tollmeðferð	85 aurar	
Fyrir staðfestingu á innihaldi	20 aurar fyrir hverjar 10 línur, minnst 50 aurar	
Fyrir póstáritun blaða eða rita stærð 50 × 24 × 1/2 cm	Venjulegt burðargjald Að auki 2 aurar fyrir hvert blaðnúmer eða rit og 25 aurar fyrir hvern áskrifanda	

Gjaldskrá þessi gengur í gildi 15. nóv. 1942, að því er snertir innanlandspóstgjöld en 1. jan. 1943 fyrir póstgjöld til útlanda. Samtímis falla úr gildi tilsvarandi fyrri ákvæði um póstburðargjöld.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 28. október 1942.*

**Magnús Jónsson.**

*Guðmundur Hliðdal.*

185  
31. okt.

## AUGLÝSING

### um nýja lyfsöluskrá I.

Frá og með 1. nóvember næstkomandi gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti í dag, og fellur jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I, útgefin 15. okt. 1941.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. október 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*

186  
6. nóv.

## GJALDSKRÁ

### löggildingarstofunnar, fyrir löggildinguna og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

#### Löggildingargjöld.

#### 1. Vogarlóð:

Þyngd	1 g til 5 g	kr.	0.30
—	10 g — 20 g	—	0.50
—	50 g	—	0.60
—	100 g til 200 g	—	0.65
—	½ kg	—	0.75
—	1 — til 2 kg	—	1.00
—	5 —	—	1.25
—	10 —	—	1.80
—	20 —	—	2.10

#### 2. Metaskálar jafnarma:

Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	7.00
—	5 — — —	—	8.50
—	10 — — —	—	10.00
—	20 — — —	—	12.00
—	30 — — —	—	13.00
—	yfir 30 kg	—	14.00

#### 3. Borðvogir jafnarma:

Vogarþol	3 kg eða minna	kr.	8.50
—	5 — — —	—	10.00
—	10 — — —	—	12.00
—	20 — — —	—	14.00
—	30 — — —	—	17.00
—	yfir 30 kg	—	21.00

## 4. Tugavogir og hundraðsvogir (desímal og sentesímal):

Vogarþol	100 kg eða minna	kr. 12.00
—	200 — — —	— 14.00
—	300 — — —	— 16.00
—	500 — — —	— 18.00
—	600 — — —	— 19.60
—	1000 — — —	— 21.00
—	2000 — — —	— 30.00
—	yfir 2000 kg	— 45.00

186

6. nóv.

Fyrir löggildingu á reizluvogum með mundangi (vogartungu) greiðist sama gjald og fyrir desímalvogir, með sama vogarþoli og auk þess 10 aurar fyrir hvert mark eða skerðingu.

## 5. Reizlur (án mundangs):

Vogarþol	3 kg eða minna	kr. 3.00
—	10 — — —	— 5.00
—	20 — — —	— 6.00
—	50 — — —	— 8.00
—	100 — — —	— 10.00
—	300 — — —	— 12.00

Og auk þess 10 aurar fyrir hverjar 20 skerðingar.

## 6. Kvarðar:

Fyrir hvern mælikvarða, sem löggiltur er, kr. 1.00 og auk þess fyrir hverja 10 óskipta cm 10 aura, en ef sentímetranum er skipt í mm, fyrir hvern cm 5 aurar.

## 7. Mæliker:

Stærð	1 dl og 2 dl	kr. 0.50
—	½ lítri	— 0.75
—	1 — og 2 lítrar	— 1.00
—	5 —	— 2.00
—	10 —	— 3.00

Enn fremur aukagjald fyrir hvern benzínæli, þegar hann er löggiltur í fyrsta sinn, kr. 25.00.

## 2. gr.

## Eftirlitsgjöld.

## 1. Vogarlóð:

Þyngd	50 g eða minna	kr. 0.20
—	½ kg — —	— 0.40
—	5 — — —	— 0.60
—	yfir 5 kg	— 0.80

## 2. Vogir:

Vogarþol	5 kg eða minna	kr. 2.00
—	30 — — —	— 4.00
—	100 — — —	— 6.00
—	300 — — —	— 8.00
—	600 — — —	— 10.00
—	yfir 600 kg	— 16.00

- 186 3. Kvarðar:  
6. nóv. Lengd  $\frac{1}{2}$  m til 1 m ..... kr. 0.60
4. Mæliker:  
Stærð  $\frac{1}{2}$  lítri eða minna ..... kr. 0.50  
— yfir  $\frac{1}{2}$  lítra ..... — 1.00

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer eigi fram í löggildingastofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakostnaðar kaupgjald fyrir starfsmann löggildingarstofunnar 4 kr. um klukkustund, eða brot úr klukkustund, þó ekki meira en 32 kr. á dag, að viðbætti lögmæltri verðlagsuppbót.

4. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi, og fellur um leið úr gildi reglugerð nr. 50 29. maí 1923, um sama efni.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Avinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. nóvember 1942.*

**Magnús Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

187

9. nóv.

## AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað,  
15. júlí 1937.

1. gr.

Fyrsta málsgrein annarrar greinar samþykktarinnar orðist svo:  
Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, á föstudögum eigi síðar en kl. 7 síðdegis og á laugardögum eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina.

2. gr.

Önnur málsgrein annarrar greinar orðist svo:  
Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

3. gr.

Önnur málsgrein fjórðu greinar samþykktarinnar orðist svo:  
Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h., eingöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum. Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samkvæmt 187 lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist 9. nóv. til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. nóvember 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

188

um breytingar á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Bildudalskaupþúni í Suðurfjarðahreppi, nr. 117 8. júlí 1940. 10. nóv.

2. gr. hljóði svo:

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, að undanteknum föstudögum, en þá skal lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis. Eigi skal opnað fyrr en kl. 8 árdegis.

Undantekningar skulu þó vera þær, er nú skal greina:

Á tímabilinu frá 15. maí til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 1 eftir hádegi.

Á tímabilinu frá 16. september til 15. maí skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 5 eftir hádegi.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir páska og hvítasunnun skal sölubúðum eigi lokað síðan en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 10 síðdegis.

Afgreiðslur vöruskipa eru undanþegnar þessum ákvæðum, meðan ferming og afferming stendur yfir, en að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar þær, sem og sölustaði jafnt og sölubúðir.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. nóvember 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*



## REGLUGERÐ

um styrk til þúfnasléttunar í túnum, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í jarðræktarlögum nr. 54 frá 4. júlí 1942.

### 1. gr.

Búnaðarsambönd láta, hvert á sínu svæði, mæla allt túnþýfi á öllum lög-  
býlum innan síns umdæmis. Skulu héraðsráðunautar og trúnaðarmenn framkvæma  
þetta, og færa á skýrslur fyrir hvert búnaðarfélag á sambandssvæðinu. Mæling-  
um þessum skal lokið fyrir 1. janúar 1945 og skulu skýrslurnar sendast Búnaðar-  
félagi Íslands ásamt með jarðabótaskýrslunum ár hvert.

### 2. gr.

Undir þessa mælingu heyrir allt það túnþýfi, þó ekki fitjar eða óhæfilega  
grýtt tún, sem eftir er ósléttað af hinu upprunalega túni jarðanna, enda þótt  
landinu hafi verið áður bylt, ef sléttun þess er gerð fyrir gildistöku jarðræktar-  
laga árið 1923, án styrks samkvæmt þeim, og er svo ábótavant, að það sé ekki  
véltækt.

### 3. gr.

Við mælinguna skal trúnaðarmaður meta hve mikill hluti túnþýfisins telst  
sléttunarahæfur, og ber eigi að greiða aukastyrk þann, er jarðræktarlög gera ráð  
fyrir, á þau tún, þar sem sléttunarkostnaður vegna grjónáms, eða af öðrum  
ástæðum, verður mun hærri en nýræktarkostnaður á sömu jörð. Eigi skal heldur  
aukastyrkur greiddur ef lega lands eða aðrar aðstæður eru þannig, að túnið getur  
ekki orðið véltækt að sléttun lokinni.

### 4. gr.

Deir, sem styrks vilja njóta samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í jarð-  
ræktarlögum, skulu minnst slétta árlega  $\frac{1}{10}$  af þýfi því, sem tilgreint er á skýrslum  
búnaðarsambandanna að sé ósléttað, en sléttunarahæft á viðkomandi jörð, og ber  
að greiða á sléttunina styrk, svo sem hér segir:

Á þaksléttu .....	kr. 5.00 fyrir 100 m <sup>2</sup>
– græðisléttu .....	— 4.00 — 100 —
– sáðsléttu .....	— 5.00 — 100 —

Styrktarfjárhæðin greiðist að viðbætti verðlagsuppbót, samkvæmt ákvæðum 10.  
gr. jarðræktarlaga.

### 5 gr.

Um úttekt þessara jarðabóta og um frágang þeirra, gilda hinar sömu reglur  
og um úttekt jarðabóta, sem styrkhæfar eru samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga,  
að því er við kemur ákvæðum 4., 7. og 8. gr. reglugerðar um framkvæmd jarð-  
ræktarlaga, staðfestri af landbúnaðarráðuneytinu 20. febrúar 1940.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt jarðræktarlögum nr. 54 4. júlí  
1942 til þess að öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. nóvember 1942.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð Fellsstrandarhrepps“, 190 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 19. nóv. 19. nóv. 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóð Fellsstrandarhrepps.

### 1. gr.

Sjóður þessi, sem nefnist Sjúkrasjóður Fellsstrandarhrepps, er stofnaður 1. okt. 1919 með 220 kr. — tvö hundruð og tuttugu króna — gjöf til minningar um hjónin Jónas Jónsson og Kristbjörgu Einarsdóttur frá Skógum. Skipulagsskrá fyrir sjóð þennan hlaut konunglega staðfestingu 25. maí 1920 og er eign hans nú orðin kr. 694.67 — sex hundruð níutíu og fjórar krónur  $\frac{67}{100}$  — auk 2% vaxta frá 9. okt. 1941. Vegna breytinga verðgildis íslenskra peninga þykir gefendum og stjórn sjóðsins nauðsyn á, að semja þessa nýju skipulagsskrá fyrir hann og leita staðfestingar á henni.

### 2. gr.

Tekjum sjóðsins, vöxtum, gjöfum og tillögum skal varið þannig: Vextir leggjast allir við höfuðstólinn, þangað til sjóðurinn er orðinn 5000 — fimm þúsund — krónur. Þegar sjóðurinn hefur náð þeirri upphæð, skal öllum tekjum hans og  $\frac{1}{4}$  — einum fjórða hluta — vaxtanna varið til að styrkja efnalítið fólk í veikindum, eftir þeim reglum, sem settar eru í 3. gr.

Ef eigi skiptist upp við hina árlegu styrkveitingu, skal veita þeim mun meiri styrk næsta ár. Ef eigi er þá heldur sótt um styrk, skal hann leggjast við höfuðstólinn.

### 3. gr.

Styrkur úr sjóðnum skal árlega veitast sjúklingum í Fellsstrandarhreppi í Dalasýslu. Skal farið við styrkveitinguna eftir skýrslu hlutaðeigenda, sem stjórn sjóðsins tekur gilda. Má þar tilfæra kostnað við læknishjálp, sjúkrahússvist eða sérstaka hjúkrun í heimahúsum og vinnutjón, ef sjúkdómurinn varir lengi og sjúklingurinn er efnalítill eða hefur fyrir ómögum að sjá.

Forgangsrétt að styrk úr sjóðnum getur fólk tryggt sér með því að greiða til hans fast árstíllag, er ekki sé minna en 5 krónur fyrir þá, sem eldri eru en 16 ára, en 2 krónur fyrir þá, sem yngri eru, þó skal tillagið hafa verið greitt í 2 ár áður en styrks er beiðst.

Afkomendur áðurnefndra hjóna skulu hafa sama rétt til styrks úr sjóðnum sem innanhreppsmenn, þótt þeir eigi heima annars staðar, ef þeir greiða árstíllag.

### 4. gr.

Sjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn. Skal sóknarpresturinn sjálfkjörinn, en 2 skulu kosnir árlega af safnaðarmönnum. Kjörgengi og kosningarrétt hafa allir, sem kosningarrétt eiga í safnaðarmálum í Fellsstrandarhreppi. Stjórnarkosning skal fram fara fyrri hluta sumars á kirkjufundi og skal hún boðuð fyrir fram um allan hreppinn. Sóknarpresturinn er sjálfkjörinn formaður stjórnarnefndar og skal hann hafa á hendi bókfærslu alla og reikningsskil.

190

19. nóv.

Stjórnin skal hafa gerðabók, er í skulu færðir reikningar sjóðsins og allt annað, sem hann snertir.

Minningargjafir, sem sjóðnum kunna að hlotnast, skulu auk þess skráðar í sérstaka bók, sem geymd sé í kirkjunni á Staðarfelli.

Endurskoðun á reikningum sjóðsins skal einhver ættingi framan nefndra hjóna hafa á hendi og sé hann kosinn árlega.

6. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands eða annars staðar, þar sem stjórn hans telur fulltryggilegt. Reikningsár hans er almanaksárið. Skulu reikningar hans endurskoðaðir leggjast fyrir safnaðarmenn til samþykktar á kirkju-fundi um leið og stjórnarkosning fer fram.

7. gr.

Þegar þessi skipulagsskrá hlýtur staðfestingu, fellur hin eldri, frá 25. maí 1920, úr gildi.

Skógum, 1. október 1942.

Jóhann Jónasson. Guðni Jónasson.

191

24. nóv.

## SAMÞYKKT

### um lokunartíma sölubúða á Sauðárkróki.

1. gr.

Sölubúðum á Sauðárkróki skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardaga fyrir páska og hvítasunnu eigi síðar en kl. 5 síðdegis. Þjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 9 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h. og á föstudögum eigi síðar en kl. 7 e. h.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði, mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17.

júni og 1. desember frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, **191**  
 kökum, mjólk, rjóma og skyri. 24. nóv.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja, eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfssöllum, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 krónum, og renna sektirnar í hreppssjóð Sauðárkrókshrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1942.*

F. h. r.

E. u.

**Páll Pálmason.**

## REGLUGERÐ

192

24. nóv.

### um starfsháttu lækna ráðs.

1. gr.

Lækna ráð velur úr sínum hópi ritara og vararitarara.

Ritari heldur gerðabók lækna ráðs í heild og undirskrifar ásamt forseta erindi þau, er hann ritar í umboði ráðsins.

Lækna ráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða starfsmann utan ráðsins til að hafa á hendi skjalavörzlu, gerðabókaritun og önnur ritstörf fyrir ráðið.

2. gr.

Lækna ráð starfar í þrem þriggja manna deildum:

1. **Réttarmáladeild.** Hún er skipuð kennaranum í réttarlæknisfræði við háskólann, sem er formaður deildarinnar, yfirlækni geðveikrahælis ríkisins og yfirlækni handlæknisdeildar Landsspítalans.
2. **Heilbrigðismáladeild.** Hún er skipuð landlækni, sem er formaður deildarinnar, kennaranum í heilbrigðisfræði við háskólann og yfirlækni lyflæknisdeildar Landsspítalans.
3. **Síðamáladeild.** Hún er skipuð lækna ráðsmanni sérstaklega til þess kjörnum af lækna ráði, og er hann formaður deildarinnar, kennaranum í réttarlæknisfræði við háskólann og formanni Lækna félags Íslands,

192

24. nóv.

3. gr.  
Réttarmáladeild fjallar um réttarmál, sem ber undir lækna ráð, heilbrigðismála-deild um heilbrigðismál og siðamáladeild um mál varðandi hegðun og framkomu lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna, sbr. 2. gr. laga nr. 14 1942.  
Hver deild heldur sérstaka gerðabók.

4. gr.

Forseti lækna ráðs veitir viðtöku erindum, er lækna ráði berast, og beinir þeim í samráði við ritara til þeirrar deildar, er þau heyra undir, eða leggur þau fyrir ráðið í heild, ef það þykir eiga við.

Nú er ekki vafi á, að mál, sem lækna ráði berst, heyrir ekki undir það, eða mál er borið undir ráðið af öðrum aðila eða á annan hátt en áskilið er, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 14 1942, og er þá forseta, í samráði við ritara, heimilt í umboði ráðsins að vísa málinu frá. Í vafatilfellum er skylt að hafa samráð við þá deild, er helzt má ætla, að um kunní að bera, eða vísa til úrskurðar ráðsins í heild.

5. gr.

Deild lækna ráðs hagar störfum í samræmi við ákvæði laga nr. 14 1942, um lækna ráð. Henni er heimilt að kveðja sér til aðstoðar og ráðuneytis hvern lækna ráðsmann utan deildar sem er. Ef deild æskir ráðuneytis sérfræðings utan lækna ráðs, er henni það heimilt í samráði við forseta.

Nú vikur deildarmaður sæti samkvæmt ákvæðum upphafs 5. gr. laga nr. 14 1942, eða fyrir það, að mál, sem deild fjallar um, er utan sérfræðisviðs deildarmanna, og kveðja þá deildarmenn þeir, sem eftir sitja, í samráði við forseta, lækna ráðsmann í hið auða sæti, nema ástæða þyki til að æskja þess, að til verði kvaddur sérfræðingur utan ráðsins samkvæmt ákvæðum niðurlags sömu greinar hinna tilvitnuðu laga.

Ef ágreiningur verður milli forseta og deildarmanna um það, hvort deildarmanni beri að vikja sæti, eða hvern kveðja skuli í sæti deildarmanns, sem vikið hefur sæti, eða hvort til skuli kveðja sérfræðing utan ráðsins til ráðuneytis deild, eða hvern sérfræðing, sker lækna ráð í heild úr. Lækna ráð í heild ákveður og um skipun deildar, ef allir deildarmenn hafa vikið sæti.

6. gr.

Niðurstaða réttarmáladeildar og heilbrigðismáladeildar, hvorrar um sig, um mál, er fullnaðarniðurstaða lækna ráðs, nema lækna ráðsmaður krefjist, að málið sé borið undir lækna ráð í heild.

Siðamáladeild gerir einungis tillögur til lækna ráðs um afgreiðslu mála.

7. gr.

Þegar deild lækna ráðs hefur lokið afgreiðslu máls, endursendir hún forseta máls-skjölín ásamt þrirtaðri álitserð. Í álitserð skal rekja málsatvik þannig, að stutt en glögg yfirlit fáið yfir öll atriði, sem máli skipta, þegar meta skal niðurstöðu álitserðarinnar. Þegar mál ber ekki undir lækna ráð í heild, skal forseti gera öllum lækna ráðsmönnum kost á því utan fundar að kynna sér skjöl málsins ásamt álitserð deildar.

Nú hafa máli verið gerð fullnægjandi skil samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, og afgreiðir þá forseti málið í umboði lækna ráðs til réttis hlutaðeiganda.

8. gr.

Forseti og ritari semja að hverju ári liðnu skýrslu til dómsmálaráðherra um starfsemi lækna ráðs og búa undir prentun yfirlit yfir þær niðurstöður ráðsins, sem

ástæða þykir til að birta almenningi. Skýrsluna og yfirlitið skal bera undir ráðið í 192  
heild. Yfirlitið skal birta í Heilbrigðisskýrslum. 24. nóv.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. nóvember 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

193

28. nóv.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Akureyrar nr. 189 29. nóvember 1940.

1. gr.

Á eftir II. kafla gjaldskrárinnar komi nýr kafli, svo hljóðandi viðauki:

### IV. Bráðabirgðaákvæði.

Gjöld samkvæmt D-lið gjaldskrárinnar, með undirliðum a—f, breytist með kolaverði í bænum á hverjum tíma, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngildi 30 króna verði á kolatoni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola hér á staðnum á hverjum tíma. Þó skal verð á kv-stund, samkvæmt þessum lið, ávallt standa á hálfum eyri eða heilum. Jafnframt falli þá niður hækkun sú, er gerð var s. l. vor á gjaldskrárlið D-I-c, úr 2,5 í 4 aura.

Raforkuverð og önnur gjöld, samkvæmt öðrum liðum gjaldskrárinnar en D 1, hækki um 1% fyrir hver 4 stig, er verðvisitalan er umfram eitt hundrað.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi 1. desember 1942.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. nóvember 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

194

28. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki, orðist svo: Hámarksálagning á tóbaki í smásölu, miðuð við verð einkasölnunnar að viðbættum flutningskostnaði til útsölastaðarins, skal vera:

20% á skornu og óskornu neftóbaki.

25% á öðrum tóbaksvörum.

Fyrir flutningskostnaði utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar má eigi reikna hærrí viðbótarálagningu en 5%.

194

28. nóv.

2. gr.  
Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Reglugerð frá 10. sept. 1942 um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, er úr gildi numin.

*Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1942.*

**Jakob Möller.**

*Magnús Gislason.*

195

28. nóv.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, orðist svo:

Hámarksálagning á eldspýtur og vindlingapappír í smásölu, miðuð við verð einkasölnunnar á hverjum tíma, má eigi vera hærri en 25%.

Fyrir flutningskostnað til útsölastaðar utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 10 af hundraði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 65 10. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

*Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1942.*

**Jakob Möller.**

*Magnús Gislason.*

196

2. des.

## AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu landlæknis 20. maí 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.

Með tilvísun til tilskipunar nr. 85 7. september 1942, um breyting á tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum, auglýsist hér með eftirfarandi breyting á auglýsingu landlæknis 20. maí 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum (sbr. Lögbirtingablað 27. tbl. 1935):

Aftan við bókstafslíð A, f-tölulíðs I bætist:

g. **Tablettae sulfanilamidi** skal gera þannig:

1) Sulfanilamidum pulv. ....	gram. 30,00
Amyl. Solani .....	— 11,10
2) Gelatina alba .....	— 0,60
Aq. dest. (ca. grm. 10) .....	— q.s.
3) Agar-Agar plv. ....	— 0,30

Talcum ..... grm. 3,00 **196**  
 Súlfanílamíðinu er blandað vel saman við kartöflumélið. Vökvað  
 með gelatínvatninu. Þurrkað og síðan blandað með agar og  
 talkúmi. 2. des.  
 100 tölur  $\times$  0,30 (0,45) ..... grm. 45,00

b. **Tablettæ sulfapyridini** skal gera þannig:

1) Sulfapyridinum ..... grm. 50,00  
 Amyl. Solani ..... — 7,70  
 2) Gelatina alba ..... — 1,30  
 Aq. dest. (ca. grm. 15) ..... — q.s.  
 3) Agar-Agar plv. .... — 0,50  
 Talcum ..... — 5,50  
 Súlfaþýridíninu er blandað vel saman við kartöflumélið. Vökvað  
 með gelatínvatninu. Þurrkað, hrisst, sáldað og síðan blandað  
 agar og talkúmi.  
 100 tölur  $\times$  0,50 (0,65) ..... grm. 65,00

Aftan við bókstafsið C, a-töluliðs I bætist:

13. **Tablettæ sulfanitamidi:**

2 tölur 3svar á dag við graftarigerðum samfara hitasótt.

14. **Tablettæ sulfapyridini:**

**Við lungnabólgu:** 4 tölur tvívegis með 4 stunda millibili, síðan 2 tölur á 4  
 stunda fresti, allt að 25 tölum alls.

**Við lekanda:** 2 tölur 3svar á dag, allt að 25 tölum alls.

Landlæknirinn, Reykjavík, 2. desember 1942.

Vilm. Jónsson.

## SAMPYKKT

197

Sparisjóðs Vestmannaeyja.

3. des.

### I. KAFLI

Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Vestmannaeyja. Heimili hans og varnarþing er í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Stofnendur sparisjóðsins eru undirritaðir 30 ábyrgðarmenn hans og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir lög þessi til þess að ábyrgjast, að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en eitt þúsund krónur. Hver ábyrgðarmaður leggur fram þegar í stað 500 krónur af ábyrgðarupphæð sinni, sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af fé því á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlámsvexti sjóðsins.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 20, búsettir í Vestmannaeyjum. Skal stjórninni, með aðstoð annarra ábyrgðarmanna, skylt að gera það, sem í hennar



- 197 valdi stendur, til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag ábyrgðarmanns endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skulu þeir þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en hinir tveir af bæjarstjórn Vestmannaeyja á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmatan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn, eða verði á lögmatan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal strax beiðast þess, að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins hefur umsjón með öllum framkvæmdum hans. Hún ræður starfsmenn hans, ákveður kaup þeirra og kjör og segir þeim upp starfi, ef henni þykir ástæða til.

Birta skal í Lögbirtingablaðinu, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

## 5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, mega ekki taka sjálfir lán úr sjóðnum. Ekki mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra, né reka eigin lánastarfsemi, eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins. Sé stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðsins í stjórn einhvers annars fyrirtækis eða framkvæmdastjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum, nema sparisjóðsstjórnin samþykki það einróma og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, sem áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr  $\frac{3}{5}$  matsverðs fasteignarinnar.

## 6. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust hverjir eru kosnir í stjórn sjóðsins og ráðnir starfsmenn hans.

## 7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókarí.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir

veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum. 197 3. des.

## 8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Sparisjóðs-  
eftirlitið ákveður fjárhæð trygginga, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar

## 9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í sjóðbók sjóðs-  
ins og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lán-  
um skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig  
tafarlaust skráð á víxilinn

## 10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig  
ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt,  
sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi, hverju breytt  
hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

## 11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni á viku, og ákveður  
stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins. Sparisjóðsstjórnin skal  
hafa gerðabók, er í séu skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir,  
lántökur og annað slíkt.

## 12. gr.

Í marzmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn og boðar formaður hann öllum  
ábyrgðarmönnum með ábyrgðarbréfi, er afhent sé á póststofuna í Vestmannaeyjum  
fimm dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næst  
líðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og fé-  
hirðis, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt,  
þegar honum þykir þörf á, eða minnst fimm ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur  
er lögmætur, þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðar-  
manna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur, hversu fáir sem  
mæta. Á fundum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á lögum sparisjóðs-  
ins, nema  $\frac{2}{3}$  hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

Ábyrgðarmaður getur ekki látið aðra mæta fyrir sig á fundum.

## II. KAFLI

## Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

## 13. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en ein króna í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók, og fær hver innlags-  
maður dálk.
- c. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu  
yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Í viðskiptabókina skal  
prenta ágríp af lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og samþykktir  
sjóðsins sjálfs, og gildir hún í öllu sem samningur við sjóðinn. Eigandi greiðir  
andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.

- 197 d. Sparisjóðurinn tekur einnig við innlögum með þeim kjörum, að hægt er að taka  
3. des. út peninga af innstæðunni gegn ávísun og án þess, að viðskiptabók sé sýnd, og skal þá greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.
- e. Aldrei má sparisjóðurinn taka á móti meira innlánsfé en svo að það, að frá-  
dregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggðum  
verðbréfum eða lánunum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé sparisjóðs-  
ins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá, samkvæmt  
þessari málsgrein, önnur fasteignalán en þau, þar sem lánið, ásamt því, er áður  
kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meira en  $\frac{3}{5}$  fasteignamatsverðs hennar.
- f. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða  
gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal  
meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- g. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum  
samkvæmt geta krafizt þess.
- h. Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóðinn, að vöxtum meðtöldum, er undan-  
þegið löghaldi, á meðan það stendur þar.

## 14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi  
við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok  
hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuð-  
stól á dálk hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, þó svo að frá teljast  
móttökudagar, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða  
vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en tvo mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót ár hvert, skulu vextir  
irnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár,  
að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðu-  
bók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna á þann  
hátt, að skrá mismuninn, er jafnframt sparisjóðnum færast til reiknings í innstæðu-  
bókina og viðskiptabókina, næst þegar hún verður sýnd.

## 15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem  
menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má, að  
upphæðum frá 500 til 1500 kr. sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir  
með tveggja mánaða fresti. Án 2 mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 2000  
kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

## 16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að við-  
skiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana, eða gegn ávísun,  
ef eigandi hefur samið svo um og það er letrað á viðskiptabók hans. Skulu starfs-  
menn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé rétt gert, og skulu í því skyni í  
hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá,  
sem skráð er í bækur sjóðsins.

Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað á viðskiptabók sinni sé letrað,  
að hann einn eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr  
henni.

Nú ber viðskiptabók eigi slíka áletrun, og er það þá eigi á ábyrgð sparisjóðsins, **197**  
þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar, til 3. des.  
að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið í hlutaðeigandi dálk í innstæðubók, um leið og greiðslan er þar skráð, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

#### 17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum, og tilfærast endurborgað fé í dálk eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds. Ef viðskiptabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæður, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sé þrisvar í röð í Lögbirtingarblaði, með sex mánaða fyrirvara frá því að 1. auglýsingin er birt, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefur sagt til sín áður en téður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiptabókina hefur fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfur á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

#### 18. gr.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni framar. Ber þá að skora á eiganda að segja til sín, og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan fimm ára.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í Lögbirtingarblaðinu.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

#### 20. gr.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum, minnst  $\frac{1}{10}$  af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að gripa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt svo fljótt, sem verða má, að koma því í lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðurinn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það.

#### 21. gr.

Sparisjóðurinn greiðir árlega 2% af nettó ágóða sínum í tryggingarsjóð sparisjóða, unz eign sparisjóðsins er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

#### 22. gr.

Árstekjur sparisjóðsins, að frádregnum kostnaði, greiðslu í tryggingarsjóð, vöxtum og því fé, sem lagt er til hliðar til að mæta fyrirsjáanlegum töpum, skal leggja í varasjóð.

- 197 Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meira en 10% af sparisjóðsinnstæðunni.
3. des. Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu.

Þegar hagur varasjóðs leyfir, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

### III. KAFLI

#### Um lánveitingar og fleira.

##### 23. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð;
- b. með því að lána fé til einstakra manna eða félaga gegn áreiðanlegu fasteignaveði eða gegn sjálfskuldarábyrgð. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- c. á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins álitur heppilegan. Stjórnin setur sér reglur um lánveitingar úr sjóðnum.

##### 24. gr.

Að öðru jöfnu skulu íbúar Vestmannaeyja ganga fyrir öðrum um lánveitingar úr sjóðnum.

##### 25. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykktur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Til lána gegn sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð héraðs eða sveitar og til fasteignaveðslána umfram 60% matsverðs, má sparisjóðurinn aldrei verja meiru en sem svarar 12½ sinnum eigin fé sjóðsins. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei nema meiru en 2 sinnum eigin fé sjóðsins. Aldrei má sparisjóðurinn lána einum viðskiptamanni, eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Í ofangreindri lánsupphæð skal þó ekki telja:

1. lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki herra en ⅓ fasteignamatsverðs;
2. lán veitt gegn veði í skipum allt að 50% að matsverði;
3. lán, sem eru tryggð með innieign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru handveði.

Þegar verðbréf, sem sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnar samþykki.

##### 26. gr.

Sérstaka bók skal jafnan halda um lán úr sjóðnum. Skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig og skal þar tilgreint um lántakanda, tryggingu, upphæð lánsins, afborganir og vaxtagreiðslur. Einnig skal halda skrá um skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers og eins gagnvart sjóðnum.

## 27. gr.

197

3. des.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Hafi sparisjóðurinn tekið lán, skal í bókum sjóðsins vera sérstakur dálkur fyrir hverja lántöku.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf, sem handveð til tryggingar sliikum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig bera ljóslega með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

## 28. gr.

Sparisjóðurinn má eigi eiga aðrar fasteignir, en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans, og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda. Sparisjóðurinn má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra.

Halda skal skrá um eignir sparisjóðsins, svo sem verðbréf o. fl.

## 29. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

## IV. KAFLI

## Um reikninga sparisjóðsins.

## 30. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert.

## 31. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum, og sé þar greint, hver sjóðsforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið. Einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir ábata og halla sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

## 32. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna. Skrár þessar skulu bera með sér fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo glöggst sjáist,

197 hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánnum vextir eru 3. des. vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjaldldagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal það sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

33. gr.

Skyllt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir sparisjóðseftirlitsins sýna.

## V. KAFLI

### Um endurskoðun.

34. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, kýs bæjarstjórn Vestmannaeyja með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo menn til vara.

35. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

36. gr.

Skyllt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi.

Jafnan skulu endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru háðir í einu eða hvor um sig. Einnig eiga þeir rétt á að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins svo oft sem þeim þykir þörf á.

37. gr.

Endurskoðendum er skyllt, að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt tilfærðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasemmdum, svo að úr því verði tafarlaust bætt.

38. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið því starfi sínu fyrir febrúarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið.

Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

39. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, o þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrlausnar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur finna eitthvað athugasemmdum við reikn-

ingsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins og stjórn sparisjóðsins tekur þær athugasemdir ekki til greina eða tregðast við að bæta úr ágöllum, sem endurskoðendur telja vera á starfrækslu sparisjóðsins, eða þeir telja að rekstur sparisjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur eða í samræmi við gildandi lög (69/1941). 197  
3. des.

40. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir fram.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 3. desember 1942.*

**Magnús Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

## AUGLÝSING

198

5. des.

um staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 80 17. des. 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað:

1. gr.

Ökuhraða bifreiða skal allt af tempru svo, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 25 kílómetrar á klukkustund. Þar, sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér í kröppum bugðum, við gatnamót, þar, sem vegur er sleipur og þar, sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur eða gangstéttir.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 5. desember 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*



199

8. des.

**AUGLÝSING**

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Austur-Húnavatnssýslu nr. 150  
31. ágúst 1940.

Í e-lið 1. gr. gjaldskrárinnar komi allt að 44% í stað 20%.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15  
20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1943, og birtist til eftirbreytni öll-  
um þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

200

15. des.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð um innheimtu á kirkjugarðsgjaldi nr. 39 26. apríl 1937.

1. gr.

Í 5. gr. reglugerðarinnar falli niður b-liður svo hljóðandi: Félögum og öðrum  
ópersónulegum útsvarsgjaldendum.  
c-liður sömu greinar verði b-liður og d-liður c-liður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 23. júní 1932, og birtist til  
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 1942.*

**Magnús Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

201

17. des.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Björgólfs Stefáns-  
sonar kaupmanns,“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-  
málaráðherra 17. desember 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir Verðlaunasjóð Björgólfs Stefánssonar kaupmanns.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á 25 ára afmæli skóverzlunar B. Stefánssonar, þann  
1. október 1942, með 25000 kr. gjöf frá ekkju Björgólfs sál, Stefánssonar, frú  
Oddnýju Stefánsson.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að veita efnilegum og duglegum íslenskum nemendum, sem lokið hafa burtfararprófi úr Verzlunarskóla Íslands, styrk til framhaldsnáms erlendis, sem verðlaun fyrir ástundun og dugnað við verzlunarnám og verzlunarstörf.

## 3. gr.

Heimilt er að veita styrkinn sama nemanda tvö ár í röð, enda sendi hann skýrslu um nám sitt og meðmæli kennara sinna ytra, þegar hann sækir um styrkinn í annað sinn.

## 4. gr.

Umsóknir um styrkinn skulu sendar stjórn sjóðsins fyrir 15. september ár hvert og skulu umsókninni fylgja meðmæli frá þeim verzlunarfyrirtækjum, er umsækjandinn hefur starfað hjá.

## 5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu jafnan vera það stórir, að líklegt sé að þeir komi styrkþega að verulegum notum.

## 6. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna sjóðstjórn. Skal einn þeirra vera skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, annar formaður Verzlunarráðs Íslands, en þann þriðja tilnefna erfingjar Björgólfs Stefánssonar, þeir, er ráða yfir Skóverzlun B. Stefánssonar.

## 7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í tryggum verðbréfum.

## 8. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Einn fimmta hluta af nettótekjum sjóðsins skal árlega leggja við höfuðstól hans, en fjórum fimmtu hlutum þeirra má verja til styrktar samkvæmt 2. gr. Heimilt er stjórninni, ef henni þykir henta, að geyma þann hluta tekna sjóðsins að einhverju eða öllu leyti til úthlutunar næsta ár, ef ekki þykir ástæða til þess að úthluta honum að fullu það ár, sem þá stendur yfir.

## 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal stjórn sjóðsins hafa samið reikning hans fyrir liðið ár, og skal hann síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, sem lögmaðurinn í Reykjavík nefnir til þess. Að lokinni endurskoðun sér stjórnin um, að reikningurinn sé birtur í Stjórnartíðindunum.

## 10. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa bækur yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. Skal þar í færa ársreikning sjóðsins. Gerðabók skal stjórnin halda og færa þar í fundargerðir og aðrar gerðir sínar.

## 11. gr.

Leita skal opinberrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

202

21. des.

## SAMÞYKKT

### fyrir Veiðifélag Þverár í Borgarfirði.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Þverár í Borgarfirði. Heimili þess og varnarþing er í þeirri þinghá, er formaður félagsins á búsetu í á hverjum tíma.

#### 2. gr.

Félagið er stofnað í því augnamiði, að gera sem arðbærasta lax- og silungsveiði í Þverá og ám þeim, sem í hana renna. Tilgangi sínum hyggst félagið að ná með því, að selja árnar á leigu til stangaveiða, en koma í veg fyrir allar aðrar aðferðir við veiði í þeim, nema að svo miklu leyti sem nauðsyn þykir að nota netaveiði til þess að ná í klaklax.

#### 3. gr.

Félagsmenn eru allir þeir, sem rétt eiga til veiði í Þverá (Stóru-Þverá, Örnólfsdalsá, Kjarrá, Litlu-Þverá, Krókswatnsá, Lambá, Langavatns- og Skjaldartjarnarkvslum. Þessar jarðir eiga veiðirétt í ánum: Neðranes, Efranes, Kaðalstaðir, Lundar, Steinar, Gunnlaugsstaðir, Guðnabakki, Sleggjulækur, Ásbjarnarstaðir, Selhagi, Síðumúli, Sámsstaðir, Gilsbakki, Örnólfsdalur, Helgavatn, Norðtunga, Arnbjargarlækur, Hjarðarholt, Bakkakot, Stafholtsveggir, Hamarendar, Högnastaðir, Kvíar, Hermundarstaðir, Lundur, Sigmundarstaðir, Grjót, Höfði og Hamar.

#### 4. gr.

Takmörk félagssvæðisins að neðan eru þar sem straumlína Þverár sameinast straumlínu Hvitár og að ofan við upptök Skjaldartjarnarkvísar og Langavatnskvísar við Lambárfoss, við Krókswatnsárfoss og við Kambsfoss í Litlu-Þverá.

#### 5. gr.

Veiði öll skal óheimil í vatnsföllum þeim, er samþykktin nær til, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Skal fram tekið í veiðileyfi, að eigi sé heimilt að nota önnur veiðitæki en stöng, og að öðru leyti til hve langs tíma leyfið sé veitt og á hverju svæði árinna það heimili að veiða.

#### 6. gr.

Félagsstjórnin hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum allar árnar, eða hluta af þeim, um tiltekið árabil, þó aldrei fyrir lengri tíma í einu en 10 ár. Í slíkum samningi skal jafnan fram tekið, með hve mörgum stöngum megi veiða samímis á hinu leigða veiðisvæði, og önnur skilyrði fyrir veiðinni.

#### 7. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn: Formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stofnfundur félagsins kys hina fyrstu stjórnendur, en þeir ganga úr stjórninni eftir hlutkesti, einn á hverju ári og verður því eftirleiðis kosinn einn maður í stjórnina árlega, til þriggja ára. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögleg forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn samfleytt í 3 ár.

#### 8. gr.

Sjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún hefur og eftirlit með því, að samþykktum félagsins sé hlýtt og má

